

Aðalskráning fornleifa í Árborg

1



**Edda Linn Rise, Guðlaug Vilbogadóttir, Kristín Erla Þráinsdóttir
og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir**

**Apríl 2008
2008/2**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Tilgangur fornleifaskráninga.....	5
Fornleifaskráning og aðferðir.....	6
Aðferð við skráningu.....	7
Jarðanúmer.....	7
Tegund, hlutverk og heiti.....	7
Lega.....	8
Staðhættir og lýsing	8
Hættumat.....	8
Heimildir.....	8
Heimildarmenn.....	8
Saga jarðanna og fornleifar	8
Minjar og vaðveislugildi.....	8
Umfjöllun um einstaka bæi.....	8
Selfoss.....	8
Hellir.....	10
Fjall.....	11
Fossnes.....	11
Smjördalir.....	12
Norðurkot	12
Dísarstaðir.....	13
Ljónsstaðir/Haugakot.....	13
Nýibær.....	14
Votmúli.....	14
Ásakot Austurkot.....	15
Geirakot.....	15
Eyði-Sandvík.....	15
Jóvík.....	16
Lækjamót.....	16
Byggðarhotn.....	17
Björk 17	

Helstu minjaflokkar.....	18
Bæjarhólar.....	18
Útihús	18
Tún og Garðar.....	19
Leiðir	19
Fornleifaskráning í Árborg	20
Selfoss 1 - 161794-217.....	20
Hellir - 182356-489	74
-Fjall	90
-Fossnes	105
Smjördalir - 166203-212	110
Norðurkot - 182369-215	130
Dísarstaðir - 166183-216	136
Ljónsstaðir-Haugakot - 166195-213	149
Nýibær - 166202-214	161
Votmúli 1 - 166214-208	171
Austurkot m/Ásakoti - 166176	200
Geirakot - 166186-205	212
Eyði-Sandvík - 166185-204.....	233
Jórvík - 166188-207	248
Lækjarmót 1 - 166196-210.....	263
Byggðarhorn - 166177-206.....	278
Björk -166181-203.....	298
Niðurlag	318
Ljósmyndaskrá	319
Hnitaskrá	322
Kort	327

Inngangur

Byggðasafn Árnesinga hóf fornleifaskráningu fyrir Sveitarfélagið Árborg sumarið 2004. Þá störfuðu tveir fornleifafræðinemar hjá safninu, þær Edda Linn Rise og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Gerður var samningur við Byggðasafn Skagfirðinga, sem rekur fornleifadeild, um faglega ráðgjöf og var sú ráðgjöf í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings. Fær Guðný og Byggðasafn Skagfirðinga bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Sumarið 2004 voru skráðar á vettvangi sex jarðir í kring um Selfoss. Um veturinn var svo unnið úr skráningum sumarsins og allt fært inn í gagnagrunninn Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur íslenskra minjasafna. Sumarið 2005 voru tveir fornleifafræðingar og tveir fornleifafræðinemar við störf á vettvangi. Það sumar var lokið við að skrá Votmúlahverfið.

Þessi fyrsta áfangaskýrsla inniheldur skráningu á jörðum í kring um Selfoss og Votmúlahverfið. Vettvangsvinna fór fram sumurin 2004 og 2005 og var unnin af Eddu Linn Rise, Guðlaugu Vilbogadóttur, Margréti Hrönn Hallmundsdóttur og Kristínu Erlu Þráinsdóttur sem allar önnuðust frágang á rannsóknargögnum. Margrét Hallmundsdóttir vann tölvuteikningar og annaðist lokafrágang skýrslunnar.

Bestu þakkir fá ábúendur jarðanna, núverandi sem fyrrverandi, sem og allt heimilisfólk á bæjunum sem veitti leyfi fyrir rannsóknunum og aðstoðaði á ýmsa vegu. Allir heimildarmenn sem rætt var við fá þakkir, sérstaklega þó Árni Erlingsson og Páll Lýðsson fyrir ýmiss konar aðstoð. Lýður Pálson safnstjóri fær bestu þakkir fyrir prófarkalestur og margs konar hjálp við heimildaöflun.

Ekki þarf að fjölyrða um gagnsemi þeirrar fornleifarannsóknar sem Sveitarfélagið Árborg er að láta gera. Með þessu starfi fær sveitarfélagið yfirsýn yfir hvar minjar er að finna í sveitarfélginu og staðsetningu þeirra í landupplýsingakefi sitt. Þannig verður öll skipulagsvinna auðveldari og dýrmætur tími og fé sparast.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ ... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Jórvík 166188, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 207 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar. Bæjarstæði Jórvíkur væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Jórvík166188-207-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Fossrétt er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Loftmyndum ehf. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildarmenn

Heimildarmenn voru margir og er getið við hvern bæ. Yfirleitt voru heimildarmenn ábúendur jarðana eða fyrrverandi ábúendur.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Minjar og vaðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan minjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á vaðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðapjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Hér á eftir verður fjallað um allar jarðar sem skráðar voru í þessum áfanga og reynt að gera grein fyrir minjaumhverfi hverrar jarðar fyrir sig.

Umfjöllun um einstaka bæi

Selfoss

Selfossbæirnir voru lengst af tveir og á tímabili þrír. Kölluðust bæirnir Austurbær og Vesturbær, en Norðurbær á skemmsta sögu.

Nokkuð er að minjum í kring um bæjarhólinn á Selfossi þar sem Austur- og Vesturbær stóðu, en þar standa enn hús sem reist voru eftir Suðurlandsskjálftana 1896. Eru þetta ýmiss konar minjar sem tengjast langri búsetu, eins og útihús, traðir og brunnar. Flestar minjar sem skráðar voru nærri bæjarhól tengjast búsetu á 19. og 20. öld.

Nokkrar minjar um útihús fjarri bæ tilheyra Selfossi. Þau eru þar sem kaupstaðurinn Selfoss stendur nú, til dæmis Austurbæjarfjárhús og fjárhús við íþróttavöll. Svæðið í kring um Selfossbæina og kirkjuna eru tón Selfossbænda og því eru minjar þar að mestu óhreyfðar. Ef byggð hins vegar þéttist í kring um Selfossbæina og kirkjuna er nokkuð af þessum minjum í hættu.

Rauðholt hét bær, fornt eyðibýli sem stóð líklega þar sem „Fjallið eina“ stendur nú nálægt íþróttavelli. „Fjallið eina“ er manngerður hóll. Líklegt verður að telja að sá moldarhaugur hafi verið settur ofan á minjar Rauðholtsbæjar, en samkvæmt skýrslu sem Fornleifastofnun Íslands vann fyrir Sveitarfélagið Árborg um þetta svæði má greina túngarð og litla tóft nærri þeim stað þar sem Rauðholtsbær hvílir undur tugum þúsunda tonna af jarðvegi.¹ Kuml fundust í tveimur húsagörðum við Birkivelli á sjöunda áratug síðustu aldar. Ekki er ólíklegt að kumlin tengist búsetu í Rauðholti á landnámsöld. Ekki er loku fyrir það skotið að fleiri kuml leynist á svæðinu í kring um Birkivelli. Kumlin eru elstu staðfestu minjar á Selfossjörðinni. Fornleifastofnun Íslands ses. skráði minjar á nokkrum svæðum á Selfossi áður en vinna Byggðasafnsins hófst og vísast í skýrslur þeirra um þá skráningu.

Minjar á Selfossi eru í bráðri hættu vegna mikilla framkvæmda og þéttingu byggðar þar síðustu ár.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
------	----------------------	-------------------------------	----------------

¹ Birna Lárusdóttir. Deiliskipulagsreitur á Selfossi. Fornleifastofnun Íslands ses. FS178-02091. Reykjavík 2002

Selfoss	40 skráðar af BÁ 27 Skráð af FSÍ Alls 67 minjar	28 6 skráðar af FSÍ 1999 ² 14 skráðar af FSÍ 2002 ³ 7 skráðar af FSÍ 2002 ⁴	12
---------	---	---	----

Hellir

Byggðasafn Árnesinga skráði 11 minjar jörðinni Helli en Fornleifastofnun Íslands hafði deiliskráð jörðina vegna framkvæmda nokkrum vikum áður en vettvangsvinna safnsins fór fram. Stofnunin skráði 25 minjar á svæðinu og vísast í skýrslu þeirra.⁵

Búið hefur verið á jörðinni Helli síðan um 1700 og er hún afbýli af hinu fornu jörð Fjalli þar sem hugsanlegt er að Ingólfur Arnarson hafi byggst sér bústað veturlangt. Minjar í landi Hellis eru margar og tengjast flestar búsetu. Flestar minjar sem nú eru sýnilegar eru líklega frá 19. og 20. öld. Bæjarhús, túngarðar og útihús eru vel sjáanleg og standa nokkuð vel, enda var búið í torfbæ í Helli fram á miðja síðustu öld.

Mjög merkileg leið er í gegn um jörð Hellis. Leiðin lá með fram Ingólfsfjalli og niður að einum af ferjustöðunum yfir Ölfusá, þ.e. Laugadælaferju. Hellisbrúin er vel varðveitt upphlaðin brú sem gerð var yfir blaut svæði á þessari leið.

Hellislandið er í dag skógræktar- og útivistarsvæði og eru því fornleifar í töluverðri hættu vegna skógræktar. Svæðið er skemmtilegt og mjög auðvelt er að sameina útivistarsvæði og skógrækt með því að gæta að staðsetningu skráðra minja. Tilvalið væri að nýta þær minjar sem eru í landi Hellis til fróðleiks fyrir þá fjölmörgu sem njóta náttúrunar á þessu svæði með því að setja upp merkingar og upplýsingaskilti.

Ein friðlýst fornleif er í landi Hellis, Stóri Hellir, sem notaður var sem fjárhús um margra alda skeið. Því miður var hellirinn dýpkaður til þess að gera þar aðstöðu fyrir ferðamenn, en við þá framkvæmd fóru allar minjar um notkun hellisins forgörðum. Hleðsla fyrir utan hellinn er það eina sem minnir á notkun manna á hellinum. Þess má geta að algjörlega er bannað að hreyfa við friðlýstum fornleifum án leyfis yfirvalda og verður að telja að þekkingarleysi hafi leitt til þess að grafið var út út hellinum með

² Orri Vésteinsson. Fornleifakönnun við Fosslan á Selfossi. Fornleifastofnun Íslands Ses.. FS098-99161. Reykjavík 1999.

³ Birna Lárusdóttir. Deiliskipulagsreitir á Selfossi. Fornleifastofnun Íslands. FS178-02091. Reykjavík 2002.

⁴ Adolf Friðriksson og Birna Lárusdóttir. Fornleifastofnun Íslands Ses. Verknúmer 0218. Reykjavík. 2002

⁵ Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands. FS248-04121. Reykjavík 2004

þeim afleiðingum að öll mannvistarlög, ef einhver voru, eyðilögðust. Verður því aldrei sannað hvort einhvern tímann hafi verið búið í hellinum.

Í landi Hellis er nokkuð af stríðsminjum sem ekki teljast til friðaðra fornleifa en eru engu að síður mjög merkileg menningarverðmæti sem ber að vernda. Meðal þeirra er athyglisverð skotgröf auk ýmissa annarra minja sem eru við Ölfusá.

Fornleifastofnun Íslands skráði 28 minjar innan deiliskipulagsreits en Byggðasafn Árnesinga skráði auk þess 11 minjar sem eru í landi Hellis fyrir utan deiliskipulag.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Hellir	39	28 skráðar af FSÍ 11 skráðar af BÁ	14

Fjall

Minjar af bænum Fjalli standa þétt við Biskupstungnabraut. Fjall er mjög merkilegur minjastaður því sagnir herma að Ingólfur Arnarson landnámsmaður hafi haft vetursetu undir Ingólfsfjalli. Ekki er vitað hvort eða hvar bær Ingólfs stóð en ljóst er að Fjall er mjög forn bær.

Minjar af síðasta byggingarskeiði bæjarins á Fjalli, sem lagðist af um 1730, standa mjög fast við þjóðveginn og líklegt er að mikið að minjum hafi farið forgörðum við lagningu vegarins. Minjarnar eru þó nokkuð vel greinilegar en í mikilli hættu vegna nálægðar við þjóðveginn og efnistöku sem fer fram rétt við norðausturvegg tóftarinnar.

Rústir af fjósi eða fjárhúsi frá Fjalli standa uppi í grasivaxinni hlíð nærri bænum.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Fjall	8	6	2

Fossnes

Mjög greinilegur bæjarhóll er á Fossnesi og á honum eru fimm tóftir. Fyrstu heimildir um byggð á Fossnesi eru frá um 1500 en talið er að byggð þar hafi lagst af um 1800. Greinilegt er að um manngerðan bæjarhól er að ræða og þær minjar sem á honum standa eru því mjög gamlar. Ein tóftin er þó mjög greinileg og því er ljóst að hún er yngri en búsetuminjar frá Fossnesi. Því er líklegt að um útihús frá Helli sé að ræða, hugsanlega beitarhús.

Vegna aldurs verða minjar á bæjarhól Fossness að teljast merkilegar sem ber að varðveita því þær eru heppilegar til frekari rannsókna síðar.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfna minjar
Fossnes	11	11	

Smjördalir

Fyrstu heimildir um byggð í Smjördölum er frá því um 1700 og hafa Smjördalir lengi verið stórbýli með mörgum hjáleigum.

Merkilegt verður að telja að mikið af minjum hafa varðveist í Smjördölum þrátt fyrir að mikill búskapur hafi alla tíð verið stundaður á jörðinni. Líklega er það að þakka áhuga ábúenda á að varðveita minjar um horfinn tíma.

Núverandi íbúðarhús og útihús standa á bæjarhólnum. Mikið af útihúsum frá 19. öld standa í túni og úthögum Smjördala og jafnframt er gamli túngarðurinn að mestu leyti heill í kring um heimatúnin, sem er ekki mjög algengt á þessu svæði. Hefur núverandi ábúandi og faðir hans sem var áður bóndi á jörðinni lagt sig fram við að vernda og viðhalda túngarðinum. Sel frá Smjördölum er líka merkilegt fyrir þær sakir að ekki hefur varðveist mikið af seljum á svæðinu. Verður að telja að Smjördalir hafi nokkra sérstöðu miðað við aðra bæi vegna fjölda minja í landi þeirra, sem gefa miklar upplýsingar um búskaparhætti 19. aldar.

Í Smjördölum má finna mjög heildstætt menningarlandslag.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfna minjar

Smjördalir	23	22	1
------------	----	----	---

Norðurkot

Norðurkot var hjáleiga frá Smjördölum og stendur ekki fjarri bænum. Sjá má votta fyrir litlum bæjarhól þar sem bærinn stóð, en útihús frá Norðurkoti eru fallin í tóft.

Túngarður Norðurkots stendur vel og hefur verið haldið við af bændum í Smjördölum. Norðurkot stendur í dag í landi Smjördala og er hluti menningarlandslagi þeirrar jarðar.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Norðurkot	4	4	

Dísarstaðir

Dísarstaðir voru hjáleiga frá Smjördölum. Bæjarhóll Dísarstaða er nokkuð hár og eru leifar af gamla bænum enn á hólum þó líklegt sé að eitthvað af bæjarhólum sé horfið.

Mikið af minjum á Dísarstöðum eru horfnar og ekki vitað um staðsetningu þeirra en þó má nefna Dísarstaðarétt og útihús í úthaga sem hafa varðveist vel. Áformað er að byggja þar sem réttin og útihúsið standa en tekið var tillit til þeirra við deiliskipulag á svæðinu.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Dísarstaðir	13	12	1

Ljónsstaðir/Haugakot

Haugakot var hjáleiga frá Smjördölum. Haugakot var endurnendur Ljónsstaðir um miðja síðustu öld. Gamli bæjarhóllinn er vel merkjanlegur og er nokkuð af byggingum á honum þó núverandi íbúðarhús standi annars staðar. Nokkuð er af minjum í Haugakoti frá 19. og 20. öld, til dæmis útihús, garðlög og brunnar.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Haugakot	11	9	2

Nýibær

Nýibær var hjáleiga frá Smjördölum. Bæjarhóllinn er horfinn vegna byggingar á stóru útihúsi. Þrjár tóftir útihúsa í útjaðri túns eru á Nýiabæ svo og hluti af túngarði og mógröf. Ein enn hjáleigan frá Smjördölum bar nafnið Hóll og var miðja vegu milli Nýjabæjar og Smjördala, en er í dag í landi Nýjabæjar. Engin ummerki eru um þann bæ nema lítill hóll í túni, sem líklega eru leifar hans.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Nýibær	10	6	4

Votmúli

Votmúla er fyrst getið í heimildum frá 17. öld en heimildir eru til um nokkrar hjáleigur frá Votmúla sem sumar voru komnar í eyði þegar *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var rituð, eins og Snorrakot og Ísólfskot. Hinar voru Austurkot, Nýjakot, Diðriksstaðir, Ásakot og Litlakot, en fjallað er um þær í sögu Votmúla. Norðurkot var einnig hjáleiga, sem síðar fékk nafnið Lækjamót.

Margar og merkilegar minjar er að finna í landi Votmúla, meðal annars útihús af ýmsum gerðum og frá mismunandi tímum. Einnig er þar að finna stekk, vörður og réttir. Talið er að í landi Votmúla hafi verið nokkrar þurrabúðir. Ekki er vitað um staðsetningu þeirra allra.

Það er ljóst að í landi Votmúla er mikið af fornminjum sem sumar hverjar eru talsvert gamlar. Fagurhóll, sem skráður er álagablettur, er merkilegur því sagnir eru um að þar sé maður að nafni Vöttur heygður.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfna minjar
Votmúli	30	23	7

Ásakot og Austurkot

Ásakot og Austurkot voru hjáleigur frá Votmúla en svo virðist sem kot þetta hafi jafnframt borið nöfnin Nýjakot og Oddskot. Ekki er vitað með vissu hvar kot þetta stóð.

Aðeins bæjarhóll Austurkots og eitt útihús eru til í dag, aðrar minjar eru horfna.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfna minjar
Ásakot og Austurkot	8	2	6

Geirakot

Í Geirakoti má finna nokkuð af minjum sem tengjast íslenskri bændamenningu á 19. og 20. öld. Þrír stekkir eru skráðir í Geirakoti og þar má einnig finna mógrafir, garðlög, rétt, fjárhús, brunna, reykhus og sauðahús ásamt fleiri minjum sem ekki er vitað hvaða hlutverk höfðu.

Það má því segja að margar tegundir minja hafi varðveist á þessari jörð.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfna minjar
Geirakot	25	18	7

Eyði Sandvík

Mikið af minjum í Eyði Sandvík er nú horfna vegna túnasléttunar og framkvæmda við síðari tíma búskap. Þó eru á jörðinni nokkrar minjar sem varðveist hafa. Bæjarhóllinn er nokkuð stór, enda búseta á jörðinni mjög gömul og ná heimildir um

bæinn allt til ársins 1200. Þrjú útihús hafa varðveist, þar af tvö fjárhús, ásamt tveimur brunnum. Einnig eru leifar af kálgarði og mógrafir að finna á jörðinni.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Hornar minjar
Eyði Sandvík	15	9	6

Jórvík

Nokkuð er af minjum á jörðinni Jórvík. Þar má helst nefna þrjá bæjarhóla. Yngsti bæjarhóllinn á Jórvík er frekar stór og ber vott um langa búsetu. Auk þess eru á jörðinni tveir bæjarhólar frá Jórvíkarkoti en talið er að það kot hafi verið á tveimur stöðum á ólíkum tímum, annað á 17. öld en hitt var þurrabúð frá aldamótunum 1900. Á Jórvík má einnig finna stekk, fjárhús, garðlög, mógrafir, hlöðu og tvær tóftir með óþekktu notkun. Merkgilegustu minjarnar verður að telja bæjarhólana, sérstaklega þó tóftina frá Jórvíkarkoti hinu eldra.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Hornar minjar
Jórvík	14	13	1

Lækjamót Í landi Lækjarmóta eru skráðar í svæðisskrá 6 fornleifar en eftir skráningu minja á vettvangi fjölgaði minjunum í 16. Átta þeirra eru innan svæðis sem tilheyrir deiliskipulagi þar sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð, en að auki eru á svæðinu stekkur og „varða“ sem tilheyrðu Votmúla og eru í svæðisskráningu þeirrar jarðar. Allar minjar innan svæðisins eru enn merkjanlegar á yfirborði

Vitað er að Diðriksstaðir, sem var þurrabúð í núverandi landi Lækjarmóta, voru reistir árið 1861 en aldur annarra minja á svæðinu er ekki þekktur. Miðað við útlit þeirra og staðsetningu má ætla að margar þeirra séu frá sama tíma má þá helst nefna brunn [8] og tóft útihúsa [14]. Óvenjulegt er hve margar minjar leynast á svæðinu miðað við stærð þess.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Lækjarmót (áður Norðurkot)	16	16	0

Byggðarhorn

Nokkur fjöldi minja er á jörðinni Byggðarhorn en þó eru margar þeirra horfnar eða ellefu talsins. Mikið af minjum á Byggðarhorni eru við bæjarhólinn sjálfan.

Nokkuð af minjunum er á svæði þar sem nú hefur verið skipulögð búgarðabyggð.

Einna merkilegust er tóft sem stendur á hól sem ber nafnið Kothóll. Líklega er um að ræða bæjarhól frá hjáleigu sem bar nafnið Byggðarkotshjáleiga, sem talið er að hafi farið í eyði um 1729.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Byggðarhorn	25	14	11

Björk

Nokkuð er um minjar á jörðinni Björk. Nálægt gamla húsinu má sjá hluta af túngarði og upphlaðna heimreið. Ýmsar minjar sem tengjast búskap á 19. og 20. öld má einnig finna á jörðinni. Einstaklega vel varðveittar mógrafir eru á jörðinni, þær heillegustu sem enn hafa verið skráðar í Árborg. Grafirnar eru margar mjög reglulegar og nokkuð djúpar. Mógrafir teljast ekki til mjög athyglisverðra fornminja en eru þó merkileg heimild um verklag fyrri tíma sem er óðum að tynast.

Telja verður að ein af merkari rústum Árborgar sé í landi Bjarkar. Rústin er staðsett í svokölluðu Björkurstykki sem nú er í eigu sveitarfélagsins. Rúst þessi er í raun nokkuð stór hól en ekki eru í dag sjáanlegar neinar byggingar á hólnum. Ljóst er á umfangi og útliti hólsins að þarna er um að ræða rústahól. Það sem gerir þessa rúst merkilega er að í heimildum frá 16. öld er vísað til þessa hóls sem „Grænútóptar“ en í dag kallast þessi hól Grænihóll. Grænn litur á hólum bendir oft til þess að aukin næring sé í jarðvegi vegna umsvifa manna eða dýra. Mjög sterkar líkur eru því á að Grænihóll í Björkurstykki sé mjög forn rúst. Þar sem Björkurstykki er framtíðar-

byggingarland á Selfossi verður að taka tillit til rústarinnar við skipulagningu svæðisins, annað hvort með verndun rústarinnar eða uppgrefti.

Jörð	Fjöldi minja alls	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Björk	22	18	4

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um helstu minjaflokka sem skráðir voru á svæðinu, umfjöllunin er ekki tæmandi en stikklað á stóru um algengustu minjar á svæðinu.

Bæjarhólar

Bæjarhólar hafa eitt mesta varðveislugildi í íslenskri fornleifafræði. Bæjarhólar eru staðir þar sem bæirnir voru byggðir og oft á tíðum hafa bæjarhúsin staðið á bæjarhólum allt frá landnámi. Hóllinn myndast vegna síendurtekinnar byggðar á sama stað, þegar byggingarleifar húsa og mannvistarlög hlaðast upp. Misjafnt er hversu háir og stórir bæjarhólar geta verið. Í bæjarhólum má vænta þess að finna mörg íbúðarskeið húsa og flestir þeir munir sem væntanlega má finna á jörðinni eru í og við bæjarhólinn. Mjög mikilvægt er að bæjarhólum sé ekki raskað, en víða standa á þeim steinsteypt íbúðarhús sem hafa þegar skemmt nokkuð af þeim minjum sem þar er að finna. Í Árborg er að finna nokkra bæjarhóla þar sem minjum hefur ekki verið raskað, vegna þess að byggð hefur lagst af. Þetta á oftast við um gamlar hjáleigur frá bæjunum. Vegna þess að enn er búið á flestum jörðum í Árborg er mjög algengt að enn séu íbúðarhús og útihús á bæjarhólunum. Mikilvægt er að ábúendur geri sér grein fyrir mikilvægi bæjarhóla og tilkynni til Fornleifaverndar ríkisins ef minjar koma upp á og við þá.

Útihús

Á öllum jörðum voru útihús sem dreifðust um tún og haga. Nokkuð algengt er að fimm til sex útihús hafi verið á hverri jörð á hverju búsetuskeiði. Aðallega voru þetta fjárhús af ýmsu tagi ásamt fjósum og hesthúsum. Hlöður urðu aftur á móti ekki algengar fyrr en undir lok 19. aldar. Mikið af gömlum útihúsum hurfu þegar fram fór túnasléttun á síðustu öld með stórvirkum vinnuvélum, en þrátt fyrir það skipa rústir útihúsa einna stærsta minjaflokkinn við fornleifaskráningu Árborgar.

Tún og garðar

Túngarða og áveitugarða má finna víða á skráningarsvæðinu og líklegt að mikill fjöldi þeirra sé frá 19. öld enda var þá rekinn mikill áróður fyrir túngarðahleðslum.

Talsvert er notað af grjóti í garða á svæðinu enda auðsótt á stórum hluta þess. Þó er greinilegt að oft var eingöngu notast við torf í garðlög.

Árið 1922 var hafist handa við hina mikla framkvæmd sem nefnd var Flóaveitan. Með tilkomu hennar var miklu vatni veitt á jarðir um allan Flóa og jókst þannig grasnyt til muna og framleiðslugeta varð mun meiri. Um allan Flóa má sjá handgrafna skurði sem eru hluti af þessari miklu framkvæmd.

Leiðir

Mikið af merkilegum leiðum er í Árborg enda Eyrarbakka kaupstaður í sveitarfélaginu þangað sem bændur af öllu Suðurlandi sóttu verslun. Þessar leiðir munu þó skipa stærri sess í síðari skýrslum.

Leið lá með fram Ingólfsfjalli og niður að Laugadælaferju. Þar var byggður upphækkaður vegur yfir mýrlendi. Leið þessi er mjög greinileg og ber að varðveita sem merkilega heimild um samgöngur í sveitarfélaginu. Verðugt verkefni væri að skrá allar leiðir sem lágu um sveitarfélagið til kaupstaðarins á Eyrarbakka meðan enn er fólk á lífi sem man þessar leiðir. Væri þá áhugavert að skrá og rekja þessar leiðir með staðsetningartækjum og varðveita á loftmyndum í landupplýsingakerfum. Aðalskráning fornleifa rekur ekki leiðir í heild sinni, heldur eru teknir GPS-punktar þar sem leiðir sjást og skráð er sú vitneskja sem til er. Þess vegna er aðalskránig á leiðum engan veginn tæmandi upplýsingar um hinar mörgu löngu og fornu leiðir.

Fornleifaskráning í Árborg

Selfoss 1 - 161794-217

Saga

Selfoss er landnámsjörð samkvæmt *Landnámu* en þar segir: „Þórir son Ása hersis Ingjaldssonar, Hróaldssonar, fór til Íslands ok nam Kallnesingahrepp allan upp frá fyllarlæk ok bjó at Selforsi.“ (*Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. 1968:372) „Landnámsjörðin Selfoss varð þó ekki kunnasta býlið í landnámi Þóris, og ekki er einu sinni getið þar kirkju.“ (Einar Arnórsson. 1950:57) Jörðin er fyrst nefnd í

heimildum frá árinu 1200 þegar hún er kemur fyrir í Ferjumáldaga um ferju yfir Ölfusá í *Íslenzku fornbréfasafni*. (*Diplomatarium Islandicum*. I. 1857-1876:320) Næsta óbyggjandi heimildin um búsetu á Selfossi er *Bændatalið* en þar er Eiríkur Sveinbjörnsson skráður ábúandi að jörðinni árið 1681. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnassýslu frá 1703 til ca. 2000*) Eigandi jarðarinnar var biskupsstóllinn Skálholt árið 1709.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:107)

Um tilkomu nafns Selfoss eru ekki til neinar öruggar heimildir en menn hafa löngum velt því fyrir sér. Í *Árnesingasögu* segir: „Bær þessi dregur nafn af sel, en ekki seli. Hefur landnámsmaðurinn eða menn hans séð þar sel í ánni og gefið flúðunum þar nafn af.“ (Einar Arnórsson. 1950:57) Í *Sögu Selfoss* segir: „Nafnið Selfoss hafa menn reynt að skýra með því að kalla flúðirnar fyrir norðan bæinn „foss“ og á sandeyrunum hafi selur átt friðland fyrrum. Páll Lýðsson telur nafnið komið frá Noregi. Í sænsku og hjá sænskumælandi Finnum merkti „fors“ flúðir sbr. Helsingfors en „vattenfall“ þýði foss. Enn sé sama merking á fors í Noregi, og þar sé „Selfors“ til á tveimur stöðum í Norður-Noregi.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:18) Samkvæmt *Jarðabókinni* gekk Selfoss almennt undir nafninu Foss. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:107)

Á Selfossi hefur verið mannmargt lengst af en árið 1703 bjuggu þar hjón ásamt þremur börnum sínum og vinnumanni. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520) Árið 1729 bjuggu þar hjón ásamt fjórum börnum sínum, föður bóndans, tveimur vinnuhjúum og einu fósturbarni. (*Manntal 1729 í þremur sýslum*. 1924-1947:600) Um aldamótin 1800 bjuggu á Selfossi hjón ásamt barni sínu, tengdadóttur, barnabarni og tveimur þjónustudrengjum. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978:230) Árið 1816 bjuggu þar hjón ásamt fjórum börnum sínum, móður bóndans, vinnumanni og niðursetningi og var það sama fjölskyldan og bjó þar árið 1801. (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:315) Árið 1845 var Selfoss tvíbýli og bjuggu á öðrum helmingnum kona ásamt tveimur sonum sínum, vinnumönnum, húsmanni og húskonu. Á hinum helmingnum bjuggu hjón ásamt fjórum börnum sínum, vinnumanni og vinnukonu. (*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982:261)

Hvenær Selfoss varð tvíbýli og hvenær það varð þríbýli er ekki vitað. Jörðin er skráð tvíbýli í *manntölunum* fyrst árið 1845. (*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982:261) Í *Jarðabókinni* sem skráð var árið 1709 eru tveir ábúendur að jörðinni hún er þó ekki greind frekar í Vestur-, Austur- eða Norðurbæ. (Árni Magnússon og Páll Vídalín.

1921:107) Fyrsti ábúandinn á Austurbænum sem skráður er í *Sögu Selfoss* er Þorleifur Valdason er flutti þangað árið 1789, fyrsti bóndinn á Vesturbænum er þar skráður Einar Jónsson er þangað flutti 1821 og fyrsti ábúandinn á Norðurbænum er skráður Snorri Jónsson sem þangað flutti 1833. (Guðmundur Kristinsson. 1991:73, 79 og 89)

Kvaðir jarðarinnar og skuldir eru skráðar svo í hinum ýmsu ritum: „Landskuld á allri í landaurum ut supra á Kotferju, geldur helmíng hver. Leigukúgildi v, iij hjá hverjum. Leigur í smjöri ut supra eftir proportion. Kvaðir mannlán, geldst in natura, hestlán og dagsláttur, geldst in natura, eður leysis xv álnum, og gegnir hver eftir proportion.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:106) Þegar *Jarðatal á Íslandi* var skráð árið 1847 var dýrleiki jarðarinnar 30 1/3, landskuldin 1 og kúgildin 5. (Johnsen, J. 1847:62)

Selfoss átti kirkjusókn að Laugardælum árið 1841. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72) Selfosskirkja var vígð 1956 (*Suðri. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúpi til Hellisheiðar. III. bindi*. 1975:138) og með lögum nr. 17, 20.4 1959 var ákveðið að Laugardælakirkja myndi flytjast til Selfoss. Árið 1964 var svo Selfosssókn skipt aftur í Laugardælasókn og Selfosssókn. (Sveinn Níelsson. 1950:36) Byggðapróun Selfoss tók stakkaskiptum eftir að Ölfusárbrúin kom til sögunnar en hún var byggð árið 1891 fyrir atorku Tryggva Gunnarssonar og var hún vígð 8. september sama ár. (Jón Pálsson. 1946:138) „Ölfusárbrúin var mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í til þess tíma“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:367) og langstærsta brú landsins. Umferðin fór nú að fara um Ölfusárbrúna og lögðust, með tilkomu hennar, niður ferjur á Laugardælum og Kotferju sem séð höfðu um að ferja fólk yfir ána. Við brúna tók að myndast þorp sem var „... fyrsta þorp í sveit á Íslandi.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:367) Var vöxtur þess hægur fyrstu 3 áratuginna en um það leyti tóku til starfa Mjólkurbú Flóamanna og Kaupfélag Árnesinga. (Þorsteinn Jósepsson og Steindór Steindórsson. 1983:40) Eftir það óx Selfoss hröðum skrefum „... einkum þó á stríðsárunum og stöðugt eftir það.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:366) „Byggðin þar varð sérstakt hreppsfélag 1. jan. 1947 og náði yfir allt land Selfossjarðarinnar og Haga, á syðri bakkanum, en utan ár allt land Hellis og Fossness upp í fjall. Hreppurinn hlaut kaupstaðarréttindi 2. maí 1978 og varð þá 9. stærsti kaupstaður landsins, með

3199 íbúa ...“ (Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórsson. 1983:40) Elsta verslun Selfoss er bóksala Símonar Jónssonar sem hann rak á heimili sínu „ ... og gerði [hann] út mann með hest á vorin með sölubækur upp um sveitir. Árið 1896 var „sölubókasafn“ hans virt á 700 kr., geymt í Tryggvaskála. Einnig var hann þá farinn að versla með „kramvöru“ frá Sturlu Jónssyni kaupmanni í Reykjavík. Þó að þessi verslun Símonar hafi eflaust verið smá í sniðum, þá er hún þó að því leyti merkileg að hann varð þannig fyrstur til þess að hefja verslunarrekstur á Selfossi- og fyrsti kaupmaðurinn.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:370)

Ekki er stundaður hefbundinn búskapur á Selfossjörðinni í dag (2005) en hlunnindin lax- og silungsveiði eru nýtt af eigendum og ábúendum jarðarinnar.

Náttúrufar og jarðabætur

Túnakort voru teiknuð af tünnum Selfossbæjanna í byrjun 20. aldarinnar. Á túnakorti Vestasta partsins (Vesturbæjar-Selfoss I) (Túnakort [1920]. *Selfoss (vestasti partur)*) má sjá 848 m² matjurtagarða, íbúðarhús, tvö útihús. Sérstakt tún var 1/3 ha alslétt, en stærð túnanna var samtals 4,1 ha og voru þau öll slétt. Á Austasta partinum (Norðurbæ-Selfoss III) (Túnakort [1920]. *Selfoss (austasti partur)*) má sjá að sérstakt tún var 1/3 ha og alslétt. Stærð túnanna samtals 1,7 ha og þar af slétt 9/10. Stærð matjurtagarða var 1344 m² en engin hús sjást á kortinu. Á miðpartinum (Austurbæ-Selfoss II) (Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur)*.) voru 440 m² matjurtagarðar, íbúðarhús, hlaða, peningshús og þrjú útihús. Sérstakt tún var 1/3 ha og alslétt en stærð túnanna samtals var 3,5 ha, af heimatúninu var 9/10 slétt. Í dag er Selfoss kaupstaður og voru íbúarnir 5068 talsins árið 2003. Við Selfossbæina gömlu þ.e.a.s. Austur- og Vesturbæ standa í dag sjö önnur íbúðarhús og átta aðrar byggingar ásamt Selfosskirkju og kirkjugarði. Að sögn Gunnars Gunnarssonar bónda á Selfossi stóðu tóftir gamla Norðurbæjarins þar sem nú stendur nýja húsið á Norðurbænum. (Gunnar Gunnarsson, 28. júlí 2004 og nóvember 2005.) Þegar *Fasteignabókin* var skrifuð árið 1932 var tún Selfoss I 4,1 ha og matjurtagarðar 800 m², tún Selfoss II 3,8 ha og matjurtagarðar 440 m² og tún Selfoss III 1,5 ha og matjurtagarðar 640 m² að stærð. (*Fasteignabók*. 1932:12) Árið 1977 voru tún Selfoss I (Vesturbær) (Túnakort [1920]. *Selfoss (vestasti partur)*) 8 ha, tún Selfoss II (Austurbær) (Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur)*.) voru 10 ha, tún Selfoss III (Norðurbær) (Túnakort [1920]. *Selfoss (austasti partur)*) voru ekki skráð. Selfoss I á í dag (2005) 4,5 ha jörð og 2,8 ha

ræktað land. Selfossi 2 tilheyrir Framtún, en það tún liggur suður af íbúðarhúsinu Selfoss II frá kirkjuplani og niður með Þóristúni. Stærð þess gæti hugsanlega verið 4491 m² en það tún hefur númerið 161795 hjá *Fasteignamat ríkisins*. (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.)) Norðurtúnið tilheyrði til skamms tíma Selfossi II í dag tilheyrir það tún Selfossi III. (Gunnar Gunnarsson, nóvember 2005.)

Forn hundraðatala Selfoss var 301/3 og ný hundraðatala, árið 1848, var 20,6. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31) Landgæðum jarðarinnar var svo lýst í *Jarðabókinni* árið 1709: „Torfrista og stúnga mjög lök. Móskurður hefur verið, meinast eyddur, brúkast ei. Skóg brúkar jörðin í almenníngi ut supra. Túninu grandar Ölvessá með grjóts og sands áburði, og so spillir grasrótinni jakaburður. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina, og so ágángur nábúa búsmala, og eru þær einar slægjur, sem að nýtt er úr þessu takmarki. Hreppamannaflutningur þykir torsóktur á vetur fyrir skrofum, þá frost er.“ „Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:107)

„Mótekja var ekki góð á Selfossi. Gömlu mógrafirnar voru vestan við Grafhóla. Þær voru að mestu útgrafnar þegar kom fram á þessa öld [19. öld].“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:362)

Silungur, lax og jarðhiti eru hlunnindi Selfossbæjanna. (Lárus Ág. Gíslason hreppstjóri og fyrrverandi búnaðarþingsfulltrúi. [Ártal vantar]:294)

Í *Sunnlenskum byggðum* er jörðinni lýst og segir þá svo um hvern part: Selfoss I, Vesturbær: „Hlunnindi eru mikil á jörðinni í laxveiði í Ölfusá og mótak var við Grafhóla. Þvottalaug var í eyrinni norður af bænum, 60 stiga heit.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:403) Selfoss II, Austurbær: „Tún austurbæjar eru suðaustur af bænum að Þóristúni og annað norður við Ölfusá austan frá Setri vestur í Kálfadalskjaft og fram í girðingu eftir endilöngu Háatúni sem er í norðurmörkum kirkjugarðs. Slægjur voru rýrar, mest var heyjað á Rauðholtsmýri sem skipt var í skákir milli bæjanna og beit var í meðallagi. Um aldamót mátti segja að hvergi væri berandi niður í engjunum svo þrautbitnar voru þær af hestum ferðamanna svo að sækja varð heyskap í aðrar sveitir. Það gerbreyttist þegar landið var girt upp úr 1907 og áveitan tók til starfa.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:404)

Selfoss III (Norðurbær) „Jörðin var 1/3 úr Selfossjörðinni. Bæjarhúsin stóðu á hæð skammt landnorður frá austurbænum þar sem nú er prestsetrið. Túnið var suðaustur af bænum, allur suðurhluti Háatúnsins að norðurmörkum núverandi kirkjugarð og Lágatúnið þar sem kirkjan er nú austur að Básnum. Útjörð var óskipt með Selfossi I og II svo og hlunnindi í laxveiði í Ölfusá, mótaki við Grafhóla og lauginni. Heldur var þetta rýr jörð til búskapar. Búskap lauk þar 1907 og féllu bæjarhúsin í tóft.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:405)

Ýmsar náttúruhamfarir hafa valdið íbúum Selfoss og nágrennis stórum skaða í gegnum aldirnar og má þá helst nefna jarðskjálfta og flóð. Hér fylgir lýsing úr *Sunnlenskum byggðum* þar sem segir frá helstu náttúruhamförum og áhrif þeirra: „Stærstu árflóð á síðari tímum voru 1888, 1930 og 1968. Í tveimur síðustu flóðunum flæddi áin inn í mörg hús á Selfossi og olli miklu tjóni. Selfoss liggur á aðalsprungusvæði stórjarðskjálftanna sunnlensku. Sú sprunga er talin liggja ofan úr Landsveit. Um Skeið og Hraungerðishrepp, sunnan Ingólfsfjalls og út að Þurá í Ölfusi. Frásagnir eru um 19 mikla jarðskjálfta á Suðurlandi síðan land byggðist. Virðast þeir allir eiga upptök sín á þessari sprungu.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:364)

„Árið 1784 varð mikill jarðskjálfti á Suðurlandi. Náðu áhrif hans austan frá Lómagnúpi og allt vestur á Akranes. Upptök hans voru talin nálægt Skálholti og styrkur hans hafi verið 7 1/2 - 8 stig á Richter sem er með allra mestu skjálftum sem komið hafa á jörðinni. ... Tveimur dögum síðar, 16. ágúst, varð annar jarðskjálfti nokkru vestar og var harðastur í Flóa. Á Selfossi og í Nýja-Fosskoti (Fagurgerði) „féllu 3 hús, hin löskuð.“ ... Rúmri öld síðar, 27. ágúst 1896, varð aftur mikill jarðskjálfti á Suðurlandi. Hann átti upptök á Rangárvöllum og Landi og var talinn 7-7 1/2 stig. Daginn eftir kom annar skjálfti lengra uppi í Landsveit og 5. sept. kom verulega harður skjálfti sem átti upptök á Skeiðum. Og næsta dag, 6. sept., varð mikill skjálfti í Ölfusi, talinn hafa verið 6 1/2-7 stig. Hann var harðastur á svæðinu frá Votmúla um Selfoss og vestanverðan Hraungerðishrepp og upp með Ingólfsfjalli austanverðu. Þá féll fjósið í Vesturbænum á Selfossi og öll hús í Norðurbænum og Austurbænum og fórust þar hjónin Arnbjörn Þórarinsson og Guðrún Magnúsdóttir. Í þessum skjálfta skemmdist Ölfusárbrúin nokkuð. Svo virtist sem jarðskjálftaaldan kæmi úr útnorðri og þá á annan enda brúarinnar svo að hún kipptist suður á við með

þeim afleiðingum, að akkerishleinarnir að norðaverðu brustu í sundur. Hliðarstrengirnir að norðanverðu losnuðu úr stöplinum, fimm strengir brustu í sundur og mörg smájárn aflöguðust. Var brúin eftir þetta ófær öðrum en fótgangandi mönnum um tíma.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:365)

Árnesinga saga fjallar um landamerki landnáms Þóris Ásasonar: „Þó að Landnámabækur taki svo til orða, að tiltekinn landnámsmaður hafi numið tiltekinn hrepp, þá verður vitanlega ekki fullyrt, að landnámsmörkin hafi verið nákvæmlega þau hreppamörk, sem nú eru og lengi hafa verið. Nú er víða ekki unnt að ákveða landnámamörk nánar en svo, að þau muni hafa verið hér um bil svo eða svo. Og þannig er það hér. Austurmörkin hafa sennilega verið um landamerki Selfoss og Laugardæla og niður Flóann fyrir austan Smjördali suður í landnám Hásteins Atlasonar.“ (Einar Arnórsson. 1950:55-56)

„Selfosshreppur var stofnaður með lögum frá Alþingi 27. apríl 1946 sem tóku gildi 1. janúar 1947. Hinn nýi hreppur náði yfir alla þá byggð sem myndast hafði á mótum 3ja hreppa við Ölfusárbrú. Úr Sandvíkurhreppi Selfossjörðin sem takmarkast að norðan af Ölfusá, að austan af línu úr mynni Fosslækjar sem var norður af Árvegi 6, í Virkisvörðu í austurjaðri Gaulverjabæjarvegar. Úr henni sjónhending útsuður í Gráhellu, þaðan vestur í Kýrhól sem Símon á Selfossi kvað ranglega nefndan Kerhól og er hornmark fjögurra jarða. Úr honum er bein lína til útnorðurs í Sandvíkið við Ölfusá. Auk þess var lagður til hins nýja hrepps 1/4 hluti Bjarkar sem Símon hafði keypt 1898, svokallað Bjarkarstykki, 392 metra breitt með Eyrarbakka vegi austur að Strýtuhóli og Hagaland jafnbreitt vestur í Dýflissu við Ölfusá. Auk þess sneið af Laugardælalandi í Hraungerðishreppi austur að beinni línu úr Virkisvörðu samsíða Bæjarhreppsvegi í hæsta klettinn á nyrsta ferjuholti í Hellislandi. Utan Ölfusár féll allt land Hellis og Fossness til Selfosshrepps. Það takmarkast að austan af línu úr Fjallstóftum í Mígandaþúfu. Þaðan sjónhending með Hellisgili (Ferjugili) austanverður í Merkiholt við Ölfusá. Svo ræður Ölfusá vestur í mynnið á Markagili fyrir vestan Fossnes, þaðan í Markhól sem er á vesturbakka gilsins. Úr honum ræður sjónhending gegnum Flagið fyrir austan Einbúa upp í Markastein sem er fyrir neðan veginn undir Ingólfsfjalli og þaðan upp í Hamarinn fyrir vestan Eyðihvamm.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:357) „Land innan endimarka Selfossbyggðar mun vera alls um 850 ha. Sunnan Ölfusár er land Selfossjarðarinnar, 354 ha., Hagaland 20 ha., Bjarkarstykki 28 ha. [26 ha samkvæmt mælingum Verkfræðistofu

Suðurlands Verkfræðistofa Suðurlands. 5. des. 2005.], og Laugardælasneiðin 57 ha., alls um 460 ha.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981: 358)

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. I. 1857-1876. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Einar Arnórsson. 1950. *Árnesinga saga. II. bindi*. „Árnesþing á Landnáms- og söguöld“. Ritstjóri Guðni Jónsson. Árnesingafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Selfoss Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 23.8. 2005 af <http://www.fmr.is/>

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Hildur Gestsdóttir. 1998. *kyn- og lífaldursgreiningar á beinum úr íslenskum kumlum*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Gísli Gestsson. 1966. „Fornaldarkuml á Selfossi og í Syðra-Krossanesi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965*. Ritstjóri Kristján Eldjárn. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Sandvíkurhreppi. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma. 1968. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Pálsson. 1946. *Austantórur. II. bindi*. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Kristján Eldjárn. 1966. „Kuml úr heiðnum sið, fundin á síðustu árum.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965*. Ritstjóri Kristján Eldjárn. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.

Lárus Ág. Gíslason hreppstjóri og fyrrverandi búnaðarþingsfulltrúi. [Ártal vantar]. *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi*. Prentsmiðjan Leiftur Hf., Reykjavík.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal 1729 í þremur sýslum. 1924-1947. Tekið saman af Hans Oluf Hansen. Viðauki við *Manntal á Íslandi 1703*. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Símon Jónsson. 20. marz. 1913. *Selfoss*. Selfosshreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Suðri. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúpi til Hellisheiðar. III. bindi. 1975. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði. (Útgefandi ókunnur).

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Sveinn Níelsson. 1950. *Prestatal og prófasta á Íslandi. 2. útgáfa. Með viðaukum og breytingum eftir Dr. Hannes Þorsteinsson.* Björn Magnússon sá um útgáfuna og jók við. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Túnakort [1920]. *Selfoss (vestasti partur).* Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur).* Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. *Selfoss (austasti partur).* Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þorsteinn Jóseppson og Steindór Steindórsson. 1983. *Landið þitt Ísland. 4. bindi.* Bókaútgáfan Örn og Örlygur Hf. [Reykjavík].

Munnlegar heimildir

Gunnar Gunnarsson bóndi, 1409284889.

Selfoss 1 161794 217 - 1

Sérheiti: Selfoss

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 401327 Y: 383157

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 70 m

Breidd: 55 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)



Mynd 1. Bæjarhúsin á Selfossi. Byggða eftir skjálftana 1896.Tekið í V.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 eru sýnd tvö sambyggð íbúðarhús norðan við traðarendann. Vestara húsið er merkt „Íbúðarhús S.J.“ [Símons Jónssonar] en það austara „Íbúðarhús S.A.“ [Sigurgeirs Arnbjarnarsonar]. Vesturbænum tilheyrðu tvö útihús sem stóðu vestar á túninu (vestasta parti). Austurbænum (íbúðarhús S. A.) tilheyrðu þrjú útihús sunnarlega á miðpartstúninu en austan við íbúðarhúsið voru hlaða og peningahús. Engin hús eru sýnd með austasta partinum, sem er tún Norðurbæjar. Matjurtagarður Norðurbæjar lá í túni miðpartsins (Austurbæjar). (Túnakort [1920]. Selfoss (austasti partur). Túnakort [1920]. Selfoss (miðpartur). Túnakort [1920]. Selfoss (vestasti partur).), „Vestan í bæjarhólnum stendur Vesturbærinn. Norðaustur af honum á háhólnum er Austurbærinn. Nokkurn spöl landnorður frá honum var Norðurbærinn. Þar sem nú er Presthúsið sunnanvert.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:18) „Búskap lauk þar 1907 og féllu bæjarhúsin í tóft.“ (Sunnlenskar byggðir II 1981:405) Jarðskjálftinn sem varð 16. ágúst 1784 var harðastur í Flóanum og á Selfossi og í Fagurgerði [9] féllu þrjú hús en hin löskuðust. (Sunnlenskar byggðir II 1981:365) Í jarðskjálftanum 6. september árið 1896 „... féll fjósið í Vesturbænum á Selfossi og öll hús í Norðurbænum og Austurbænum og fórust þar hjónin Arnbjörn Þórarinnsson og Guðrún Magnúsdóttir.“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:365)

Gamlar ljósmyndir af Selfossbæjunum eru í bókinni *Sunnlenskar byggðir II* og er ein þeirra tekin árið 1937 af Jóni Jónssyni Þjórsárholti, ein er tekin eftir jarðskjálftana 1896 af Sigfúsi Eymundssyni. Sú síðasta er mjög óskýr en hún er af Norðurbænum. (*Sunnlenskar byggðir II* 1981:359, 365 og 405) Fleiri gamlar myndir eru í bókinni *Saga Selfoss I*. Á einni þeirra sér í Austurbæ og Norðurbæ og var hún tekin við konungskomuna 1907 [komu Friðriks konungs VIII] (Guðmundur Kristinsson 1991:89), önnur mynd í sömu bók sýnir bæ Gunnars Einarssonar, Vesturbæinn, árið 1890 (fyrir Suðurlandsskjálftann 1896) og enn önnur sýnir Selfossbæina árið 1900 (eftir Suðurlandsskjálftann 1896). (Guðmundur Kristinsson 1991:186-7)

„Árið 1900 var húsum Selfossbænda þannig lýst: „Vesturbær: „Baðstofa 12x5 al, járnvarin. Tvær heyhlöður, járnklæddar, með timburstöfum 11x10 al og 10x7 al. Fjós, hesthús, fjárhús og áburðarsafnhús, öll með torfpaki en í ágætu standi. Á jarðarpartinum er vel vandað íbúðarhús 3ja ára gamalt, úr timbri, allt járnvarið 10 al. langt, 9 al. breitt, allt innréttað, málað utan og innan og vel við haldið með áföstum skúr 9x5 al., járnklæddum.““ „Austurbær: „Geymsluhús 10x 5 al. járnvarið. Fjós, hesthús og fjárhús, öll með torfpaki í góðu standi. Á jarðarpartinum er vandað íbúðarhús úr timbri, allt járnvarið 10 al. langt 9 al. breitt, málað utan og innan, 3ja ára gamalt, velviðhaldið, nú allt innréttað.““ „Á Norðurbænum var torfbaðstofa með járnþaki, þiljuð innan og með timburgólfi. Gengið inn í hana um lág bæjargöng með eldhúsi. Austan við hana var eldiviðargeymslan en að vestan var skemman. Heygarðurinn var á bak við húsin og vestur af honum var fjósið og sneri í vestur með 5-6 básum.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:395)

Í *Sögu Selfoss* er húsum Selfoss lýst svo: „Vesturbærinn á Selfossi. Bæjarhúsin. Árið 1890 var elzta húsið baðstofa Gunnars Einarssonar. Hún var 4 stafgólf 7,55 metra löng og 3,15 metra breið. Veggir voru úr torfi og grjóti og gert yfir með skarsúð og torfi. Suðurstafn úr timbri með 8-rúðu glugga. Fyrir vestan hana var timburhús með reisifjöl á gaffli og veggjum en litlar timburflögur skaraðar á þakið. Vestan við innganginn var stofan og geymsluloft uppi. Vestur af henni var gestastofan í skúrbyggingu. Vestastur var Reiðingskofinn úr timbri. Árið 1897 reif Símon bæ Gunnars og reisti þar nýtt íbúðarhús, sem enn stendur. Það er 6,30 m langt og 5,70 m breitt, alls 39 m² með góðu risi. Gengið er inn að norðan og komið inn í Vesturgang. Þaðan er gengið vestur í eldhúsið. Þar er hleri í gólfi niður í vestari kjallarann. Vestur

af eldhúsi er „matreiðsluherbergið,“ þar sem borðað var. Úr Vesturgangi er gengið vestur í stofu. Og vestur af henni er gestastofan, þar sem Símon geymdi bóksafn sitt. Úr eldhúsi er gengið upp á loft og komið þar upp í baðstofu. Þar var kolaofn, sem var eina upphitunin í húsinu auk eldavélarinnar. Vestur af henni eru tvö lítil súðarherbergi. ... Árið 1905 var gamla baðstofan austur af íbúðarhúsinu rifin og reistur „íbúðarskúr“ áfastur húsinu, 6,00 x 4,15 m að stærð. Gangur var þangað úr Vesturgangi þvert yfir húsið með dyrum að austan. Tvö herbergi eru þar sitt hvoru megin. ... Þá reisti hann [Símon] einnig dyraskúr norðan við innganginn. Var úr honum innangengt norður í hlóðaelldhúsið, sem reist var 1905. Það var 4,40 x 2,50 að stærð og var lengi notað sem eldiviðargeymsla. Útihús. Heyhlaðan var reist 1892 5 x 5 m að stærð með 1,25 m háum timburveggjum. Stafnar voru úr timbri en járn á þaki. Fjós var byggt árið 1900 í slakkanum vestur af bænum 5 x 5 m stórt úr torfi og grjóti með torfþaki. Austur af því rétt fyrir norðan bæinn var hesthúsið úr torfi og grjóti og með torfþaki fyrir þrjá hesta. Fjárhús. Ærhúsið var vestur í Koti, úr torfi og grjóti með járnþaki og sér hrútakofi, og vestast var hesthús fyrir 5-6 hesta. Þar var heyhlaða, sem tók tæpa 100 hestburði. Lambhúsið var þar sem nú er íbúðarhús Gunnars. ... Sauðahús Gunnars Einarssonar voru frammi við Flóðhólsdæl. Þegar Einar, bróðir Sigríðar [Sæmundsdóttur], kom að Selfossi 1897, var það að falli komið og var endurbyggt. Björn [Björnsson] vinnumaður hlóð tóftina upp en Einar [Sæmundsson] setti þakið á.“ (Guðmundur Kristinsson 1991:187-8) „Austurbærinn á Selfossi. Bæjarhúsin:

Árið 1890 var baðstofa Arnbjörns fyrir austan baðstofu Gunnars. Hún var með gömlu lagi, þykkum torf- og grjótveggjum og þykku torfi á skarsúðinni. Austur af henni var Skemman með geymslulofti. Eftir jarðskjálftana 1896 var Skemman gerð upp, þiljuð innan og sett á hana járnþak og gerð að baðstofu 7,55 x 3,5 m að stærð.

Árið 1897 var reist á rústum gömlu baðstofunnar íbúðarhús úr timbri, járnvarið, af sömu stærð og gerð og Vesturbæjarhúsið, 6,30 x 5,70 m eða 37 m² með 2,20 m lofthæð, sem enn stendur. Eldhús og borðstofa eru að norðan en 2 litlar stofur að sunnan, 11,20 m² og 5,75 m². Skömmu eftir aldamót [1900] var reistur áfastur dyra- og geymsluskúr, 29 m² að stærð. Þar var inngangur af hlaðinu og gengið úr honum vestur í eldhúsið og eystri stofuna. Austan við ganginn var herbergi að sunnan en búr og geymsla að norðan. Austast var Skemman með dyrum fram á hlaðið. Útihús, Fjós

var byggt árið 1900 úr torfi og grjóti og með járnþaki 25 m². Árið 1929 var nýja fjósið byggt 8,20 x 8,80 m steinsteipt og járnþaki og áfast haughús. Þrír kofar úr torfi og grjóti voru frammmi [svo] á túni. Syðst á móti Þóristúni 9 var hesthús, miðhúsið var lambhús og nyrzt lítill fjárhúskofi.“ (Guðmundur Kristinsson 1991:195)

„Norðurbærinn á Selfossi. Bæjarhúsin. Þrjár burstir voru fram á hlaðið. Í miðjunni var torfbaðstofa með járnþaki. Veggir voru úr torfi og grjóti en þiljað innan með timbri. Gengið var inn í lág og leiðinleg bæjargöng, og var eldhúsið þar í göngunum. Austan við þau var eldiviðargeymslan en fyrir vestan baðstofuna var skemman. Fjósið var fyrir aftan bæinn og snéri í vestur, fyrir 5-6 kýr. Heygarður fyrir aftan fjósið. Fyrir vestan það var kálgarður, sem Þorfinnur notaði lengi eftir að húsin voru rifin. Fjárhús var í tíð Snorra nyrzt á túninu, á árbakkanum þar sem bergið er hæst, og sést þar enn grasi gróin hæð.“ (Guðmundur Kristinsson 1991:199)

Í svæðisskráningu sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands er fjallað um Selfossbæinn: „1999: Á bæjarhólnum standa enn tvö timburhús (Austurbær og Vesturbær), bæði byggð 1897 eftir Suðurlandsskjálfta. Þau eru bæði í eyði - Vesturbærinn í meir en 30 ár en Austurbærinn í um 20 - og í mjög slæmu ásigkomulagi, nánast ónýtt. Austan við Vesturbæinn er skúr, yngri en aðalhúsið, og var gólf hans tekið að síga mjög meðan búið var í bænum og er nú alveg ónýtt. Tveir kjallarar eru undir Vesturbæ ... Skipt var um gler og glugga í báðum húsunum á tímum seinni heimsstyrjaldar en upprunalegur gluggaumbúnaður er enn á norðurhlið Vesturbæjar og þar eru leifar af óvenjulegri timburklæðningu, bogadregnar tré[skífur]. Húsin tvö voru byggð framan (sunnan) við torfbæinn sem hrundi 1897 - og var baðstofan á móts við sunðið milli húsanna. Bak við húsin er nú sund á milli þeirra og útihúsasamstæðu sem stendur nyrst á bæjarhólnum og hefur torfbærinn verið þar. Framan við Austur- og Vesturbæ var kálgarður (sýndur á Túnakorti) og var hann við lýði fram um Seinni heimsstyrjöld. Þá voru gróðursett tré þau sem enn eru sunnan við hlaðið. Norðurbærinn stóð sér á hól norðaustan við Austurbæ og eru tæplega 100 m á milli. Þar er nú steipt íbúðarhús. OV [Orri Vésteinsson] skráði 9.11.1999 eftir frásögn Gunnars Gunnarssonar.“ (Guðrún Alda Gísladóttir. 2002:51)

Vegurinn heim að Selfossbæjunum liggur að hluta yfir bæjarhólinn. Bæði Austur- og Vesturbærinn standa enn á hólnum, norðan við veginn og voru þau hús byggð árið 1897. Vesturbærinn er í mjög góðu ásigkomulagi enda nýuppgerð en austurbærinn er í

viðgerð [2004]. GPS: Vesturbær E401327, N383157 og Austurbær E401345, N383160.

Lýsing

Bæjarhóllinn er ekki ýkja hár en hæstur er hann að norðanverðu undir útihúsunum, hóllinn lækkar til suðurs. Bæjarhóllinn er u.þ.b. 70 (SV-NA) x 55 (NV- SA) m í þvermál. Á bæjarhólnum vaxa tré að sunnanverðu neðan við veginn, en vegurinn liggur að austan frá Selfosskirkju og áfram vestur að íbúðarhúsi Gunnars Gunnarssonar Selfoss I. Á norðanverðum hólnum eru útihús og gömlu hús Vestur- og Austurbæjar.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Sandvíkurhreppi. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. *Selfoss (austasti partur)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. *Selfoss (vestasti partur)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Munnmæli

„Haustið, sem spánka veikin kom austur [1918], vorum við nokkur stödd úti við á Selfossi. Þetta var að áliðnu hausti, réttir búnar og farið að skyggja. Veður var ágætt, stillilogn og frostalaust. Þá heyrðum við allt í einu skerandi hljóð, svo hátt, að við hrukkum öll við, líkast sírenuvæli. Ekki gátum við gert okkur nokkra grein fyrir, hvaðan það kom. Síðan leið örstutt stund. Þá kom hljóðið aftur og öllu meira en það

fyrri og síðan það þriðja, og var það hæst. Þetta einkennilega hljóð heyrðist víðar í sveitinni t.d. í Björk. Símon, faðir minn, sagðist kannast við að hafa heyrt getið um svona hljóð. Þau voru kölluð náhljóð og væru ávallt fyrirboði mikilla tíðinda. Skömmu síðar barst spánska veikin austur, og dóu margir úr henni. (Sögn Sæmundar Símonarsonar).“ (Guðmundur Kristinsson 1991:185)

Selfoss 1 161794 217 - 2

Sérheiti: Baðhesthúsið

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401430 Y: 383079

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

Hesthúsið var við suðurenda garðsins í Framtúninu [161794-217-13] rétt við götuna Þóristún. Hesthús þetta var syðsta og vestasta útihús Austurbæjar. (Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur)*) Hesthús þetta var kallað baðhesthúsið en þar böðuðu Selfossbændur sauðfé sitt.

Lýsing

Í hesthúsi þessu var steyppt gólf með baðþró sem rúmaði 4-5 kindur samtímis. Á þeim árum er Selfossbyggð fór vaxandi voru mörg heimili með kindur. Um 1960 voru á fóðrum um 700 fjár frá 30 heimilum sem voru færðar til böðunar. Ekkert sést í dag nema grasvöxtur er ekki sá sami þar sem hesthúsið var og á svæðinu í kring. Líklegt er að sléttað hafi verið yfir tóftirnar.


Heimildaskrá

Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Selfoss 1 161794 217 - 3

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft



Teikning 1. Fjárhús frá Selfossbæjum.

Staðsetning: X: 401432 Y: 383126

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 8 m

Breidd: 7 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

Tvö fjárhús voru á Austurbænum á Selfossi og sjást þau vel á ljósmynd sem tekin er úr suðri og er frá árinu 1937. Fjárhúsin stóðu fram á 5. áratug 20. aldar. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:359) Vestan megin við Selfoskirkju, í Framtúni standa tveir hólar um 45 m frá götunni Þóristúni. Þessir hólar eru leifar fjárhúsa sem þar stóðu og eru um 7 m á milli þeirra. Fjárhúsin eru nokkru austar en leifar gamla garðsins [13] sem skildi að austur- og vesturbæ.

Lýsing

Vestara húsið af tveimur nyrðri útihúsum Austurbæjar var fjárhús. (Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur)*) Hleðslur tóftarinnar eru nú (2004) mikið signar og sér ekki móta fyrir hleðslusteinum. Tóftin er gróin grasi líkt og túnið í kring og er tóftin svo lá að hún er slegin á sumrin. Tóftin stendur hærra en túnið og mótar fyrir lögun hússins. Innanmál tóftarinnar er 3 m á breidd og 2,5 m á lengd og utanmálið u.þ.b. 7 m á breidd og 8 m á lengd.

Heimildaskrá

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Selfoss 1 161794 217 - 4

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401446 Y: 383132

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 9 m

Breidd: 7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

Tvö fjárhús voru á Austurbænum á Selfossi og sjást þau vel á ljósmynd sem tekin er úr suðri og er frá árinu 1937. Fjárhúsin stóðu fram á 5. áratug 20. aldar. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:359)

Vestan megin við Selfosskirkju, í Framtúni standa tveir hólar um 45 m frá götunni. Þessir hólar eru leifar fjárhúsa sem þar stóðu og eru um 7 m á milli þeirra. Fjárhúsin eru nokkru austar en leifar gamla garðsins [13] sem skildi að austur- og vesturbæ.



Mynd 2. Túnið þar sem fjárhúsin stóðu. Tekið í N.

Lýsing

Austara húsið af tveimur nyrðri útihúsum Austurbæjar var fjárhús. (Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur)*) Hleðslur tóftarinnar eru nú (2004) mikið signar og sér ekki móta fyrir hleðslusteinum. Tóftin er gróin grasi líkt og túnið í kring og virðist vera slegin á sumrin. Tóftin stendur herra en túnið í kring og mótar fyrir lögun hússins. Innanmál tóftarinnar er 2,5 m á breidd og 3,5 m á lengd og utanmálið u.þ.b. 9 m á lengd og 7 m á breidd.

Heimildaskrá

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. *Selfoss (miðpartur)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Selfoss 1 161794 217 - 5

Sérheiti: Lambhúshóll

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401257 Y: 383152

Horfin: Já

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

Eystra húsið af tveimur útihúsum vestasta partsins var lambhús. (Túnakort) „Austan við hann [Leyni] er Lambhúshóll, hár og mikill um sig, skammt frá ánni. Þar voru lambhús frá Vesturbænum. Norðan við þau reisti Gunnar Gunnarsson sér íbúðarhús árið 1965 og reif síðan fjárhúsin [lambhúsið].“ (Guðmundur Kristinsson 1991:19)

Lambhúsið var þar sem í dag er garður húss Gunnars Gunnarssonar, Selfoss I. Eða nánar til tekið rétt við vesturhlið hússins.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Túnakort [1920]. *Selfoss (vestasti partur)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Selfoss 1 161794 217 - 6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild


Staðsetning: X: 401133 Y: 383123

Skekkja: 4,5 m

Hleðsluhæð: 2,5 m

Lengd: 13 m

Breidd: 6 m



Teikning 2. Fjárhús frá Selfossbænum

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

Um 30 m suður af Ölfusá, og vestur af Selfossbæjunum er tóft fjárhúss. Vestara af tveimur útihúsum Vesturbæjar var hlaða og fjárhús. (Túnakort [1920]. *Selfoss (vestasti partur)*) Tóftin stendur á mishæðóttu túni – Kotatúni, sem er á milli nýbyggða íbúðahverfisins í Fosslandi á Selfossi og Austur- og Vesturbæjar og afmarkast af Ölfusá í norðri.

Lýsing

Tóft þessi er ferkönntuð að lögun. Hún er vel greinileg og hæsti veggur hennar er sá austasti, en hann er um 2,5 m á hæð og er 12 m á lengd. Vel greinileg niðurgráfin heyhlaða hefur verið við þennan vegg en fjárhúsin vestan við hlöðuna. Tóft fjárhússins er ógreinilegri en hlöðunnar. Norður af tóftinni allri sést móta fyrir steiptum grunni af bragga, grunnurinn hefur líklega verið brotinn. Inngangur í tóftina er ekki greinilegur en hefur sennilega verið úr suðri eða norðri. Að innanmáli er tóftin um 6 m á breidd (AV) og um 13 m á lengd (NS).

Heimildaskrá

Túnakort [1920]. *Selfoss (vestasti partur)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Selfoss 1 161794 217 - 7

Sérheiti: Fosskot

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401035 Y: 383103

Horfin: Já

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„Fosshiáleiga, byggð fyrir manna minni við heimatúnið, hefur ýmist byggð eður óbyggð verið, nú í auðn og næstliðið ár. Landskuld var xlv álnir í landaurum til heimabóndans. Kúgildi iij. Leigur í smjöri til heimabóndans. Kvaðir 0. Fóðrast kunni ii kýr, i hestur. Þessa grasnautn brúkar heimaörðin og er henni talið áður. Aftur má hjer byggja, en þó rýrir það heimaörðina.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:107) „Fyrir vestan Traðirnar er Framtúnið og vestur af því Kotatúnið með fjárhúsum á því miðju. Það nær vestur að túngarði, sem gengur norður á bergið við ána. Þar stóð Fosskot, hjáleiga frá Selfossi á 18. öld, og er Kotatún af því dregið.“

(Guðmundur Kristinsson 1991:19) Fosskot: „Hjáleiga frá Selfossi. Bærinn stóð fyrir vestan Kotatún, á sléttri skák um 10 m frá bergbrúninni þar sem Ölfusá breikkar til suðurs skammt fyrir norðan útfall Stóra-Ræsisins. Rústir kotsins voru sléttaðar út fyrir 30 árum og gerð þar smátúnskák.“ „Frá því um miðja öldina og fram um 1800 er þar vitað um 8 ábúendur og bjuggu þar allir aðeins í fá ár, oftast synir eða venslafólk bændanna á Selfossi.“ „Þegar Fosskot hafði verið í eyði í 16 ár fluttist þangað Teitur Hjálmarsson 1799. ... Hann bjó í Fosskoti til 1802. Með honum lauk búsetu í Fosskoti og það fór endanlega í eyði.“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:407) Í Kotatúni eru nú í dag (2005) engar minjar sjáanlegar, og því ekki gott að sjá hvar kotið stóð.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Selfoss 1 161794 217 - 8

Sérheiti: Rauðholtsbær

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 402275 Y: 382370

Horfin: Já

Heimildamaður: Lýður Pálsson (3006662999)

Staðhættir

„Sunnarlega í Rauðholtum, á háholtinu fram af íþróttavellinum voru tóftir Rauðholtsbæjar. Þær eru nú komnar undir Moldarfjallið. Bærinn var hjáleiga frá Selfossi, mjög forn og fór í eyði að sögn vegna ágangs Ölfusár og uppblásturs.“ (Guðmundur Kristinsson 1991:26) Moldarfjallið svokallaða, varð til sem jarðvegstíppur frá 1978 til u.þ.b. 1990, og gengur undir nöfnunum Stóri-hóll og Fjallið eina. (Lýður Pálsson des. 2005) Undir hólnum voru tóftirnar, og eru þær mögulega þar enn, því ekki var grafið fyrir hólnum. Tóftir Rauðholtsbæjar virðast vera mjög gamlar en heimildir geta ekki til um aldur býlisins að öðru leyti en að býlið var komið í tóft þegar *Jarðabókin* var rituð snemma á 18. öld en þar segir jafnframt að hugsanlega hafi býlið farið í eyði í plágunni árið 1700. „Raudhollt. Almennilega kallað Raudholltzbær. Fornt eyðiból hjer í landinu, og sjást enn ljós byggingamerki, bæði tófta rústir og túngarðs leifar. En enginn veit annað um þessa jörð að undirretta, og eru munnmæli, að þessi jörð hafi eyðilagst í miklu plágunni, sem hjer gekk á landinu Anno 1700, og síðan aldrei bygst. Ómögulegt er hjer aftur að byggja, því túnið er komið í grasleysumóa og mjög uppblásið, þar með má Foss ekki missa slægjur þær, er hann brúkar þar í kríngum fornbylíð.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:107-8) Minjarnar sem minnst er á í *Jarðabókinni* eru enn sjáanlegar á 20. öld. „Rauðholtsbær, dagmálamark frá Selfossi að fornu. Þar er talið að hafi verið býli til forna og greftrunarstaður í tíð fyrri Skálholtsbiskupa, fyrir alla framsókn Laugardælasóknar. Sjást þar nokkur merki ennþá, ef skoðað er.“ (Símon Jónsson. 20. marz. 1913:1) Gísli Gestsson rengir hugmyndina um að býlið hafi lagst í eyði í plágu árið 1700. „Ekki kemur til mála, að Rauðholt hafi farið í eyði árið 1700, eins og hér segir, enda mun hér vera um ritvillu að ræða. Árið 1700 gekk hér engin plága, í öðru lagi er vitnað til munnmæla um það, sem gerðist það ár, og er greinin þó rituð aðeins 9 árum síðar og eftir forsögum manns, sem átti heima á næsta bæ og hefir líklega verið þar sjálfur árið 1700, og áreiðanlega hefur einhver viðstaddra bænda átt heima í nágrenninu það ár. Ennfremur er ástandi jarðarinnar og húsaleifum lýst þannig, að trúlegt er, að þar sé fremur lýst nokkur hundruð ára gömlu eyðibýli en jörð, sem er alveg nýfarin í eyði. Ég álít því, að „mikla plágan, sem hér gekk á landinu“ sé

svartidauði og hér hafi átt að rita ártalið 1400 en ekki 1700 og að þetta merki einfaldlega, að Rauðholtsbær hafi farið í eyði fyrir mjög löngu.“ (Gísli Gestsson. 1966:73) Selfossbændur nýttu jörðina sem tilheyrði áður Rauðholtsbænum „[e]n nokkru nær, vestur af Rauðholtsbænum forna var aðalheyskaparlandið, Rauðholtsmýrin.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:358)

Lýsing

Engin merki um bæinn eru sjáanleg bæði vegna hólans og sléttun íþróttavallarins.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Gísli Gestsson. 1966. „Fornaldarkuml á Selfossi og í Syðra-Krossanesi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965*. Ritstjóri Kristján Eldjárn. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfosskaupstaður.

Símon Jónsson. 20. marz. 1913. *Selfoss*. Selfosshreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Selfoss 1 161794 217 - 9

Sérheiti: Fagurgerði

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 402153 Y: 383216

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Örn Óskarsson (1709553749)

Staðhættir

„Nokkru austar, þar sem [Ölfus]áin breiðir mjög úr sér, eru Fagurgerðisflatir, harðar valllendisflatir myndaðar af sandfoki úr ánni. Vestan við þær uppi á hábarðinu er Fagurgerði, rústir hjáleigu frá Selfossi frá 18. öld.“ (Guðmundur Kristinsson 1991:26)

„Fagurgerði, gamalt eyðibýli frá Selfossi í byrjun miðrar 18. aldar, eða um 1750-1764. Sjást þar enn mjög greinilegar menjar allar á þeim tóftum, er þar voru þá. Þetta er á svokölluðum Fagurgerðisflötum fyrir vestan Fjóslæk hinn forna, er nú kallað Síki, þétt við Ölfusá, andspænis vestari varpeyju frá Laugardælum.“ (Símon Jónsson. 20. marz. 1913:1) Nýja Fosskot (Nýjakot, Fagurgerði): „Hjáleiga frá Selfossi á síðari hluta 18. aldar, var aðeins í byggð í 8 ár. Bærinn stóð við Ölfusá austur undir Laugardælamörkum, á hábarðinu suður frá Laugardælaeyju þar sem nú er húsið Fagurgerði 4. Vorið 1776 hófu þar búskap Guðmundur Jónsson, 29 ára, og Alleif Jónsdóttir, 35 ára, kona hans.“ „En í ágúst 1784 kom mikill jarðskjálfti á Suðurlandi og féllu þá eða löskuðust flest hús hjá Guðmundi í Fagurgerði ... Fór þá Fagurgerði í eyði og byggðist ekki aftur.“ „Þar reisti ... [Björn Sigurbjarnarson] sér og konu sinni, Önnu Eiríksdóttur, íbúðarhús á hábarðinu og flutti í það í febrúar 1934. Þá sáust þar vel vallgrónar rústir fast austan við húsið sem Símon á Selfossi sagði vera rústir Nýja-Fosskots. Sást móta fyrir baðstofu, búi og fjósi og gömlum beðum niður í brekkuna. Þar var stór steinn í henni miðri sem enn sér á og talinn vera hestasteinn. Þess vegna kallaði Björn hús sitt Fagurgerði og þegar götunöfn voru tekin upp var gatan heitin eftir gamla kotinu sem þar var reist síðla á 18. öld.“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:408) Hleðsla fannst við byggingu bílskúrs við Fagurgerði 4 en hún var mjög lág. Bílskúrin stendur þar enn í dag og eru þar líklega fleiri leifar neðanjarðar. Hestasteinninn er djúpt í jörðu í garðinum um 10 m frá götunni í garði hússins.

Lýsing

Tóftirnar eru undir bílskúrnum við Fagurgerði 4 og hestasteinninn stendur lítið upp úr jörðinni. Virðist vera lítill en er mjög stór að sögn Arnar Óskarssonar ábúanda sem reynt hefur að grafa frá honum en ávalt gefist upp.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Símon Jónsson. 20. marz. 1913. *Selfoss*. Selfosshreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Selfoss 1 161794 217 - 10

Sérheiti: Þórishólar

Hlutverk: Víg

Tegund: Sögustaður

Staðsetning: X: 402661 Y: 383344

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 210 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Hallmundur Andrésson (2404463329)

Staðhættir

„Þá Þórishólar. Þar er talið, eftir tímariti Jóns heitins Péturssonar, að fallið hafi hann Þórir þar, er kallaður var Sel-Þórir, fyrir þrælum sínum. Sést þar í grennd vegsummerki dysja eða þvílíks, afar fornt.“ (Símon Jónsson. 20. mars. 1913:1) Þórishólar eru norðan og austanmegin við sjúkrahúsið á Selfossi, sem stendur við Árveg, og eru þeir ekki ýkja háir eða mest um 3,5 m. Hólarnir eru úr bergi og eru grasi- og lyngi vaxnir. Hólarnir mynda einskonar lengjur tvær og á milli þeirra er stór dæld eða um ca. 25 m á breidd (þ.e. á milli hólanna), það var að sögn Hallmundar Andréssonar kallað dysin þegar hann var barn.

Lýsing

Þórishólar samanstanda af tveimur hraunásum og er nyrðri ásinn um 110 m að lengd og liggur suður til austurs. Syðri ásinn liggur eins en hann er um 100 m á lengd.

Heimildaskrá

Símon Jónsson. 20. marz. 1913. *Selfoss*. Selfosshreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Selfoss 1 161794 217 - 11

Hlutverk: Traðir

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401278 Y: 383084

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 90 m

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson
(1409284889)



Staðhættir heim að Selfossibænum

„Þegar komið var að Selfossi að austan, var ekki farið yfir túnið frá Básun [Básnum] [23], enda var sá vegur ekki

lagður fyrr en um 1935. Frá ómunatíð **Mynd 3. Traðir. Tekið í N**

hafði verið sveigt til suðurs með túnunum. Var það kallað að „fara með görðum“. Þegar komið var útsuður frá bænum, var komið í Traðirnar. Þær voru með hlöðnum grjótgörðum beggja vegna.“ (Guðmundur Kristinsson 1991:18-19) „1999: Traðirnar sjást enn, malarborin [grasigróin í dag (2005)] heimreið frá túngarði heim á hlað. Austast, næst bænum, milli nýlegra íbúðarhúsa, er lágur kantur meðfram tröðunum beggja vegna, sennilega hlaðinn, en annars sést hvorki fyrir hleðslum né niðurgrefti í tröðunum.“ (Guðrún Alda Gísladóttir. 2002:53) Traðirnar liggja frá hlaði Austur- og Vesturbæjar og þaðan í SV. Séu traðirnar gengnar frá bæjarhlaði þá er Skákin á vinstri hönd og Framtún á þá hægri. Gamli vegurinn er við suðurenda traðanna hann er sjáanlegur í dag en mikið niðurgrafinn og gróinn. Nýja hverfið Fossland nær alveg að gamla veginum. Stólpi af gamla traðarhliðinu stendur enn.

Lýsing

Traðirnar eru um 90 m langar en hleðslan meðfram þeim hættir að sjást 43 m frá upphafi traðanna við hlað Vestur- og Austurbæjanna. Eftir 43 m að 90 m eru traðirnar hærri en umhverfið í kring. Traðirnar eru vel grasi grónar.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Sandvíkurhreppi. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Selfoss 1 161794 217 - 12

Sérheiti: Móhesthús

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401287 Y: 383051

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„En fremst á Skákinni [austan við Traðirnar], rétt austur af Traðarhliðinu var Móhesthúsið.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:19) „Móhesthús stóð á hól sem túngarðurinn lá yfir, um 10 m SA við traðarhliðið. Þetta hús var komið í tóft um 1930. Þar var talið reimt eftir að lík af manni sem druknaði í Ölfusá var látið standa þar uppi.“ (Guðrún Alda Gísladóttir. 2002:53) Austur af traðarhliði við gamla veginn sem lá að Selfossbæjunum fast við traðirnar [11] um 10 m frá húsunum í nýja Fosslandinu eru leifar Móhesthússins. Gamla gatan/vegurinn hættir að sjást nokkrum metrum vestan við þar sem Þóristún beygir. Við þessa götu þar sem hún mætir tröðunum stóð Móhesthúsið.

Lýsing

Lítið sem ekkert sést af tóftinni en finnst fyrir hleðslum þar sem húsið stóð.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfosskaupstaður.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Sandvíkurhreppi. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.



Mynd 4. Svæðið þar sem Móhesthús stóði. Tekið í SA

Selfoss 1 161794 217 - 13

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 401406 Y: 383119

Skekkja: 4,5 m

Hleðsluhæð: 30 cm

Lengd: 73 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)



Mynd 5. Túngarðurinn frá Selfossbæjunum.

Staðhættir

„Fyrir vestan Traðirnar [11] er Framtúnið og vestur af því Kotatún með fjárhúsum á því miðju. Það nær vestur að túngarði, sem gengur norður á bergið við ána.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:19) „Túngarðurinn er nú horfinn með öllu. Gunnar Gunnarsson (f. 1928) man eftir honum frá Baðhesthúsinu [2] meðfram Þóristúni og vestur í Kot fram á bergið við ána. Hann hvarf smátt og smátt því menn fengu úr honum grjót til bygginga í bænum. Virgirðing er nú þar sem garðurinn var.“ (Guðrún Alda Gísladóttir. 2002:53) 26 m frá tóftum útihúsa [3 og 4] er hlaðinn garður sem er vel sjáanlegur. Norðurendi garðsins endar við hús Austurbæjar (Selfoss II), suðurendinn nær að Þóristúni. Baðhesthúsið [2] er við suðurenda garðsins.

Lýsing

Garðurinn er um 30 sm hár og vel gróinn grasi en mjög greinilegur. Hann skildi af Vestur- og Austurbæjartúnin. Garðurinn er um 73 m langur.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfosskaupstaður.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Sandvíkurhreppi. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Selfoss 1 161794 217 - 14

Sérheiti: Álagabúfa.

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Álagablettur

Staðsetning: X: 401219 Y: 383187

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„Í brekkunni norður frá húsinu [5] er Álagapúfan, sem sumir kölluðu Huldufólksþúfuna, lítil bunga í brekkunni með steinnibbu. Þar býr huldufólk, og eru á henni gömul munnmæli, að hana meggi ekki skemma né heldur slá.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:19) Álagapúfan er 30 m norður af íbúðarhúsi Gunnars Gunnarssonar, um 30 m frá Þvottaklettum [15] og um 10 m austur af nyrsta hluta Leynis.

Lýsing

Álagapúfan birtist sem smá steinhrúga neðarlega í aflíðandi halla út frá íbúðarhúsi Gunnars Gunnarssonar í átt að Ölfusá. Ekki er slegið við þúfuna.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfosskaupstaður.

Munnmæli

„Gamalt fólk á Selfossi kunni sagnir um, að þar [í Álagapúfunni] byggi huldufólk. Á henni voru forn ummæli, að hana mætti aldrei slá. Ella hlytist af eitthvert óhapp, helzt að bóndinn missti stórgrip. Og einhverju sinni var hún slegin. Um veturinn missti Gunnar Einarsson beztu mjólkurkúna. Símon gætti þess vel, að Álagapúfan væri aldrei slegin, og einkum lögðu þau Gunnar og Sesselja ríkt á við kaupamenn og annað heimafólk að slá aldrei þúfu huldufólksins. Einhverju sinni stóð Bjarga vinnukona úti á hlaði á Selfossi. Sá hún þá konu reka stóran kúahóp vestur með Görðum í átt að Huldufólksklettinum.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:176)

Selfoss 1 161794 217 - 15

Sérheiti: Þvottaklettar.

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Þjóðsaga

Staðsetning: X: 401183 Y: 383206

Skekka: 4,5 m

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„Vestan við Leyniskjálft eru háir og ábrúar
huldufólksbyggð.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:19) Klettarnir eru ca 4-5 m suður
af ánni og eru þverhníptir og um 9 m háir. Klettarnir eru beint norður af Leyni.

Lýsing

Klettarnir eru háir hraunklettir og standa þeir fast við Ölfusá en 4 m breiður bakki er
frá klettunum út að á.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*.
Selfoskaupstaður.

Munnmæli

„Í túninu á Selfossi norður við ána er allhátt klettabelti. Áður fyrr var ullin þvegin þar
við ána og settar upp hlóðir. Síðan var ullin breidd til þerris á klettana, og því heita
þeir þvottaklettir. Einhverju sinni sem oftast var ullin breidd á klettana. Dreyndi þá
Sesselju Hannesdóttur, að til hennar kæmi kona, komin á efri ár, góðlátleg, og biður
hana að sjá til þess, að ullin sé ekki breidd á klettana. Þar sé heimili hennar og ullin
byrgi fyrir gluggana. Sesselju fannst í svefninum, að hún lofi konunni þessu. Daginn
eftir voru vinnukonur enn við ullarþvott og höfðu sama hátt á og breiddu ullina á
klettana. Næstu nótt dreyndi Sesselju, að sama konan kemur til hennar og er nú öllu
svipþyngri og segir, að ekki hafi hún orðið við bón hennar. Og verði þessu haldið
áfram, muni illt af hljóta. Sesselja lagði drauminn og lagði æ síðan ríkt á við
vinnukonur að breiða ekki ull á klettana, og var þess ávallt gætt síðan. Eftir að Sigríður
var tekin við búsförum á Selfossi, dreyndi hana konuna tvisvar. Í fyrri skiptið bað
hún Sigríði að gæta þess að breiða ekki ullina fyrir gluggana hjá sér. Öðru sinni rann
henni í brjóst eftir hádegis. Kom þá sama konan til hennar og sagði ákveðin: „Þú
verður að vakna fljótt, Sigríður, því að hann Sæmundur litli er kominn upp í stigann
upp á loftið.“ Sigríður hrökk upp og hljóp þangað. Og þá var Sæmundur kominn upp í
miðjan stigann.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:175-6)

Selfoss 1 161794 217 - 16

Sérheiti: Brunnurinn.

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401311 Y: 383174

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„Upp af [Kálfadal] er Brunnurinn og austur af dalnum og norður af hlöðunni rís brött og grasgefin brekka, Brunnskák.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:19-20) Um 7 m vestan við fjósið, er brekka ofan í Kálfadalinn beint fyrir neðan þar sem Vesturbæjarfjósið var. Þar var brunnur en hann var fylltur og því sést ekkert móta fyrir honum í dag.

Lýsing

Ekkert er sjáanlegt.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 17

Sérheiti: Austurbæjarfjósið.

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401349 Y: 383241

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„Rétt fyrir norðan Austurbæjarfjósið er Fjósðæla, djúp lægð með sefi í botni. Þar var Austurbæjarbrunnur [18].“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:20)

Lýsing

Engar tóftir sjást í eða við Fjósðælu en gæti dælan hafa fengið heiti sitt vegna nálægðar við Austurbæjarfjósíð en hún er 35 m norðan við það. Dælan sjálf er sefi vaxin og í brekkunni upp af henni er gróður mjög ólíkur því sem gerist í kring t.d. arfi og njóli. Fjósðælan er 45 m norðan og neðan við Norðurbæ (Presthúsið). Dælan er ca. 10x 40 m á stærð.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 18

Sérheiti: Austurbæjarbrunnur.

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401349 Y: 383241

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„Rétt fyrir norðan Austurbæjarfjósíð [17] er Fjósðæla, djúp lægð með sefi í botni. Þar var Austurbæjarbrunnur.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:20) Engar brunnleifar eru sjáanlegar við Fjósðæluna, staðsetningarhnit var þó tekið þar sem brunnurinn var sennilega en það er í brekku ofan við Fjósðæluna.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 19

Sérheiti: Hnausar

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Þjóðsaga

Staðsetning: X: 401343 Y: 383310
Skekkja: 4,5 m
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot
Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„Norður af Fjósdæl hækkar túnið norður af Presthúsi og heitir þar Hnausaflöt með háu klettabelti út að ánni, sem heitir Hnausar. Þar bjó huldufólk, og sást oft ljós í þeim eftir að skyggja tók.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:20) Klettabeltið er við Hnausaflöt og myndar mjög brattan halla niður að Ölfusá. Fyrir neðan klettabeltið rennur lækur úr ánni og klífur frá landi örlítið landflæmi. Þetta landflæmi er vestur af Eyrinni. Hnausarnir eru 45 m norðan við Fjósadælu.

Lýsing

Hnausar eru grasivaxið klettabelti og á því vex sami gróður og í kring. En þar sem klettarnir eru þverhniptir vex nánast enginn gróður. Hæstir eru klettarnir um 4 m háir.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 20

Sérheiti: Gerði
Hlutverk: Gerði, Fjarhús
Tegund: Þúst
Staðsetning: X: 401500 Y: 383342

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 13 m

Breidd: 10 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)



Mynd 6. Þústin þar sem Fjarhúsið stóð. Tekið í SA

Staðhættir

„Austur af [Kattardal] er slétt flöt og bratt upp af henni til suðurs og austurs og hét Gerði. Þar var kallað að vera „norður á Gerðum.““ (Guðmundur Kristinsson. 1991:20)
Tóft fjárhúss er alveg við árbakkann, vestur af Ölfusárbrú. Um 12 m austur af kirkjugarðshúsinu og um 2 m frá tóftinni er bílastæði kirkjugarðsins. Girðing er á milli tóftarinnar og hússins og á milli tóftarinnar og bílastæðisins.

Lýsing

Hér var fjárhús að sögn Gunnars Gunnarssonar. Tóftin er um 10x13m á stærð. Styttri hliðin snýr í A-V og sú lengri í N-S. Tóftin er mjög óljós og birtist sem smá hóll í landslaginu og er ekki hægt að greina veggjahleðslur. Gras vex á tóftinni eins og í umhverfinu í kring og er tóftin slegin á sumrin.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*.
Selfoskaupstaður

Selfoss 1 161794 217 - 21

Sérheiti: Laugin

Hlutverk: Laug

Tegund: Laug

Staðsetning: X: 401382 Y: 383389

Skekkja: 4,5 m

Hleðsluhæð: 15 cm

Lengd: 2,65 m

Breidd: 1,15 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)



Mynd 7. Þvottalaugin.

Staðhættir

„Á Eyrinni skammt frá landi út af Hnausum [19] er Laugin. Hún var 60 stiga heit og þveginn þar þvottur af bæjunum. Seinna var hún steipt upp 3 metrum neðar.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:20)

Laugin er neðan og norðan við háan árbakkann. Áin rennur fáum metrum norðan við Laugina. Laugin er í Eyrinni, sem er lítið og lítt gróið slétt landflæmi er nær frá árbakkanum út að á. Laugin er nokkurnveginn í norður frá Norðurbæ.

Lýsing

Árið 1991-92 voru gerðar rannsóknir á þessu svæði og reyndist hitastigið vera mest 68° á 108 m dýpi. Orkustofnun taldi þetta svæði vera sambærilegt jarðhitasvæðinu við Laugardæli og Þorleifskot. Mælt var með frekari rannsóknum á svæðinu en þær hafa enn ekki verið gerðar. (Gunnar Gunnarsson. Nóvember 2005) Steypta laugin stendur um 15 cm upp úr sandinum sem er allt í kring um hana. Laugin er 1,15 x 2,65 m á stærð og er hún mjög grunn og full af sandi. Um 3 m sunnar er smá pollur um 65 sm í þvermál og hefur verið látinn í hann stútur sem vatn gýs upp um. Milli laugarinnar og pollsins rennur lítill hlykkjóttur lækur, en heitar uppsprettur eru víðar á svæðinu. Um 2 m norðan við steyptu Laugina, rennur annar lækur og í honum er líka stútur og hefur steinn verið settur á enda hans svo vatn frussast undan steininum.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 22

Sérheiti: Básinn

Hlutverk: Ferja, Uppsátur

Tegund: Örnefni

Staðsetning: X: 401522 Y: 383171

Skekkja: 4,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„Austan við Lágatún er Básinn, allbreitt hlið í berginu með nokkurri fjöru, þar sem gott var að leggja bátum. Enda var þar oft ferjað yfir ána, áður en brúin kom.“



Mynd 8. Básinn, Ölfusárbrú í basýn. Tekið í A.

(Guðmundur Kristinsson. 1991:21) Þar var hafður bátur frá Selfossi sem t.d. var notaður við lax- og silungaveiðar. Básinn er í árbakka Ölfusár um 150-200 m vestan við Ölfusárbrú. Um 2 m eru frá Básnum og niður í Ölfusá.

Lýsing

Básinn er um 20-25 m á breidd. Berg klýfur Básinn nánast alveg og sunnanmegin við hann er gróður að mestu gras en blómlegra er norðanmegin þar sem réttin var.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 23

Sérheiti: Básinn

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: X: 401522 Y:
383171

Skekkja: 4,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta



Mynd 9. Hleðslur í Básnum. Tekið í V.

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

„Austan við Lágatún er Básinn, allbreitt hlið í berginu með nokkurri fjöru, þar sem gott var að leggja bátum ... Básinn greinist í Eystri-Bás og Vestri-Bás, þar sem féð var réttað frá ómunatíð allt fram um 1952.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:21)

Básinn er um 150-200 m vestan við Ölfusárbrú. Á þessum stað er náttúrulegt aðhald á tvo vegu (bergið og áin), en á milli var hlaðinn grjóttgarður. Þar var réttað fé Selfossbænda og þeirra sem áttu kindur í kaupþúninu. Trégrindur voru hafðar fyrir

norðurhlið Bássins en eru nú horfnar. Réttin var ofan í Básnum sem er í bakka Ölfusár, vestan við Ölfusárbrúna. Réttin er SA af Selfosskirkju, 38 m frá kirkjudyrunum. Göngustígur er frá kirkjunni að Hótel Selfossi og er hann alveg við Básinn.

Lýsing

Réttin er í náttúrulegri dæld í árbakkanum 6 m breiðri og var hlaðið fyrir austasta hluta réttarinnar því hann er alveg á bakka Ölfusár. Kindum var smalað ofan í réttina að vestanverðu og komust þær ekki upp úr réttinni því klettarnir umhverfis voru of háir eða hæstir um 2 m. Gróðurinn er svipaður í Básnum/réttinni og í umhverfinu í kring en þó er erfitt að segja það örugglega því lóðin á kirkjunni er vel hirt utan við Básinn og röndin meðfram ánni.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Munnmæli

„Á svæðinu frá Ölfusárbrú og vestur í Básinn lá það orð á, að þar hefði alltaf verið einhver slæðingur. Gamla fólkið setti þetta í samband við drukknun Englendingins við brúarsmíðina og fleiri slys þar við ána á fyrri tíð. En Sesselja Hannesdóttir, sem var fróð kona og minnug, fædd 1830 og lifði langa ævi á Selfossi, fullyrti, að þessir reimleikar stöfuðu frá voveiflegum atburði, sem hún hefði heyrt í æsku, að gerzt hefðu á Básnum löngu fyrir hennar minni. Á Selfossi var stundum ferjað lausríðandi fólk, sem kom úr Sandvíkurhreppi og ætlaði út yfir á en þótti krókur að fara upp á Laugardælaferjustað eða út á Kotferju. Var notaður lítill bátur og gat verið hættulegt með hesta. Þeir gátu lent í straumröstinni og borizt niður í hávaðana fyrir norðan bæinn. Sögn Sesselju var, að þarna í Básnum hefðu eitt sinn drukknað þrír menn, sem verið var að ferja yfir ána.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:179)

Selfoss 1 161794 217 - 24

Sérheiti: Jórulhlaup

Hlutverk: Tröll

Tegund: Þjóðsaga



Mynd 10. Jórulhlaup í Ölfusá. Tekið í NA

Staðsetning: X: 401900 Y: 383217

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir

„Móts við Selfoss eru hávaðar í ánni af stórgrýti í botninum. Standa 2 klakkar upp úr ánni og kallast Jóruhlaup.“ (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72-3) „Utar í ánni [en Flatasker] og nokkru ofar úti við aðalálinn er Jóruklettur, langur og hár, algróinn að ofan með djúpum hraunbolla í vesturbrún. Einstigi er upp í hann að austan. Þar var mikið krúvarp fram yfir 1950 en er nú alveg horfið. Annar klettur var aðeins neðar, hár og sívalur og lítill um sig. Hann brotnaði í árflóði 27. janúar 1959 og steiptist ofan í hylinn og hvarf. Þessir klettur heita einu nafni Jóruhlaup.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:21)

Lýsing

Toppur Jórukletts er vel grasigróinn, en hann er flatur. Hliðar klettsins eru mjög brattar og hliðarnar ógrónar að mestu. Staðsetningarhнитиð var tekið á árbakkanum norðan við Leikhús Selfoss.

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Munnmæli

„Jórunn hét bóndadóttir í Sandvíkurhreppi, ung og efnileg en þótti heldur skapstór. Einhverju sinni gerðist það að hestur föður hennar fór halloka í hestaati og varð hún við það svo æf að hún óð að hinum hestinum og reif undan honum lærið. Munnmæli úr Sandvíkurhreppi herma að hestaatið hafi farið fram við Hestaþingshól sem er í landi Kaldaðarness en Jóra verið frá bænum Jórvík. Jóra hljóp með hestslærið upp að

Ölfusá hjá Laxfossi (Selfossi) og þreif þar bjarg úr hömrum og kastaði úti í ána. Stiklaði hún svo yfir og mælti um leið. Mátulegt er meyarstig mál mun vera að gifta sig.

Klettarnir í ánni voru lengstum þrír en Miðkletturinn brotnaði í árflóði í janúar 1959. Kletturinn næst austurbakkanum heitir Flatasker en stóri kletturinn vestast er sá sem Jóra henti í ána og heitir hann Jóruklettur. Einu nafni heita klettar þessir Tröllkonuhlaup eða Jóruhlaup. Líklegast er stökk Jóru heimsmet í þrístökki. Jóra settist að í Henglinum og gerðist brátt hið versta flagð og grandaði bæði mönnum og málleysingjum.“ (Bjarni Harðarson. 2001:65)

Út í miðri Ölfusá, á móts við bragga norðanmegin árinna, og gamla Iðnskólans (leikhússins) sem stendur við Sigtún 1, í suður. Jóruhlaup er nær nyrðri bakkanum en þeim syðri.

Selfoss 1 161794 217 - 25

Sérheiti: Fjóslækur

Hlutverk: Fjós

Tegund: Örnefni

Staðsetning: X: 402282 Y: 383279

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Staðhættir

„Fagurgerði, gamalt eyðibýli frá Selfossi í byrjun miðrar 18. aldar, eða um 1750-1764. Sjást þar enn mjög greinilegar menjar allar á þeim tóftum, er þar voru þá. Þetta er á svokölluðum Fagurgerðisflötum fyrir vestan Fjóslæk hinn forna, er nú er kallað Síki, þétt við Ölfusá, andspænis vestari varpeyju frá Laugardælum.“ (Símon Jónsson. 20. marz. 1913:1)

Lýsing

Fjóslækur er í dag horfinn af yfirborði og virðist renna í gegnum rör út í Ölfusá, á sömu slóðum og hann áður rann. Engin ummerki eru eftir fjós í umhverfinu enda mikið búið að byggja í hverfinu í kring.

Heimildaskrá

Símon Jónsson. 20. marz. 1913. *Selfoss*. Selfosshreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Selfoss 1 161794 217 - 26

Sérheiti: Áveitugarðurinn

Hlutverk: Áveita

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 402260 Y: 382914

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Staðhættir

„Þar fyrir sunnan [Balana] var Áveitugarðurinn, sem hlaðinn var norðan við engjarnar í upphafi Flóaveitunnar á árunum 1920-25. Hann náði frá húsi Eiríks Bjarnasonar, Reynivöllum 9 og þaðan beint til útsuðurs nálægt Safnahúsinu og þar vestur um. Á honum var fjárheld girðing. Á henni var stórt hlið með langri grind, balahlið, þar sem Reynivellir liggja fyrir vestan hús Eiríks. Um það lágu gömlu göturnar fram í Votmúlahverfi.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:26) Öll merki um áveituna eru horfin. GPS-Punktur er tekinn við Reynivelli 9.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfossskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 27

Sérheiti: Austurbæjarfjárhús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Þúst

Staðsetning: X: 402612 Y: 382629

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„Í suðurjaðri Engjavegar á móts við húsið nr. 71 voru Austurbæjarfjárhúsin. Þau voru notuð fram yfir 1940 en rifin skömmu síðar.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:26)

Hóllinn er um 5 m frá Grenigrund 24 a sem er innst í botnlanga. Hóllinn er um 10-15 m frá Engjavegi beint á móts við Engjaveg 71.



Mynd 11. Rústahóll Austurbæjarfjárhúsa í miðjum Selfossskaupstað

Lýsing

Leifar fjárhússins mynda hól sem er u.þ.b. 13x10 m á stærð og um 2 m hár. Á hólnum vaxa tré. Ekki sér í neinar hleðslur á hólnum.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 28

Sérheiti: Virkisvarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðsetning: X: 403498 Y: 382823

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð



Mynd 12. Virkisvarða var mikilvægt landamerki. Tekið í A.

Staðhættir

„Austur af ... [Kerunum] er Völlurinn,

víðáttumikil, allgrasgefin heiði, sem nær austur að Virkisvörðu, stórum kletti í austurjaðri Gaulverjabæjarveggar og myndar hornmark Selfosslands í austri.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:26) Um 3 m frá Gaulverjabæjarvegi þar sem hann liggur við enda hesthúsahverfisins á Selfossi er Virkisvarða. Reiðstígur kemur frá hesthúsunum og beygir við Gaulverjabæjarveginn og liggur svo áfram með veginum að Selfossi. Þar sem reiðstígur þessi beygir að veginum sér beint í Virkisvörðu hinum megin við hann.

Lýsing

Allstórir steinar sem virðast eitt sinn hafa verið einn og sami kletturinn mynda Virkisvörðu. Steinarnir eru stærstir tæpur metri á hæð og vex á þeim mosi. Járnstaur er í stærsta steininum og stendur hann eilítið upp úr honum.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 29

Sérheiti: Dvergur

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Þjóðsaga

Staðsetning: X: 402297 Y: 382119

Skekkja: 4,5 m

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„Dvergur, gamalt heiti á einkennilegum steini fyrir sunnan Rauðholt ...“ (Símon Jónsson. 20. marz. 1913:1) „Fremstur og stærstur [hraunhóla við Rauðholtstagl] er Dvergur, hár og brattur og snýr í norður. Hann er á lóð hússins að Spóarima 2. Þar átti að búa huldufólk.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:27) Steinninn er staðsettur í garðinum að Spóarima 2, um 1/2 m frá íbúðarhúsinu að framanverðu við SA horn hússins.

Lýsing

Steinninn er um 2 1/2 m á hæð og 13 m í ummáli þar sem hann er breiðastur (að neðan) og 7 m í ummál yfir hann miðjan. Steinninn mjókkar upp og er gróinn að hluta grasi og lyngi.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Símon Jónsson. 20. marz. 1913. *Selfoss*. Selfosshreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Selfoss 1 161794 217 - 30

Sérheiti: Fossrétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 400315 Y: 382578

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Staðhættir

„Um vestanvert Hagaland rennur áveituskurðurinn í ána við Sandvikið. Vestan við það í norðurenda flugbrautarinnar var Fossrétt, gömul skilarétt fyrir Sandvíkurhrepp.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:36) Fossrétt var í norðausturenda flugbrautar Selfossflugvallar, nú eru þar engar leifar sjáanlegar.

Lýsing

Ekkert sést af réttinni, enda er sagt að hún sé í norðurenda flugbrautarinnar. Þúfur einkenna umhverfið allt í kringum flugbrautarendann en vegur liggur 15 m frá norðurendanum í sveig fram hjá. Mold og grjótlendi er á milli flugbrautarendans og vegarins.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfosskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 31

Sérheiti: Tryggvaskáli

Hlutverk: Hús

Tegund: Hús

Staðsetning: X: 401756 Y: 3831

Skekkja: 4,5 m



Mvnd 13. Nýuppgerður Trvaavaskáli.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„Tryggvaskáli. Meðan á smíði Ölfusárbrúarinnar stóð [1890-91], bjuggu smiðirnir í litlu timburhúsi, sem Tryggvi [Gunnarsson] hafði reist skammt austan við landbrúna. Þetta var lítið hús, allt úr timbri með pappa á þaki, 10 álna vítt og 12 álnir á lengdina. Að vestan voru 2 litlar stofur en austurendinn var einn geimur með moldargólfi. Upp á lofti voru 4 lítil herbergi afþiljuð. Tveir ofnar voru í húsinu, annar uppi en hinn niðri og járnör frá þeim upp úr þaki. Var hann fljótlega nefndur Tryggvaskáli og var það nafn lengi framan af oft notað um hina nýju byggð við Ölfusárbrú.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:368) „En árið 1901 verða þáttaskil. Þá fluttist þangað fyrsti

maðurinn til fastrar búsetu, Þorfinnur Jónsson, nýkvæntur Guðlaugu Einarsdóttur frá Sölvholti.

Gerðist Þorfinnur þar með fyrsti landnámsmaður við Ölfusárbrú og rak gisti- og greiðasölu. Þá var skálinn enn í sínu upprunalegu formi, ein hæð með portbyggðu risi. Gengið var inn að sunnan og komið þar inn í mjög litla forstofu. Að vestan voru 2 litlar stofur þar sem Litli-salurinn er núna með skilrími þar sem súlurnar eru. Lítið eldhús var að norðan með kolaeldavél. Úr forstofu var stigi upp á loft þar sem voru 3 lítil herbergi. Þarna var oft mikil umferð. Það var föst venja að farþegar sem oft voru margir með póstvögnunum gistu þar og keyptu þar hressingu. Eftir nokkur ár byggði Þorfinnur skúr vestan við húsið með 3 herbergjum. Þar fékk Landsíminn inni, þegar landssímastöð var opnuð þar 1909 en bréfhirðing var á Selfossi. Þorfinnur reisti fjós og hlöðu sunnan við þjóðveginn og hafði þar 2-3 kýr og 5-6 hesta, flesta reiðhesta. ... Árið 1910 fékk Þorfinnur leyfi til sveitarverslunar í Tryggvaskála og verslaði þar í nokkur ár. Hann byggði einnig við húsið að austan en vorið 1918 seldi hann Tryggvaskála og fluttist að Bitru í Hraungerðishreppi vorið 1919.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:368-9) „Landsbanki Íslands opnaði útibú 4. október 1918 í Tryggvaskála og hafði þar til umráða tvö lítil herbergi þar sem nú er inngangurinn í húsið.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:373)

„Vorið 1919 keypti Þórður Þórðarson frá Björk í Grímsnesi eignina. Hann byggði heila hæð ofan á allt húsið haustið 1920, innréttaði þar mörg gistiherbergi og fundarsal í vesturenda.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:370), „Vorið 1934 reisti ... [Guðlaugur Þórðarson] samkomusalinn við húsið austanvert.

Þá var Tryggvaskáli kominn í það form sem hann hefur verið í til þessa dags.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:370)

Tryggvaskáli er fast við Ölfusárbrúarsporðinn sunnanverðan.

Lýsing

Tryggvaskáli er stórt hús með 15 gluggum og 2 hurðum á suðurhlið. Við austurenda er viðbygging sem byggð var árið 1934 og er salur í dag. Við norðurhlið Tryggvaskála er áföst viðbygging. Húsið lítur mjög vel út enda unnið að endurgerð þess. Húsið er nýklætt með bárujárnri og nýjum hvítum gluggum. Gamlar myndir af Tryggvaskála eru í Sögu Selfoss, önnur er tekin af Sigfúsi Eymundssyni og er tekin daginn eftir að Ölfusárbrúin var vígð, hin var tekin á síðustu árum Þorfinns Jónssonar er rak Tryggvaskála frá 1901-1918 þær sýna glögg hvernig skálinn leit út á þeim tímum. (Guðmundur Kristinsson. 1991:136, 228)

Heimildaskrá

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir tröllar, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfosskaupstaður.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Munnmæli

„Haustið 1929 varð vart við kvendraug í Tryggvaskála á Selfossi, en þá var þar rekin gistipjónusta og veitingasala. Var jafnvel talið að konan hafi hjálpað til við heimilisverk. Tíldrög þessara reimleika voru þau að um sumarið réðist til starfa í Skálanum stúlka sem átti að koma á Selfoss 30. september. Það kvöld urðu allir sem í Skálann bjuggu varir við högg mikil og fyrirgang en þegar gengið var til dyra sá veitingamaðurinn í Skálanum standa þar konu eina háa og granna, klædda svartri kápu með úfið hár og leit illa út. Við hlið hennar var barn, 8-10 ára og virtist höfuð þess vera reifað gráum ullarklút svo aðeins skein í andlitið. En sýn þessi hvarf manningum jafnskjótt. Vitnaðist síðar að þetta var umrædd vinnustúlka sem beðið hafði verið eftir, en hún hafði þá látist í júlímánuði án þess að það fréttist að Selfossi. Óli J. Ísfeld var þá veitingamaður í Skálanum og lýsir aðsókn þessari þannig að alltaf þegar hann var einn, jafnt á nóttu sem degi, hafi kvenmaður þessi sótt á hann og virtist bæði í mjög æstu skapi og tryllingsleg til augnanna. Stafaði af andardrætti hennar ískulda en aldrei gengu verk betur í Skálanum en þennan vetur, þó svo gestir væru margir og starfsfólk fátt.“ (Bjarni Harðarson. 2001:68)

Selfoss 1 161794 217 - 32

Hlutverk: Kumli, Legstaður

Tegund: Kumli

Staðsetning: X: 402294 Y: 382737

Skekkja: 4,5 m



Mynd 14. Svæðið þar sem kumlið var grafið upp í bakgarði við Birkivelli

Horfin: Já

Heimildamenn: Helga Þórðardóttir (0211202359) Ingibjörg Bergþórsdóttir (2708302189)

Staðhættir

Séra Sigurður Pálsson á Selfossi hringdi hinn 15. júlí 1958 og skýrði frá því að kuml hefði fundist síðastliðinn laugardag þegar jarðýta var að jafna lóð á Selfossi. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður og Gísli Gestsson safnvörður rannsökuðu staðinn. Nógu mikið var óhreyft til þess að hægt væri að átta sig á horfi og stellingum líkisins. Kumlið var „norðurundan svonefndum Rauðholtum, sem eru fremur lágar öldur með holtasvip í gróðri og jarðmyndun. Er þar grunnt á hraun. Byggðin er nú að færast suður undir þessi holt, og er syðsta gatan, sem nú er, kölluð Birkivellir. Fundarstaðurinn er um 25-30 m suðvestur frá vesturendanum á ... Birkivöllum 4, en um 900 m suðaustur frá bænum á Selfossi.“ (Kristján Eldjárn. 1966:9-10) Líkið virðist hafa legið á bakinu í stefnu NA-SV með höfuðið í SV. (Kristján Eldjárn. 1966:10) Annað kuml fannst á Birkivöllum árið 1962, það var konukuml og var hjá Birkivöllum 10 um 150 m hinu kumlinu. Gísli Gestsson telur kumlin vera frá Rauðholtum, sem eru í 50-300 m fjarlægð, því að hans mati voru kumlin óeðlilega langt frá landnámsbænum á Selfossi.

(Kristján Eldjárn. 1966:11)(Gísli Gestsson. 1966:73) „Nokkrir hlutir fundust óhreyfðir með beinunum, en hugsanlegt er, að eitthvað hafi borizt út í moldina með jarðýtunni, þó að það virðist heldur ólíklegt. Milli hægra mjaðmabeins og neðstu hryggjarliða var dálítill hrúga af bláleitu leirkenndu efni, og í því voru nokkrir smásteinar dökkir og með eða ofan á þessu nokkur lítil járnbrost, sem ekki tóku á sig hlutarlögum, enda mjög þrungin af ryði. Ofar eða við miðja hrygg var önnur hrúga, sem í voru járnbrost ómerk, lítill háflglær steinn með gati, líkur perlu, lítill kuðungur og tveir sérkennilegir steinar, annar grár og sporöskjulagaður með gati, líkur örlitlum kljásteyni, hinn holufylling, sem fengið hefur lögun eins og hólkur eða hringur. Allir þessir hlutir virðast vera gagnslaust dót, sem tínt hefur verið saman af sérvizku, hjátrú eða hnýsni og gera menn slíkt eða álíka enn þann dag í dag. Helzt mætti ætla af smáhlutum þessum, að hinn heygði hafi verið kona. Beinaleifar staðfesta það, og hefur konan látizt á miðjum aldri, ekki yfir fimmtugt.“ (Kristján Eldjárn. 1966:10) Hildur Geststóttir mannabeinafræðingur telur mögulegt að beinin séu úr konu en segir að ekki sé unnt að segja til um aldur hennar. (Hildur Gestsdóttir. 1998)

Samkvæmt Helgu Þórðardóttur heimildarmanns, fannst kumlið í garði Birkivalla nr. 4. eða um 10 m vestur af húsinu, í bakgarðinum. Ábúandinn Ingibjörg Bergþórsdóttir telur þó að kumlið hafi fundist þar sem nú í dag er stofan hennar.

Heimildaskrá

Gísli Gestsson. 1966. „Fornaldarkuml á Selfossi og í Syðra-Krossanesi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965*. Ritstjóri Kristján Eldjárn. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.

Hildur Gestsdóttir. 1998. *kyn- og lífaldursgreiningar á beinum úr íslenskum kumlum*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Kristján Eldjárn. 1966. „Kuml úr heiðnum sið, fundin á síðustu árum.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965*. Ritstjóri Kristján Eldjárn. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.

Selfoss 1 161794 217 - 33

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Kuml

Staðsetning: X: 402345 Y: 382721

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Helga Þórðardóttir (0211202359)

Staðhættir

„Í maílok 1962 fannst kuml sunnan við Birkivelli 10 á Selfossi. Litlu sunnar og austar er lágur holtröðull. Þar heita Rauðholt. Bærinn á Selfossi er um 1,5 km vestar, en Selfoss er landnámsjörð. Svo sem 150 m fyrir vestan kumlið fannst annað konukuml árið 1958 [32]. Við [Gísli Gestsson og] Þór Magnússon komum á staðinn þann 5. júní, en urðum frá að hverfa vegna óveðurs. Aftur kom ég á staðinn laugardaginn 9. júní, og lauk þá rannsókninni. Sunnan við lóðina á Birkivöllum 10 hafði verið gerður kartöflugarður, og veittu menn nú athygli mannabeinum í moldinni, þegar pælt var. Við rannsóknina kom í ljós, að kumlinu var öllu umturnað. Líklega hefir verið tekin

(grunn?) gröf að líkinu, en nú var svo lítið eftir af henni, að hvorki var unnt að sjá lengd hennar, breidd né dýpt. Á sléttum moldarbotni lágu þó óhreyfð óheil leggbein, brot úr efstu hryggjarliðum og viðbeini. Kjálkar voru og lítt færðir úr stað. Mátti sjá, að líkið hafði verið lagt á bakið í stefnu nálægt S-65°V, og sneru fætur í landnorður.“ (Gísli Gestsson 1966:69) Með kumlinu fundust margir gripir s.s. glerperlur, sörvistölur, hnífur, sigð, lauf, hringur, járnaglar, lykill, lyklahringur, járnteinn og vefnaðarleifar. (Gísli Gestsson 1966:69-72)

„Ekki er að efa, að þetta kuml sé frá víkingaöld. Sigðin gæti bent á, að það væri frá því um 900, og ekkert mælir beinlínis á móti því, þó það auðvitað gæti verið nokkrum áratugum yngra.“ (Gísli Gestsson. 1966:72) Kumlið fannst þar sem er við lóðamörk Birkivalla 10 og 8 og Engjavegar 49. Á fundarstaðunum er nú í dag (2005) kartöflugarður.

Lýsing

Beinin eru að mati Jóns Steffensen úr konu, um 25-35 ára, en Hildur Gestsdóttir telur hana hafa verið um 36-45 ára. (Hildur Gestsdóttir. 1998) Gísli telur að kumlin hafi verið frá Rauðholtum, sem eru í 50-300 m fjarlægð enda séu þau óeðlilega langt frá landnámsbænum Selfossi. (Gísli Gestsson 1966:73)

Heimildaskrá

Gísli Gestsson. 1966. „Fornaldarkuml á Selfossi og í Syðra-Krossanesi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965*. Ritstjóri Kristján Eldjárn. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Sandvíkurhreppi. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Hildur Gestsdóttir. 1998. *kyn- og lífaldursgreiningar á beinum úr íslenskum kumlum*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Selfoss 1 161794 217 - 34

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 401192 Y: 383147

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

Vestan til í Leyninum, 50 m beint suður af Þvottaklettum [15] er brunnur.

Lýsing

Brunnurinn er um 0,5 m á dýpt og um 0,8-0,9 m í þvermál og er hann hlaðinn úr hraunhellum. Mosi vex í brunninum en sami gróður er að öðru leyti í brunninum og umhverfinu í kring.

Selfoss 1 161794 217 - 35

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 401339 Y: 383181

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

Heygarður var á milli hlaðanna á Selfossi eins og þær eru í dag, norðan við Austurbæ.

Gunnar Gunnarsson bóndi mundi eftir tveimur stórum heyjum.

Lýsing

Engar leifar eru af heygarðinum því á svæðinu er í dag moldarsvað vegna framkvæmda við Austurbæ.

Selfoss 1 161794 217 - 36

Hlutverk: Hestasteinn

Tegund: Náttúruminjar

Staðsetning: X: 402153 Y: 383216

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð



Mynd 15. Efsti hluti hestasteinsins við Fagurgerði.

Heimildamaður: Örn Óskarsson (1709553749)

Staðhættir

„Nokkru austar, þar sem áin breiðir mjög úr sér, eru Fagurgerðisflatir, harðar valllendisflatir myndaðar af sandfoki úr ánni. Vestan við þær uppi á hábarðinu er Fagurgerði, rústir hjáleigu frá Selfossi frá 18. öld.“ (Guðmundur Kristinsson 1991:26)

„Þar reisti ... [Björn Sigurbjarnarson] sér og konu sinni, Önnu Eiríksdóttur, íbúðarhús á hábarðinu og flutti í það í febrúar 1934. Þá sáu þar vel vallgrónar rústir fast austan við húsið sem Símon [Jónsson] á Selfossi sagði vera rústir Nýja-Fosskots. Sást móta fyrir baðstofu, búi og fjósi og gömlum beðum niður í brekkuna. Þar var stór steinn í henni miðri sem enn sér á og talinn vera hestasteinn. Þess vegna kallaði Björn hús sitt Fagurgerði og þegar götunöfn voru tekin upp var gatan heitin eftir gamla kotinu sem þar var reist síðla á 18. öld.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:408)

Hestasteinninn er djúpt í jörðu í garðinum framan við húsið Fagurgerði, um 10 m frá götunni.

Lýsing

Hestasteinninn stendur lítið upp úr jörðinni. Virðist vera lítill en er mjög stór að sögn Arnar Óskarssonar ábúanda sem reynt hefur að grafa frá honum en ávalt gefist upp.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Selfoss 1 161794 217 - 37

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402216 Y: 382225

Skekkja: 4,5 m

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 24 m

Breidd: 7 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð


Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson (1409284889)

Staðhættir

Fjárhústóft er um 16 m suður af Stóra-hól (Moldarfjallinu), um 10 m norður af Langholti og beint norður af Spóarima 8, sem stendur sunnan við Langholtið gengt tóftinni.

Lýsing

Tóftin er fremur löng og liggur í NV, SA með inngang á SA gaflinum. Að innanmáli er tóftin um 22 m löng og 4,5 m breið, veggir eru um 1m á þykkt sem gerir utanmál tóftarinnar um 24 m á lengd og 7 m á breidd. Í NV gaflinum sér vel í hleðslu en síður annarsstaðar vegna gróðurs. Hleðslugrjót liggur sömuleiðis á gólfi tóftarinnar í vesturhorni NV gaflsins. Gróður á tóftinni er að einhverju leyti annar en í umhverfinu í kring. Um 6 m frá NV gaflinum, sé talið innan frá, eru óljósar minjar af vegg. Hann og lokað af NV hluta tóftarinnar. Hleðsluhæð tóftarinnar er mest tæpir 2 m og lægst um 1 m.



Teikning 1. Fjárhústóft frá Selfossi.

Selfoss 1 161794 217 - 38

Hlutverk: Berghald

Tegund: Stríðsminjar

Staðsetning: X: 401641 Y: 383179

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 1,30 m

Breidd: 70 cm

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

„Í ágúst 1942 hófst undirbúningur þess að setja sveifluferju á ána fyrir neðan Kötlu undir yfirumsjón verkfræðideildar hersins. Steypt voru rammger berghöld á báðum bökkum. Sem enn standa, og svert vírtóg strengt yfir ána. Þannig ætluðu þeir að fara yfir ána á litlum bátum með taug í vírinn.“ (Guðmundur Kristinsson. 1995:351) Berghald, festihald fyrir sveifluferjuna var sunnan ár, en þar var syðri endi sveifluferjunnar en norðurendinn [Hellir-8] var norðan ár. Haldið er skammt neðan við Kötlu, um 100 m SA af kirkjunni, um 50 m vestur af Ölfusárbrú og 15 m suður af Ölfusá.

Lýsing

Berghaldið er gert úr steypu, það er ferkantað að lögun um 30 sm hátt. Hæðin var þó lægri áður fyrr, en framkvæmdir á svæðinu röskuðu minjunum lítið eitt og standa þær því hærra en þær gerðu. Áberandi brú er á haldinu sem sýnir sennilega hvaða hversu hátt haldið var. Að ofanverðu er haldið flatt og um 70 sm breitt (NS) og um 1,30 m langt (AV). Ofan á haldinu má sjá leifar af timbri og járnleifar af festingunum er héldu sveifluferjunni.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Selfoss 1 161794 217 - 39

Sérheiti: Norðurbær

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401378 Y: 383251

Skekkja: 4,5 m

Horfin: Já

Heimildamaður: Gunnar Gunnarsson
(1409284889)

Staðhættir

Að sögn Gunnars Gunnarssonar bónda á Selfossi stóðu tóftir gamla Norðurbæjarins þar sem nú stendur nýja húsið á Norðurbænum. (Gunnar Gunnarsson, 28. júlí 2004 og nóvember 2005) „Jörðin var 1/3 úr Selfossjörðinni. Bæjarhúsin stóðu á hæð skammt



Mynd 16. Norðurbær stóð þar sem núverandi íbúðarhús stendur í dag. Tekið í SA.

landnorður frá austurbænum þar sem nú er prestsetrið. Túnið var suðaustur af bænum, allur suðurhluti Háatúnsins að norðurmörkum núverandi kirkjugarð og Lágatúnið þar sem kirkjan er nú austur að Básnum. Útjörð var óskipt með Selfossi I og II svo og hlunnindi í laxveiði í Ölfusá, mótaki við Grafhóla og lauginni. Heldur var þetta rýr jörð til búskapar. Búskap lauk þar 1907 og féllu bæjarhúsin í tóft.“ (Sunnlenskar byggðir II. 1981:405) „Vestan í bæjarhólnum stendur Vesturbærinn. Norðaustur af honum á háhólnum er Austurbærinn. Nokkurn spöl landnorður frá honum var Norðurbærinn. Þar sem nú er Presthúsið sunnanvert.“ (Guðmundur Kristinsson 1991:18) Norðurbærinn stóð sér á hól norðaustan við Austurbæ og eru tæplega 100 m á milli. Þar er nú steyppt íbúðarhús. OV [Orri Vésteinsson] skráði 9.11.1999 eftir frásögn Gunnars Gunnarssonar.“ (Guðrún Alda Gísladóttir. 2002:51)

Lýsing

Í *Jarðabókinni* sem skráð var árið 1709 eru tveir ábúendur að Selfossjörðinni hún er þó ekki greind frekar í Vestur-, Austur- eða Norðurbæ og því ekki gott að vita hvort Norðurbærinn var þá kominn í byggð. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:107) Fyrsti ábúandinn á Norðurbænum er skráður Snorri Jónsson sem þangað flutti 1833. (Guðmundur Kristinsson. 1991:73, 79 og 89) Á árunum í kringum 1920 voru túnakort Selfossbæjanna skráð. Á Austasta partinum (Norðurbæ-Selfoss III) má sjá að sérstakt tún var 1/3 ha og alslétt. Stærð túnanna samtals 1,7 ha og þar af slétt 9/10. Stærð matjurtagarða var 1344 m² en engin hús sjást á kortinu. (Túnakort [1920]. *Selfoss (austasti partur)*) Þann 6. sept. 1986, varð mikill skjálfti í Ölfusi, talinn hafa verið 6,5-7 stig. „Hann var harðastur á svæðinu frá Votmúla um Selfoss og vestanverðan Hraungerðishrepp og upp með Ingólfsfjalli austanverðu. Þá féll fjósið í Vesturbænum á Selfossi og öll hús í Norðurbænum og Austurbænum og fórust þar hjónin Arnbjörn Þórarinnsson og Guðrún Magnúsdóttir.“ (Sunnlenskar byggðir II. *Flóinn*. 1981:365) „Búskap lauk þar 1907 og féllu bæjarhúsin í tóft.“ (Sunnlenskar byggðir II. *Flóinn*. 1981:405)

„Á Norðurbænum var torfbaðstofa með járnþaki, þiljuð innan og með timburgólfi. Gengið inn í hana um lág bæjargöng með eldhúsi. Austan við hana var eldiviðargeymslan en að vestan var skemman. Heygarðurinn var á bak við húsin og vestur af honum var fjósið og sneri í vestur með 5-6 básum.“ (Sunnlenskar byggðir II. *Flóinn*. 1981:395)

„Norðurbærinn á Selfossi. Bæjarhúsin. Þrjár burstir voru fram á hlaðið. Í miðjunni var torfbaðstofa með járnþaki. Veggir voru úr torfi og grjóti en þiljað innan með timbri.

Gengið var inn í lág og leiðinleg bæjargöng, og var eldhúsið þar í göngunum. Austan við þau var eldiviðargeymslan en fyrir vestan baðstofuna var skemman. Fjósið var fyrir aftan bæinn og snéri í vestur, fyrir 5-6 kýr. Heygarður fyrir aftan fjósið. Fyrir vestan það var kálgarður, sem Þorfinnur notaði lengi eftir að húsin voru rifin. Fjárhús var í tíð Snorra nyrzt á túninu, á árbakkanum þar sem bergið er hæst, og sést þar enn grasi gróin hæð.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:199)

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfosskaupstaður.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Sandvíkurhreppi. Svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. *Selfoss (austasti partur)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Selfoss 1 161794 217 - 40

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 400822 Y: 382964

Skekkja: 4,5 m

Lengd: 4 m

Breidd: 2,5 cm

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Lítil tóft liggur þétt upp við lágan klett, um 2 m vestur af árbakka Ölfusár, og um 50 m vestur af botnlanga götunnar Laxabakka.

Lýsing

Tóft þessi er fremur lítil og sjást þess engin merki að henni hafi verið skipt niður í fleiri en eitt hólfi. Að utanverðu eru veggjaleifar hennar um 40 sm. háir en að innanverðu um 20 sm. Veggjapykktin er að meðaltali um 1 m. og er tóftin nær að öllu leyti gróin sama gróðri og umhverfið í kring. Í NV-og NA hornum tóftarinnar má sjá í mosavaxið hleðslugrjótið. Í miðri tóftinni er um 0,5 m löng rauf, um 10 sm djúp. Rauf þessi er mjög greinileg en hlutverk hennar óþekkt. NA hluti tóftarinnar liggur þétt upp við lágan klett. Hann er um 2 m hár og nokkuð breiður. Klettur þessi sker sig ekki á neinn áberandi hátt frá öðrum klettum í umhverfinu þar sem á þessu svæði eru þeir nokkrir.

Hellir - 182356-489

Fjöldi minja: 11.

Hellir var verið deiliskráður af Fornleifastofnun Íslands ses. í maí 2004 og eru því aðeins þær minjar sem ekki voru skráðar af FSÍ í þessari umfjöllun um Helli. Sjá deiliskráningu Hellis frá FSÍ ses.



Mynd 17. *Bæjarhúsin á Helli, búið var í bænum fram á miðja síðustu öld. Tekið í N*

Saga

Í *Manntalinu 1703* birtist jörðin Hellir fyrst í heimildum. Það ár var jörðin partur af jörðinni Fjalli (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:557) en afbýli Fjalls voru fjögur talsins. Um þetta leyti lagðist byggðin af í Fjalli (Guðmundur Kristinsson. 1991:54) og við það fékk Hellir mest af landi Fjalls.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:416) Eftir að Fossnes lagðist í eyði árið 1802 fór sú jörð sömuleiðis undir Helli. (Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979, bls. 203-4.) Ingólfur Arnarson landnámsmaður var þriðja vetur sinn á Íslandi undir Ingólfsfelli fyrir vestan Ölfusá. Ýmist er talið að hann hafi búið þar sem síðar stóð býlið Fjall, eða að hann hafi verið á Hólsstöðum eða Hólmstöðum. „Hvor staðurinn sem réttari er ber öllum sögnunum saman um að Ingólfur hafi búið undir Ingólfsfjalli og þessi fyrsti norræni landnámsmaður Íslands eignar sér land allt að Ölfusá, þar sem nú eru Ölfus, Grafningur og Þingvallasveitin vestanverð.“ (Bjarni Harðarson. 2001:59) Þar sem Hellir var afbýli af Fjalli er ekki ósennilegt að Ingólfur Arnarson hafi verið eigandi þess lands er jörðin Hellir var síðar byggð á.

Hellir var í byggð allt til ársins 1930 en þá lagðist jörðin í eyði í tvö ár. Eftir það bjuggu þar hjónin Einar Sigurðsson og Pálína Benediktsdóttir en eftir að þau fluttust af jörðinni árið 1944 lagðist hún aftur í eyði. Tveimur árum síðar komu þau aftur og byggðu sér hús og nefndu býlið Einholt. Þau bjuggu þar til ársins 1961. Árið 1972 voru húsin í Einholti rifin. (Guðmundur Kristinsson. 1991:65) Árið 1977 var Selfosshreppur eigandi jarðarinnar. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:411)

Fleiri býli virðast hafa verið á Helli en „Óljósar sagnir herma að í brekkunni í Ingólfsfjalli hafi verið býli sem hét Eyðihvammur.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:416)

Einar Sigurðsson orti um Helli vísu svohljóðandi:

Hér eru klif og klettatröll

og keldur holta milli

Samt munu þau undur öll

öðlast marga hylli.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:65)

Í Helli hefur löngum verið mannmargt en árið 1703 bjuggu þar fjórar manneskjur (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:557) og árið 1729 bjuggu þar sjö manns. (*Manntal 1729 í þremur sýslum*. 1924-1947:634) Árið 1801 bjuggu þar níu manns. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978:304)

Um skuldir, kvaðir og stærð jarðarinnar segir í *Jarðabókinni*: „Dýrleiki þess er við c lxxx álnir og so tíundast. ... Landskuld xx álnir. Betalast í fríðu eður landaurum innsveitis. Leigukúgildi ekkert í næstu 5 ár, áður ii, og fjell þá kotið í auðn. Leigur betöluðust í smjöri. Kvaðir öngvar. Kvikfjenaður er eftir því sem ábúandanum hagar þar eður heima hjá sjer í Ósgerði. Fóðrast kann við kúgilda þungi.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:292-3) Í *Nýrri jarðabók*, sem rituð var árið 1848, segir um hundraðatölu Hellis að hún sé 18,7 en að til forna hafi hún verið 15. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:32) Þegar *Jarðatal á Íslandi* var ritað árið 1847, var lanskuldin 0,50 og kúgildin 3. Það ár var jörðin beneficium. (Johnsen, J. 1847:74)

Jörðin Hellir virðist hafa haldið sama nafninu frá því jörðin birtist fyrst í heimildum. Sennilega er nafnið af því komið að á svæðinu eru margir hellar, misstórir, má nefna t.d. Stórahelli, Litlahelli og Barnahellisskúta. Stórihellir er friðlýst fornleif en hann var friðlýstur af Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði 5. maí 1927. (*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990:77) Þess má geta að hellirinn er ekki talinn manngerður. (Matthías Þórðarson. 1931:65) Í *Sögu Selfoss* segir um Helli : „Nafnið gæti bent til þess, að fyrst hafi verið búið í hellinum þ.e. „í Helli.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:54)

Símon Dalaskáld orti vísu um Stóra-Helli:

Hellirinn er hjarðarskjól

hlaðinn blóma frýnum.

Náttúran það byggði ból

bezt með höndum sínum. (Guðmundur Kristinsson. 1991:204)

Hellir var í Arnarbælisprestakalli árið 1899, (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905:190) eftir það var jörðin í Kotstrandarkirkjusókn til ársins 1948 en þá var jörðin ásamt öðrum býlum á landi Hellis flutt til Laugardælakirkju. (Sveinn Níelsson. 1950:38)

Engin býr í Helli í dag.

Náttúrufar og jarðabætur

Á túnakorti Hellis sem sennilega var teiknað í kringum árið 1920 var skráður bær, matjurtagarður og eitt útihús. Matjurtagarðurinn var þá 585 m² að stærð og túnið 3,8 ha og af því 2/3 slétt. (Túnakort [1920]. *Hellir*) Árið 1932 var matjurtagarðurinn orðinn töluvert stærri eða 1000m² en túnið minnkað og orðið 2 ha að stærð. (*Fasteignabók*. 1932:19)

Landgæðum Hellis er vandlega lýst í *Jarðabókinni* og er lýsingin hér orðrétt: „Túninu spilla steinar, er falla úr grjótklettum og í túninu standa. Engjar eru ut supra um Laugarbakka en spillast þó árlega sem og hagmýri af umferðarfólki því. sem flutt er á Hellirsland yfir Ölvessá á Laugardælaferju. Hólmi liggur í ánni allnær landi, þar er eggver nokkurt, sem ábúendur þessarar jarðar eigna sjer eftir tilsögn landsdrottna, og brúkar sá sem landsdrottinn leyfir; þó er hólminn og eggverið ekki aldeilis átölulaust af prestinum að Laugardælum. Nú brúkar Hellis ábúandi þennan hólma eftir landsdrottins orðlofi, en geldur þar af í sjerílagi, hefur þó forlíkast um presturinn í Laugardælum mætti nýta sjer hólmann, sem þar fyrir skyldi gefa og hefur gefið ábúandanum recognition eftir accorde.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:292-3)

Í *Sunnlenskum byggðum* er jörðinni lýst svo: „Land Hellis nær frá Ölfusárbrú 2 km upp með ánni að Hellisgili og þaðan upp í Ingólfsfjall og mjókkar heldur er ofar dregur. Það er um 260 ha. að stærð.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:358) „Jörðin er um 250 ha. og takmarkast að norðan af Ingólfsfjalli, að austan af línu úr Fjallstúni í Merkiholt, síðan ræður Ölfusá að brúnni og gamli þjóðvegurinn upp í Ingólfsfjall.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:411)

„Í hlíðum Ingólfsfjalls eru grýttar brekkur, neðar mýri og holt, þurrara þegar dregur niður að Ölfusá. Vetrararbeit sémileg á mýrunum og skjólgott. Mótak gott.“

(*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:416) „Landið er mestallt svaðblautar mýrar ofantil en með Ölfusá eru þurrir valllendisbalar með grágrýtisholtum. Mikil umferð var fyrrum um mýrina að Laugardælaferjustað. Þar er gamall upphlaðinn vegur yfir, Hellisbrú. Túnið var allt á Túnhólnum og gaf af sér 3 kýrfóður, sémileg grasgefið en

mjög þýft. Mýrarnar umhverfis voru mjög blautar og illar yfirferðar í rosatið og slægjur mjög lélegar. Vetrarheit var einnig léleg. Uppmýrin fór oft öll undir svell á vetrum þegar hann fraus og rann á. Tók þá alveg af beit. Þó var alltaf nokkur beit með ánni og þurrir geirar með fjalldrapa niður af Eyðihvammi ... Mótak var ágætt austur í Hellisgili (Ferjugili), 16 stungur á þykkt.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:411) Hlunnindi jarðarinnar voru lax og silungur. (Lárus Ág. Gíslason hreppstjóri og fyrrverandi búnaðarþingsfulltrúi. [Ártal vantar]:294)

Ýmsar náttúruhamfarir hafa skolið á Sunnlendingum sem og landsmönnum öllum síðan land byggðist, og þær ollið miklu tjóni. Jarðskjálftar miklir ollu gríðarlegum skemmdum árið 1896 í Ölfusinu og sveitunum í kring. Í úttekt sem gerð var má sjá að bæjarhús Hellis voru sex og peningshúsin sömuleiðis, fyrir jarðskjálftana. Áhrifin urðu þau að öll bæjarhúsini skemmdust mjög mikið sem og fimm peningshúsanna, en eitt þeirra gjörféll. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905:190)

Frá Helli gekk Laugardælaferjan yfir Ölfusá. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:416) Að ferjunni lá Hellisbrúin en um hana segir í *Árbók ferðafélagsins 2003*: „Spelirnir vour þrír, enda stundum talað um Hellisbrýr, allt jafn blautt. Með orðinu brú er hér átt við það að stöðugt var borin snidda og möl í veginn en sökk nánast jafnharðan. Nyrsti spottinn náði að Miðaftansholti, síðan var Stekkjarholt og Hádegisholt næst okkur. Eyktarmiðin eiga auðvitað við Hellisbæinn. Frá Kallþúfu lá svo ferjuvegurinn upp með ánni, undir Grímsklettum, um hálfan km að ferjustað. Bærinn Hellir fór í eyði um miðja síðustu öld. Nú hafa skógræktarmenn á Selfossi, á síðustu tveim áratugum, komið hér upp vænum og fjölbreyttum skógi. Framræsla og oníbornir stígar hafa nánast eytt sökkurhættu.“ (Þór Vigfússon. 2003:136)

Munnmæli:

Ýmsar sögur eru til er tengjast jörðinni Helli á einn eða annan hátt, hér birtast nokkrar þeirra:

„Í Stóra – Helli sunnan í Túnhólnum við eyðibýlið Helli við Selfoss þótti reimt. Þóttust margir hafa séð þar mann, lítinn vexti og kauðalegan með stóran bláan trefil um hálsinn. Gerði hann oft vart við sig undan slæmum veðrum í draumum heimamanna. Var talið að maður hefði hengt sig í hellinum í trefli.“ (Bjarni Harðarson. 2001:66)

„Við Helli var einnig huldufólksbyggð. Fólk sem þar bjó á fyrstu áratugum síðustu aldar varð vart við umgang, skjólum skellt og kýr baula í haga þó ekkert sæi það.“

(Bjarni Harðarson. 2001:66)

„Einnig talaði gamla fólkið oft um ljós austur í Grímsklettum og taldi þar búa huldufólk.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:179)

„Sagt frá því þegar Guðbjörg Einarsdóttir var um tíma í Helli í Ölfusi veturinn 1916. Húsmóðirin í Helli lá rúmföst af sjúkdómi sem dró hana til dauða þá um veturinn. Guðbjörg sinnti heimilisstörfum og m.a. sá hún um þvotta. Eitt sinn fór hún með þvott í skjólu að laug uppi í mýrinni. Fannst henni þá eins og hestur gengi hjá sér og heyrði snörlhljóð líkt og frýs í hesti. Henni varð hverft við en herti upp hugann og lauk verkinu. Kringum bæinn á Helli voru stór hnallungabjörg. Eitt slíkt var í kálgarðinum, margra mannhæða hátt og var það kallað Krummaklettur. Á gamlársdag heyrði hún mikinn og fagan söng í Krummakletti.“ (Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir. 2003:24)

Heimildaskrá:

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir. 2003. *Skrá yfir þjóðsögur og sagnir í Árnessýslu: skrásettar/útgefnar 1890-1960*. BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930.* Selfoskaupstaður.

Guðmundur Kristinsson. 1995. *Saga Selfoss. II. Frá 1930 til 1960.* Selfoskaupstaður.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Lárus Ág. Gíslason hreppstjóri og fyrrverandi búnaðarþingsfulltrúi. [Ártal vantar]. *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi.* Prentsmiðjan Leiftur Hf., Reykjavík.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal 1729 í þremur sýslum. 1924-1947. Tekið saman af Hans Oluf Hansen. Viðauki við Manntal á Íslandi 1703. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Matthías Þórðarson. 1931. „Manngerðir hellar í Árnessýslu og Rangárvallasýslu.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1930-1931*, bls. 1-76.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Sveinn Níelsson. 1950. *Prestatal og prófsta á Íslandi. 2. útgáfa. Með viðaukum*

og breytingum eftir Dr. Hannes Þorsteinsson. Björn Magnússon sá um útgáfuna og jók við. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Túnakort [1920]. *Hellir. Ölfushreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Þór Vigfússon. 2003. *Árbók 2003. Í Árnesþingi vestanverðu*. Ritstjóri Hjalti Kristgeirsson. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Laugarbakkar. Ölfushreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun.

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Hellir og Fossnes. Ölfushreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun.

Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggir II. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 14

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

„Sundagil. Rennur við Hrossaflatir og í Ölfusá. Lítil brú var á gamla veginum og foss alveg við brúna.“ (Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]:2) Brúin fannst ekki við vettvangskönnun á svæðinu

Heimildaskrá

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Hellir og Fossnes. Ölfushreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 15

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: X: 401664 Y: 383684

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„Hrossflatir. Vallendisblettir beggja vegna gamla vegarins, milli Fossness og Langaness. ... Sundagil.

Rennur við Hrossaflatir og í Ölfusá. Lítil brú var á gamla veginum og foss alveg við brúna. ... Fossnesmýri. Hún

liggur vestur að landi Árbæjar, að mestu leyti vestan gamla vegarins.

Hrísmýrarklettur. Holt það, sem næst er gamla veginum að austanverðu. Þar er nú (1972) steypustöð. Hrísmýri. Mýrin norðvestur af Hrísmýrarkletti. Vegurinn (gamli) var lagður yfir hana, og er hún því beggja megin við hann.“ (Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]:2-3)

„Sumarið 1890 birtist í Ísafold forystugrein um nauðsyn þess að gera veg frá brúarstæðinu upp að Ingólfsfjalli jafnskjótt og brúin væri gerð. Ella muni menn nota ferjurnar áfram „heldur en að tefja sig og þreyta á því að brjótast yfir vegleysur og kviksyndi að brúnni.“ ... Leið Ripperda var valin, sú stytzta að fjallinu og var vegurinn lagður sumarið 1891. Verkstjóri var Erlendur Zakaríasson og hóf hann verkið 7. júlí Unnu þar að jafnaði um 30 manns með 8-10 hesta og 4-5 vagna. Lengd vegarins var 1.322 faðmar. Var hann fullbúinn 10. okt. og mun hafa kostað á 8. þúsund krónur.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:159) Leiðin liggur frá Ölfusárbrú og að Ingólfsfjalli. Leiðin frá Ölfusá er komin undir malbikaðan þjóðveginn sem í dag liggur yfir gamla veginn. Gatan Miðtún liggur yfir leiðina en þar sem Miðtún endar tekur gamla leiðin við í Mógili. Um Mógilið liggur leiðin að Kitinu (bensínstöðin á Arnbergi) en hverfur þar sem bensínstöðin er. Norður af bensínstöðinni við hlið þjóðvegarins heldur leiðin áfram að hringtorgi sem er SA við bílasölu Toyota. Þaðan heldur leiðin áfram að hrísmýrarklettunum fer þar undir götur en heldur svo áfram þar sem vegur að sorphaugum skilur frá og nær alveg heim að Ingólfsfjalli. Gamla leiðin er því í nokkrum hlutum í dag.

Lýsing



Mynd 18. Vegurinn sem notaður er sem göngustígur í dag.

Frá Ölfusá og að enda Miðtúns er leiðin horfin. Þar sem leiðin birtist er hún 20 cm upphækkuð. Leiðin hefur verið notuð sem göngustígur og í hana stanslaust borinn nýr jaðrvegur. Brúin er horfin en vatn er leitt í stokk undir leiðina. Lítið er hægt að sjá að um forna leið sé að ræða.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930.*

Selfosskaupstaður.

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Hellir og Fossnes*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 16

Sérheiti: Eyðihvammur

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 400834 Y: 385745

Horfin: Já

Staðhættir

„Eyðihvammur er dalur eða lægð í fjallinu næst fyrir austan, þar sem þjóðvegurinn liggur frá fjallinu niður að Ölfusárbrú. Munnmæli segja þar bæ verið hafa, en engin merki sjást til þess.“ (*Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggir II*. 1931:1)

Eyðihvammur er í rótum Ingólfsfjalls, neðan við Eyðihvammsskarð og Eyðihvammsskriðu, og SA við Markahamar, þar sem jarðamörk Selfoss liggja. Rétt sunnan við Eyðihvamm lá gamla þjóðleiðin og lá hún áfram austur að Blákolli og Sængurkonusteini. Eyðihvammur er um 450 m vestur af Blákolli, en þar er jafnframt norðurendinn á Hellisbrúnni er lá yfir Hellislandið í átt að Laugardælaferju.

Heimildaskrá

Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggir II. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 17

Sérheiti: Blákollur

Hlutverk: Áletrun

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401334 Y: 385702

Horfin: Já

Staðhættir

„Blákollur stendur rétt fyrir ofan veginn hjá Hellisbrúarenda. Blákollur hrapaði í jarðskjálftunum 1896 og þá í fyrsta kippnum, sem nokkuð kvað að, en ekki þann mánaðardag, sem málað var á steininn.“ (Örnefnatal í Hellislandi 1931. *Skyggfir II*. 1931:1) „Eins og 500 m austan við Vegamót stendur fast ofan við gamla veginn steinn allmikill um sig og ekki minna en tveggja mannhæða hár. Þaðan eru svo aðrir 500 m austur að tóftum bæjarins í Fjalli. Drangur þessi flaug úr fjallinu í jarðskjálftanum 1896, heitir Blákollur síðan.“ (Þór Vigfússon. 2003:143) Steinninn er við rætur Ingólfsfjalls og eru skriður norðan og ofan við hann. Tiltölulega fáir stórir steinar aðrir eru á svæðinu, sé miðað svæðin austar í fjallshlíðinni.

Lýsing

Ártalið sem málað var á steininn hefur líklega mást af því það fannst ekki við vettvangskonun.

Heimildaskrá

Þór Vigfússon. 2003. *Árbók 2003. Í Árneshöfði vestanverðu*. Ritstjóri Hjalti Kristgeirsson. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggfir II. Ölfushreppur, Árneshöfði. Örnefnastofnun.



Mynd 19. Blákollur.

Hellir 182356 489 - 18

Hlutverk: Stag

Tegund: Stríðsminjar

Staðsetning: X: 401880 Y: 383404

Skekkja: 4,5 m



Mynd 20. Stag frá síðari heimsstyrjöld

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

Svæðið sem minjarnar eru á heitir Hlaupið og er norðanmegin Ölfusár á landi sem tilheyrði Fjalli og síðar Helli og nú Selfossi. Minjarnar eru á árbakkanum beint framan við Jóruklett, og neðan við götuna Jórutún á norðurbakkanum.

Lýsing

Minjar þessar eru frá tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og eru þetta tveir járnkrókar sem gegndu hlutverki símalínufestinga. Símalína lá yfir Ölfusá og var hún fest niður á árbakkanum. „Til þess að tryggja símasamband við Kaldaðarnes, setti herinn nýjar símalínur yfir ána. Reist voru öflug stauravirki, annað á norðurbakka nokkuð fyrir austan herbúðirnar, en hitt á syðri bakkanum móts við Flatasker. ... Símastaur var steypdur niður í Flatasker og annar í Miðklettinn, sem báru símalínurnar uppi.“

(Guðmundur Kristinsson 1995:350-1) Krókarnir eru ekki áberandi í umhverfinu en þeir eru óryðgaðir og standa um 40 cm upp úr jörðinni. Óvíst er hve djúpt þeir ná, en sennilega eru þeir festir í steypa niðurgrafna plötu. Um 5 m eru á milli krókanna.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1995. *Saga Selfoss. II. Frá 1930 til 1960*. Selfosskaupstaður.

Hellir 182356 489 - 19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Stríðsminjar

Staðsetning: X: 401880 Y: 383404


Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

Stór steypdur ferkantaður hnúllungur, liggur í Ölfusá við nyrðri árbakkann neðan við götuna Jórutún. Hann liggur í grynningum árinna, sunnan við krókana [5], beint norður af Jórukletti.



Teikning 2. Skotgröf

Lýsing

Steypu hnullungur þessi var auðsjáanlega eitt sinn ferkantaður en hefur að einhverju leyti misst lögun sína. Hann er um 1,5- 2 m á lengd og um helmingi styttri á breiddina. Ekki er gott að segja nánar til um stærð hans þar sem stór hluti er ofan í ánni. Hlutverk hans er óþekkt en það tengdist sennilega símalínunni er lá yfir Ölfusá

Hellir 182356 489 - 20

Hlutverk: Skotgröf

Tegund: Stríðsminjar

Staðsetning: X: 409018 Y: 383734

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð



Mynd 21. Skotgrafir úr síðari heimsstyrjöld .

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

Norðan við götuna Miðtún í holti norðan við hús nr. 17, neðan í klettum eru skotgrafir.

Lýsing

Skotgrafirnar eru þrjár en einungis sú vestasta er greinileg, hinar hafa verið fylltar garðaúrgangi. Vestasta gröfin er um 2,5 m djúp, um 2 m á breidd og 3 m á lengd að innanmáli. Hlaðinn veggur gengur úr NA horni grafarinnar og liggur í austur en er ekki alveg beinn. Bæði skotgröfin og veggurinn eru mjög gróin en þó sér aðeins í mosavaxna hleðslusteina veggjarins. Við austurenda veggjarins eru tvær skotgrafir til viðbótar en þær eru mjög ógreinilegar vegna gróðurs og gróðurúrgangs. Þær eru um 15 m A af þeirri vestustu. Gróður á skotgröfunum er að nokkru leyti annars konar en í umhverfinu í kring. Fylltu skotgrafirnar eru grasi- og njólavaxnar en umhverfið í kring einkennist af lyngimóa.

Hellir 182356 489 - 21

Hlutverk: Berghald

Tegund: Stríðsminjar

Staðsetning: X: 401641 Y: 383293

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Árni Erlingsson

(0307352699)



Mynd 22. Berghald frá Sveifluferju hersins. Tekið í NV.

Staðhættir

Minjarnar eru staðsettar um 4 m austan við Ölfusá og eru um 30 m vestan og neðan við nyrðri enda Ölfusárbrúar. Þar stendur steypur stöpull, rétt við árbakkann. „Í ágúst 1942 hófst undirbúningur þess að setja sveifluferju á ána fyrir neðan Kötlu undir yfirumsjón verkfræðideildar hersins. Steypt voru rammger berghöld á báðum bökkum. Sem enn standa, og svert vírtóg strengt yfir ána. Þannig ætluðu þeir að fara yfir ána á litlum bátum með taug í vírinn.“ (Guðmundur Kristinsson 1995:351)

Lýsing

Minjarnar samanstanda af steypum hnallungi um 3 x 1,2 m á stærð með tveimur járnlykkjum áföstum að ofan. Járnlykkjurnar eru misstórar en sú stærri er um 30 sm í hæsta punkti en járneð er um 32 sm í ummál. Minni lykkjan er um 23 sm í hæsta punkti og um 33 sm í ummáli. Báðir endar lykkjanna eru festir niður. Hnallungurinn er mosavaxinn og um 40 sm hár en undir honum er steinhleðsla. Járnlykkjurnar eru vel ryðgaðar.

Heimildaskrá

Guðmundur Kristinsson. 1995. *Saga Selfoss. II. Frá 1930 til 1960*. Selfoskaupstaður.

Hellir 182356 489 - 22

Sérheiti: Ölfusárbrú

Hlutverk: Brú



Mynd 23. Leifar gömlu Ölfusárbrúar. Tekið í S.

Tegund: Brú

Staðsetning: X: 401675 Y: 383285

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

„Langanes er nes það, er skagar suður í ána á móts við Tryggvaskála, og liggur norðurendi Ölfusárbrúarinnar á þessu nesi. Hún var smíðuð 1891.“ (*Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggir II. 1931:1*) Við norðurenda Ölfusárbrúar, vestanmegin brúarinnar, austan við stöpullinn [10], alveg á árbakkanum eru leifar gömlu brúarinnar sem vígð var 8. september 1891. Ný brú var opnuð yfir Ölfusá 21. desember 1945 og stendur hún enn (2005).

Lýsing

Það sem eftir er af gömlu Ölfusárbrúnni er hlaðinn pallur sem hefur verið steypdur að ofan. Pallurinn er um 5 x 7 m að stærð og sér í fimm járnplatta sem eru boltaðir niður í pallinn ofanverðan. Í norðurendanum er pallurinn gróinn en vesturhliðin hefur brotnað.

Heimildaskrá

Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggir II. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 23

Hlutverk: Berghald

Tegund: Stríðsminjar

Staðsetning: X: 401650 Y: 383270

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Árni Erlingsson

(0307352699)

Staðhættir



Mynd 24. Berghald frá hernum. Tekið í S

Stöpull stendur um 30 m vestan við N-enda Ölfusárbrúar. Hann stendur nær alveg á árbakkanum.

Lýsing

Stöpullinn er um 1,60 m í hæsta punkti og um 2,50 m er hann í ummál þar sem hann er breiðastur. Þar sem stöpullinn er grennstur er hann um 1,30 m í ummál. Stöpullinn virðist vera tvískiptur og er hann breiðastur neðst en mjókkar svo upp. Stöpullinn er mosavaxinn að hluta en lyng einkennir umhverfið í kring. Efst á stöplinum eru járnfestingar, mjög litlar. Stöpullinn er að sögn heimildarmanns eitt fyrsta steinsteypa mannvirki Íslands.

Hellir 182356 489 - 24

Hlutverk: Stag

Tegund: Stríðsminjar

Staðsetning: X: 401709 Y: 383312

Skekkja: 4,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um 10 m austan við norðurenda Ölfusárbrúar á árbakkanum þétt við Ölfusá, er járnkrókur.



Mynd 25. Stag frá stríðsárunum. tekið í S.

Lýsing

Krókur þessi er um 20 sm langur og 7 sm þar sem hann er hæstur. Líklega er krókurinn festur í niðurgrafinn steyptan sökkul sem þó sér ekki í. Báðir endar króksins eru festir niður, og mynda því boga. Krókurinn er mikið ryðgaður, og fellur vel inn í lyngivaxið umhverfið, og fer því ekki mikið fyrir honum. Hlutverk króksins er óþekkt en hann er í líkingu við aðra króka og festingar sem eru víða beggja vegna Ölfusárbrúar. Hann er sennilega frá tímum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Fjall

Fjöldi minja: 8



Mynd 26. Rústir bæjahúsana á Fjalli eru mjög nærri þjóðvegi og hefur líklega mikið skemmst við lagningu vegarins. Tóftirnar eru mjög grónar og ógreinilegar. Tekið í S.

Saga

Leifar hins forna höfuðbóls Fjalls eru friðlýstar síðan 05.05.1927. (*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* 1990:77) Býlið hefur sennilega verið byggt á fyrstu árum Íslandsbyggðar og haldist í byggð fram á 18. öld, en saga jarðarinnar er mjög slitrótt. Engar heimildir eru til um jörðina eftir að *Manntalið* var skráð árið 1703, en þá bjuggu á Fjalli hjón með þrjú börn. (*Manntal á Íslandi árið 1703.* 1924-1947:557) Grímur sýslumaður Magnússon átti jörðina Fjall í Ölfusi árið 1723 en þá var jörðin komin í eyði svo það virðist hafa gerst á árunum 1703-1723. (Árni Óla. 1959:13) Sennilega hefur verið kirkja á Fjalli við lok 14. aldar þó svo engar minjar séu af henni sjáanlegar. Í Wilkinsmáldaga frá 1397 í *Íslensku fornbréfasafni* segir „Kirkiann j Fjalli a tuær kluckur ad kirkiunni a Strond. Jtem er þar biskups lykneski er herra

Grymur hafde ætlað til Bænhvssins j Herdysarvík“ (*Diplomatarium Islandicum*. IV. 1897:101) Þetta er eina örugga heimildin um kirkju þarna en „...hvergi minnst á predikanir né tíðasöng þar.“ („Var Fjall fyrsti landnámsbærinn?“ 1982:6) Bæjarblaðið segir: „Klukkur og klukknastringar eru ekkert sérfyrirbæri kristinnar trúar, þær voru þekktar í svokölluðum heiðnum sið og gætu þessvegna verið komnar frá bæ Ingólfs á Fjalli, þótt þær löngu seinna hafi verið notaðar til að hringja til tíða í Selvogi og þá kallaðar kirkjuklukkur.“ („Var Fjall fyrsti landnámsbærinn?“ 1982:6) Þetta er áhugaverð kenning en á varla við rök að styðjast þar sem segir að „Kirkiann j Fjalli a tuær kluckur ad kirkiunni a Strond.“ (*Diplomatarium Islandicum*. IV. 1897:101) Samkvæmt því hefur að öllum líkindum verið kirkja á Fjalli þegar fornbréfasafnið er ritað og því hafa þær verið kirkjuklukkur, ekkert segir þó um uppruna þeirra og gætu því klukkurnar í sjálfu sér hafa verið í eign Ingólfs í fyrri tíð. Fjall hefur nokkuð oft birst í heimildum fyrri tíma en jarðarinnar er getið á þremur stöðum í *Biskupasögum* (Guðmundur Kristinsson. 1991:51) en elsta heimildin er *Landnámabók* hún segir: „Hann [Ingólfur] var enn þriðja vetr undir Ingólfsfelli fyrir vestan Ölfusá [Þar sem sumir menn segja, at hann sé heygðr...].“ („Íslendingabók Landnámabók. Fyrri hluti.“ 1968:45) Af þessu má glöggst sjá að Ingólfur Arnarson bjó undir Ingólfsfjalli veturinn 873-874. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:354) en hvort það var á þessari tilteknu jörð er ekki vitað, þó vilja margir meina það. „Þjóðsögurnar gera ráð fyrir tveimur stöðum sem mögulegum bústað Ingólfs þennan vetur. Önnur er að hann hafi búið þar sem síðar reis höfuðbólið Fjall, sem er beint upp af Hellismýrinni á Selfossi ... Önnur sögn gerir ráð fyrir að bær Ingólfs hafi staðið á Hólsstöðum eða Hólmstöðum [í Ölfusi].“ (Bjarni Harðarson. 2001:59) Í *Landnámu* birtist jörðin aftur en þar segir frá Ormi hinum gamla: „Ormr enn gamli, son Eyvindar jarls, Arnmóðssonar jarls, Nereiðssonar jarls ens gamla; Ormr nam land fyrir austan Varmá til Þverár ok um Ingólfsfell allt ok bjó í Hvammi.“ („Íslendingabók Landnámabók. Fyrri hluti.“ 1968:390) Næst birtist Fjall í heimildum árið 1277 og sé þetta rétt jörð virðist þá vera kirkja á þessum árum á Fjalli: „... er hann ritaði enn til beggja byskupanna bjóðandi þeim at leysa þann mann er Oddr hét ok var Þórarinsson, bróðir Þorvarðar, af því tveföldu banni sem hann stóði í, þá er hann var veginn í Geldingaholti; því öðru sem Heinrekr byskup bannsetti hann fyrir upptekt þeira peninga sem í kikjur voru bornir í Felli ok í Grímsey ok at Ljósavatni, ok svá fyrir rán í Hvammi ok Oddr kallaði sektarfé, ...“ (Biskupa sögur III.“ 1998:66) Árið 1524 verða eigendaskipti á jörðinni en svo segir í *Fornbréfasafninu* „Ögmundur biskup í

Skálholti fær Snæbirni Gíslasyni til fullrar eignar Arnarbæli og hálf Fjall í Ölvesi, fyrir jarðirnar Haukaberg og Rakstaði á Barðaströnd og Indriðastaði í Skorradal.“ (*Diplomatarium Islandicum*. IX. 1909-1913:258) Fjall hefur verið eign Skálholtsstaðar árið 1604 en þá bjó þar Eydís Helgadóttir, móðursystir Odds biskups. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:410) Fjall hefur ekki alltaf gengið undir nafninu Fjall en upphaflega er jörðin talið hafa heitið „ ... undir Felli en síðar Fjall í Ölfusi til aðgreiningar frá Fjalli á Skeiðum. Þar hefur verið stórbýli í fonröld og mun víst vera sá bær, sem Sigurður múli er látinn búa á, sem frá er sagt í Harðarsögu.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:50-51; „Harðar saga.“1991:4) Af þessu má sjá að jörðin Fjall hefur verið byggð mjög snemma en ekkert er vitað nákvæmlega um það hvenær og afhverju býlið lagðist í eyði, en þó geta menn sér þess til að ástæðan kunni að vera hrun úr Ingólfsfjalli. Þegar *Jarðabókin* er rituð er jörðinni skipt í tvo parta en ekki eru neinar heimildir fyrir skiptingu jarðarinnar á öðrum tímum. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:391) Um aldamótin 1700 mynduðust þrjú afbýli frá Fjalli sem hétu Hellir, Laugarbakkar og Fossnes en stuttu seinna lagðist höfuðbólið í eyði, þó er talið að túnið hafi verið nytjað lengi eftir það, en það má rekja til þess að túnið hefur í daglegu tali verið kallað Fjallstún. („Var Fjall fyrsti landnámsbærinn?“ 1982:6) Árið 1706 var *Jarðabókin* rituð og þá var Fjalli skipt niður í fjóra bæi; þá Fjall, Laugarbakka, Helli og Fossnes. Árið 1723 voru bæði Fjall og Fossnes komin í eyði og höfuðbólið flutt til Hellis. (Árni Óla. 1959:13) Árið 1840 er Fjall skráð eyðijörð. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:203-4) „Í elstu jarðabókinni 1695 er Fjall talin 20 hundr.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:410) Þegar *Jarðabókin* var rituð árið 1706 var jarðardýrleiki Fjalls xxx c „... og so tíundast fjórum tíundum“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:391) og árið 1723 var jörðin enn 30 hndr. (Árni Óla. 1959:13) Dýrleiki Fjalls, (ein af fjórum jörðum sem Fjall skiptist í) var „...talinn og tíundaður við c 1xxx álnir“ af öðrum partinum og iii c x1 álnir af hinum. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:391) Kvaðir voru engar, en landskuld af fyrri partinum var xxx álnir og x álnir af hinum. Leigukúgildin voru ii af fyrri partinum og betalast leigurnar í smjöri til landsdrottins, leigukúgildin voru engin af hinum partinum (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:391)

Náttúrufar og jarðabætur

Hinar ýmsu heimildir hafa sagt hvar tóftir Fjalls eru en í *Árbók Ferðafélagsins* segir:

„Tættur Fjalls-bæjarins eru um 500 m austan Blákolls, fast ofan bílabrautar.

Þjóðleiðin forna mun hafa legið um hlaðið milli bæjarhúsanna, en þegar bílvegur var gerður neðan tóftanna mun hafa sneiðst lítillaga af þeim. Bæjarstæðið er á uppgróinni skriðubungu og er allmikil grasflöt þar uppaf og að fjallsrótum. Kallast þar Fjallstún og er önnur tóftaþyrping af útihúsum spölkorn norðar og litlu lengra frá veginum; má enn greina básaskipan í fjósi.“ (Þór Vigfússon. 2003:145) Samkvæmt *Sunnlenskum byggðum* var það við landsuðurshorn [Suðaustan] Ingólfsfjalls. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:410) Í bókinni *Landið, fólkíð og þjóðtrúin* er staðsetningunni lýst svo:

„Tættur Fjalls eru fast við Biskupstungnabraut þar sem vegurinn liggur hvað næst fjallinu.“ (Bjarni Harðarson. 2001:59) Umhverfi Fjalls er svo lýst: „Mikið er af djújum þarna í jaðrinum, svo ekki hefur verið langt að sækja vatnið. Fjallstúnið er

hryggmyndað hæðardrag, sýnilega framburður úr fjallinu, enda rennur gil þarna niður austanvert við túnið og nefnist Fjallsgil. Þar litlu austar er stórfelld klettaurð af niðurfjöllnum björgum, sem kallaðir eru Fjallsklettur.“ (Jóhann Kr. Ólafsson. 1957:B 22) *Jarðabókin* segir „Túninu spilla stórbjörg, er úr fjallinu

hrapa og so grjótskriður, so að fyrir því hafa menn orðið að færa fjós og garða, til að forða kvikfje sínu. Engjar eru sama skaða undirorpna.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:391) „Meðan stórbýla var í Fjalli fyrrum, hefur þar verið gott undir bú og tún eigi alllítill. En skriðurennisli úr Brennudalsgili spillti túninu smám saman og síðast er líklegt, að eitt skriðuhlaup hafi riðið baggamuninn og gert túnið að grjóturð og brotið bæinn.“ (Guðmundur Kristinsson. 1991:53) Hellir var sú hjáleiga sem mest fékk af landi Fjalls. Umhverfi þessa parts einkennist af grýttum brekkum Ingólfsfjalls, neðar eru mýri og holt en jarðvegur er þurrari þegar dregur niður að Ölfusá.

„Vetrarþétt sáemileg á mýrum og skjólgott. Mótak gott.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:416)

Laugarbakkar voru sömuleiðis byggðir úr landi Fjalls og þar er umhverfið lítt gróið upp við Ingólfsfjall. „Fjallsbrúin er brattar eggjar og víða stórgrýtt af hrúni úr fjallinu. Þar er skjólsælt og gras á milli klettanna. Neðar hallandi mýri, blaut við fjallsræturnar en neðar þurrar og holt gróin. Þurrhent við ána.“

(*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:417)

Aðrar upplýsingar

„Sagan segir að einu sinni hafi komið að Fjalli kona sem var að því komin að fæða barn og baðst gistingar. Henni var úthýst og átti barnið í skúta við Sængurkonustein. En um nóttina hefndist heimafólki harðneskjan því skriða hrundi úr fjallinu og tók af bæinn Fjall þannig að enginn komst þaðan lífs. Sængurkonusteinn var færður til vegna jarðrasks á 20. öld og týndist raunar um tíma. Hann stendur núna rétt við steininn Blákoll en sá hrundi úr Ingólfsfjalli við jarðskjálftana 1896. Áður stóð Sængurkonusteinn um 90 metrum vestan við Blákoll.“ (Bjarni Harðarson. 2001:65-66) Vegagerðin fjarlægði síðar Sængurkonustein og varpaði honum í gryfju. Þjóðminjavörður og Árni Óla áttu svo þátt í honum var bjargað þaðan. Vegagerðin sá um að hífa steininn upp og Sigurður á Tannastöðum fylgdist grannt með. Ekki var unnt að láta steinninn á sinn upprunalega stað og var honum því valinn nýr staður, rétt hjá Blákolli, og er hann þar í dag (2005). (Árni Erlingsson. 1983, 20. janúar:9)

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Erlingsson. 1983, 20. janúar. „Um örnefni undir Ingólfsfjalli- Hugleiðingar leikamanns.“ *Bæjarblaðið*, bls. 9.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Árni Óla. 1959. *Grafið úr gleymsku*. Bókaútgáfa menningarsjóðs, Reykjavík.

„Biskupa sögur III.“ 1998. *Íslensk fornrit XVII. bindi*. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilægumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Brynjólfur Jónsson. 1981. „Rannsókn í Mýra- Hnappadals- og Snæfellsnessýslum sumarið 1896.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. IV. 1897. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. IX. 1909-1913. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd- Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður.

„Harðar saga“.1991. *Íslenzk fornrit XIII. bindi*. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

„Íslendingabók Landnámabók. Fyrri hluti.“ 1968. *Íslenzk fornrit I. bindi*. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Jóhann Kr. Ólafsson. 1957. „Sængurkonusteinn“. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. B 22-23.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

„Var Fjall fyrsti landnámsbærinn?“ 1982. *Bæjarblaðið*. 14. tbl. 1. árg. ,bls. 6-7.

Þór Vigfússon. 2003. „Sængurkonusteinn og Bærinn Fjall.“ *Árbók 2003*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Laugarbakkar*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggvir II. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 1

Sérheiti: Fjall/Fjallstóftir.

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401866 Y: 385864


Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Friðlýst: Já

Heimildamaður: Árni Erlingsson
(0307352699)



Staðhættir

Teikning 3 Bæjarrústir á Fjalli.

„Fjallstún. Skriðurunnin hæð; leifar af túni bæjarins

Fjalls. Fjallstóftir. Gömul tóftarbrot austanvert í Fjallstúni, skammt fyrir ofan veginn.

Þar hefur verið mikill bær í fornum stíl og búið málmsmiður. Þar var kirkja, og liggur vegurinn um kirkjugarðinn.“ (Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]:3-4) „Fjallstún,

þar sem aðaltúnið í Fjalli var, er nú í Hellislandi, en landamörkin eru um

bæjartóftirnar. Ein tóft sést enn þá greinilega fyrir neðan veginn, en upp á hátúninu sá

ég glögg fyrir fimm húsatóftum hverjum við aðra, þegar ég var unglingur, en nú eru

þær allar komnar undir skriðu fyrir þó nokkru. Líka tók ég þá eftir niðursignu

túngarðsbroti vestur við mýrarvikið, sem nær lengst upp að fjallinu.“ (*Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggir II.:1*)

Brynjúlfur Jónsson skoðaði rústir Fjalls árið 1896: „[Skriðubungan undan Braddalsgili er] nú að miklu leyti grjóti þakin, nema austan til. Þar er grasflöt, sem enn heitir Fjallstún. Á henni eru rústir bæjarins. [...], því allvel sjer fyrir bæjarrústinni, og einnig fyrir fjóss- og heygarðsrúst, sem er á austurjaðri bungunnar, efst á grasflötinni nær upp við fjallið. Bæjarrústin er dálítið sunnar og neðar. Bærinn hefir snúið framhliðinni mót suðaustri; en í fljótu álitu virðist þó, þegar á rústina er litið alla í einu, að hún snúi mót suðri. En það kemur af því, að byggingar hafa verið fram á hlaðinu, sem astantil ganga lengst fram; myndast þar næstum eins og lítill hólbrekka af gamalli hleðslu. Sögn er, að bænhús hafi verið í Fjalli; svo sagði mjer Jón bóndi Árnason í Alviðru, fróður marður og vel að sjer. Hefir þá bænhúsið án efa verið fram á hlaðinu, en hafi það verið austast og fremst, - sem mjer þykir liggja næsta að ætla,- þá hefir annað hús verið vestar á hlaðinu. Bæjartóftin snýr hliðinni fram og er framhúsið nálægt 10 faðma langt frá norðaustri til suðvesturs. Dyr eru á framhliðinni vestan til miðri. Beint inn af þeim er inngangur í bakhús, er liggur samhliða hinu, og eru dyrnar á miðri framhlið þess; það er rúml. 3 faðma langt. Er sennilegt að það hafi upp á síðkastið verið baðstofan, en hitt framhýsi. Við báða enda bakhússins virðast vera auð svæði, sem svara mundi rúmi fyrir dálítill hús; en þessi svæði eru þó innilokuð af garði, sem staðið hefir fyrir allri bakhlið bæjarins, og myndað þannig [„] húsgarð[“], - sem nú er kallað og tíðkast hefir á seinni öldum. Sín tóft er við hvorn enda frambæjartóftarinnar, og snúa þær dyrum fram á hlaðið; getur veri að það hafi verið skemma og smiðja. Vestan í húsgarðinum sjer einnig fyrir lítilli tóft. Vegurinn hefir legið um hlaðið, milli bæjarins og bænhússins. Hefir það haldist eptir að bærinn lagðist í eyði, því þar eru uppgrónar götur; en nú liggur vegurinn á bak við rústina. Fjósið hefir snúið nokkuð meir til austurs en bærinn. Stærð þess er ekki hægt að ákveða því svo er að sjá, sem það hafi verið hlaðið sundur að innanverðu, - eða það hefir verið stytt, er kýr hafa fækkað, Við vestri hlið þess er ein tóft, en við eystri hliðina tvær, líklega geldneyta- og reiðhestahús. Þar á bak við er heygarðurinn. Heystæðin eru þrjú: eru tvö þeirra næstum 10 faðm. Löng en hið þriðja nær hálfu styttra, því þar gengur fjóstóftin inn í garðinn. Hefir hjer verið gott til heyafra og tún eigi allítið meðan bungan var í friði fyrir skriðum. Líklegra er, að þær hafi valdið eyðileggingunni smátt og smátt heldur en allt í einu; ...“ (Brynjólfur Jónsson. 1981:18-19)

Tóftirnar eru um 19 m norðan við þjóðveginn, fyrir neðan ruðninginn úr Brennugili og á ská á móts við landamerki Ölfushrepps og Árborgar. Friðlýsingarmerkið er ofan í tóftinni vestanverðri. Tóftirnar eru staðsettar mjög nálægt þjóðveginum og eru því í mjög mikilli hættu, hrun úr Ingólfsfjalli gæti líka verið hættuleg tóftunum.

Lýsing

Tóftirnar eru mjög grónar svo ekki sér í hleðslusteina. Þær eru í mjög þýfðu landi í aflíðandi halla við rætur Ingólfsfjalls. Að hluta til mjög eru tóftirnar mjög óljósar vegna gróðurs. Veggjahleðslur eru mjög lágar og ekki hærri en hálfur metri þar sem þær eru sem allra hæstar. Stærsta greinilega hólf tóftarinnar er um 3 x 5 m að innanmáli en ekki er gott að mæla stærðir hinna. Hleðslur virðast vera víða á svæðinu en ekki gott að sjá hvað þær mynda.

Nánari lýsing

Tóftirnar eru staðsettar mjög nálægt þjóðveginum og eru því í mjög mikilli hættu, hrun úr Ingólfsfjalli gæti líka verið hættuleg tóftunum.

Heimildaskrá

Brynjólfur Jónsson. 1981. „Rannsókn í Mýra- Hnappadals- og Snæfellsnessýslum sumarið 1896.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Laugarbakkar*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggvir II. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 2

Sérheiti: Fjall

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Friðlýst: Já

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

„Fjallstóftir. Gömul tóftarbrot austanvert í Fjallstúni, skammt fyrir ofan veginn. Þar hefur verið mikill bær í fornum stíl og búið málmsmiður. Þar var kirkja, og liggur vegurinn um kirkjugarðinn.“ (Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]:4) 1706: „Hjer segja menn kirkja muni að fornu verið hafa, en engin minnst að tíðir hafi hjer verið fluttar.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:391) Eina ritheimildin sem gæti bent til kirkju á Fjalli er máldagi Strandarkirkju í Selvogi frá 1397 en þar segir: „Kirkiann j Fjalli a tuær kluckur að kirkiunni a Strond.“ (*Diplomatarium Islandicum*. IV. 1897:101) 1897: „Sögn er, að bænahús hafi verð í Fjalli; svo sagði mjer Jón bóndi Árnason í Alviðru, fróður maður og vel að sjer. Hefir þá bænahúsið án efa verið fram á hlaðinu, en hafi það verið austast og fremst, - sem mjer þykir liggja næst að ætla, - þá hefir annað hús verið vestar á hlaðinu.“ (Brynjólfur Jónsson. 1981:19)

Lýsing

Ekki er vitað hvar kirkjan stóð en gæti þó hafa staðið þar sem bæjartóftirnar [182356 - 489b-001] eru, þær gætu líka verið komnar undir þjóðvegin.

Heimildaskrá

Brynjólfur Jónsson. 1981. „Rannsókn í Mýra- Hnappadals- og Snæfellsnessýslum sumarið 1896.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. IV. 1897. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Laugarbakkar*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 3

Sérheiti: Fjall/Fjóslág.

Hlutverk: Fjós

Tegund: Örnefni

Staðsetning: X: 402014 Y: 386021

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta



Mynd 27. Líklega er þetta Fjóslág. Tekið í S.

Hættuorsök: Vegagerð

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

„Fjóslág. Smádæld fyrir austan bæjaröðina í Fjalli.“ (Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]:4) Ekki fundust nein ummkerki við fornleifaskráningu á þessu svæði, því þar hefur verið grafinn mjög stór skurður sem líklega er tilbúinn skriðufarvegur. Hins vegar er uppspretta um 8 m austur frá tóftum útihúsa [182356-489b-008] á Fjalli, sem gæti hugsanlega verið Fjóslág.

Lýsing

Uppsprettan hefur einhvetíaman verið lækur en er nú uppþornaður að mestu, en grýttur farvegurinn er enn til staðar. Árfarvegurinn liggur frá N til SA. Önnur uppspretta liggur samsíða um 5 m austur frá Fjóslág og renna þeir saman í einn farveg.

Heimildaskrá

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Laugarbakkar*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 4

Sérheiti: Fjall/Fjóslág

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

„Fjóslág. Smádæld fyrir austan bæjaröðina í Fjalli þar var bæjarbrunnurinn.“ (Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]:4) Ekki fundust nein ummkerki við fornleifaskráningu á þessu svæði, því þar hefur verið grafinn mjög stór skurður sem líklega er tilbúinn skriðufarvegur. Hins vegar er uppspretta um 8 m austur frá tóftum útihúsa [182356-489b-008] á Fjalli, sem gæti hugsanlega verið Fjóslág.

Lýsing

Enginn merki eru um brunn á svæðinu.

Heimildaskrá

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Laugarbakkar*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 5

Sérheiti: Fjall/Blómsturgerði

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401786 Y:
385860

Hleðsluhæð: 0,2 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Skriðufall*

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

„Blómsturgerði. Gróin brekka fyrir ofan Fjallstóftir, við Brennidalsskriðuna. Þar hef ég (Þ. S.) séð votta fyrir hleðslu.“ (Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]:4) Skammt norðan við Fjallstóftir, örlítið vestar, í Fjallstúninu gamla, milli tveggja skriðufalla, austan megin við Brennidalsskriðuna, sér móta fyrir dæld í umhverfinu sem gæti verið leifar byggingar. Hraunnabbi er í miðju túninu 20 m norðan við dældina.



Mynd 28. Á þessu svæði finnst fyrir hleðslum undir sverði. Tekið í N.

Lýsing

Á Fjallstúni, á sléttum aflíðandi halla birtist smá dæld í umhverfið sem gæti verið mjög óljós tóft, þar vottar fyrir hleðslu. Hleðslan er mjög sigin.

Heimildaskrá

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Laugarbakkar*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 6

Sérheiti: Fjall/Saumakonuhellir

Hlutverk: Þjóðsaga

Tegund: Hellir

Staðsetning: X: 401961 Y:
386075

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skriðufall*

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

„Saumakonuhellir. Hellir í Fjallsklettum, ofan við þar sem Fjallslækur kemur upp.

Sagt er, að kona sú, sem barnið ól hjá sængurkonusteini, hafi hitt þar tvær stúlkur í hellinum, sem voru að sauma. Þær leyfðu henni ekki að koma í bæinn, en allt annað Fjallsfólk var við kirkju í Arnarbæli.“ (Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]:4)

Saumakonuhellir er u.þ.b. 30 m suðurvegur af Reiðingskletti [182356-007]. Hann er 50 m norðan við Fjallslæk.

Lýsing

Þetta er ekki hellir í þeim skilningi heldur meira skjól myndað úr þremur vel grónum klettum. Sá sem er í miðjunni er stærstur og hvílir á hinum. Nokkuð stórt bjarg hjálpar til við skjólmyndunina og er beint á móti hinum. Vel gróin dæld er á milli.

Heimildaskrá

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Laugarbakkar*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.



Mynd 29. Árni Erlingsson stendur fyrir framan Saumakonuhelli.

Hellir 182356 489 - 7

Sérheiti: Fjall/Reiðingsklettur

Hlutverk: Örnefni

Tegund: Náttúruminjar

Staðsetning: X: 401969 Y: 386127

Breidd: 15 m

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Skriðufall*

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

„Reiðingsklettur er neðarlega í Fjallsklettum.



Mynd 30. Reiðingsklettur.

Þegar skorin var reiðingur, var hann ævinlega reiddur upp í dálítinn skúta milli tveggja stórbjarga, og þornaði hann þar sjálfkrafa af vindsúg.“ (Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]:4) Kletturinn sést mjög vel frá þjóðveginum. Kletturinn er í vel grónum hlíðum Ingólfsfjalls og er mikið af klettum og steinum í kringum hann sem hafa hrunið úr fjallinu. Reiðingsklettur er meðal stærstu klettanna á svæðinu.

Lýsing

Reiðingsklettur er mikill og hár klettur, um 10-15 m á hæð og er framhlið hans 15 m á breidd. Kletturinn er klofinn í þrjá parta og er möguleiki á koma grönnum manni fyrir í sprungunni. Þegar horft er á klettinn frá þjóðveginum virðist hann vera þríhyrningslaga og klofinn niður miðjuna. Framhlið klettsins er lítið mosavaxinn og frekar lítið gróinn miðað við aðra kletta á svæðinu. Ekki er vitað hvar svæðið er þar sem torfið var rist.

Heimildaskrá

Þórður Ögm. Jóhannsson. [Ártal vantar]. *Laugarbakkar*. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 8

Sérheiti: Fjall

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft



Mynd 31. Fjósið frá Fjalli.

Staðsetning: X: 401890 Y: 385944

Hleðsluhæð: 1-1,5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Skriðufall*

Heimildamaður: Árni Erlingsson (0307352699)

Staðhættir

„Kallast þar Fjallstún og er önnur tóftaþyrping af útihúsum spölkorn norðar og litlu lengra frá veginum; má enn greina básaskipan í fjósi.“ (Þór Vigfússon. 2003:145)

„Fjósið hefir snúið nokkuð meir til austurs en bærinn. Stærð þess er ekki hægt að ákveða því svo er að sjá, sem það hafi verið hlaðið sundur að innanverðu, - eða það hefir verið styt, er kýr hafa fækkað, Við vestri hlið þess er ein tóft, en við eystri hliðina tvær, líklega geldneyta- og reiðhestahús. Þar á bak við er heygarðurinn.

Heystæðin eru þrjú: eru tvö þeirra næstum 10 faðm. Löng en hið þriðja nær hálfu styttra, því þar gengur fjóstóftin inn í garðinn. Hefir hjer verið gott til heyafla og tún eigi allítið meðan bungan var í friði fyrir skriðum. Líklega er, að þær hafi valdið eyðileggingunni smátt og smátt heldur en allt í einu; ...“ (Brynjólfur Jónsson.

1981:18-19) Tóftin er við rætur Ingólfsfjalls eilítið hærra en mýrin í kring og eru þær staðsettar um 30 m norður af þjóðveginum. Fyrir ofan rústina er mikið hrun úr fjallinu og einkennist hrúnið af mjög stóru grjóti.

Lýsing

Tóftin virðist vera af útihúsum, og myndar hún fimm dældir en ef þeim eru fjórar mjög greinilegar. Inngangur snýr mót suðri. Líklegt er að á úthúsunum sé áföst hlaða en Sáum við það ekki vel, en á teikningu eftir Brynjólf Jónsson í *Árbók fornleifafélagsins 1897* sér móta fyrir hlöðu eða gerði að aftan. Hæð veggjanna er oftast um 1 m en hæstir eru veggirnir um 1.5 m. Annar gróður er á tóftinni en í umhverfinu í kring.

Nánari lýsing

Tóftin er í mikilli hættu vegna nálægðar við þjóðveginn og vegna skriðufalla úr Ingólfsfjalli.

Heimildaskrá

Brynjólfur Jónsson. 1981. „Rannsókn í Mýra- Hnappadals- og Snæfellsnessýslum sumarið 1896.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Þór Vigfússon. 2003. „Sængurkonusteinn og Bærinn Fjall.“ *Árbók 2003*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Fossnes



Mynd 32. Bæjarhóll á Fossnesi. Tekið í N.

Fjöldi minja: 5

Hellir 182356 489 - 9

Sérheiti: Fossnes

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401292 Y: 383783

Lengd: 22 m

Breidd: 13,5 m

Ástand: Gott

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Um bæinn sem stóð á Fossnesi segir Brynjúlfur Jónsson í *Árbók fornleifafélagsins*: „Rúst þess bæjar sjest skammt frá Hvítá litlu ofar en á móts við bæinn á Selforsi. Það er nú í Hellislandi, því landið lagðist til þeirrar jarðar, var þar stekkur frá Helli um hríð, en er nú aflagður fyrir löngu.“ (Brynjólfur Jónsson. 1981:19-20) *Jarðabókin* segir að Fossnes hafi verið fjórða býli af sömu jörð og Fjall.



Teikning 4 Fjárhús og hlaða í Fossnesi.

„Dýrleiki þess er talinn og tíundaður x.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:393) *Örnefnaskráin* segir ekki mikið um býlið annað en að „Fossnes var sérstakt býli; það var rétt á móti Selfossi. Þar sést fyrir túni, vatnsbóli og tóftum. Jörðin hefir verið fremur lítil“ (*Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggir II:1*)

Tóftin er í Fossnesi um 70 m í vesturátt frá Sláturhúsi Suðurlands. Tóftin stendur á smá hæði í túni norður af Ölfusá í norður átt frá Selfosskirkju. Tún Fossness nær alveg niður að bökkum Ölfussár.

Lýsing

Tóftin í Fossnesi er að öllum líkindum fjárhústóft frá Fossnesbænum frekar en bærinn sjálfur, nema að tóftin hafi nýst bæði sem íbúðarhús og fjárhús í gegnum aldirnar. Tóftin er nokkuð stór, mjög vel greinileg og stendur hærra en túnið í kring. Hún eru vel gróin og að litlu leyti er gróðurinn öðruvísi á tóftinni en í umhverfinu í kring. Tóftin sýnir tvö rými, nokkuð stór og áfast rými að aftan sem liggur þvert á hin tvö og gæti verið hlaðan. Tóftin er lengst um 22 m og breiðust um 13.5 m og er þá meðtalið hrun úr veggjum.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Brynjólfur Jónsson. 1981. „Rannsókn í Mýra- Hnappadals- og Snæfellsnessýslum sumarið 1896.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Örnefnatal í Hellislandi 1931. Skyggir II. Ölfushreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Hellir 182356 489 - 10

Sérheiti: Fossnes

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401299 Y: 383783

Lengd: 8 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

3 m suður af fjárhústóft [182356-489-3] í Fossnesi eru litlar tóftir neðar á hæðinni en fjárhústóftin stendur á.


Lýsing

Tóftin samanstendur af tveimur litlum hólfum og eru óljósar hleðslur í kring.

Innanmál stærra hólfsins er 2 1/2 x 2 1/2. Minna hólfið er 1 1/2 x 1 1/2 m að

innanmáli. Tóftin er í brekku og hefur þrjá útveggi en brekkan myndar fjórða vegginn.

Tóftin hefur líklega verið lambhús.



Teikning 5.Útihús í Fossnesi.

Hellir 182356 489 - 11

Sérheiti: Fossnes

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401241 Y: 383809

Hleðsluhæð: 40 cm

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Um 50 m suðvestur af útihúsatóftinni [182356-489-3] er annar hól og efst á honum eru óljósar tóftir eða tóftarbrot og ekki unnt að segja til um hvaða hlutverki þær hafi gengt.

Lýsing

Tóftin er mjög ógreinileg en þó greinilega gerð af manna höndum og er hæðsti hleðslubútur um 40 cm á hæð.



Mynd 33. Óljós tóftarbrot í Fossnesi. Tekið í S.

Hellir 182356 489 - 12

Sérheiti: Fossnes

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401276 Y: 383842

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir



Mynd 34. Óljósar tóftir í háu grasi. Tekið í N.

40 m norður af tóftarbrotunum [182356-489-5] og um 100 m vestur af Sláturhúsi Suðurlands er hæsti hóllinn í Fossnesi og þar sást óljósar tóftir.

Lýsing

Tóftin samanstendur af óljósum veggjarbrotum sem eru mikið sokknar. Gróður bendir sterklega til tófta og sýnir hann hólfi tóftarinnar. Að öllum líkindum var þetta bær enda bæjarstæði gott, og rökrétt miðað við nálægð við Ölfusá og velja sér þarna bæjarstæði. Allar aðrar tóftir í Fossnesi standa líka á hólum. Þetta er líklega mjög forn bær miðað við hve óljósar hleðslurnar eru.

Hellir 182356 489 - 13

Sérheiti: Fossnes

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401292 Y: 383783

Hleðsluhæð: 40 cm

Lengd: 6 m

Breidd: 3 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð


Friðlýst: Nei

Staðhættir

Við norðurenda fjárhúsa Fossness [182356-489-3] er rétt eða aðhald með húsi en það er um 8 m á milli þess og útihúsanna. Réttin er á milli. Tóftin er um 70 m SV af Sláturhúsi Suðurlands og er á smá hæð í túni norður af Ölfusá og sér þaðan í beina stefnu suður í Selfoskirkju.

Lýsing

Tóftin er 6x3m að utanmáli og mjög gróin, engin munur er á gróðrinum í kring og á tóftinni sjálfri. Hleðslur standa um 40 cm upp úr jörðinni. Það virðist vera leifar húss í norðri og á milli þess og fjárhússins [182356-489-3] er rétt.



Teikning 6 Tóft á bæjarhólnunni í Fossnesi.

Smjördalir - 166203-212

Fjöldi minja: 23



Mynd 35. Smjördalir , bæjarhús standa á gamla bæjahólnum. Tekið í Suður.

Saga

Fyrstu heimildir um Smjördali birtist fyrst í *Manntalinu 1703*. Smjördalir hafa einnig verið kallaðir í daglegu tali Smádalir. „Munnmæli herma að það hafi verið hið rétta nafn frá fornu fari enda getur það vel átt við þegar litið er norður yfir túnið. En Smádalabændur voru leiguliðar Skálholtsstóls og guldu alltaf leigur sínar í biskupsgarð með því besta smjöri sem hugsast gat. Fór því svo að bærinn fékk nafn sitt af smjörinu og nefndist Smjördalir.“ (Páll Lýðsson. 1962:1)

Smjördalir voru ávallt stórbýli með mörgum hjáleigum en árið 1709 voru hjáleigur jarðarinnar fimm talsins. Þær voru Suðurkot (Haugakot nú Ljónsstaðir), Nýibær, Dísarstaðir, Norðurkot og Hóll. Hjáleigan Hóll er önnur hjáleiga Smjördala sem ekki er enn í byggð en hún lagðist í eyði eftir Stórubólu 1707. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:113-115) *Jarðabókin* segir að hjáleigan hafi verið byggð kringum 1690,

og segir að þar hafi ekki áður byggð verið, Hóll virðist ekki hafa verið lengi í byggð en Jarðabókin segir: „Aftur má hjer byggja, ef fólk til fengist, en þó er það heimajörðunni til rýrðar.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:115) Hjáleigan stóð á milli Smjördala og Nýjabæjar á hól þar sem í dag stendur Háspennuskiptistöð. (Páll Lýðsson. 1962:1) Norðurkot (Smádalakot) er hin hjáleigan sem komin er í eyði en hún stóð í túnjaðri Smjördala, í norðaustur frá bænum. Hjáleigan fór í eyði eftir Stórubólu en þar var síðan búið samfelld frá 1729 til 1920. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:334)

Í Smjördölum bjuggu lengi vel stórar fjölskyldur enda jörðin stór, en þar bjuggu árið 1703 hjón ásamt sex börnum sínum og tveimur hjúum, árið 1729 bjuggu þar hjón ásamt fjórum börnum sínum og þremur vinnuhjúum. Árið 1801 bjuggu þar hjón ásamt fjórum börnum sínum, systur konunnar, einu tökubarni og þremur vinnuhjúum og árið 1816 bjuggu þar hjón ásamt einu barni, vinnumanni, vinnukonu og tveimur tökubörnum. Sama fjölskyldan bjó á bænum árið 1801 og 1816. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520, *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:601, *Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978:232 og *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:314)

„Landskuld af allri 1xxx álnir, áður fyrir 9 eður 10 árum 1x álnir, meðan hjáleigurnar fylgdu i x álnir. Betalast í landaurum hjer heima eftir proportium. Leigukúgildi iiiii, áður voru v meðan hjáleigurnar fylgdu. Leigur í smjöri til Skúmstaða. Kvaðir meðan hjáleigurnar fylgdu sem á öðrum stólsins jörðum. Nú er mannslán alleina, gegnir því sitt ár hver.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:113) 138 árum síðar þegar *Jarðatal á Íslandi* var skráð var landskuld Smjördala 1,20 og kúgildin 4. Þá var jörðin skráð kirkjueign. (Johnsen, J. 1847:62)

Smjördalir áttu kirkjusókn að Laugardælum árið 1841. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72)

Býlið er í byggð.

Náttúrufar og jarðabætur

Samkvæmt túnakorti sem líklega var teiknað árið 1917, var túnið í Smjördölum 4,2 ha og þar af slétt 1/3. Matjurtagarðar voru 1200 m². Á túnakorti má sömuleiðis sjá

heyhlöðu, bæ og eitt útihús. (Túnakort. [1917]. *Smádalir*) Á heimasíðu *Fasteignamats ríkisins* eru byggingar á landi Smjördala skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt því standa þau hús sem á túnakorti eru, ekki enn í dag. Elstu hús Smjördala eru fjárhús, hesthús og hlaða, öll byggð árið 1929. (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.)) Árið 1922 eða fimm árum eftir að túnakortið var teiknað var tún Smjördala orðið 26,2 ha. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:334) Þegar *Fasteignabókin* var rituð var tún Smjördala 5 ha og matjurtagarðar 1160 m². (*Fasteignabók*. 1932:12) Forn hundraðatala Smjördala var 34 1/3 og ný hundraðatala (árið 1848) var 12,31 en samtals með hjáleigunum var ný hundraðatala 39,7. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31) Árið 1847 var jörðin 341/3 að dýrleika en árið 1709 er jarðardýrleikinn óviss. (Johnsen, J. 1847:62 og Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:113-4) Eigandi jarðarinnar árið 1709 var biskupsstóllinn í Skálholti. *Jarðabókin* lýsir kostum og ókostum Smjördala svo: „Torfrista og stúnga næg. Móskurður til eldiviðar hefur að fornu verið, finst nú ei þó til sje reynt. Skógarhögg frí í almenníngi ut supra. Túninu grandar grjótsuppgangur til stórrar hindrunar á heyskapnum. Engjar eru mjög votsóktar í vatnaárum, sje ei stífluð Smjördalalækur eður kelda, og gjörir þá þetta vatn einkanlega Votmúla skaða, bæði á engi og úthögum, og má því ekki stífla nema með nágranna leyfi. Hætt er kvikfje fyrir Smjördalakeldu á vetur. Vatnsból bregst sumar og vetur, og er þá langt til að sækja.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:113-4) Jörðin þótti með betri jörðum í Flóanum en Smjördalir voru jafnframt austasta jörðin og ein hin stærsta. (Páll Lýðsson. 1962:1) Í örnefnaskrá segir: „Smjördalatorfan óskipt mun hafa verið um 675 hektarar að flatarmáli. Land þetta er samfelld mýri hið neðra en smágrýtt er ofar dregur og hefur þetta hvort tveggja, áveitumýrin og grjótlendið, tafið nokkuð fyrir ræktun.“ (Páll Lýðsson. 1962: 2-3)

Landamerki Smjördala í dag, voru skjalfest 16. júní 1887 eru: „Úr Digruvörðu í Gráhellu fyrir norðan Votmúlastekk, þaðan í Virkisvörðu, þaðan í Gráklett fyrir norðan Smjördalastekk, þaðan í Hornmarkvörðuna sem stendur fyrir utan Bárarfjánhús, er hún rétt sett sem Einbúann ber í Sílingsklett norðan Oddgeirshóla og Virkisvörðu í Grímsklett í Ölfusi. Frá Hornmarkvörðunni ræður sjónhending í Kjálkapúfu (Klofapúfu), þaðan í Digruvörðu sem áður er nefnd.“ (Páll Lýðsson. 1962:2-3) Árið 1789 var landamerkjalyking Smjördala skráð og voru landamerkin lík því sem er í dag utan við að jörðin átti land lengra í suður en jörðin missti það land til

Brúar þegar Finnur biskup í Skálholti stofnaði þar hjáleigu úr Hæringsstaðalandi en Skálholtsstóll átti báðar torfurnar. (Páll Lýðsson. 1962:2-3)

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Smjördalir Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 6.8. 2004 af <http://www.fmr.is/>

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort. [1917]. *Smádalir. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Smjördalir 166203 212 - 1

Sérheiti: Smjördalir

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 404131 Y: 380895

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Bæjarhóll stóð þar sem bæjarhúsin standa í dag samkvæmt túnakorti.

Lýsing

Engar minjar eru sjáanlegar en steinpottsbrot og fleira hefur komið úr jörðu við framkvæmdir á bæjarstæðinu.

Heimildaskrá

Túnakort. [1917]. *Smádalir. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Smjördalir 166203 212 - 2


Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 403865 Y: 380905

Hleðsluhæð: 1,5 m

Ástand: Sæmilegt



Teikning 7. Útihús í Smjördölum.

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Um 120 m í norðvestur frá Smjördölum standa tóftir útihúsa. Í kringum túnið sem tóftirnar standa á er gamall hlaðinn garður [166203-212-21] Túnið er í aflíðandi halla frá bænum og er tóftin um 35 m frá garðinum þar sem hann liggur í S-N.

Lýsing

Tóftin samanstendur af þremur hólfum. Þau eru ferköntuð og ílöng og liggja samsíða frá S-N. Annað hólfið er tvískipt. Hleðslur standa

hátt eða um 1 ½ m hæst. Tóftin er ekki mikið fallin. Innanmál tóftar er um 5 ½ m. Í öðru hólfinu (því eystra) er fjárbað sem er um á lengd og 1 m á breidd.

Heimildaskrá

Túnakort. [1917]. *Smádalir. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Smjördalir 166203 212 - 3

Sérheiti: Hóll

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 403909 Y: 380751

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð, Hestar

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Óli Andri Haraldsson
(1901332229)



Mynd 36. Svæðið sem bærinn Hóll stóð á. Nýibær sést í fjaska. Tekið í SV.

Staðhættir

Hjáleigan Hóll „... stóð mitt á milli Smjördala og Nýjabæjar á hól einum þar sem nú er háspennuskriptistöð milli bæjanna.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:334) Bæjarhóll þessi er um 50 m til vestur frá Smjördölum, mitt á milli Smjördala og Nýjabæjar. Á suðurhluta hólins er spennustöð. Túnið sem hóllinn er í hefur verið sléttað og er slegið.

Lýsing

Engin ummerki um minjar sjást á hólnum. Í þessum hól sá Óli Andri Haraldsson fv. bóndi í Nýjabæ hleðslur þegar hann urðaði þar hesta.

Heimildaskrá

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Smjördalir 166203 212 - 4

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Já

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

„Núgildandi landamerki Smjördalatorfunnar voru skalfest í Smjördölum þann 16. júní 1887 og hljóða svo: Úr Digruvörðu í Gráhellu fyrir norðan Votmúlastekk, þaðan í Virkisvörðu, þaðan í Gráklett fyrir norðan Smjördalastekk, þaðan í Hornmarkvörðuna sem stendur fyrir utan Bárarfjárhús, er hún rétt sett sem Einbúann ber í Sílingaklett norðan Oddgeirshóla og Virkisvörðu [166181-002] í Grímsklett í Ölfusi.“ (Páll Lýðsson. 1962:2-3)

Lýsing

Ekki fundust nein ummerki um vörðuna við fornleifaskráningu.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Smjördalir 166203 212 - 5

Sérheiti: Smjördalasel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft + Gerði

Staðsetning: X: 404978 Y: 379261

Þvermál: 22 x 25 m

Hleðsluhæð: 0,2 - 0,6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson
(1008685719)

Staðhættir

„Smjördalasel er sunnarlega á Ljónsstaðamýrinni rétt niður við Hólmalækinn. Þar sést fyrir baðstofutóftum, heygarði og túngarði og raunin er líka sú að


byggð hefur verið stöku sinni í Smjördalasel. Þar hefur verið síðast byggt um 1830...“ (Páll Lýðsson. 1962:3).

Minjar Smjördalasels eru nú á landareign Ljónsstaða, sunnarlega í túni sem er suður af bæjarhúsum, þ.e. um 800 m SSA af bæjarhól Ljónsstaða [199195-001] og um 300 m vestan við Gaulverjabæjarveg. Þær eru í mjög þýfðu túni, en næsta nágrenni kringum minjarnar er sléttara og þar er nú ekki eins mikil sina og í túninu almennt.

Lýsing

Mest áberandi eru minjar í bæjarhól, en víða í kring eru ummerki um ýmis mannvirki. Bæjarhóllinn er um 1,2 m hár og þvermál hans í N-S er um 25 m, en frá vestri til austurs mælist hann um 22 m. Nyrst og austast í hólnum er greinilegur garður sem markar frekar sléttan skika norðan við tóft, sem er í bæjarhólnum sunnanverðum. Þessi garður er um 10 m frá suðri til norðurs, en tekur þar 90° beygju til vesturs á um 12 m kafla og loks tekur hann rúnnaða beygju aftur til suðvesturs á um 7 m kafla. Víða sést í steina í garðinum og hæð hans er um 50 cm en breiddin er tæpur metri.

Í SA-verðum hólnum, á hæsta hluta hans er greinileg tóft, sem er um 7,5 m að lengd og 4,5 m að breidd. Líklega mótar fyrir inngangi í tóftina á suðurvegg. Ekki eru sjáanlegar neinar heilar hleðsluraðir, en stöku steinn sést. Hæð veggja er um 50 cm og þeir eru mjög grónir. Vesturveggurinn virðist vera bæði úr torfi og grjóti, þ.e. grjót við brúnir og torf í honum miðjum. Út frá norðvestur horni tóftarinnar gengur um 8 m langur veggur, vel greinilegur á hæsta hluta hólins. Hann er rúmlega 1 m á breidd og um 50 cm á hæð. Austan og sunnan við tóftina er mjög þýft og er hóllinn nokkuð brattur niður á jafnsléttu og sunnan við hólinn sést móta fyrir nokkuð sléttri um 2 m breiðri rák, sem gæti hafa verið vegur heim að bænum. Í bæjarhólnum sunnan og



Teikning 8. Smjördalasel.

vestan við tóftina er annar garður. Hann er talsvert ógreinilegur næst tóftinni, en alveg í suðurvesturhorninu sést hann vel og þar er hann í um 50 cm hæð. Breidd garðsins er tæpur metri. Þessi hluti er um 6 m að sunnanverðu en um 7,5 vestan til. Innan þessara veggja er miklu sléttara en annars staðar í kring.

Um 1,5 m vestan við þennan garð virðist vera enn ein hleðslan og verður ekki betur séð en hér sé um eins konar hlaðna upphækkun að ræða, því innan þessa skika er allur gróður jafnhár. Hækkunin er um 1 m. Gæti hér hafa verið um kál- eða heygarð að ræða. Þessi upphækkaði flötur er sporöskjulagaður og sést boginn greinilegar í suðurhluta hans en þeim nyrðri. Þvermálið er um 8 m í V-A, en 18 m í S-N. Í þýfðu túni vestan við þessa upphækkun eru 4 greinilegar holur. Þrjár þeirra eru svipaðar útlits. Þessar holur eru um 1 x 1 m og um 60 cm djúpar. Tvær þeirra eru rétt við fyrrnefnda upphækkun en sú þriðja er í um 5 m fjarlægð. Fjórða holan er alveg við kant fyrrnefndrar upphækkunar og hún er svolítið stærri en hinar þrjár, um 2 x 2 m að ummáli en um 70 cm djúp. Hún virðist hafa verið notuð lengur, því hún er ekki eins gróin og jafnvel er hugsanlegt að hún hafi verið styrkt með hleðslu.

Allar hleðslur í þessum rústum eru verulega signar og lögun þeirra er oft mjög ógreinileg vegna þúfnamyndunar og þær jafnvel afmyndaðar.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Smjördalir 166203 212 - 6

Sérheiti: Agnesarhóll

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Álagablettur

Staðsetning: X: 403802 Y: 379880

Þvermál: 18 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

„Lítilsháttar beygjur verða á báðum skurðunum, Kaldaðarnesskurði og Bjarkarskurði, er vestar dregur og stendur hóll við hvora beygju. Agnesarhóll er við Kaldaðarnesskurð rétt þar sem Smjördalakelda mætir honum. Um Agnesarhól hafa ýmsar sögursagnir myndast enda var trú manna sú að þar dveldust hálfgerðar forynjur. Varða er á hólnum og var alltaf sagt að hlaða þyrfti vörðuna upp á nýtt þegar Agnesardæl þarna við hólinn var slegin. Mætti þá ganga að því vísu að allt hey næðist upp úr dælunni, jafnt þó óþurrkar gengju yfir. Agnesardæl var slétt og allstór en nú er hún klofin í tvennt við það að Kaldaðarnesskurður gekk í gegnum hana þvera.“ (Páll Lýðsson. 1962:4) Agnesarhóll er um 50 m SV af tóft [166203-008] og um 20 m SV frá Kaldaðarnesskurði. Miðhús er í beina stefnu vestur u.þ.b 2 km frá hólnum.

Lýsing

Agnesarhóll er 18 m í þvermál og um 2 m á hæð. Í honum er mikið af grjóti en þeir virðast ekki vera hluti af hleðslum, því grjótið er á víð og dreif um. Í miðjum hólnum efst eru leifar af vörðu. Varðan er mosavaxin og um 30 cm á hæð. Agnesarhóll er grasi gróinn og þýft er í hliðum hans. Austan við vörðuna efst á hólnum er dæld. Þaðan gæti hleðslugrjótið hafa komið.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Smjördalir 166203 212 - 7

Sérheiti: Dysvarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðsetning: X: 403443 Y: 379812

Þvermál: 5,5 x 7,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

„Farhóll er miklu norðar [en Agnesarhóll 006], við beygjuna á Bjarkarskurði og heima undir Engjatúni í Smjördölum. Hjá honum var Farið, gamall vatnsfarvegur sem

náði út í Votmúlatorfu. Gekk Farið fyrir norðan Stórhól, háan strýtuhol sem er því nær á mörkum. En litlu sunnar en Stórhóll er Dysvarða, markavarða milli Gráhellu í norðri og Digruvörðu í suðri ...“ (Páll Lýðsson. 1962:4)

Dysvarðan er 2 m suður af Kaldaðarnesskurði og 5 m frá mörkum Votmúlaskurðar og Kaldaðarnesskurðar. Jafnframt er Dysvarða í 1,5 km austur af Miðhúsum.

Lýsing

Dysvarða er litið gróin hvorki grasi né mosa. Hún er hlaðin nær eingöngu úr grjóti og er um 1,5 m á hæð í hæsta punkti og er um 5,5 x 7,5 m í þvermál.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Smjördalir 166203 212 - 8

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Þvermál: 5,5 x 7,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

„ ... rétt austan við Bæjarhreppsveg fram við Bjarkarskurð var Smjördalastekkur.“
(Páll Lýðsson. 1962:4)

Lýsing

Ekki fundust nein ummerki um Smjördalastekk við fornleifaskráningu.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Smjördalir 166203 212 - 9

Sérheiti: Lambhúshóll

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Tóft

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

„Rétt fyrir norðvestan bæinn, mitt á milli bæjar og túngirðingar, er Lambhúshóll en norðar í túninu er hóllinn Harðhaus.“ (Páll Lýðsson. 1962:5) Ábúandinn telur þetta vera það sama og tóft nr 166203-002 sem er sýnd á túnakorti, vegna þess að hann kannast ekki við þetta örnefni.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Smjördalir 166203 212 - 10

Sérheiti: Kúatraðir

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: X: 404020 Y: 380794

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

„Austan Kotstúns [þar sem Norðurkot stóð] er Austurskák og nær fram að Kúatröðum en milli traðanna og núverandi heimreiðar er Framskák.“ (Páll Lýðsson. 1962:5)

Lýsing

Kúatraðir liggja frá fjósinu í Smjördölum í austurátt. út að veginum er liggur frá Gaulverjabæjarvegi, í gegnum Smjördalatorfuna og áfram í vesturátt. Við traðirnar er brunnur [166203-212-19]. Kúatraðirnar eru grónar og vex mikill arfi í köntum. Traðirnar eru enn nýttar sem slíkar. Gróf mól er í tröðunum.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Smjördalir 166203 212 - 11

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft


Staðsetning: X: 404217 Y: 381374

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)



Teikning 9.Útihús frá Smördölum.

Staðhættir

Þegar keyrt er niður Gaulverjabæjarveg í SA-átt er á hægri hönd túnskák frá Smjördölum. Þar er tóft sem liggur undir háspennulínu sem fer í AV-átt. Þétt við tóftina skiptist línar og er stórt línuvirki fáa metra frá tóftinni og koma þar saman línurnar, önnur liggur með Gaulverjabæjarvegi en hin í AV-átt.

Lýsing

Undir þessari AV línu er nokkuð stór tjörn sem að sögn ábúanda hefur aldrei þornað upp. Um 3-4 m frá tjörninni er hringlaga gerði. Gerðið er um 8 1/2 m á lengd og breiðast um 5 m (innanmál). Þar sem tóftin er dýpst er hún um 1 m en hleðslur eru nokkuð fallnar. Tóftin er nokkuð gróin en sést þó nokkuð í hleðslurnar. Þetta hefur líklega verið aðhald eða fjárrétt af einhverju tagi.

Smjördalir 166203 212 - 12


Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 404839 Y: 380431

Hleðsluhæð: 0,5 m

Lengd: 5 m



1m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Þegar keyrt er eftir Gaulverjabæjarvegi í SA átt er keyrt framhjá afleggjara að Smjördölum hægra megin við veginn. Á móts við bæinn Glóru í Hraungerðishreppi um 120 m frá innkeyrslunni inn á tún Smjördala í suðurátt eru tóftir. Þær eru beint undir raflínunni sem liggur samsíða Gaulverjabæjarvegi.

Lýsing

Tófin samanstendur af tveimur ferköntuðum hólum sem liggja samsíða. Það eystra er dýpra. Tóftin stendur hærra en túnið í kring og er hún gróin en sést í hleðslur að hluta. Tóftin er næstum ferköntuð um 6 m þar sem hún er breiðust og 5 m þar sem hún er lengst. Hvor dæld er um 4 m². Hæð hleðslanna er hæst um 0,5 m. Tóftin gæti hugsanlega verið einhverskonar lambhús því um 20 m vestar en önnur stærri tóft [166203-212-13] sem líklega er fjárhús.

Smjördalir 166203 212 - 13

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Hleðsluhæð: 0,5 m

Lengd: 9,5 m

Breidd: 5,5 m

Ástand: Sæmilegt


Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson

(1008685719)

Staðhættir



Teikning 10. Fjárrétt frá Smjördölum.

Þegar keyrt er eftir Gaulverjabæjarvegi í SA átt er keyrt framhjá afleggjara að Smjördölum hægra megin við veginn. Á móts við bæinn Glóru í Hraungerðishreppi um 120 m frá innkeyrslunni inn á tún Smjördala í suðurátt eru tóftir. Tóftin er um 20 m vestar en tóft nr.166203-212-12.

Lýsing

Tóftin er líklega fjárhús með áfastri hlöðu. Fjárhúsið snýr norður-suður en hlaðan stendur fast við norðurgafl þess og snýr í austur-vestur. Hleðslur standa hátt eða um 1,5 m og eru lítið fallnar en mikið grónar, þó sést móta fyrir hleðslum undir gróðri. Fjárhúsið er rétthyrnt og ílangt um 6 m langt og um 2 m breitt að innanmáli. Hlaðan mældis um 9 m á lengd og 5 m á breidd að utanmáli. Enn innanmál hennar er 6 m á lengd og 3,5 m á breidd. Veggjapykkt tóftarinnar er um 1,5 m.

Smjördalir 166203 212 - 14

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 404763 Y: 380384

Hleðsluhæð: 0,3 -0,4 m

Lengd: 13 m

Breidd: 11 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Þegar keyrt er eftir Gaulverjabæjarvegi í SA átt er keyrt framhjá afleggjara að Smjördölum hægra megin við veginn. Á móts við bæinn Glóru í Hraungerðishreppi um 120 m frá innkeyrslunni inn á tún Smjördala í suðurátt eru tóftir. Tóftin er örlitlu vestar en tóft nr 166203-13 og er hún sú vestasta af þremur tóftum sem liggja í röð, frá austri til vestur.

Lýsing

Tóftin er af öllum líkindum fjárborg eða rétt. Réttin er stór og hringlaga með lágum hleðslum, um 30-40 cm háum. Þær eru nokkuð fallnar, en hafa líklega aldrei verið mjög háar. Mikill gróður er í kring en þó eru hleðslurnar áberandi. Innanmál hennar er um 8,5 m þar sem hún er lengst og 9 m þar sem hún er breiðust.

Smjördalir 166203 212 - 15

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 404005 Y: 380860

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Brunnur er um 35 m norðan við núveandi fjós Smjördala.

Lýsing

Brunnurinn er hlaðinn og er mest um 2,2 m í þvermál. Hann er mjög djúpur eða um 2,20 m. Byrgt hefur verið yfir brunninn með timbri og gjörð af vagnhjóli.

Smjördalir 166203 212 - 16

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 403983 Y: 381008

Lengd: 35 m

Breidd: 8 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð


Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Norður af bænum í NA- horni heimatúnsins fast við garðinn þar sem hann liggur frá NV í S er fjárrétt.

Lýsing

Réttin er ferhyrnd og ílöng og skiptist í tvo dilka. Réttin er um 31 m á lengd og breiðust er hún um 6 m að innanmáli. Réttin



Teikning 11. Smjördalarétt.

stendur fast við garðinn. Í hana var rekið úr Reykja- eða Skeiðarétt og skilið þar á milli bæja.

Smjördalir 166203 212 - 17

Hlutverk: Reykhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 403921 Y: 381000

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 7 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson
(1008685719)

Staðhættir

Beint norður af íbúðarhúsi Smjördala, við



norðurenda heimatúns og 15 m suður af túngarði stendur útihús.

Mynd 37. Reykhúsið sem enn er notað sem slíkt.

Lýsing

Húsið er lítill kofi hlaðinn úr torfi og grjóti með grasþaki og timburgafli, sem er um 4 m á lengd. Ábúendur útbjuggu reykhus á gömlu tóftunum. Hleðslurnar eru því það eina sem er gamalt. Að hluta er húsið grafið inn í hól. Hleðsluhæð er um 1 m og lengd hússins er um 7 m. Aldur hleðslna er óviss. Húsið er enn í notkun.

Smjördalir 166203 212 - 18

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 403989 Y: 380840

Lengd: 21 m



Mynd 38. Hlaðin útihús frá Smjördölum sem enn eru í notkun.

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Útihúsin eru norðan við núverandi bæjarhús og fjós.

Lýsing

Útihúsin eru um 6 x 9 m á stærð og 21 x 6 m. Þau eru staðsett bak við fjósið í Smjördölum. Útihúsin eru undir þaki sem eru með hlöðnum veggjum og er í þeim mold og hellugólf. Þau eru nýtt sem hesthús og fjárhús í dag [2005] Húsin voru byggð milli 1920-1930. Ábúandinn veit ekki hvort þau eru byggð á gömlum grunni eða gömlum hleðslum. Það er þó líklegt því húsin eru á hlöðnum grunni.

Smjördalir 166203 212 - 19

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 404015 Y: 380800

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson
(1008685719)



Mynd 39. Brunnurinn er nokkuð djúpur

Staðhættir

Brunnurinn er við suðausturhorn fjóssins í Smjördölum innan girðingar en þétt við Kúatraðirnar [166203-212-10].

Lýsing

Byrgt hefur verið yfir brunninn og sjást ekki nein merki um hann. Þegar loki var lyft af kom í ljós haglega hlaðinn og varðveittur brunnur sem er um 2,90 m á dýpt.

Smjördalir 166203 212 - 20

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 404096 Y: 380899

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Austur af fjósinu í Smjördölum um 15 m frá bæjarhól Smjördala- Norðurkots, er brunnur.

Lýsing

Lýsing: Brunnurinn er fallinn saman eða fylltur. Hann er um 40 cm djúp hola í jörðina og er mjög ógreinilegur vegna gróðurs í kring. Þó sér í hleðslusteina ef vel er að gáð.

Smjördalir 166203 212 - 21

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 403867 Y: 380991

Hleðsluhæð: 0,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Hlaðinn garður hefur verið umhverfis allt tún Smjördala forðum en hann sést á túnakorti frá árinu 1917. Garðurinn var umhverfis 4,2 ha tún. Hnit er tekið þar sem hann sést mjög vel en það er í NV-horni hans.

Lýsing

Túngarðurinn stendur að mestu leyti enn í dag [2005] er honum verl við haldið. Hæstur er garðurinn um hálfur metri á hæð en sumsstaðar sést glitta í hleðslu og að hluta er hleðslan horfin en þó sést þar móta fyrir því hvar hún var. Steinar hleðslunnar eru mosavaxið hraungrýti.

Smjördalir 166203 212 - 22

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 403805 Y: 380560

Hleðsluhæð: 0,1-0,5 m

Lengd: 7,3 m

Breidd: 4,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð


Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson
(1008685719)

Staðhættir

Minjarnar eru um 100 m beint norður frá Nýja bæ
og um 150 m SA frá Smjördölum.

Lýsing

Tóf er vestan við veg að Ljónsstöðum. Tóftin er um 4,7 mm á lengd og 4,5 m á breidd að utanmáli. Innanmál hennar er 3,2 á lund og 1,3 á breidd. Hleðslurnar eru signar og sjást best í suðurvegg tóftarinnar. Hleðsluhæð er um 0,1- 0,5 m. Tóftin er inn í garði g sjást steinar hér og þar í garðinum sem eru um 14 m í þvermál.



Teikning 12. Túngarður umhverfis Smjördali

Smjördalir 166203 212 - 23

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 403661 Y: 380559

Þvermál: 8 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Minjarnar eru um 20 m suður frá Votmúlavegi og um 200 m SV frá íbúðarhúsi Nýjabæjar. Minjarnar eru jafnframt um 500 m NNV frá Ljónsstöðum.

Lýsing

Garðlag er í kringum grjóthrúgu, þar er einn stór steinn sem er 1,2 m á hæð ásamt minni steinum. Veggur er mest áberandi að norðanverðu. Veggurinn er um 0,4 m hár og um 1 m breiður. Greinilegur sveigur er í kringum grjóthrúguna að norðan og austan við hrúguna. Hraungrjótið er mosavaxið, annars er sami gróður og í kring. Garðlagið gæti verið til að hindra að skepnur myndu slasast í grjótinu.

Norðurkot - 182369-215

Fjöldi minja: 4



Mynd 40. Svæðið þar sem Norðurkot, hjáleiga frá Smjördölum stóð

Saga

Ekki er vitað hvenær Norðurkot byggðist fyrst en *Jarðabókin* segir: „Nordurkot, fimta hjáleiga, byggð fyrir manna minni í heimatúninu, og varaði byggðin inn til næstu 2 ára.“

(Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:115) Í *Sunnlenskum byggðum* segir: „Norðurkot fór í eyði skamma hríð eftir Stórubólu en samfelld byggð er þar frá um 1729 til 1920. Síðast var skráður ábúandi þar Egill Gr. Thorarensen í Sigtúnum. Nú skipt milli næstu jarða.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:334) Jarðabókin segir: „Ekki byggist hjer aftur, nema til meins og rýrðar heimajörðunni.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:115) Þrátt fyrir þetta var byggð þar mestalla 18. og 19. öld. „Upp úr fyrra stríði þótti Smjördala-Norðurkot orðið landþröng jörð og léleg og fór hún í eyði vorið 1920.“ (Páll Lýðsson. 1962:2)

Norðurkot var kallað Smjördala-Norðurkot og oft í daglegu tali nefnt Smádalakot, til aðgreiningar frá Norðurkoti í Votmúlahverfi. (Páll Lýðsson. 1962:2)

Norðurkot var hjáleiga Smjördala og virðist nær alltaf hafa verið hjáleiga. Árið 1841 í *Sýslu- og sóknalýsingum* er kotið skráð sem slíkt, (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72) árið 1847 í *Jarðatali á Íslandi*, (Johnsen, J. 1847:62) 1848 í *Nýrri jarðabók*, (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31) og *Manntali 1801*. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978:232) Í *Manntali 1816* er jörðin ekki skráð sem hjáleiga. (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:314)

Norðurkot hefur hvorki verið stór jörð né þar verið mannmargt. Árið 1801 bjó þar karlmaður ásamt systur sinni, móður, þjónustukarli og niðursetningi. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978:232) Árið 1816 bjuggu þar hjón ásamt þremur börnum sínum og er það að hluta til sama fjölskyldan og 15 árum áður. (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:314)

Um skuldir og kvaðir jarðarinnar segir í Jarðabókinni: „Landskuld var x1 álnir í landaurum. Kúgildi iii. Leigur í smjöri ut supra. Kvaðir 0. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:115.) Landskuldin var orðin 0,40 þegar Jarðatal á Íslandi var skrifuð árið 1847 og kúgildin 3. (Johnsen, J. 1847:62)

Náttúrufar og jarðabætur

Norðurkot var 1/8 Smjördalatorfunnar og stóð í túnjaðri Smjördala í norðaustur frá bænum. (Páll Lýðsson. 1962:2) Samkvæmt túnakorti sem líklega var teiknað árið 1917 var stærð túns Norðurkots 1,2 ha og þar af slétt ½, matjurtagarðar voru 920 m². Á túnakorti má sjá bæ og er það eina húsið á kortinu. (Túnakort. [1917]. *Smádala-Norðurkot*) Engin hús standa í dag á landi Norðurkots. Í *Fasteignabók* stendur að tún Norðurkots sé 1 ha og matjurtagarðar 770 m². (Fasteignabók. 1932:13) Forn hundraðatala Norðurkots er ekki skráð en ný hundraðatala, árið 1848, er 4,76. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31)

Egill Thorarensen notaði land Norðurkots eftir að það lagðist í eyði vorið 1920 og þegar hann hætti að nytja landið notuðu það bændurnir í kring uns því var skipt upp á milli jarða þeirra. (Páll Lýðsson. 1962:2)

Norðurkot átti kirkjusókn að Laugardælum. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72)

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort. [1917]. *Smádala-Norðurkot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norðurkot 182369 215 - 1

Sérheiti: Norðurkot

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 404053 Y: 380924

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Norðurkot stóð í túnjaðri Smjördala, norðaustur frá bænum. (Páll Lýðsson. 1962:2) Eftir að Norðurkot fór í eyði árið 1707, var tún Norðarkots nýtt af bóndanum í Smjördölum og Suðarkot brúkaði engjarnar. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:115) „Norðurkot fór í eyði skamma hríð eftir Stórubólu en samfelld byggð þar frá um 1729-1920...Nú skipt milli næstu jarða.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:334) Bæjarhóll Norðarkots er í túni Smjördala austur af fjósinu [166203-212].

Nánari lýsing

Bæjarhóllinn hefur verði sléttður og er því ekki vel greinilegur nema fyrir kunnuga. Þar er ekki unnt að sjá nein merki mannvirkja.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort. [1917]. *Smádala-Norðurkot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norðurkot 182369 215 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 404167 Y: 380916

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 11 m

Breidd: 7 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson

(1008685719)

Staðhættir

Austur af Smjördalabænum [166203-212]

austarlega í Norðurkotstúni um 20 m frá eystri girðingu túnsins standa tóftir útihúsa.

Lýsing



Teikning 13. Útihús frá Norðurkoti, hjáleigu Smjördala.

Tóftin samanstendur af tveimur hólfum sem liggja samsíða og snúa A-V með framhlið í vestur en þar voru dyr tóftarinnar. Hleðslur standa að hluta, en nokkuð er hrunið úr hliðarveggjum. Tóftin er mosavaxin en sést vel í hleðslur hennar. Hleðslur standa minnst 1/2 m en hæst við gafl 1 1/2. Innanmál stærra hólsins er 3 1/2 m á lengdina og 2 m á breiddina. Innanmál minna hólsins er 3 1/5 m á lengdina og 1 1/2 m á breiddina.

Norðurkot 182369 215 - 3

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 403867 Y: 380991

Hleðsluhæð: 0,5 m

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð



Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Mynd 41. Túngarður milli Norðurkots og Smjördala. Tekið í A.

Staðhættir

Hlaðinn garður hefur verið umhverfis allt tún Norðurkots forðum en hann sést á túnakorti frá 1917. Garðurinn var umhverfis 1,2 ha tún. Hnit er tekið þar sem sést mjög vel í Smjördalagarðinn en þeir renna saman í eitt. Hnitið er tekið í NV horni garðsins í túni Smjördala. Stærð hans og lega sést vel á túnkortinu.

Lýsing

Túngarðurinn stendur að mestu leyti enn í dag enda vel viðhaldið af ábúandanum. Hæstur er garðurinn um 0,5 m á hæð en sumstaðar rétt sést glitta í hann og að hluta er hann alveg horfinn. Steinar hleðslunnar eru mosavaxnir hleðslusteinar. Þar sem hvergi sést í garð Norðurkots er þar sem land Norðurkots og land Smjördala mætast í vestur frá Norðurkoti, annars er allur garðurinn enn sýnilegur er umkringdi tún Norðurkots.

Heimildaskrá

Túnakort. [1917]. *Smádala-Norðurkot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Norðurkot 182369 215 - 4

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 404097 Y: 380900

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Brunnur er staðsettur í landi Norðurkots, austur af fjósinu í Smjördölum 15 m frá bæjarhól Norðurkots.

Lýsing

Brunnurinn er fallinn saman en er nú um 40 sm hola ofan í jörðina og er brunnurinn mjög ógreinilegur innan um gróðurinn en það sér í steina ef vel er að gáð. Mjög erfitt er að finna brunninn.

Dísarstaðir - 166183-216



Mynd 42. Dísarstaðir. Gamli bæjarhóllinn

Fjöldi minja: 13

Saga

Hvenær Dísarstaðir voru fyrst byggðir er ekki vitað, en *Jarðabókin* segir að jörðin hafi verið „... byggð fyrir manna minni í úthögum“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:115). Dísarstaðir hafa aldrei farið í eyði og þar var „... jafnan einbýli nema örfá ár á 19. öld og ábúendaskipti hafa verið fátíð.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:335) Síðan árið 1879 hefur jörðin verið einbýli (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1) og var allt til ársins 1993 en síðan þá hefur jörðin verið tvíbýli. (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.).)

Dísarstaðir voru áður fyrr iðulega kallaðir Dísastaðir og er þannig skráð 1847 í *Jarðatali á Íslandi* (Johnsen, J. 1847:62), 1841 í *Sýslu- og sóknalýsingum* (Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72), 1848 í *Nýrri jarðabók* (Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]:31), *Manntölunum* 1703-1816 (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520, *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:601, *Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978:232, *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:314), *túnakorti* 1917 og *Fasteignabók* 1932 (Fasteignabók 1932:13). Eftir það virðist nafn jarðarinnar alltaf vera skrifað Dísarstaðir. Í *Jarðatalinu* er nafn jarðarinnar skrifað bæði Dýsarstader og Dýsiarstader (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:115). Í *Örnefnaskrá* er talið ólíklegt að Dýsiarstader (Dysjarstaðir) eigi rétt á sér, því ekkert á jörðinni bendi til dysja (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1).

Dísarstaðir voru hjáleiga frá Smjördölum allt til ársins 1907 þegar jörðinni var endanlega úrskipt úr Smjördalatorfunni. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:335)

Á Dísarstöðum hefur ekki verið stórbýli á 18. og 19. öld en árið 1703 bjuggu þar hjón ásamt einu barni sínu (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520), árið 1729 bjuggu þar hjón ásamt þremur börnum sínum og er það að hluta til sama fjölskyldan og 26 árum fyrr (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:601). Árið 1801 bjuggu þar hjón ásamt tveimur börnum sínum og þremur hjúum (*Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978:232) og 15 árum síðar bjuggu þar hjón ásamt tveimur börnum sínum, tveimur hjúum og niðursetningi (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:314).

„Landskuld 1xx álnir, áður 1xxx álnir. Betalast í landaurum heima eður til Skúmstaða. Leigukúgildi iii, áður fyrir vel 30 árum vi, síðan smáfækkað. Leigur í smjöri til Skúmstaða. Kvaðir ut supra á Nýjabæ“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:115). Þegar *Jarðatal á Íslandi* var skrifað árið 1847 var landskuldin 0,70 og kúgildin 3 (Johnsen, J. 1847:62).

Náttúrufar og jarðabætur

Dísarstaðir voru fjórða hjáleiga Smjördala og sú stærsta, en hún taldist fjórði partur allrar Smjördalatorfunnar. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:335) Samkvæmt túnakorti sem líklega var teiknað árið 1917, var túnið á Dísarstöðum 3,1 ha. og þar af slétt 5/6. Matjurtagarðar voru 1176 m². Á túnakorti má sömuleiðis sjá bæ, matjurtagarð, eitt útihús og einn kross (merking óviss). (Túnakort [1917]. *Dísastaðir*) Á heimasíðu *Fasteignamats ríkisins* eru byggingar á landi Dísarstaða skráðar ásamt byggingaári og samkvæmt því standa þau hús sem á túnakorti eru, ekki lengur. Elsta hús Dísarstaða er fjós byggt árið 1954, en í dag standa á jörðinni sex hús. (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.)) Árið 1977 var tún Dísarstaða 24 ha. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:335) Þegar *Fasteignabókin* var skrifuð var tún Dísarstaða 3 ha, og matjurtagarðar 1200 m². (Fasteignabók 1932:13). Forn hundraðatala Dísastaða er ekki til skráð en ný hundraðatala, árið 1848, er 10,32 (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31). „Kostir allir og ókostir sem á heimajörðunni [Smjördölum]“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:115). „Jörðin telst góð og hæg enda vel hæf til ræktunar og hafði góðar engjaslægjur. Landstærð er rúmir 200 ha. og er þetta austasta jörð sveitarinnar, í norðaustur horni hreppsins og liggur móti landi Selfossbæjar og Hraungerðishrepps.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:335)

Landamerki Dísarstaða eru þessi: „Dísastaðaland skal vera úr vörðu, sem hlaðin er í Rauðholtsmýrinni, í vörðu, sem hlaðin er í hrauninu vestan við Dísastaðaréttina, þaðan í vörðu sem hlaðin er á Hrísmýrarskurðsbakkanum. Skal allt landið þar fyrir austan vera eign Dísastaða fyrir austan skurðinn að Selfoss og Sölvholtsmörkum. Dísastaðir haldi Partsenginu fyrir framan skurðinn og eigi tilkall til Óskiptuhraunsins.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1)

Dísarstaðir áttu kirkjusókn að Laugardælum árið 1841. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72)

Býlið er í byggð.

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Dísarstaðir Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 6.8. 2004 af <http://www.fmr.is/>

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Dísarstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Dísastaðir. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Dísarstaðir 166183 216 - 1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 403795 Y: 381434

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

13 m norðan við Dísarstaðabæinn um stendur gamli bæjarhóllinn.

Lýsing

Bæjarhóllinn er brattur og hár og þar standa steyptar leifar bæjar sem byggður var 1924 en sá bær var byggður fast við gamla torfbæinn og var eldhúsið úr torfbænum notað eftir að bærinn var byggður

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Dísarstaðir.* Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Dísarstaðir 166183 216 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 403711 Y: 381531

Horfin: já

Hættumat: Engin hætta

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

Þar sem nú stendur nýtt íbúðarhús Dísarstaða 2 voru samkvæmt túnakorti útihús.

Lýsing

Engar minjar sjáanlegar.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Dísastaðir. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Dísarstaðir 166183 216 - 3

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hættu

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

Landamerki 1907: Dísastaðaland skal vera úr vörðu [003], sem hlaðin er í Rauðholtsmýrinni, í vörðu [004] sem hlaðin er í hrauninu vestan við Dísarstaðaréttina [009], þaðan í vörðu [005] sem hlaðin er á Hrísmýrarskurðsbakkanum. Skal allt landið þar fyrir austan vera eign Dísastaða fyrir austan skurðinn að Selfoss og Sölftoltsmörkum. Dísastaðir haldi Partsenginu fyrir framan skurðinn og eigi tilkall til Óskiptuhraunsins.“ (Páll Lýðsson. [áttal vantar]:1)

Varðan er horfin sjónum og því staðsetning hennar allskostar óviss.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áttal vantar]. *Dísarstaðir. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun.

Dísarstaðir 166183 216 - 4

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

Landamerki 1907: Dísastaðaland skal vera úr vörðu [003], sem hlaðin er í Rauðholtsmýrinni, í vörðu [004] sem hlaðin er í hrauninu vestan við Dísarstaðaréttina [009], þaðan í vörðu [005] sem hlaðin er á Hrismýrarskurðsbakkanum. Skal allt landið þar fyrir austan vera eign Dísastaða fyrir austan skurðinn að Selfoss og Sölholtsmörkum. Dísastaðir haldi Parsenginu fyrir framan skurðinn og eigi tilkall til Óskiptuhraunsins.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1)

Staðsetning vörðunnar er óviss.

Lýsing

Engin merki sjáanleg.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Dísarstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Dísarstaðir 166183 216 - 5

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

Landamerki 1907: Dísastaðaland skal vera úr vörðu [003], sem hlaðin er í Rauðholtsmýrinni, í vörðu [004] sem hlaðin er í hrauninu vestan við Dísarstaðaréttina [009], þaðan í vörðu [005] sem hlaðin er á Hrismýrarskurðsbakkanum. Skal allt landið þar fyrir austan vera eign Dísastaða fyrir austan skurðinn að Selfoss og Sölholtsmörkum. Dísastaðir haldi Parsenginu fyrir framan skurðinn og eigi tilkall til Óskiptuhraunsins.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1)

Staðsetning vörðunnar óviss.

Lýsing

Engin merki sjáanleg.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Dísarstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Dísarstaðir 166183 216 - 6

Sérheiti: Hraunslækur

Hlutverk: Jarðabætur

Tegund: Renna

Staðsetning: X: 404255 Y: 381589

Ástand: Gott

Horfin: Nei

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

„Túnið á Dísarstöðum er nú um 20 hektarar, aflangt frá austri til vesturs. Takmarkast að sunnan af Hraunslæk sem mun vera gamla Stekkakeldan. Þessi skurður er einn þeirra sem jarðabótamenn úr Hraungerðishreppi og Smjördalahverfi grófu á vegum Framskurðarfélags síns á árunum 1845- 1851.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:1)

Hraunslækur er lækur sem rennur í skurði og hlykkjast hann þvert í gegnum Dísastaðalandið allt frá Gaulverjabæjarvegi og áfram í vesturátt. GPS hnitið er tekið við Gaulverjabæjarveg en lækurinn heldur áfram undir veginn og í austurátt.

Lýsing

Í læknum er silungur og er lækurinn við veginn um 0,4 m djúpur en er víða dýpri.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Dísarstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Dísarstaðir 166183 216 - 7

Sérheiti: Kúavarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

„Hrísmýrarskurður dregur nafn af Hrísmýrinni fyrir ofan hann. Er það langt stykki véltækt en ákaflega blautt. Gefur það af sér um 300-400 hesta. Í því ofan til og austarlega er Kúavarða en Torfhóll [008] neðar, rétt vestan og ofan við túnendann.“
(Páll Lýðsson. [áartal vantar]:2)

Fannst ekki.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Dísarstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Dísarstaðir 166183 216 - 8

Sérheiti: Torfhóll

Hlutverk: Torfrista

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 403341 Y: 381493

Þvermál: 16 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

„Hrísmýrarskurður dregur nafn af Hrísmýrinni fyrir ofan hann. Er það langt stykki véltækt en ákaflega blautt. Gefur það af sér um 300-400 hesta. Í því ofan til og austarlega er Kúavarða [007] en Torfhóll neðar, rétt vestan og ofan við túnendann.“
(Páll Lýðsson. [áartal vantar]:2) Torfhóllinn er vestur af bænum og SA af Dísastaðarréttinni. Torfhóllinn er norður af Smjördölum og stendur í miðju túni, 55 m eru frá hólnum suður í skurðinn er skilur af túnin.

Lýsing

Torfhóllinn er grasivaxinn hóll og um 2 m á hæð. Í þvermáli er hann 16,7 m í VA og 15,2 m í SN. Túnið allt í kringum hólinn er slegið utan við „keldur“ í túninu sem ekki er unnt að slá. Mikið er af steinum í hólnum.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Dísarstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Dísarstaðir 166183 216 - 9

Sérheiti: Dísarstaðarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402930 Y: 381601

Hleðsluhæð: 40 cm

Lengd: 22 m

Breidd: 9 m

Ástand: Sæmilegt


Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir
(0405492939)



Teikning 14. Dísarstaðarétt.

Staðhættir

„Dísarstaðarétt var rétt við núverandi landamörk Dísarstaða og Votmúlatorfu. Þar var síðast fært frá en nú er réttin hrunin. Nálægt henni var bærinn Diðriksstaðir [166196-210-4] ...“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) Um 50 m frá girðingu er skilur að


Dísastaðatún og tún Lækjarmóts, suður af Hólahverfinu á Selfossi er réttin. Hesthús Selfossbúa eru norðaustur frá Dísastaðarétt í tæplega kílómetersfjarlægð.

Lýsing

Réttin er frekar stór með tveimur stórum hólfum. Lítið hlaðið hólfið er við vesturendann og gæti hafa verið á því þak. Hólfið hefur líklega verið lambhús eða kró. Réttin er mikið fallin, steinar standa upp úr gróðri að mestu og eru þeir mosavaxnir. Annar gróður er í kringum réttina en á henni sjálfri. Hleðslur standa hæst um 0,5 m en er hæðin víðast um 30-40 sm. Stærð tóftar til samans að innanmáli er mest 18 x 7 m og utanmáli 22 x 9 m. Hver aldur réttarinnar er veit enginn en faðir ábúenda mundi eftir réttinni í sama ásigkomulagi og hún er í dag, svo hún er í það minnsta 100 ára gömul.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Dísarstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.



Dísarstaðir 166183 216 - 10

Teikning 15. Dísarstaðir beitarhús.

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 403420 Y: 382347

Hleðsluhæð: 1.5 m

Lengd: 21 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

„Löng dæla gengur þvert í gegnum Dísarstaðaland og endar við Torfhól [008] [...]

Rimar heitir svæðið austan við Torfhóladælur og ná þeir heim undir

bæ [...] Selfossskurður er fyrir ofan Rimana og Móhólsmýri en ofan við hann eru Svartrimar eða Svörturimar [...] Þar voru beitarhúsin frá Dísarstöðum ...“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2)

Um 250 m suður af hesthúsunum á Selfossi og um 250 m vestur af Gaulverjabæjarvegi standa tóftir beitarhúsa frá Dísastöðum og eru þær tæplega 1 km frá Dísastöðum II.

Lýsing

Tóftin er ílöng og samanstendur af tveimur hólfum eru þau um 7 m hvort. Tóftin snýr SN með inngang á suðurhlið og er hitt hólfið fast við norðurhliðina og liggja þau eins. Hleðslur standa vel og standa veggir heilir á stórum hluta. Tóftin er töluvert gróin en veggir og hleðslur sjást vel. Ábúandi man eftir því að smalað var í tóftina en þá var hún ekki undir neinu þaki. Veggir eru misháir en hæstir eru þeir um 2 m. Norðurgaflinn er lægstur og er hann um 1 m. Aldur tóftarinnar er óviss.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Dísarstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Dísarstaðir 166183 216 - 11

Sérheiti: Virkisþúfa

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðsetning: X: 403498 Y: 382823

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

„Löng dæla gengur þvert í gegnum Dísarstaðaland og endar við Torfhól [008].“
„Rimar heitir svæðið austan við Torfhóladælur og ná þeir heim undir bæ [...] „Selfossskurður er fyrir ofan Rimana og Móhólsmýri en ofan við hann eru Svartrimar eða Svörturimar [...] Þar voru beitarhúsin frá Dísarstöðum en efst við Svartrima var hið ævagamla hornmark Virkisþúfa.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2)

Að öllum líkindum er þetta sama mark og Virkisvarða [161794-217:028] sem er 3 m frá Gaulverjabæjarvegi þar sem hann liggur við enda hesthúsahverfisins á Selfossi. Reiðstígur kemur frá hesthúsunum og beygir við veginn og liggur svo áfram með veginum að Selfossi. Þar sem reiðstígur þessi beygir að veginum sér beint í Virkisvörðu hinum megin við veginn.

Lýsing

Vörðuna mynda allstórir steinar sem virðast eitt sinn hafa verið einn og sami kletturinn, en hefur sprungið síðan. Steinarnir eru stærstir tæpur metri á hæð og er farinn að vaxa mosi á þeim. Járnstaur er í stærsta steininum og stendur hann eilítið upp úr steininum.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Dísarstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Dísarstaðir 166183 216 - 12

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 403806 Y: 381423

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

Á hlaði íbúðarhússins á Dísarstöðum, um 5 m norður frá húsinu var brunnur. Brunna-Brynki hlustaði eftir og fann þetta brunnstæði.

Lýsing

Brunnurinn hefur verið fylltur en það þarf annars lagið að laga bílaplanið þar sem brunnurinn er/var því þar sígur jarðvegurinn.

Dísarstaðir 166183 216 - 13

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 404065 Y: 381758

Ástand: Gott

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Guðrún Jóna Hannesdóttir (0405492939)

Staðhættir

Þegar keyrt er af Gaulverjabæjarvegi heim að bæ á Dísarstöðum eru á hægri hönd miklar mógrafir og við veghliðið stendur móhóll þar sem mórinn var þurrkaður að sögn ábúenda. Mógrafirnar eru innan girðingar.

Lýsing

Mógrafirnar eru misstórar og misdjúpar en vatn er í þeim flestum. Mógrafirnar eru ekki allar eins að lögun og þær eru ekki alveg ferkantaðar. Mikill gróður vex í og við mógrafirnar en umhverfið er mjög blautt í kring.

Ljónsstaðir-Haugakot - 166195-213

Fjöldi minja: 11

Saga

Jörðin Haugakot var byggð fyrir manna minnum í úthögum samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* frá 1709. Þar kemur jafnframt fram að nafn jarðarinnar hafi verið Suðurkot. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:114) Jörðin birtist sennilega fyrst í heimildum í *Manntali 1703*. Þar eru skráðar fjórar hjáleigur Smjördala en þær eru ekki nefndar með nafni. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520.) Í *Ábúendatali Árnesinga* eru hjónin Jón Lafransson og Guðrún Nikulásdóttir ásamt fjórum börnum þeirra, sögð vera fyrstu ábúendur jarðarinnar 1703 til 1709. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*.) Í *Manntalinu 1801* er jörðin fyrst nefnd með nafninu Haugakot. Þá bjuggu þar

hjónin Sigurður Sigurðsson og Aldís Magnúsdóttir ásamt dóttur hennar og fósturdóttur. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978:233) Í *Sunnlenskum byggðum* er greint frá því að Haugakot hafi einnig gengið undir nafninu Hólakot og jafnvel nafninu Hagakot, því þar segir: „... en alþýðuskýring og munnmæli segja að fyrst hafi komið upp nafnið Hagakot, enda byggt í úthögum Smjördala.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:337) Frá árinu 1954 hefur Haugakot borið nafnið Ljónsstaðir, þegar Leó Viggó Jóhansen flutti á jörðina. (Páll Lýðsson. 1962:1)

Í Haugakoti var slitrótt byggð á 18. öld en jörðin fór í eyði árið 1750 og svo aftur í kjölfar Móðuharðindanna (1783). Samfelld byggð var í Haugakoti á árunum 1790-1943 en þá fór jörðin enn í eyði. Jörðin komst aftur í byggð með komu Leós Viggós Jóhansens árið 1954. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:337) Afkomendur hans búa þar enn.

Álög hafa verið á búskap Haugakots en aðeins annar hvor bóndi á að geta búið þar. Álögnum gæti þó hafa verið aflétt eftir að nafninu var breytt í Ljónsstaði. (Bjarni Harðarson. 2001:70)

Árið 1709 var landskuld sögð vera „... xl álnir í landaurum heim til Skúmstaða. Leigukúgildi ii, áður iii. Leigur í Smjöri til Skúmstaða. Kvaðir öngvar.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:114)

Haugakot á kirkjusókn að Laugardælum. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:72)

Býlið er enn í byggð.

Náttúrufar og jarðabætur

Ljónsstaðir eru tæplega 1/6 hluti Smjördalatorfunnar. (Páll Lýðsson. 1962:1) Samkvæmt túnakorti, sem líklega var teiknað árið 1917, var túnið í Haugakoti 1,4 ha og þar af 1/2 ha sléttur. Matjurtagarðar voru 1244 m². Á túnakorti má sömuleiðis sjá bæ og heygarð. (Túnakort [1917]. *Haugakot*) Forn hundraðatala Haugakots er ekki skráð en ný hundraðatala, árið 1848, er 6,15. (*Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]:31*)

Um landkosti og galla jarðarinnar segir *Jarðabókin*: „Torfrista og stúnga næg. Tún nær ekkert. Engi votsókt sem á heimajörðinni.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:114) Samkvæmt *Sunnlenskum byggðum* er jörðinni lýst á eftirfarandi hátt: „Landið er allt fyrir framan Votmúlaveg og stendur jörðin mjög lágt nema sjálfur bæjarhóllinn. Ljónsstaðir eru vel hæfir til ræktunar með góðri framræslu en land á jörðin í Breiðumýri allt niður undir Hreppamarkaskurð.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:337)

Þegar *Fasteignabókin* var rituð var tún Haugakots 2 ha og matjurtagarðar 1040 m². (*Fasteignabók*. 1932:13) Árið 1977 var tún Haugakots 23,5 ha. og hefur því verið stækkað mjög mikið. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:337) Á heimasíðu *Fasteignamat ríkisins* eru byggingar á landi Haugakots skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt því eru þau hús sem sjást á túnakorti öll horfin. Elsta hús Haugakots er alifuglahús byggt árið 1954. Árið 2005 standa á jörðinni 11 hús. (*Fasteignamat ríkisins*. (Engin dags.))

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Ljónsstaðir Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 6.8. 2004 af <http://www.fmr.is/>

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Haugakot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ljónsstaðir 166195 213 - 1

Sérheiti: Haugakot

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 403988 Y:
380146

Þvermál: 55 m



Mynd 43. Bæjarhóll Ljónstaða áður Haugakots

Ástand: Slæmt

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir (03.12.1965.3719)

Staðhættir

„Haugakot stendur fyrir sunnan veg, séð frá Smjördölum.“ (Páll Lýðsson. 1962:1) Bæjarhóllinn er um 20 m suður af íbúðarhúsi Guðrúnar Bjargar Leósdóttur á Ljónsstöðum, en hún er heimildamaður við skráningu fornleifa á jörðinni. Um 20 m eru norðaustur að nýjasta húsinu á hlaðinu, stórri byggingu þar sem nú er jeppasmiðja. Nú stendur hlaða efst á miðjum hólnum.

Lýsing

Bæjarhóllinn stendur í sléttu túni, en hefur raskast verulega vegna margra bygginga á honum og við hann. Þvermál hans er um 55 m í SN og AV, en hann mælist um 1,5 m að hæð.

Nánari lýsing

Kálgarður [166195-009] er í hólnum vestanverðum fyrir sunnan íbúðarhúsið á Ljónsstöðum.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Ljónsstaðir 166195 213 - 2

Hlutverk: Heygarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 403988 Y: 380146

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir (03.12.1965.3719)

Staðhættir

Heygarðurinn virðist áfastur bæjarhúsunum samkvæmt túnakorti. (Túnakort [1917]. *Haugakot*) Í sögunni „Neyðarhóp í Haugakoti“ er sagt frá þeim voveiflegum atburði þegar húsfreyjan í Haugakoti lést eftir að heyskúti féll á hana þegar hún var að leysa hey í útiheyi. Heyskútanum í heygarðinum er þannig lýst: „... en þá var á þann veg gengið frá heyjum að tyrft var yfir mæninn og niður á hliðar en á vetrum í frostum fraus þekjan saman og myndaðist þá einskonar skúti eftir að gefið var, sem slútti þá

fram yfir stabbann.“(Bjarni Harðarson. 2001:75) Kona þessi hét Guðbjörg Jónsdóttir, f. 1870. (Bjarni Harðarson. 2001:75)

Lýsing

Að sögn heimildamanns var þessi garður þar sem nú er hlaða efst á bæjarhólnum.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Haugakot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Ljónsstaðir 166195 213 - 3

Hlutverk: Rista

Tegund: Heimild

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir (03.12.1965.3719)

Staðhættir

Árið 1709 var „[t]orfrista og stúnga næg.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:114)

Lýsing

Fannst ekki, líklega þar sem nú er slétt tún.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Ljónsstaðir 166195 213 - 4

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 404990 Y:
379283

Þvermál: 6 m



Mynd 44. Kvíar við Haugakot. tekið í A.

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir (03.12.1965.3719)

Staðhættir

Þessi tóft er um 15 m austan við leifar Smjördalasels [166203-005] og um 40 m vestan við garð [166195-006]. Tóftin myndar svolítinn hól í mjög þýfðu túni og er sami gróður í henni og umhverfis hana, þó betri skilyrði virðist vera fyrir hann innan hleðslunnar.

Lýsing

Hér er væntanlega um að ræða leifar af kvíum eða gerði sem tilheyrðu Smjördalaseli. Tóftin stendur á litlum hól og er næstum kringlótt. Þvermál hennar að utan er um 5 m í N-S, en tæpir 6 m frá vestri til austurs. Hæð hleðslu að utan er um 80 cm, en tóftin er næstum því gróin upp að innan. Hugsanlega mótar fyrir hliði inn í tóftina NNA-til í henni. Hóla er í jarðveginn við vesturvegg tóftarinnar. Hún er um 1,5 x 1,5 m og dýpt hennar er um 50 cm. Ekki er sjáanlega nein hleðsla í þessari holu, en hún er slétt í botninn.

Ljónsstaðir 166195 213 - 5

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 404326 Y: 379976

Lengd: 966 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir (03.12.1965.3719)

Staðhættir

Þessi garður liggur því sem næst beint í N-S. Hann hefst þar sem GPS-punkturinn er tekinn, þ.e. um 300 m SA af bæjarhúsum Ljónsstaða og um 35 m sunnan við veg sem liggur frá vestri til austurs fyrir norðan túnið sem garðurinn er í. Þaðan liggur hann nokkuð beinn suður að Smjördalaseli [166203-005] og hverfur um 30 m SA af tóft selsins. Hann mælist því um 970 m langur.

Lýsing

Garðurinn er mjög greinilegur á köflum, en þar sem hann liggur yfir mjög blautt mýrasvæði sést hann ekki. Garðurinn er tæpur metri á breidd og yfirleitt er hæð hans um 50 cm. Efni í garðinn hefur verið tekið austan við hann, þannig að þar er nú svolítill rás, sem er um 60 cm breið. Garðurinn var til varnar því að vatn flæddi yfir útengi.

Ljónsstaðir 166195 213 - 6

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 404326 Y: 379976

Lengd: 150 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir
(03.12.1965.3719)

Staðhættir

Garður þessi er austan og sunnan við tóft Smjördalasels [166203-005] sem er



Mynd 45 Túngarður Ljónsstöðum/Haugakoti. Tekið í N-A

sunnanlega í túni Ljónsstaðajarðarinnar. Hann er um 55 m austan við vegginn sem er í NA-hluta bæjarhóls rústarinnar og liggur þar fyrst frá norðri til suður á um 70 m kafla. Þaðan sveigir hann aðeins í suðvestur á um 30 m kafla og loks aftur í suður á um 50 m kafla. Í heild er garðurinn því um 150 m. Á milli Smjördalasels [166203-005] og garðsins er tóft nr.166195-004.

Lýsing

Garðurinn er nokkuð vel sýnilegur, en ekki sjást hleðslur í honum. Hann er um 50 cm á hæð og breidd hans er um 1 m.

Ljónsstaðir 166195 213 - 7

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 404990 Y: 379283

Lengd: 1 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir (03.12.1965.3719)

Staðhættir

Tvær holur eru vestan við tóft [166195-004] sem báðar gætu hafa verið brunnar.

Umrædd hola er um 4 m vestan við tóftina.

Lýsing

Holan er um 1 x 1 m og um 50 cm djúp. Steinar sjást í holunni, en hafi þeir tilheyrt hleðslu umhverfis hana eða til að styrkja hana, er sú hleðsla mjög röskuð nú.

Ljónsstaðir 166195 213 - 8

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 404990 Y: 379283

Lengd: 1,5 m

Breidd: 1,5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir (03.12.1965.3719)

Staðhættir

Tvær holur eru vestan við tóft [166195-004]. Þessi hola er um 8 m norðvestan við hana.

Lýsing

Holan er um 1,5 x 1,5 m og um 50 cm djúp. Steinar sjást í holunni, en hafi þeir tilheyrt hleðslu umhverfis hana eða til að styrkja hana, er sú hleðsla mjög röskuð nú.



Mynd 46. Leifar af kálgarðsvegg á Ljónstöðum

Ljónsstaðir 166195 213 - 9

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 403972 Y: 380143

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 15 m


Breidd: 0,5 - 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir
(03.12.1965.3719)



Teikning 16. Tóft no 10.

Staðhættir

Kálgarður er í um 10 m norður frá gamla bænum og 10 m SV af Ljónstöðum I. Hann er um 150 m austur af fjárhúsum Ljónsstaða.

Lýsing

Kálgarðurinn er um 1 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hann er um 15 m á lengd, og liggur hann í NA- SV. Hleðslurnar eru um 3 umför, grasi grónar. Nú er mikil rabbarbararækt í garðinum.

Ljónsstaðir 166195 213 - 10

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 403833 Y: 379921

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 9 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir
(03.12.1965.3719)

Staðhættir

Minjarnar eru um 50 m SV frá núverandi fjárhúsi Ljónsstaða. Tóftin er jafnframt 20 m norður frá Kaldaðarnesskurði og 50 m norður frá Agnesarhól [166203-006].

Lýsing

Minjarnar eru tveggja rýma tóft og eru bæði rýmin svipuð að stærð eða um 2,5 x 3 m að innanmáli. Tóftin er löng og mjó og liggur frá norðri til suðurs. Allt í kring um rústina eru steinar sem virðast vera hluti af hleðslum, þó þeir séu mjög ógreinilegir.



Mynd 47. Garðlag á Ljónsstöðum

Tóftin hefur sennilega verið fjárhús af einhverju tagi. Í henni miðri er millivegur sem er jafnhár og rústin eða um 1 m.og hann er um 2 m á lengd. Engar dyr eru sjáanlegar á rústinni. Hleðslur er lítt grónar öðru en mosa. Mikill arfi er í vesturhluta tóftarinnar, annars er allt grasi gróið bæði inni í tóftinni og í kringum hana.

Ljónsstaðir 166195 213 - 11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 403934 Y: 380547

Hleðsluhæð: 25 cm

Lengd: 35 m

Breidd: 50 cm

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Guðrún Björg Leósdóttir (03.12.1965.3719)

Staðhættir

Minjarnar eru um 100 m suður frá Votmúlavegi og um 300 m norður frá íbúðarhúsaþyrpingu á Ljónstöðum. Minjarnar eru jafnframt um 200 m í há suður frá Smjördölum.

Lýsing

Vel sjánlegir eru tvenn garðlög veggir sem hægt er að aðgreina sem austur- og vesturvegg. Austurveggurinn liggur uppi á hól og eru steinarnir í veggnum mjög greinilegir. Vesturveggurinn liggur hins vegar við rætur hólsins. Við norðurenda veggjanna, liggja endar veggjanna næstum saman. Hleðslurnar eru mjög signar.

Túnið í kringum hólina er mjög þýft og gróðurinn er sá sami og í kring.

Nýibær - 166202-214



Mynd 48. Nýibær, bæjarhóllin gamli er undir fjósinu.

Saga

Nýibær virðist hafa byggst fyrst um miðja 17. öld samkvæmt *Jarðabókinni*, „Nýebær, önnur hjáleiga [Smjördala], bygð í heimatúninu fyrir meir en 60 árum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:114) Í *Sunnlenskum byggðum* segir „Óslitin byggð hefur verið í Nýjabæ svo langt aftur sem skjöl ná.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:336) Jörðin hefur líklega alltaf verið hjáleiga frá Smjördölum, en hún var það árið 1709 þegar *Jarðabókin* var skráð, (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:114) árið 1847 þegar *Jarðatal á Íslandi* var skráð (Johnsen, J. 1847:62) og 1841 þegar *Sýslu- og sóknalýsingar* voru skráðar. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72) Þó er jörðin ekki skráð sem slík í *Manntölunum* 1801 og 1816.

Nýibær hefur hvorki verið stór jörð né þar verið mannmargt. Árið 1801 bjuggu þar hjón ásamt syni sínum og þjónustustúlku en árið 1816 bjuggu þar hjón ásamt þremur

börnum sínum og niðursetningi. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978:232, *Manntal á Íslandi 1816.* 1947-1974:314)

„Landskuld 1 álnir þetta ár, áður 1x álnir. Betalast í landaurum hjer heima. Leigukúgildi iiii. Leigur í smjöri til Skúmstaða. Kvaðir öngvar í næstu 17 ár, áður var mannslán, hestlán og dagsláttur.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:114) Um 138 árum síðar þegar Jarðatal á Íslandi var skráð var landskuld Nýjabæjar 0,50 og kúgildin 4. (Johnsen, J. 1847:62)

Nýibær átti kirkjusókn að Laugardælum árið 1841. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:72)

Býlið er í byggð.

Náttúrufar og jarðabætur

Nýibær var tæplega 1/6 hluti Smjördalatorfunnar en var minni áður fyrr. Eftir Stórubólu fengu landeigendur Nýjabæjar að nýta land hjáleigunnar Hóls í Smjördalatúninu og hefur stærð Nýjabæjar ekki breyst að ráði síðan. (Páll Lýðsson. 1962:1) Samkvæmt túnakorti sem líklega var teiknað árið 1917, var túnið á Nýjabæ 2,3 ha og þar af 3/4 slétt. Matjurtagarðar voru 1016 m². Á túnakorti má sömuleiðis sjá hlöðu, bæ og eitt útihús. (Túnakort [1917]. *Nýibær*) Á heimasíðu *Fasteignamats ríkisins* eru byggingar á landi Nýjabæjar skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt því eru þau hús sem sjást á túnakorti öll horfin. Elsta hús Nýjabæjar er geymsla byggð árið 1938 en í dag standa á jörðinni 11 hús (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.)) Árið 1922 eða 5 árum eftir að túnakortið var teiknað var tún Nýjabæjar 10 ha og hafði því stækkað um 7,7 ha. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:336) Þegar *Fasteignabókin* var rituð var tún Nýjabæjar 3 ha. og matjurtagarðar 1120m². (Fasteignabók. 1932:13) Forn hundraðatala Nýjabæjar er ekki til skráð en ný hundraðatala, árið 1848, er 6,15. (*Ný jarðabók fyrir Ísland.* [Ártal vantar]:31) Kostir og ókostir jarðarinnar eru þeir sömu og á Smjördölum árið 1709. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:114) „Jörðin hefur að hluta samhangandi tún við Smjördali og er þar grýtt undir en gott til

ræktunar. Nýibær á einnig land í nokkrum spildum neðan Votmúlavegar og meðfram Gaulverjabæjarvegi. Það er áveituland og liggur í Breiðumýri.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:336)

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Nýibær Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 6.8. 2004 af <http://www.fmr.is/>

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Nýibær. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Nýibær 166202 214 - 1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 403860 Y: 380731

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Heimildamaður: Óli Andri Haraldsson (1901332229)

Staðhættir

Norður af gamla íbúðarhúsinu og austur af því nýja, standa snyrtileg svínahús, þar undir stóð gamli bærinn samkvæmt túnakorti og heimildarmanni (Óla A. Haraldssyni) sem á bænum bjó.

Lýsing

Engar minjar eru nú sjáanlegar því allt er horfið undir hús.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Nýibær. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Nýibær 166202 214 - 2

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 403860 Y: 380731

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Heimildamaður: Óli Andri Haraldsson (1901332229)

Staðhættir

Norður af gamla íbúðarhúsinu og austur af því nýja, standa snyrtileg svínahús, þar undir stóð gamli bærinn ásamt áfastri hlöðu samkvæmt túnakorti og heimildarmanni (Óla A. Haraldssyni) sem á bænum bjó.

Lýsing

Engar minjar eru nú sjáanlegar því allt er horfið undir hús

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Nýibær. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Nýibær 166202 214 - 3

Sérheiti: Halldórsvarða

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætt

Heimildamaður: Óli Andri Haraldsson (1901332229)

Staðhættir

„Nýibær á land austast á mýrinni. Þar austur við Markaskurð neðanverðan var eitt örnefni, Halldórsvarða. Hún er nú komin í skurðinn milli Smjördala og Sölvholts.“ (Páll Lýðsson. 1962:4)

Lýsing

Halldórsvarða gæti hafa staðið þar sem nú er skurður við Gaulverjabæjarveg, en mörkin eru ekki rétt í dag að sögn Óla A. Haraldssonar fyrrverandi ábúanda í Nýjabæ. Keldan á milli Dísastaða, Smjördala og Nýjabæjar voru einu mörkin sem menn gegndu forðum. Vegurinn er ýmist í landi Smjördala eða Sölvholts í dag. Ekki er því alveg ljóst hvar varðan var, en örnefnaskráin segir að hún sé horfin í skurðinn milli Smjördala og Sölvholts.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Nýibær 166202 214 - 4

Sérheiti: Heródes

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Heimildamaður: Óli Andri Haraldsson (1901332229)

Staðhættir

„Vestan heimreiðar tekur við Nýjabæjartún en ofarlega við heimreiðina að Smjördölum stendur allhár steinn Nýjabæjarmegin. Nefnist hann Heródes ... Við hlið Heródesar stóð að sjálfsögðu kollega hans eða keppinautur Pílatus ... en nú er hann horfinn sjónum fyrir nokkru. Var hann fyrst rifinn að hluta af Brunna-Brynka (Brynjólfi Ólafssyni á Diðriksstöðum) sem vann þá við að byggja fjárhústóft í Nýjabæ.“ (Páll Lýðsson. 1962:5)

Lýsing

Ekki er unnt að gera sér grein fyrir hvar þetta tiltekna fjárhús stóð enda í svæðisskrá engin lýsing á staðsetningu eða stærð. Í hólnum sem er rétt hjá þar sem Pílatus stóð vissi Óli A. Haraldsson að væru hleðslur. Aðrir telja þó að það sé bæjarhóll bæjarins Hóls sem var hjáleiga frá Smjördölum og hefur númerið [ÁR-212: 003].

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Smjördalir, Nýibær og Ljónsstaðir*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Nýibær 166202 214 - 5

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 404651 Y: 380287


Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 9,5 m

Breidd: 2,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta



Teikning 17. Útihús á Nýjabæ

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Mjó, löng túnskák sem í dag tilheyrir Nýjabæ er vestur af túni Smjördala mitt á milli Glóru og Ljónsstaða. Stór djúpur skurður skilur að Smjördala- og Nýjabæjartúnið og annar minni er um 20-30 m frá tóftinni, en hann er um 20 m frá þeim stóra.

Lýsing

Tóftin er ílöng og skiptist í 2 hólfi, annað hólfið er örlítið minna. Hleðslur standa vel og eru mikið grónar á túni í órækt. Hleðslur rúmlega 1 m á hæð þar sem þær eru hæstar. Að innan er tóftin 5 1/2 m og 4 m og er því samtals 9 1/2 m á lengd. Útihúsin snúa N-S.

Nýibær 166202 214 - 6

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 404663 Y: 380330

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð


Heimildamaður: Grétar Sigurjónsson (1008685719)

Staðhættir

Réttartóft er 20 m frá skurðinum sem skilur að Smjördala- og Nýjabæjartún, ekki langt frá útihúsunum á Nýjabæjartúni [166202-214-5]. Í norðvestur eru Smjördalir og til vesturs eru Ljónsstaðir.

Lýsing

Réttin er hringlaga en örlítið ílöng, ekki langt frá í suður frá réttinni eru óglöggar leifar sem gætu hugsanlega verið tóftir. Réttin er u.þ.b. 8 x 4 m að innanmáli.



Teikning 18. Aðhald frá Nýjabæ

Nýibær 166202 214 - 7

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 403792 Y: 380966

Hleðsluhæð: 40 cm

Lengd: 11 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð


Heimildamaður: Óli Andri Haraldsson
(1901332229)

Staðhættir

Við enda heimatúns í Nýjabæ í norðaustri, er hlaðinn garður sem er framhald af garðinum í Smjördölum. Við mörkin milli Smjördala og Nýjabæjar er aðhald eða rétt við garðinn.

Lýsing

Réttin (aðhaldið) er grjóthlaðin og ílöng, um 11 m á lengd að innanmáli og um 6 m breið. Hleðslan stendur enn vel og er hæð hennar u.þ.b. 40 cm. Steinarnir eru aðeins mosavaxnir en engin annar gróður er á hleðslunni.



Nýibær 166202 214 - 8

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: X: 403578 Y: 380720

Hleðsluhæð: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Óli Andri Haraldsson (1901332229)

Staðhættir

Um 150 m í norðvestur frá nýja íbúðarhúsinu við Nýjabæ og 60 m frá girðingu vestanmegin við íbúðarhúsið er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin samanstendur af tveimur hólfum. Nyrðra hólfið er að innan 2 1/2 x 2 m og standa hleðslur hátt eða um 1 m þar sem þær eru hæstar. Inngangurinn er í vestur. Minni dældin er suður af hinni og er enn minni eða um 1 1/2 x 1 1/2 m að innanmáli og virðist inngangurinn vera í norðri. Tóftin er gróin en sést vel í hleðslur innan í tóftinni. Líklega hefur þetta verið lítið útihús af einhverju tagi. Tóftin snýr SA-V.

Nýibær 166202 214 - 9

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 403585 Y: 380729

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Um 10m frá útihúsinu [166202-214-8] um 120 m

norðvestur af íbúðarhúsinu (nýja) eru greinilegar mógrafir. **Teikning 19.**

Lýsing

Mikil dæld er í landinu þar sem grafirnar eru og töluvert annar gróður þar sem mórinn hefur verið tekinn. Ummál grafarinnar er um það bil 210 m.



Nýibær 166202 214 - 10

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 403686 Y: 380990

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Við norðurenda heimatúns á Nýjabæ er hlaðinn garður sem liggur frá austri til vesturs, út frá Smjördölum og heldur þaðan áfram gegn um land Nýjabæjar. Garðurinn er hlaðinn úr mosavöxnu hraungrýti og er ekki sokkinn í gróður. Hann heldur áfram til vesturs framhjá girðingunni sem liggur í S-N og skilur að heimatúnið og önnur tún, og þverar annan grjóttgarð vestan við norðvestur enda heimatúns. Þar sem garðarnir mætast að Dísarstöðum í norður og áfram á jörð Nýjabæjar í vestur. Þessi garður liggur mjög víða á Smjördalatorfunni.



Mynd 49. Mynd af hluta garðsins. Tekið í SA.

Votmúli 1 - 166214-208

Fjöldi minja: 32



Mynd 50' Bæjarhóll Votmúla. Tekið í A.

Saga

Hægt er að rekja sögu Votmúlajarðarinnar í rituðum heimildum allt aftur til ársins 1654 þegar sagt er frá því í Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar að Skálholtskirkja kaupir hálfan Votmúla. (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:3) Saga jarðarinnar ber „... þau einkenni að hjáleigur hafa þotið þar upp í góðæri en horfið jafnharðan aftur og hjáleigumenn hafa komið og farið oftár en tölu verður hér á komið.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1) Í *Jarðabókinni* frá 1709 er getið um fjórar hjáleigur, sem allar eru í eyði á þeim tíma, þ.e. Ásakot [166176-209], Snorrakot, Ísólfskot og Norðurkot [166196-210]. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110-112) Ásakot og Norðurkot komust síðan aftur í byggð. Fjallað er sérstaklega um þær jarðir annars staðar, en þess skal getið að Norðurkot fékk nafnið Lækjamót árið 1950.

Um Snorrakot segir m.a. í *Jarðabókinni*: „Snorrakot, önnur eyðihjáleiga, byggð í heimatúninu hjer um fyrir 30 árum, hefur í næstu 15 ár í eyði legið. ... Þessa brúkar

heimajörðin ut supra. Ekki má heldur aftur byggja, nema heimajörðunni til rýrðar.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:112) „Ekki verður þessa nafns síðan vart í jarðaskjölum Votmúla.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:1) Í *Ábúendatali* er einungis getið um einn búanda á jörðinni í kringum 1680. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*)

Um Ísólfskot segir m.a. í *Jarðabókinni*: „Ísólfskot, þriðja eyðihjáleiga, byggð í heimatúninu fyrir manna minni, hefur í auðn verið næstu 7 ár. ... Þessa grasnyt brúkar heimajörðin ut supra og Ekki má hjer aftur byggja, nema til skaða heimajörðunni ut supra.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:112) Engar heimildir eru fyrir því hvenær byggð hófst í Ísólfskoti, en „[á]rið 1681 er hjáleigumaður í Votmúla er Ísólfur Jónsson heitir. Það nafn er það sjaldgæft að kotið getur vel dregið nafn af honum og þarf hann þó ekki að hafa verið frumbyggji þar. En Ísólfskot hlýtur lík örlög og Snorrakot, það fer í eyði 1702, nafnið týnist og virðist gjörsamlega gleymt mönnum er hjáleigur rísa aftur í Votmúlahverfinu.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:2) Í *Ábúendatali* er einungis getið um einn búanda á jörðinni í kringum 1680. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*)

Á seinni hluta 18. aldar mynduðust nokkrar nýjar hjáleigur á Votmúlatorfunni. Saga Oddskots, síðar Austurkots [166176-211], er rakin á öðrum stað.

„Nýjakot var ein hjáleigan í Votmúlahverfinu nefnd í skýrslum um tjón af völdum jarðskjálftanna 1784. Skýrsla um sama efni 1785 nefnir einnig Nýjakot ...“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:2) Í *Ábúendatali* er getið um búendur á þessum jarðarparti frá 1755 til 1785. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*)

„Tvær þurrabúðir eða tómthús er vitað um á Votmúlatorfunni. Árið 1861 var Diðrik Jónssyni í Votmúla-Norðurkoti þokað af jarðnæði sínu. Fékk hann þá leyfi til að byggja sér þurrabúð í norðaustur frá Norðurkoti [166196-210]. Diðrik nefndi þurrabúð sína Diðriksstaði og stóð þar byggð í um 40 ár.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:3) Sjá nánar um sögu Norðurkots, sem fékk nafnið Lækjamót árið 1950.

„Um aldamótin reis önnur þurrabúð í Votmúlahverfinu, fremst í Norðurkotstúninu, í beina stefnu milli Votmúla og Norðurkots. Nefndist það Litlakot.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar].3) Kot þetta fór í eyði árið 1909 og rústir þess jafnaðar við jörðu. (Páll Lýðsson. [ártal vantar].3)

Heimajörðin virðist snemma hafa verið skipt í Votmúla I (Vesturbær) og II (Austurbær). Árið 1709 eru tveir eigendur að jörðinni, sr. Jóhann Þórðarson prófastur í Laugardælum og Þorsteinn Þorsteinsson að Járngerðarstöðum í Grindavík, en ábúandinn er þá aðeins einn. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110) Tuttugu árum síðar eru svo ábúendurnir orðnir tveir (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*) og er ábúð þannig háttað til ársins 1943 þegar Austurbærinn er lagður undir Vesturbæinn. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:338) Síðan hefur verið einbýli í Votmúla og er enn.

Í *Manntali 1703* kemur fram að sex manns hafi búið í Votmúla. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520) Árið 1729 bjuggu á bæjunum tvær fjölskyldur, ásamt foreldrum annars bóndans, börnum og vinnuhjúum, alls 13 manns. (*Manntal 1729 í þremur sýslum*. 1924-1947:601) Um aldamótin 1800 bjuggu þar einnig 13 manns, m.a. tvær fjölskyldur. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðुरamt*. 1978:231) Og enn er sami fjöldi árið 1816. Þá voru í Votmúla I hjón ásamt vinnumanni, vinnukonum tveimur og niðursetningi. Í Votmúla II bjuggu þá hjón ásamt móður húsbóndans, vinnumanni, tveimur börnum og tókubarni. (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:315)

Um leið og lýst er kaupum Skálholtskirkju á hálfum Votmúla í Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar árið 1654 er greint frá elstu landamerkjum Votmúlatorfunnar. „Þar rekur Jón Ingimundarson, seljandi jarðarinnar, landamerkjaskrána svo eftir minni sínu og föður síns Ingimundar er bjó þar og átti jörðina. Millum Oddagarða og Votmúla úr hól eður rima þeim sem þar er á milli í pytt þann sem skilur Smjördalaland frá Votmúlalandi. Úr þeim pytti og upp í grjótvörðu sem líka er á milli Votmúla og Smjördala. Úr þeirri vörðu, segir hann, að Smjördalamenn vilji halda merkjahellu þá sem skilur land milli Smjördala og Foss en hann þykist heyrt hafa tiltekinn garð þann sem nokkuð austar er en hellan af hvorum líkindi sjáist liggjandi millum suðurs og norðurs. Þaðan í Kerhól sem skilur milli Foss og Votmúla. Úr þeim í Kerhól og í gráan stein sem stendur hjá Unutóft. Þaðan og í Fuglstapaþúfu þá er

stendur á garðinum og skilur land millum Votmúla og Jórvíkur. Þaðan í vörðuna, er stendur fyrir vestan Votmúlafjánhús. Þaðan ræður sjónhending suður á Breiðamýri í móts við Jórvík og Holt. Síðan í fyrrskrifaðan rima sem er á millum Votmúla, Oddagarða og Smjördala og fyrrskrifaður var. Skrá yfir landamerki Votmúlatorfunnar var enn samin í maí mánuði 1889 og er á þessa leið: „Fyrsta mark Gráhellu sem er hornmark á milli Selfoss, Smjördalatorfu og Votmúlatorfunnar, úr Gráhellu í Dysvörðu, úr Dysvörðu í Digruvörðu sem er hornmark á milli Votmúlatorfunnar, Hæringsstaða og Smjördalatorfunnar, úr Digruvörðu bein stefna í Gölt sem er hornmark milli Votmúlatorfunnar, Holts, Stokkseyrartorfunnar og Byggðarhorns, úr Gölt bein stefna milli Votmúla og Jórvíkur í Kerhól sem er hornmark milli Votmúla, Jórvíkur, Bjarkar og Selfoss, úr Kerhól bein stefna í áðurnefnda Gráhellu sem stendur í útnorður frá bænum Diðriksstöðum.“ Beiti landi jarðarinnar var ekki skipt fyrir en 1928 (útskipting Norðurkots) og 1938 er skiptum var lokið.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:3-4)

Þegar landamerki þessi eru rakin sést að jörðin er í lögun sem trapisa.

Um 1840 átti Votmúli kirkjusókn að Laugardælum eins og 17 önnur býli í Sandvíkurhreppi. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72) Nú tilheyrir jörðin Selfosssókn. (Upplýsingakerfið Sarpur. Fornleifaskrá.)

Náttúrufar og jarðabætur

Í *Jarðabókinni* frá 1709 segir m.a. um Votmúla: „Jarðardýrleiki xog so tíundast fjórum tíundum. ... Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenníngi ut supra. En stundum kaupir ábúandi skóg til brúkunna af Þingvallaskógi.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110) Einnig eru taldir upp ýmsir ókostir jarðarinnar, en þrátt fyrir það byggðust margar hjáleigur á jörðinni, eins og áður er rakið. Þessir ókostir eru: „Torfrista og stúnga lök. Móskurður hefur að fornu verið og ekki að gagni þó tilreynt sje. ... Túninu grandar grjóts uppgangur. Engjar eru votsóktar og spillir vatn rótinni. Hætt er kvikfje fyrir holgryfjukeldum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 111.)

Í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847 er dýrleiki allrar jarðarinnar með hjáleigum enn 10 hundruð. Landskuldin er 1,0 og kúgildin 5. Þá virðist aðeins einn eigandi vera að jörðinni. (Johnsen, J. 1847:62) Í *Nýju jarðabókinni* kemur fram að heimajörðin er 4 og 1/6 að forni hundraðstölu, en ný hundraðstala er 17,48. Nýja hundraðstala allrar jarðarinnar er þar 38,9. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31)

Á túnakorti, sem líklega var teiknað árið 1917, sést að í Votmúla I (Vesturbæ) hefur hlaða verið áföst bæjarhúsi ásamt fleiri húsum. Einnig sjást tvö útihús. Tún var þá 4,6 ha og þar af slétt um 6/7. Stærð matjurtagarðs var 1010 m². (Túnakort [1917]. *Votmúli (vesturbær)*) Á Austurbænum er hlaðan einnig áföst bæjarhúsinu og þar sjást einnig tvö útihús. Túnið sem tilheyrði honum var 1,8 ha og þar af slétt 2/3. Stærð matjurtagarðsins var 723 m². (Túnakort [1917]. *Votmúli (austurbær)*) Samkvæmt *Fasteignabókinni* frá 1932 eru túnin hins vegar samanlagt aðeins talin 8,5 ha (í Votmúla I (Vesturbæ) ásamt hjáleigunni Austurkoti 6,5 ha og í Votmúla II (Austurbæ) 2 ha). Heyafli töðu er þá 350 hestar og útheys 1150 hestar. Matjurtagarður Votmúla I er 21 m², en Votmúla II 8 m². (*Fasteignabók*. 1932:13) Árið 1977 var tún allrar jarðarinnar 35 ha. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:338)

Í ritinu *Sunnlenskar byggðir* er greint frá byggingum í Votmúla um 1980, en þá er aðeins búið í Vesturbænum. Þá var tveggja ára gamalt íbúðarhús á jörðinni, en fjósið var byggt 1936. Auk þess voru alifuglahús, verkfærageymsla og fleiri byggingar á jörðinni. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:338) Á vef *Fasteignamats ríkisins* í ágúst 2004 kemur fram að íbúðarhúsið frá 1978 er enn notað auk fyrrnefndrar hlöðu. Auk þess er þar ný 1330,5 m² reiðskemma, byggð 2003 auk nokkurra eldri hesthúsa. (*Fasteignamat ríkisins*. (Engin dags.))

Í bók Bjarna Harðarsonar, *Landið, fólkið og þjóðtrúin*, er getið um þrjá álagabletti á jörðinni Votmúla. Fyrst skal nefna Fagurhól [166214-208-021], en þar er sagt að Vöttur, frumbyggji Votmúla, sé heygður, en „[s]vo sem kunnugt er var algengasta vörn haugbúans gegn því að haugur hans væri rofinn að nálægur bær eða kirkja sýndist standa í ljósum logum um leið og byrjað var að grafa. Framtakssamir Flóamenn ætluðu að sjá við þessu ráði Vattar og skipuðu einn á vörð heim á bænum meðan hinir fóru að grafa. En þegar bærinn var svo vandlega vaktaður fyrir sjónhverfingunum brá svo við að reykt lagði upp af skóflunum svo sem þær stæðu í

báli. Var þá greftri hætt.“ (Bjarni Harðarson. 2001:18) Bæjarhóllinn í Votmúla er einnig sagður vera álagablettur. „Hól þennan ... má enginn slá nema bóndinn á bænum. Snúningastrákur sem þarna var árið 1929 veitti því eftirtekt að meðan allt túnið var slegið með vél fór bóndinn á bænum á bæjarhólinn og sló hann með orf og ljá. Var hóllinn þó vel véltækur. Ástæðan var sú að bóndinn fékkst ekki við að slá með vélum og því varð hann að slá hólinn með þessum hætti. Væri útaf þessum átrúnaði brugðið mátti búast við að bærinn stæði í ljósum logum.“ (Bjarni Harðarson. 2001:70) „Í Votmúla er líka tjörn austast í bæjartúni sem er álagablettur. Hana má ekki slá.“ (Bjarni Harðarson. 2001:70)

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríksins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Votmúli Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 19.8. 2004 af <http://www.fmr.is/>

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal 1729 í þremur sýslum. 1924-1947. Tekið saman af Hans Oluf Hansen. Viðauki við Manntal á Íslandi 1703. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.*

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Votmúli (austurbær). Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.*

Túnakort [1917]. *Votmúli (vesturbær). Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.*

Upplýsingakerfið Sarpur. Fornleifaskrá. 166214-208 *Votmúli 1. Þjóðminjasafn Ísland.*

Votmúli 1 166214 208 - 1

Sérheiti: Vesturbær

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 402178 Y: 380309

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð



Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009) **Mynd 51.** Bæjarhóll Votmúla - vesturbærinn. Tekið í NA.

Staðhættir

Núverandi Votmúlavegur liggur yfir sunnanverðan bæjarhólinn frá vestri til austurs. Hann er 20 m norðan við núverandi íbúðarhús á Votmúla og 100 m NV af íbúðarhúsi í Austurkoti [166176-211].

Lýsing

Mesta þvermál hólans er 80 m frá austri til vesturs en 60 m frá norðri til suðurs. Hæð hans er um 4 m. Í dag (2005) standa steinsteypt útihús á hólnum.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúli (vesturbær). Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.*

Votmúli 1 166214 208 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

Á túnakorti sést að það hafa verið útihús vestan og örlítið norðan við núverandi útihús í Votmúla, sem standa á bæjarhólnum [166214-001] (Túnakort [1917]. *Votmúli (vesturbær)*)

Lýsing

Þar sem útihúsin voru eru stór og mikil vel ræktuð og slétt tún, með tilheyrandi skurðum og girðingum en engin merki eru um tóftir á svæðinu.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúli (vesturbær)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjallasafn Íslands.

Votmúli 1 166214 208 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

Á túnakorti sést að það hafa verið útihús vestan við núverandi útihús í Votmúla, sem standa á bæjarhólnum [166214-001]. (Túnakort [1917]. *Votmúli (vesturbær)*)

Lýsing

Þar sem útihúsin voru eru stór og mikil vel ræktuð og slétt tún, með tilheyrandi skurðum og girðingum og engin merki eru um tóftir á svæðinu.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúli (vesturbær)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjallasafn Íslands.

Votmúli 1 166214 208 - 4

Sérheiti: Votmúli (Austurbær)

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 402170 Y: 380233



Mynd 52. Bæjarhóll

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

Nú stendur íbúðarhúsið í Votmúla á bæjarhólnum, þar sem Austurbærinn hefur væntanlega staðið. (Túnakort [1917]. *Votmúli (austurbær)*)

Lýsing

Það sem eftir er af hólnum er um 22 m í þvermál frá austri til vesturs, en 23 m frá norðri til suðurs. Hóllinn er um 1 m að hæð. Á eða við bæjarhólinn hefur verið kálgarður [166214-017].

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúli (austurbær)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Votmúli 1 166214 208 - 5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning: X: 402126 Y: 380012

Þvermál: 25 - 35 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

Á túnakorti sést útihús sunnan við bæjarhól Austurbæjar. (Túnakort [1917]. *Votmúli (austurbær)*) Um 185 m SSV af íbúðarhúsinu í Votmúla og 153 m beint suður af brunni [166214-031] er lágur, aflíðandi vel gróinn hól og gæti þar hafa verið útihús. Hann er 20 m vestur af hól sem hefur númerið 166214-030.

Lýsing

Hóllinn er í ræktuðu, sléttu túni og er með sama gróðri og túnið í kring. Í norðanverðum hólnum sést móta fyrir svolítilli hvílt, sem gæti verið vísbending um rúst. Jafnvel gætu verið fleiri slíkar dældir í hólnum. Hæð hólins er um 1 m. Mesta lengd hans N-S er 35 m, en 25 m í A-V.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúli (austurbær)*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Votmúli 1 166214 208 - 6

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 402152 Y: 380263

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

Á túnakorti sést að það hefur verið útihús örfáum metrum vestan við matjurtagarð og bæjarhús Austurbæjar. Á túnbletti (þar sem hestum er beitt) um 25 m NA við núverandi íbúðarhús í Votmúla og 50 m suður af bæjarhól [001] er óregluleg steinapýrping, sem hugsanlega gætu verið leifar þessa útihúss. Þýrpingin er rétt norðan við gamla Votmúlavegin eins og hann sést á túnakorti, en það virðist móta fyrir honum þar sem hann liggur frá austri til vesturs í túnblettinum.

Lýsing

Einungis sjást nokkrir steinar í óreglulegri þýrpingu í grónu túni. Yfirleitt sést bara í koll steinanna. Milli steinanna eru einnig seinni tíma steypuklumpar.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúli (austurbær). Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Votmúli 1 166214 208 - 7

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Heimild

Ástand: Slæmt

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Torfrista og stúnga næg.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110) „Ekki verður þar mór tekinn sökum vatns og leirforar.“ (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:66)

Lýsing

Ekki fengust upplýsingar um hvar mógrafir hafa verið.

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Votmúli 1 166214 208 - 8

Hlutverk: Rista

Tegund: Heimild

Ástand: Slæmt

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Torfrista og stúnga næg.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110)

Lýsing

Ekki fengust upplýsingar um hvar torftökusvæðið hefur verið.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Votmúli 1 166214 208 - 9

Sérheiti: Snorrakot

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Ástand: Slæmt

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Snorrakot hét önnur eyðihjáleigan árið 1709, „byggð í heimatúninu hér um fyrir 30 árum“ eða um 1680. Snorrakot hafði legið í eyði hartnær 15 ár er jarðabókin var rituð. Ekki verður þessa nafns síðan vart í jarðaskjölum Votmúla.“ (Páll Lýðsson. [ártal

vantar]:1) „[Þessa grasnyt] brúkar heimajörðin ... Ekki má hjer heldur aftur byggja, nema heimajörðinni til rýrðar.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:112)

Lýsing

Ekki er vitað hvar Snorrakot var.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 10

Sérheiti: Ísólfskot

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 402496 Y: 380473



Mynd 53. Hóllinn þar sem Ísólfskot stóð. Tekið í V.

Lengd: 37 m

Breidd: 18 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„... Ísólfskot. Engar heimildir eru fyrir því, hvenær byggð var þar hafin en kotið stóð í heimatúninu eins og Snorrakot [166214-009]. Árið 1681 er hjáleigumaður í Votmúla er Ísólfur Jónsson heitir. Það nafn er það sjaldgæft að kotið getur vel dregið nafn af honum og þarf hann þó ekki að hafa verið frumbyggji þar. En Ísólfskot hlýtur lík örlög og Snorrakot, það fer í eyði 1702, nafnið týnist og virðist gjörsamlega gleymt mönnum er hjáleigur rísa aftur í Votmúlahverfinu.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1-2) „Ísólfskot ... byggð í heimatúni fyrir manna minni, hefur í auðn verið næstu 7 ár [í eyði

frá 1702] ... Þessa grasnyt brúkar heimajörðin ... Ekki má hjer aftur byggja, nema til skaða heimajörðunni ...“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:112) Í ræktuðu túni sem er í krikanum þar sem Lækjamóta- og Votmúlavegir mætast er lítill, ávalur og vel gróinn hóll, um 50 m NV af vegamótunum. Hann er um 300 m suður af íbúðarhúsinu í Lækjamótum [166196] og annað eins NA af útihúsum Austurkots [166176].

Lýsing

Þvermál hólins er um 37 m frá norðri til suðurs og 18 m frá austri til vesturs. Hæð hans er 0,80 til 1 m. Hann er vel gróinn sama gróðri og í túninu í kring. Í hólnum sjást a.m.k. þrjár dældir sem hugsanlega eru mótaðar af veggjahleðslum undir sverðinum.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 11

Sérheiti: Digravarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Fremst á Votmúlamýri áttu allar jarðirnar sitt mýrarstykki og lágu þau öll fram að Hreppamannaskurði. Austast á mýrinni var Austurbæjarmýrin sem náði niður í hornmarkið Digruvörðu [hornmark milli Votmúlatorfunnar, Hæringsstaða og Smjördalatorfunnar].“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:4)

Lýsing

Ekki er vitað hvar Digravarða var og ólíklegt er að ummerki um hana finnist.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 12

Sérheiti: Sturla

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 403170 Y: 379569

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Vesturbæjarengjar tóku við fyrir ofan Austurbæjar- og Norðurkotsmýrar og voru engjamörkin um þessa hóla: Úr Votmúlaskurði um Þrívörður [166214-013] í Engjahól. Það var hornmark í vestri og var nú tekin stefnan í norður, fyrst gegnum vörðu, er Sturla nefndist en þaðan beint í Stráka við Kaldaðarnesskurð.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:5)

Lýsing

Staðsetning er ekki alveg örugg en Sturla er nokkurnvegin þar sem GPS-punktur var tekinn að sögn Páls Lýðssonar sem var með í för. Sturla er við Sturlakompur í Vesturbæjarengjum. Þar eru fimm skurðir með litlu millibili suður af Kaldaðarnesskurði.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 13

Sérheiti: Þrívörður

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Vesturbæjarengjar tóku við fyrir ofan Austurbæjar- og Norðurkotsmýrar og voru engjamörkin um þessa hóla: Úr Votmúlaskurði um Þrívörður í Engjahól. Það var hornmark í vestri og var nú tekin stefnan í norður, fyrst gegnum vörðu, er Sturla nefndist en þaðan beint í Stráka [sem er varða] við Kaldaðarnesskurð.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:5)

Lýsing

Ekki er vitað hvar Þrívörður voru og ólíklegt er að ummerki um þær finnist því grafnir hafa verið stórir skurðir á svæðinu.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 14

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Stífla

Staðsetning: X: 402842 Y: 379298

Hleðsluhæð: 40-50 cm

Lengd: 1000 m

Breidd: 60-100 cm

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

Garður til varnar því að vatn flæði inn á engjar er á svæði norðan við Kaldaðarnesskurð og austan Stebbaskurðar. Vestasti og nyrsti hluti hans er um 50 m fyrir austan íbúðarhús Austurkots.

Lýsing

Næst Austurkoti sést vel steinahleðsla í garðinum. Þar er 25 m langur garðhluti sem liggur frá suðri til norðurs og nyrst beygir hann beint í austur á 30 m kafla. Lengsti hluti (350 m) garðsins liggur suð-austur frá Austurkoti. Þar er kröpp beygja í suður og er sá hluti 250 m langur. Út frá þessum hluta eru tveir minni garðar. Annar hefst um 100 m frá nyrsta punkti langa garðsins og liggur í suð-austur og er 60 m. Hinn hefst 70 m sunnar. Hann er 290 m og liggur fyrst í vestur og tekur síðan sveig í suðurátt. Fyrir miðjum þessum garði var GPS-punkturinn tekinn. Við suðurenda langa garðsins myndast nokkurs konar hringur sem er 8 x 11 m í þvermál. Garðurinn er talsvert gróinn og útflattur.

Votmúli 1 166214 208 - 15

Sérheiti: Vestastahús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402004 Y: 379061

Hleðsluhæð: 100 - 155 cm

Lengd: 19,5 m

Breidd: 8 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)


Staðhættir

„Votmúlarimar eru fyrir vestan og norðan Vesturbæjarmýri í horninu upp að Kaldaðarnesskurði og Jórvíkurmörkum. Þar suður undir flóðgörðum voru tvö beitarhús frá Votmúla: Vestastahús alveg vestur við mörk, það er nú á brott, og Miðhús [016] allmiklu austar. Þar eru nú fjárhús Þorvarðar Þórðarsonar.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:5) Tóft beitarhússins er 100 m vestur af rétt nr. 166214-026 í beina stefnu suður af vesturenda Ingólfsfjalls, suður af Jórvíkurbænum. Hún er um 60 m austan við Jórvíkurmörk. Tóftin er 50 m suður af tóft nr. 166214-027.

Lýsing

Í kringum tóftina er minna um þúfur enn annars staðar í túninu. Þar er grasið nú grænna en umhverfið. Jafnframt eru fíflar og sóleyjar í og við tóftina. Hleðslan er 1,55 m þar sem hún er hæst. Veggirnir eru með 5 umför með streng á milli. Í garða sem er fyrir miðju eru 3 umför steina. Þessi garði er um 1 m að breidd. Í norðurenda hefur líklega verið hlaða, því garðinn nær ekki alveg út í þann enda. Inngangur er fyrir miðjum suðurenda. Innanmál tóftarinnar er um 4 x 15 m.

Heimildaskrá



Teikning 20 Beitarhús

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 16

Sérheiti: Miðhús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402302 Y: 379307

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 10 m

Breidd: 8 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Votmúlarimar eru fyrir vestan og norðan Vesturbæjarmýri í horninu upp að Kaldaðarnesskurði og Jórvíkurmörkum. Þar suður undir flóðgörðum voru tvö beitarhús frá Votmúla: Vestastahús [166214-015] alveg vestur við mörk, það er nú á brott, og Miðhús allmiklu austar. Þar eru nú fjárhús Þorvarðar Þórðarsonar.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:5)Vegur, sem liggur suður frá stóru og nýlegu hesthúsi Votmúla, endar u.þ.b. við Miðhús og eru húsin austan við hann. Húsið stendur í Votmúlamýri.

Lýsing

Í dag stendur ónýtt útihús klætt bárujárn þar sem Miðhús [016] voru, og er það um 10 x 8 m á stærð. Um 1 m vestan við húsið er gömul hleðsla um 12 m löng og 2 m breið. Hún er um 1 m þar sem hún er hæst. Hún er grasi gróin og fallin að einhverju leyti þó það sjái í hleðslustein.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.



Mynd 54. Miðhús, beitarhús frá Votmúla.

Votmúli 1 166214 208 - 17

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 402170 Y: 380233

Lengd: 6 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Átti þá Austurbærinn allt túnið fyrir sunnan veg og nefndist það Framtún. ... Náði Framtún Austurbæjar vestur að smáskurði er gengur frá bæjarkálgarði í Votmúla fram eftir.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:5). Kálgarður þessi hefur líklega verið í vestanverðum bæjarhól Austurbæjar [166214-004], þar sem íbúðarhús Votmúla stendur nú.

Lýsing

Það sem eftir er af hólnum er um 22 m í þvermál frá austri til vesturs, en 23 m frá norðri til suðurs. Nú er hóllinn um 1 m að hæð. Það sést votta fyrir hleðslu sem liggur samsíða húsinu, í um 5 metra fjarlægð frá vesturvegg þess. Nú eru um 6 m eftir af hleðslunni, en hluti hennar hefur líklega eyðilagst þegar gerður var grunnur að palli við húsið. Hún liggur í sveig að húsinu. Þessi hleðsla gæti verið gamli kálgarðsveggurinn.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 18

Sérheiti: Engjavegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401841 Y: 380011

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Vestan [við] Framtún er nýrækt sem öll myndi tilheyra Vesturbænum ef sú skipting væri enn höfð á. Óskýrt stykki er næst fyrir vestan Syðra-Framtún. Þar fyrir vestan er stykki sem Ósómi nefnist...Vestan við Ósóma er Engjavegur ...“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:6)

Lýsing

Hér er væntanlega átt við svæði sem er vestan við stórt og nýlegt hesthús í Votmúla og nær vestur að Jórvíkurskurði og er fyrir sunnan Kaldaðarnesskurð. Nú eru hér stór og mikil vel ræktuð og slétt tún, með tilheyrandi skurðum og girðingum. Ekki sjást nein ummerki um veg á svæðinu. Engjavegur hefur verið á svipuðum stað og Álftaflóðsvarða [166214-019] og er GPS-punkturinn því sá sami.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 19

Sérheiti: Álftaflóðsvarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401841 Y: 380011

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Staðhættir

„Vestan við Ósóma er Engjavegur [166214-018] og vestan hans fyrir framan svonefnda Framkeldu er Kríutangi, slétt tún og lágt. Nær það í odda allt fram að Álfarflóði í Jórvíkurmörkum en við flóðið er Álftaflóðsvarða, þar sem stefnunni úr Kerhól í Gölt hnikar örlítið til. Annað og eldra nafn á þessu hornmarki er Fuglstapaþúfa, svo sem eldri landamerkjaskráin sýnir.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:6) Þessi varða hefur væntanlega verið þar sem Jórvíkur- og Kaldaðarnesskurðir skerast á landamörkum Votmúla og Jórvíkur um 300 m vestan við nýtt hesthús í Votmúla.

Lýsing

Engin merki sjást um þessa vörðu í dag og líklegt er að hún hafi eyðilagst þegar umræddir skurðir voru gerðir. Hún hefur verið á svipuðum slóðum og Engjavegur og er GPS-punktur þessara tveggja örnefna sá sami.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 20

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 402178 Y: 380309

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Staðhættir

„Fyrir norðan Votmúlabæinn er smáskurður er Litliskurður nefnist. Vestan hans er Bakvöllur, fyrir norðan og vestan bæinn, og nær hann vestur og norður að Votmúlakeldu en suður að Votmúlavegi. Fyrir norðan Litlaskurð og Bakvöll er Kóngsstykki. Það var ræktað er kóngurinn [Kristján X Danakonungur] kom til landsins árið 1930. Á Kóngsstykki eru líklegar bæjarrústir en með öllu gleymt hvaða bær eða kot hefur staðið þar.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:6)

Nánari lýsing

Hér er væntanlega átt við svæði sem er rétt vestan og norðan við núverandi útihúsi í Votmúla, sem standa á bæjarhólnum [166214-001]. Nú (2005) eru hér stór og mikil vel rækтуð og slétt tún, með tilheyrandi skurðum og girðingum. Ekki sjást nein ummerki um fornminjar á svæðinu.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 21

Sérheiti: Fagurhóll

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Þjóðsaga

Staðsetning: X: 402277 Y: 380375

Þvermál: 11 x 12 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð



Mynd 55. Faguróll -kuml ? Tekið í NV.

Staðhættir

„Austan Litlaskurðar er Austurtún, fyrir austan bæinn en ofan vegar. Í því er Fagurhóll, beint í norður frá Austurkoti og rétt við túnmörkin á Austurkotstúninu. Sagt er að Vöttur sá er Votmúla byggði sé heygður þar. Gömul munnmæli herma að að reynt hafi verið að grafa í hólinn en ekki tekist því gröfurunum sýndist þá Votmúlabær standa í ljósum loga. Voru þeir ófúsir að hætta og sendu einn heim að slökkva eldinn en þá tók ekki betra við því nú fór að rjúka úr skóflunum. Var þá öllum greftri hætt en haugbúinn fékk að liggja í friði.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:6) Fagurhóll er 70 m í beina stefnu norður af íbúðarhúsi í Austurkoti, en um 300 suður af íbúðarhúsi í Lækjamótum. Austast í hólnum eru staurar fyrir rafmagnslínur. Stag frá staurnum er fest í hólinn.

Lýsing

Þvermál hólins er 11 x 12 m og hæð hans er um 1,35 m. Í honum vestanverðum stendur járnkrókur upp úr sverðinum en festing hans sést ekki. Miklu meiri gróðureyðing er á hólnum en umhverfis hann, líklega vegna ágangs hesta. Sá litli gróður sem er þar er sá sami og í túninu í kring.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 22

Sérheiti: Votmúlastekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402414 Y: 381320

Hleðsluhæð: 40 cm

Lengd: 5 m

Breidd: 4 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð


Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson
(1204607819)

Staðhættir

Stekkur er uppi á litlum grónum hól. Hann er um 50 m SSA frá húsinu Sóley, um 150 m norður af tipp frá Selfossbæ og í beina stefnu vestur frá Dísarstöðum.

Lýsing

Nú sést aðeins móta fyrir tveimur veggjum stekkjarins, norður- og vesturvegg. Sennilega hefur stekkurinn verið ferkantaður. Gróður er sá sami og umhverfis hann, þ.e. gras og mosi, sem getur bent til þess að hann mjög gamall. Auk þess eru hleðslurnar mjög sokknar, sem eru vísbending um háan aldur. Mesta hæð hleðslu er **Teikning 21 Fjárhús Votmúla**. Innanmál stekkjarins er 3,9 x 3,0 m. Utanmál er 5,0 x 4,0 m. Varða hefur verið hlaðin í miðju stekkjarins [166214-032].



Votmúli 1 166214 208 - 23

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402544 Y: 379334

Hleðsluhæð: 50 - 150 cm

Lengd: 17 m

Breidd: 7 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um 250 m austur af Miðhúsum [166214-016] og u.þ.b. 150 m vestur af landamerkjaskurði Austurkots og Votmúla eru fjárhús.

Lýsing

Fjárhústóftin stendur vel og má sjá heila hleðslur í henni en aðallega í vesturvegg hennar, sem er heillegastur. Þar er hleðslan allt að 1,5 m á hæð. Tóftin liggur norður-suður og er inngangurinn í suður. Einhverskonar aðhald er fast norðan við tóftina. Mosi og gras vex á og í tóftinni en það er sami gróður og í umhverfinu í kring.

Að innanmáli er tóftin tæplega 6 x 3 m á stærð og að utan 10,5 x 7 m. Aðhaldið norðan við tóftina er að innanmáli 5 x 4 m og að utan 7 x 6 m. Í heildina er því mesta utanmál tóftarinnar um 17 x 7 m.

Votmúli 1 166214 208 - 24

Sérheiti: Kerhóll

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðsetning: X: 401599 Y: 381401

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„ ... Rétt fyrir ofan Votmúlatún, að sjá í Kerhól, hornmark Votmúla gagnvart Selfossi, Björk og Jórvík.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:7) Um 12 m vestur af reiðvegi við Hólahverfi á Selfossi er hornmarkið Kerhóll.

Lýsing

Kerhóll er lítill, aflíðandi hóll. Á miðjum hólnum stendur gamall rafmagnsstaur.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 25

Sérheiti: Gráhellu/Grásteinn

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðsetning: X: 402367 Y: 381492

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„Þá er rétt að geta annars hornsmarks Gráhellu eða Grásteins sem er hornmark gagnvart Selfossi og Smjördalatorfu.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:7) Hornmarkið er óunninn náttúrusteinn. Hann er 100 m norður af íbúðarhúsinu Sóley, en um 300 m norður af tipp í túni Lækjamóta. Hann er um 300 m SSA af Sunnulækjarskóla á Selfossi. Steinninn stendur við staur á girðingu sem skilur að landareign Lækjamóta og Selfoss. Frá Lækjamótaveginum liggur girðingin nánast í V-A, en við sveran staur sem Grásteinn stendur við breytir girðingin um stefnu og sveigir aðeins í norður.

Lýsing

Hæð steinsins er um 1,20 m en mesta umfang hans er um 1,5 x 0,5 m. Hann er mosavaxinn. Umhverfis steinninn er mjög þýft, en mikið af hraungrýti stendur upp úr sverðinum. Austan við steinninn hefur verið steypt niður járnör (líklega fastmerki).

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Votmúli 1 166214 208 - 26

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402175 Y: 379160

Hleðsluhæð: 40 cm

Lengd: 6 m

Breidd: 5,5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Tóft er 100 m austur af Vestastahúsum [166214-015] og 100 m suður af tamningahúsi í Votmúla.

Lýsing

Tóftin liggur frá norði til suðurs og ekki verður betur séð en um sé að ræða rétt með tveimur dilkum, sá nyrði eilítið stærri (2,5 x 3,0 m) en sá syðri (1,5 x 3,0 m) og gengt á milli þeirra. Ekki er hægt að átta sig á hvar hlið hefur verið inn í réttina. Vel sést móta fyrir hleðslu úr hraungrýti þó hún sé lág, um 40 cm. Þýft er í og við tóftina, grasi gróið með mosa- og lyngívafi.

Votmúli 1 166214 208 - 27

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401972 Y: 379122

Hleðsluhæð: 40 cm

Lengd: 7 m

Breidd: 3,5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um 50 m norður af Vestastahúsi [166214-015] er tóft, sem líklega eru leifar einhvers konar aðhalds eða lítils fjárhúss.

Lýsing

Tóftin liggur frá norðri til suðurs og eru veggir hennar mjög útflattir, þannig að þó utanmál tóftarinnar sé 3 x 6,5 m er innanmál einungis 1 x 2 m og jafnvel má greina tvo næstum jafnstóra dilka, sem gengt er á milli. Vel sést móta fyrir hleðslu úr

hraungrýti þó hún sé lág, um 40 cm. Mikið mosavaxið hraungrýti er einnig inni í tóftinni. Tóftin er í þýfðu, grasi vöxnu túni og grasi gróið er inni í tóftinni.

Votmúli 1 166214 208 - 28

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402218 Y: 379325

Lengd: 21 m

Breidd: 8 - 12 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

Í Votmúlarimum er tóft, um 70 m vestur af Miðhúsum [166214-016] og um 150 m norður af tóft nr. 166214-026. Tóftin er í þýfðu túni, sem nýtt er sem beitoland (2005).


Lýsing

Vel sést móta fyrir hleðslu, tveimur umförum á

Teikning 22 Rétt frá Votmúla.

stöku stað. Tóftin er gróin að innan með sama gróðri og umhverfis, en svolítið sléttari. Tóftin er nokkurn veginn ferköntuð, en mjókkar þó svolítið í norðurendanum. Út frá suðurenda virðast ganga tveir stuttir veggir. Við suð-vestur-horn er sérstök kró, sem er næstum hornréttur ferningur. Hugsanlega hefur verið hlið milli krónna á suðurvegg við hlið þeirra minni.

Hlið inn í minni krónna er líklega á suðurvegg.



Votmúli 1 166214 208 - 29

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402516 Y: 379404

Lengd: 5 m

Breidd: 4 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

Tóft er 300 m beint austur af Miðhúsum [166214-016], 50 m norður af rúst nr. 166214-023. Hún er í miðju þýfðu túni.

Lýsing

Tóftin er mjög hrúin, en greinilegastur er vesturveggurinn. Þetta gæti verið lambakró eða hlaða við fjárhúsið. Steinarnir í hleðslunni eru mosavaxnir og eru talsvert dreifðir í kring. Hæst er hleðslan um 50 m.

Votmúli 1 166214 208 - 30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðsetning: X: 402179 Y: 380049

Þvermál: 30 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um er að ræða aflíðandi, sléttan hól í grónu túni um 185 m suður af núverandi íbúðarhúsi í

Votmúla í beina stefnu norður af Miðhúsum [166214-016], sem eru í um 750 m fjarlægð. Hóllinn er um 153 m suður af brunni nr. 166214-031.

Lýsing

Sami gróður er á hólnum og í ræktuðu túninu í kringum hann. Þvermál hans er um 30 m í SN, en 25 í AV. Hann er um 1 m að hæð. Í hólnum sunnanverðum sést móta fyrir dæld sem er um 5 x 6 m, sem gæti verið merki um tóft.



Mynd 56 Óþekkt þúst. Í túninu í Votmúla, reiðskemman ábúenda og Ingólfsfjall í baksýn

Votmúli 1 166214 208 - 31

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 402158 Y: 380200

Þvermál: 1,5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Brunnur er um 24 m SV af núverandi íbúðarhúsi í Votmúla og um 150 m norður af þúst nr. 166214-030. Stórt hesthús er um 50 m vestan við brunninn.

Lýsing

Brunnurinn er hola í sléttu, grónu túni, en í kringum holuna sést að hlaðið hefur verið í kringum brunninn, en sú hleðsla er nú að mestu leyti hrúnn ofan í hann. Á milli þessara steina sést að brunnurinn hefur verið styrktur að innan með hleðslu og jafnvel líka tréverki. Brunnurinn er 1,5 í þvermál, en ekki er hægt að átta sig á dýpt hans vegna hrúns ofan í hann.

Votmúli 1 166214 208 - 32

Hlutverk: Varða

Tegund: Varða

Staðsetning: X: 402414 Y: 381320

Þvermál: 2,2 x 1,8 m

Hleðsluhæð: 25 cm

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson (1204607819)

Staðhættir

Inni í Votmúlastekk [166214-022] eru leifar vörðu. Tilgangur vörðunnar á þessum stað er ekki ljós.

Lýsing

Varðan er fallin og er mesta þvermál hennar 2,20 x 1,80 m. Hleðsluhæð er mest 25 cm. Hún er mosagróin, svo líklegt er að talsvert langt er síðan hún hrundi.

Austurkot m/Ásakoti - 166176

Fjöldi minja: 4

Saga

Ásakot var ein af hjáleigum Votmúla [166214-205], en sögu þess má rekja til seinni hluta 17. aldar, líklega um 1680, því í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir m.a.: „Ásakot, eyðihjáleiga, byggð í fyrstu hjer um fyrir 30 árum, og varaði byggðin inn til næstu 5 ára.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:111) Í *Manntalinu* frá 1703 er getið um að ábúandi einnar hjáleigu Votmúla heiti Ásgrímur Arngrímsson, en nafn hjáleigunnar er ekki nefnt. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520) Ekki er ósennilegt að „... kotið beri nafn hans, þar sem byggð var ekki eldri þar. En næsta ár hverfur Ásakot úr byggð og byggist líklega ekki aftur fyrr en um 1740. Þá búa þar þrír bændur hver fram af öðrum og sumir í mikilli fátækt og er líklegt að sá síðasti þeirra hafi flosnað upp um 1758. Síðan er ekki byggt í Ásakoti fyrr en um Móðuharðindi [eftir 1783]. Þar verður nú samfelld byggð allar götur til 1946 er Guðmundur Alexandersson bregður búi, nýorðinn ekkjumaður. Þá fer Ásakot að fullu og öllu í eyði og er lagt til Austurkots [166176-211].“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1)

Aldrei virðist hafa verið mjög mannmargt í Ásakoti. Í *Manntalinu* frá 1703 búa þar hjón með tvö börn, (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520) sjö manns árið 1801, (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978:232) fjórir árið 1816. (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:315) Í *Manntalinu* frá 1845 er hjáleigan Ásakot reyndar ekki undir nafni, aðeins nefnd sem ein af hjáleigum Votmúla. En þegar *Ábúendatal* og *Manntalið* er borið saman má sjá að þá búa á þessum jarðarparti 6 manns, þar af einn sem hefur grasnyt af jörðinni. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000* og *Manntal á Íslandi 1945. Suðuramt*. 1982)

Ásakot átti kirkjusókn að Laugardælum. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72)

Náttúrufar og jarðabætur

„Ásakot er í útjaðri Austurkotstúns [166176-211] og var sú hjáleiga tæpur sjöundi partur Votmúlatorfunnar.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:339)

Landskuld Ásakots var 11 álnir árið 1709, greidd í landaurum til heimabóndans. „Leigukúgildi ii. Leigur í smjöri til heimabóndans. Kvaðir mannslán til skipsáróðurs um vertíð, galdst in natura, hestlán og dagsláttur, ogso in natura. Fóðrast kunni iii kýr, x ær, vi lömb, i hestur.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:111-112.) Þessa grasnyt nýtti þá heimajörðin, en eins og áður sagði var hjáleigan í eyði á þessum tíma. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:111-112)

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er dýrleika Ásakots ekki getið sérstaklega en talið með Votmúla [166214-208] sem metið er á 10 hundruð. Landskuldin er 0,40 og kúgildin 2. Ábúandi er sagður vera 1 leiguliði. (Johnsen, J. 1847:62.) Í *Nýju jarðabókinni* frá 1848 kemur fram að Austurkot er $1 \frac{2}{3}$ að forni hundraðstölu, en ný hundraðstala er 6,35. Forna hundraðstala allrar jarðarinnar er þar 10, en sú nýja 38,9. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31)

Í skiptagerð dánarbús Þorleifs ríka Kolbeinssonar á Háeyri á Eyrarbakka er Ásakot ein af 50 jarðeignum hans, metin á 6 hundruð. (Jón Pálsson. 1945:70-71)

Á túnakorti, sem líklega var teiknað árið 1917, sjást þrjú útihús. Tún var þá 1,8 ha og þar af slétt um $\frac{1}{7}$. Stærð matjurtagarðs var 1072 m². (Túnakort [1917]. *Votmúli Austurkot*) Samkvæmt *Fasteignabókinni* frá 1932 er tún Ásakots sagt vera 2,1 ha og stærð matjurtagarðs sú sama. (*Fasteignabók*. 1932:13)

Rétt er benda á að um sögu Votmúla [166214-208] er fjallað á öðrum stað og þar eru m.a. landamerki jarðarinnar rakin.

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Pálsson. 1945. *Austantórur.* I. bindi. Guðni Jónsson bjó undir prentun. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1945. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót.* Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Ásakot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Austurkot m/Ásakoti - 166176-211

Fjöldi minja: 3

Á ofanverðri 18. öld mynduðust nokkrar nýjar hjáleigur frá jörðinni Votmúla [166214-208]. Ein þessara hjáleiga var Austurkot, hinar voru, Nýjakot, Diðriksstaðir og Litlakot, en fjallað er um þær í sögu Votmúla. Fyrir voru hjáleigurnar Snorrakot og Ísólfsskot, sem sagt er frá í jarðarsögu Votmúla, auk Ásakots [166176-209] og Norðurkots, sem síðar fékk nafnið Lækjamót [166196-210]. (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:1-3)

Ekki verður betur séð en að Austurkot hafi fyrst borið nafnið Oddskot, því þegar búendaröð á Votmúlatorfunni er skoðuð á 18. öld „... sést hjáleigumaðurinn Oddur Jónsson búandi þar 1755-58. Hann verður enn síðar bóndi á aðaljörðinni [þ.e. Votmúla] og voru afkomendur hans þar í hverfinu fram yfir aldamótin 1800. Ekki er annað líklegra en Oddskot sé kennt við Odd þennan þó hann hafi ekki fyrstur byggt kotið.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:2) Í skýrslu um jarðskálftana 1784 virðist hjáleigan vera nefnd Nýjakot, byggð virðist falla þar niður á árunum 1790 til um 1820. Árið 1827 er vitað að Oddur Magnússon sest að á þessum jarðarparti og nefnir kotið aftur sínu gamla nafni, Oddskot, enda vel við hæfi. (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:2-3) Í Kirkjubók Laugardælasóknar er Oddskot nefnt „... árin 1828, 1833 og 1834 en síðan kemst nafnið Austurkot á hjáleiguna í kirkjubókina. Austurkot er nefnt litlu fyrr í hreppsskjölum ...“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:2) Á þessum árum var kotið einnig nefnt Votmúlakot „Það hefur þó verið of ruglingslegt til lengdar þar sem Norðurkot [166196-210] var einnig stundum nefnt Votmúlakot.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:2) Nafnið Austurkot kemur fram í *Fasteignabókinni* árið 1932, en reyndar ekki sem sérstök eign, heldur talin með Votmúla I [166214-208]. (*Fasteignabók*. 1932:13) Árið eftir eignast Landsbanki Íslands jörðina, en seldi Jóni Pálssyni hana. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:339) Árið 1946 fór Ásakot [166176-209], sem var í útjaðri Austurkotstúns, í eyði og var lagt til Austurkots. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:339) Síðustu áratugina hafa ýmsir eigendur verið að jörðinni, m.a.

Útvegsbanki Íslands og hesta- og athafnamenn úr Reykjavík. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*) Nú er rekin tamningastöð og hrossarækt á jörðinni.

Þegar gluggað er í manntöl kemur í ljós að Austurkots er ekki getið sérstaklega fyrir en í manntalinu frá 1945, þó það sé reyndar ekki undir nafni, aðeins sem ein af hjáleigum Votmúla. En þegar *Ábúendatal* og *Manntalið* er borið saman má sjá að þá búa á þessum jarðarparti hjón og fjögur börn þeirra. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000* og *Manntal á Íslandi 1945. Suðuramt*. 1982)

Um 1840 átti Votmúli kirkjusókn að Laugardælum eins og 17 önnur býli í Sandvíkurhreppi. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72) Nú tilheyrir jörðin Selfosssókn. (*Upplýsingakerfið Sarpur*. Fornleifaskrá. 166176-211 Austurkot m/Ásakoti)

Náttúrufar og jarðabætur

„Votmúli ásamt hjáleigum sínum fornum, Austurkoti og Norðurkoti, nú Lækjamótum, er minnsta torfan í Sandvíkurhreppi af þeim 5 sem þar voru taldar að fornu.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1) „Votmúla-Austurkot er rúmlega einn fimmti Votmúlatorfunnar.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:339)

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 er dýrleika Austurkots ekki getið sérstaklega en býlið talið með Votmúla sem metið er á 10 hundruð. Neðanmáls er þó nefnt að dýrleiki Austurkots sé 2,5 hundruð. Ábúandi er sagður vera 1 leiguliði. (Johnsen, J. 1847:62) Í *Nýju jarðabókinni* kemur fram að Austurkot er þá einnig 2,5 að forni hundraðstölu, en ný hundraðstala er 8,74. Forna hundraðstala allrar jarðarinnar er þar 10, en sú nýja 38,9. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31.)

Á túnakorti, sem líklega var teiknað árið 1917, sjást tvö útihús. Tún var þá 1,8 ha og þar af slétt um 5/6. Stærð matjurtagarðs var 1120 m². (Túnakort [1917]. *Votmúli Austurkot*) Árið 1922 var tún allrar jarðarinnar 26,5 ha. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:338) Samkvæmt *Fasteignabókinni* frá 1932 er Austurkot talið með

heimajörðinni Votmúla I og eru samlögð tún þessara jarða 6,5 ha. (*Fasteignabók*. 1932:13)

Í ritinu *Sunnlenskar byggðir* er greint frá byggingum í Austurkoti um 1980. Þar segir: Íbúðarhús byggt 1935-1976, 530 m³ úr blönduðu efni. Fjós fyrir 28 kýr var byggt 1959 en breytt síðar í hesthús sem alls eru nú 1.290 m³ og hlöðurými 2.123 m³. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:338) Á vef *Fasteignamats ríkisins* í júlí 2005 kemur fram að íbúðarhúsið frá 1978 er enn notað auk fyrrnefndrar hlöðu og hesthúss. Auk þess er þar kálfahús, sem líklega hefur breytt um hlutverk, byggt 1977 og 402 m² véla- og verkfærageymsla byggð árið 1983. Ræktað land er sagt vera 26,4 ha. (*Fasteignamat ríkisins*. (Engin dags.).)

Rétt er benda á að um sögu Votmúla [166214-208] er fjallað á öðrum stað og þar eru m.a. landamerki jarðarinnar rakin.

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Austurkot m/Ásakoti 166176. Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 14. júlí 2005 af <http://www.fmr.is/>

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi 1945. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Votmúla Austurkot, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Upplýsingakerfið Sarpur. Fornleifaskrá. 166176-211 Austurkot m/Ásakoti. Þjóðminjasafn Ísland.

Austurkot m/Ásakoti 166176 - 1

Sérheiti: Austurkot

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: X: 402265 Y: 380307

Horfin: Já

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Nafnið Austurkot má rekja aftur til ársins 1835 en hjáleigan sjálf á sér lengri aðdraganda. Nokkur næstu ár á undan hét jörðin Oddskot ... og enn fyrr er maður nokkur talinn fæddur í Oddskoti í Votmúlahverfi (1777). Skýrslur um tjón af völdum jarðskjálftanna 1784 telja Nýjakot hjáleigu í Votmúlahverfinu. Er það sennilegast sami jarðhlutinn, allir aðrir voru þá í byggð en síðan fellur niður búseta í Nýjakoti uns Oddskot kemur til sögunnar um 1820.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:339). Á

túnakorti, sem líklega er teiknað 1917, sést að matjurtagarður hefur verið við hlið bæjarins (Túnakort [1917]. *Votmúli Austurkot*).

Lýsing

Ekki er nákvæmlega vitað hvar bæjarstæði Austurkots var, en mjög líklegt er að það hafi verið á því svæði þar sem nú (2005) er íbúðarhúsið í Austurkoti og stórt hesthús. Það eru engin merki um bæjarhól né íbúðarhúsið sjáanleg.

Heimildaskrá

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Votmúla Austurkot, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Austurkot m/Ásakoti 166176 - 2

Sérheiti: Austurkot

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti, sem líklega var teiknað árið 1917, sjást tvö útihús í Austurkoti. Erfitt er að átta sig á staðsetningu þeirra því áttir eru ekki sýndar á kortinu. En allir líklegir staðir eru nú ræktuð tún og engin ummerki um útihúsin sjást.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúla Austurkot, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Austurkot m/Ásakoti 166176 - 3

Sérheiti: Austurkot

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti, sem líklega var teiknað árið 1917, sjást tvö útihús í Austurkoti. Erfitt er að átta sig á staðsetningu þeirra því áttir eru ekki sýndar á kortinu. En allir líklegir staðir eru nú ræktuð tún og engin ummerki um útihúsin sjást.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúla Austurkot, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Austurkot m/Ásakoti 166176 - 4

Sérheiti: Austurkot

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti, sem líklega var teiknað árið 1917, sést að það hefur verið matjurtagarður við bæjarhúsin.

Lýsing

Ekki sjást nein ummerki um þennan matjurtagarð.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúla Austurkot, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Austurkot m/Ásakoti 166176 - 5

Sérheiti: Ásakot

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 402477 Y: 380070

Þvermál: 6 x 7 m

Ástand: Slæmt



Mynd 57 Bæjarhóll Ásakots

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Í útjaðri Austurkotstúnsins [166176-211] (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:339). „Ásakot, eyðihjáleiga, byggð í fyrstu hjer um fyrir 30 árum, og varaði byggðin inn til næstu 5 ára. ... Þessa grasnyt brúkar heimajörðin og er henni áður talin. Ekki má hjer aftur byggja, nema til rýrðar heimajörðunni.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:111-112). „Ásgrímur Arngrímsson er hjáleigumaður í Votmúla árið 1703, líklegt er að kotið beri nafn hans, þar sem byggð var ekki eldri þar.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1). Bæjarhóllinn er um 300 m SA af núverandi bæjarstæði Austurkots og um 60 m SV af skeiðvelli sem tilheyrir Austurkoti. Útihús Ásakots [002] eru um 110 m suður af bæjarhólnum.

Lýsing

Gróður hólans er aðeins blómlegri en umhverfis, en gróðurfar svipað. Dæld er nokkurn veginn í miðjum hólnum, sem gæti bent til tóftar. Þessi dæld er um 1,5 x 2 m í þvermál. Hæð hólans er um 160 m. Syðst í hólnum stendur stór steinn, sem er líklega minningarmark um hest.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Ásakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Austurkot m/Ásakoti 166176 - 6

Sérheiti: Ásakot

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402537 Y: 379970

Hleðsluhæð: 50-70 cm



Mynd 58 Beitarhús frá Ásakoti. Tekið í N.

Lengd: 6 m

Breidd: 3,5 - 6,5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„Í túninu suðaustur af Austurkoti stóð Ásakot. Þar eru nú fjárhús frá Austurkoti en bærinn hefur verið rifinn smátt og smátt.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:7).

Á túnakorti Ásakots sjást þrjú útihús. Tóft sem er uppi á smá hól 110 m suður af bæjarhól Ásakots [166176-001] og um 170 m SV af skeiðvelli, sem tilheyrir Austurkoti, gæti verið eitt þeirra. Miðhús [166214-016] í landi Votmúla eru um 700 m SV af tóftinni.

Lýsing

Líklega er hér um fjárhús að ræða, sem skiptist í fjárhús og hlöðu. Innanmál fjárhússins er um 1 x 3,5 m. Hin meinta hlaða er við suðurvegg fjárhússins.

Fjárhústóftin liggur frá SV til NA, en hlaðan liggur í N-S með inngangi að sunnanverðu. Innanmál hennar er 1 x 2,5 m. Í norðurvegg hennar sjást greinilegar hleðslur, 3 umför, en ekki sést móta fyrir streng. Í NA-vegg fjárhússins eru greinilegar hleðslur, mest 5 umför um 1 m að hæð. Ekki er mikill mosavöxtur í hleðslunni og ekki sést móta fyrir inngangi í fjárhúsið.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Túnakort [1917]. Ásakot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands,

Reykjavík.

Austurkot m/Ásakoti 166176 - 7

Sérheiti: Ásakot

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti, sem líklega var teiknað árið 1917, sjást þrjú útihús í Ásakoti. Ekki er vitað með vissu hvar þau voru, því ekki er hægt að átta sig á áttum kortsins þar sem norðurátt er ekki sýnd á því. Eitt þeirra er væntanlega tóft nr. 166176-002, en ekki fundust ummerki um fleiri útihús.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. Ásakot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Austurkot m/Ásakoti 166176 - 8

Sérheiti: Ásakot

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Staðhættir

Á túnakorti, sem líklega var teiknað árið 1917, sjást þrjú útihús í Ásakoti. Erfitt er að átta sig á staðsetningu þeirra því áttir eru ekki sýndar á kortinu. Eitt þeirra er væntanlega tóft nr. 166176-002, en ekki fundust ummerki um fleiri útihús.

Geirakot - 166186-205

Fjöldi minja: 25



Mynd 59 Bæjarhóll Geirakots. Skráningarmaður í forgrunni. Myndin tekin í austur.

Saga

Líklega var Geirakot í upphafi hjáleiga frá Eyði-Sandvík, (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) „... bygð skamt frá heimatúninu fyrir manna minni, og varaði bygðin inn til næstu 6 ára.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:104) Ekki er vitað um hverjir ábúendur þar voru fyrr en árið 1681. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*, bls. 30.) Hjáleigan fór í eyði nálægt 1705. (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709, segir að „[e]kki má hjer aftur byggja, nema til meins og skaða heimaþjóðinni.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) Samkvæmt *Ábúendatali Árnessýslu* var Geirakot í byggð frá 1729 til 1735, þegar hún fór í eyði til ársins 1747. Jörðin var einbýli til ársins 1970. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*:30) Þá varð Geirakot tvíbýli er Ólafur Kristjánsson tók þar upp búskap með föður sínum Kristjáni Sveinssyni. Ólafur er enn ábúandi í Geirakoti (2005).

Samkvæmt *Manntalinu 1703* bjuggu í Geirakoti hjón með tvö börn og ein vinnukona. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520) Árið 1801 bjuggu þar hjón, og

vinnukona. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978:222) Í *Manntalinu* 1845 voru íbúar þar hjón með tvö börn ásamt vinnukonu. (*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982:225)

Álög hafa verið á búskap í Geirakoti því „... [á]lagadæla heitir tjörn ein utan túns í Geirakoti sem ekki má slá, þá missir bóndinn stórgrip.“ (Bjarni Harðarson. 2001:71)

Geirakot á kirkjusókn að Kaldaðarnesi. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:66)

Náttúrufar og jarðabætur

„Eyði-Sandvík og Geirakot eru austustu bæirnir á Sandvíkurtorfu ...“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1) Geirakot liggur 170 faðma vestan við Eyði-Sandvík. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:65) „[L]andið nær rétt upp fyrir Votmúlaveg og vestur fyrir Eyrarbakkaveg þar sem góð engjalönd voru. Meginhluti landsins er sunnan Votmúlavegar og endar í áveitulandi í Breiðumýri. Jörðin er aflöng og koma mörkin saman í geira fremst á mýrinni.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:347) Það gæti verið ástæðan fyrir nafni jarðarinnar að kotið var geiri á milli Eyði-, Stóru- og Litlu-Sandvíkur. „Geirakot er hæg jörð, grýtt á köflum hið efra og efst er móaland, neðan til jafnland og ágæt til ræktunar með framræslu. Laxveiði í Ölfusá.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981:347)

Á túnakorti af Geirakoti, sem líklega er teiknað árið 1917, má sjá bæinn sjálfan og tvö útihús. Þar stendur að stærð túnsins hafi verið 1,9 ha og þar af $\frac{3}{4}$ sléttað. Stærð matjurtagarðar var 984 m². (Túnakort [1917]. *Geirakot*)

Þegar *Sýslu- og sóknalýsingar Árnessýslu* voru ritaðar árið 1839 var „... Geirakot, 3 hndr., 40 ál(nir) að dýrleika.“ (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:65-6) Árið 1861 er Geirakot hjáleiga frá Eyði-Sandvík með nýja hundraðstölu 6,35. (*Ný jarðabók fyrir Ísland.* [Ártal vantar]:31)

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* frá 1709 segir:

... Landskuld var 1x álnir í landaurum til landsdrottins, og var því minni landskuldin á heimajörðunni. Kúgildi ii, og voru þá ekki nema iii á allri heimajörðunni. Leigur guldust í smjöri til landsdrottina. Kvöð var 0. Fóðrast vi kýr og ii hestar; sauðfje var ekkert. Þetta gras brúkar heimajörðin, og er henni áður talið. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:104)

Í *Jarðatali Johnsen* frá 1847 kemur fram í töflu að Geirakot sé hjáleiga Eyði-Sandvíkur, og landskuld sé 0,60 og kúgildi eru 2. Jafnframt að það sé einn ábúandi í Geirakoti. (Johnsen, J. 1847:62)

Þegar *Fasteignabókin* 1932 var rituð var tún Geirakots 2 ha og matjurtagarðar 940 m². (*Fasteignabók*. 1932:13) Árið 1977 var tún Geirakots 30 ha. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:343) Á heimasíðu *Fasteignamats ríkisins* eru byggingar í landi Geirakots skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt henni eru þau hús sem sjást á túnakorti horfin. Elsta hús Geirakots er hlaða byggð árið 1930. Árið 2005 standa á jörðinni 13 hús. (*Fasteignamat ríkisins*. (Engin dags.))

„Elstu landamerki jarðanna eru mörkin að norðaustan og austan, standa þau óhöggðu enn eins og þeim er lýst í landamerkjaskrá frá 1886: Bein stefna úr Dýflissu í Ölfusá í Strokkhól vestan við Björk; úr Strokkhól í Virkisvörðu sem er hornmark milli Björkur, Jórvíkur, Byggðarhorns og Sandvíkurtorfunnar. Úr Virkisvöðu í Gráhellu fyrir vestan Byggðarhorn, úr Gráhellu í Grástein, sunnan Hreppamarkaskurðar.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1)

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Geirakot Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 9.2. 2005 af <http://www.fmr.is/>

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Geirakot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geirakot 166186 205 - 1

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 400007 Y: 380648

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Geirakot, eyðihjáleiga, byggð skamt frá heimatúninu [þ.e. Eyði-Sandvíkur] fyrir manna minni, og varaði byggðin inn til næstu 6 ára. ... Ekki má hjer aftur byggja, nema til meist og skaða heimajörðunni.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:104) „Þaðan [þ.e. frá Eyði-Sandvík] 170 faðma í landnorður er Geirakot ...“ (Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:65-6)

Lýsing

Bæjarstæði Geirakots er næstum á jafnsléttu og þó sjá megi örlitla hækkun aflíðandi hækkun á landinu er ekki hægt að tala um hól í því sambandi. Þar standa nú tvö íbúðarhús, hlaða, fjós og skemma, allt veglegar byggingar, sem vel er við haldið. Hlaðið er malarborið. Gamli bærinn stóð á hlaðinu milli núverandi íbúðarhúsa og var kálgarður sunnan við bæinn. (Túnakort [1917]. *Geirakot*)

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Túnakort [1917]. *Geirakot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geirakot 166186 205 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 sést útihús fyrir norðan bæjarhúsið í Geirakoti. Samkvæmt heimildamanni var þetta útihús þar sem nú er slétt tún fyrir norðan eldra íbúðarhúsið í Geirakoti.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Geirakot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geirakot 166186 205 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 sést útihús fyrir norðan bæjarhúsið í Geirakoti. Samkvæmt heimildamanni var þetta útihús þar sem nú er slétt tún fyrir norðan eldra íbúðarhúsið í Geirakoti.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Geirakot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Geirakot 166186 205 - 4

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 400007 Y: 380648

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Fram undan bænum var kálgarður og rétt smákragi fyrir neðan hann. Síðan var skurður þar beint framan af.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:3) Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni stóð gamli bærinn á milli núverandi íbúðarhúsa í Geirakoti og var

kálgarðurinn framan við bæinn. Ekki sjást nein umerki um þessi mannvirki á bæjarhlaðinu, sem er malarborið.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Geirakot 166186 205 - 5

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 400020 Y: 380610

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Fram undan bænum var kálgarður [166186-004] og rétt smákragi fyrir neðan hann. Síðan var skurður þar beint framan af. Handan við skurðinn var Lambhús og Hesthús [166186-006] þar skammt frá, ... við Lambhúsið var túnskiki með 3-4 kapla heyfengi.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:3) Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni var þetta lambhús rétt sunnan við bæjarhlaðið í Geirakoti, um 10 m vestan við horn bílskúrsins við nýrra íbúðarhúsið, næstum á sama stað og hesthúsið [166186-006].

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Geirakot 166186 205 - 6

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Fram undan bænum var kálgarður [166186-004] og rétt smákragi fyrir neðan hann.

Síðan var skurður þar beint framan af. Handan við skurðinn var Lambhús [166186-005] og Hesthús þar skammt frá, kálgarður var við Hesthúsið ...“ (Ö-Eyði-Sandvík og Geirakot:3) Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni var þetta hesthús rétt sunnan við bæjarhlaðið í Geirakoti, um 10 m vestan við horn bílskúrsins við nýrra íbúðarhúsið, næstum á sama stað og lambhúsið [166186-005].

Geirakot 166186 205 - 7

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Horfin: Já

Staðhættir

„Fram undan bænum var kálgarður [166186-004] og rétt smáragi fyrir neðan hann. Síðan var skurður þar beint framan af. Handan við skurðinn var Lambhús [166186-005] og Hesthús [166186-006] þar skammt frá, kálgarður var við Hesthúsið.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:3)

Lýsing

Kálgarðurinn er horfinn, því túnið hefur verið sléttað á þessu svæði.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Geirakot 166186 205 - 8

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 399919 Y:

380728

Hleðsluhæð: 30 cm

Lengd: 154 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð



Mynd 60 Túngarður frá Geirakoti. Tekið í N.

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Norðvestan við bæinn var einnig tún markað af grjótgarði, að norðan náði þetta tún það langt norður að um 30 metrar voru frá jaðri þess að fjárhúsdyrnum.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:3) Norðurendi túngarðsins er um 5 m frá fjárhúsi [166186-021]. Suðurendi hans endar 35 m vestur við vestustu hús á bæjarhólnum.

Lýsing

Túngarðurinn er 154 m NS. Norðurhlutinn er 72 m og er frekar beinn. Suðurhlutinn liggur hins vegar örlítið í austurátt og er hann í innan girðingar þar sem ræktuð hafa verið tré. Í um miðjum NS-veggnum liggur veggur 11 m í AV. Túngarðurinn er greinilegur þótt hann sé talsvert gróinn.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Geirakot 166186 205 - 9

Sérheiti: Hólkofi

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 399928 Y: 380721

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Í austurátt náði gamla túnið rétt austur fyrir bæjarkampinn. Tvær dælir voru í þessu túni fyrir norðan bæ en eru nú báðar horfnar enda skurður í gegnum þær. Vestri dælan stóð fram undan svonefndum Hólkofa, þar var áður fjárhús og hæsnahús en er nú kartöflugeymsla.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:3) Fyrirnefnd kartöflugeymsla var byggð árið 1955. Hún er með steiptum veggjum, sem torf hefur verið sett utan á, þannig að tilsýndar virðist um hól að ræða. Sitt hvoru megin við dyrnar eru hlaðnir grjótveggir.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Geirakot 166186 205 - 10

Sérheiti: Ærhúsið


Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson

(26.2.1949.4799)



Teikning 23 Rétt frá Geirakoti.

Staðhættir

„Í austurátt náði gamla túnið rétt austur fyrir bæjarkampinn. Tvær dælir voru í þessu túni fyrir norðan bæ en eru nú báðar horfnar enda skurður í gegnum þær. Vestri dælan stóð fram undan svonefndum Hólkofa [166186-009], ... Fyrir austan eystri dæluna var annað fjárhús, nefnt Ærhúsið.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:3) Engin ummerki eru um þetta fjárhús í sléttu túni norðan við eldra íbúðarhúsið í Geirakoti.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnassýsla. Örnefnastofnun.

Geirakot 166186 205 - 11

Sérheiti: Réttarhóll

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399808 Y: 380822

Hleðsluhæð: 60 cm

Lengd: 154 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Í vestur frá Geirakoti út við Eyrarbyggð var til skamms tíma fjárrétt, hlaðin úr grjóti. Stóð hún á Réttarhóli.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:4) Réttin er um 50 m NV frá Fjárhúsum. [166186-021] og um 100 m vestur frá Hraunprýði. Hún er um 50 m austur frá Strýtuþól [166186-012].

Lýsing

Hleðslurnar í fjárréttinni er mjög greinilegir, örlítið mosavaxnir. Hleðslan er um 20-60 cm há. Réttin er næstum ferköntuð en örlítið mjórri í austurendanum. Þar hefur líklega verið hlið. Sú ályktun er dregin af því að þar er engin hleðsla á um 2 m kafla. „Við réttirnar eru nokkrir steinar sem huldufólk byggði og átti það að hafa gert vart við sig endrum og sinnum.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:4) Ekki er mjög langt síðan hætt var að nota réttina því samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni er til ljósmynd af fé í þessari rétt.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Geirakot 166186 205 - 12

Sérheiti: Mangastekkur (Strýtuþóll)

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399749 Y: 380734

Þvermál: 17 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Í vestur frá Geirakoti út við Eyrarbyggð var til skamms tíma fjárrétt [166186-011], hlaðin úr grjóti. Stóð hún á Réttarhóli. Skömmu sunnar og örlítið nær veginum er annar hóll sérkennilegur. Nefnist hann Strýtuþóll eða Mangastekkur og er það nafn eldra.“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:4) Minjarnar eru um 100 m frá Fjárhúsum [166186-021] og um 50 m vestur frá Réttarhól [166186-011].

Lýsing

Í vestanverðum Strýtuhól við rætur hans, er ógreinileg steinahleðsla. Hleðslan er um 2,5 m á breidd og 3,5 m á lengd. Strýtuhóll er um 3 m á hæð og 17 m í þvermál. Samkvæmt heimildamanni sá móðir hans, Guðmunda Þóra Stefánsdóttir, eitt sinn ljósagang í hólnum.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [áartal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Geirakot 166186 205 - 13

Sérheiti: Lambastekkur (Stekkjarhóll)

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399593 Y: 380945

Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 10,5 m

Breidd: 4 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð


Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Geirakotsengjar nefnist land Geirakots fyrir vestan Eyrarbakkaveg. Nær það neðan frá Nautagirðingu upp að Bjarkarskurði. Neðst eru engjarnar grýttar og hæðóttar. Þar var Geirakotsstekkurinn á tveim hólum sem næst veginum. Nefndist hinn fremri Lambastekkur og er það hinn eiginlegi Stekkjarhóll en beint í norður frá honum er Hlaupastekkur [166186-014].“ (Páll Lýðsson. [áartal vantar]:4) Stekkjarhóll er um 50 m suður frá Hlaupastekk og um 120 m norður frá Geirakoti. Stekkurinn er um 50 norður frá Eyrarbakkaveg.

Lýsing

Lambastekkur er suðvestanmegin í Stekkjarhól. Stekkjarhóll er um 2 m hár og 30 m í NS og um 14 m í VA. Stekkurinn er tvískipur. Stærri dilkurinn er um 4 m á breidd og



Teikning 24 Lambastekkur við Geirakot.

10,5 m að lengd að utanmáli. Innanmálið er 9,5 að lengd og 3,5 að breidd. Þar eru hleðslusteinar greinilegir, en þeir eru þó mosavaxnir. Í austurendanum sjást greinilega 2 umför. Minni dilkurinn eða króin er um 7 m á lengd og 2 m á breidd að utanmáli og innanmál er 5,5 m á lengd og 1,5 m á breidd. Þar eru hleðslur mun grónari og glittir aðeins í steina hér og þar. Veggurinn á milli dilkanna er hæstur um 1 m. Lambastekkur snýr í AV og hlið beggja dilkanna snýr í austur. Einnig er hlið á milli dilkanna. Áberandi mikið af sóleyjum er í stærri dilknum, sérstaklega við norðurhlið hans, og við austurhlið stekksins.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Munnmæli

Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni bjó huldukona í Stekkjarhól. Þegar maður einn var að reka ær að stekknunum urðu þær mjög hvekkar og sá þá maðurinn huldukonu sem stóð við Stekkjarhól og var að sveifla svuntunni sinni til að fæla ærnar frá.

Geirakot 166186 205 - 14

Sérheiti: Hlaupastekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399634 Y: 381015

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

„Geirakotsengjar nefnist land Geirakots fyrir vestan Eyrarbyggaveg. Nær það neðan frá Nautagirðingu upp að Bjarkarskurði. Neðst eru engjarnar grýttar og hæðóttar. Þar var Geirakotsstekkurinn á tveim hólum sem næst veginum. Nefndist hinn fremri Lambastekkur [166186-013] og er það hinn eiginlegi Stekkjarhóll en beint í norður frá honum er Hlaupastekkur.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:4) Hlaupastekkur er um 200 m

NV frá bæjarstæðinu í Geirakoti og um 100 m frá Eyrarbyggavegi. Stekkurinn er um 50 m norður frá Lambastekk.

Lýsing

Hlaupastekkur er hlaðinn á hól sem er um 2 m á hæð, 24 m á lengd og 9 m á breidd. Ekki sjást neinar greinilegar hleðslur í hólnum, en steinar eru á víð og dreif. Sunnanmegin í hólnum er stór náttúrusteinn sem skepnur virðast hafa leitað sér skjóls við. Stekkir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi. Samkvæmt heimildamanni var mikið um grjótnám á þessu svæði á stríðsárunum þegar breski herinn hafði aðsetur í Kaldaðarnesi. Gróður er sá sami og umhverfis Hlaupastekk.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnæssýsla. Örnefnastofnun.

Geirakot 166186 205 - 15

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 399760 Y: 380990

Lengd: 5 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

Mógrafir eru um 150 m norður frá Geirakoti og 60 m SA frá Hlaupastekk [166186-014]. Grafirnar eru um 50 m NV frá Eyrarbyggavegi.

Lýsing

Tvær mógrafir eru á þessu svæði, og eru um 7 m á milli þeirra. Hvor um sig er um 1 m á dýpt, 1 m á lengd og um 60 - 1 m á breidd. Gróður í botni þeirra er svipaður og gróðurinn umhverfis.



Mynd 61 Stekkur. Tekið í V.

Geirakot 166186 205 - 16

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399551 Y: 379924

Þvermál: 10 - 13 m

Hleðsluhæð: 40 cm

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

Um 300 m suðvestur frá bæjarhól Geirakots og jafnlangt í suðaustur frá bæjarhól Stekka er óljóst hringlaga garðlag, sem hefur hugsanlega verið stekkur.

Lýsing

Stekkurinn er næstum hringlaga, en ekki sjást neinar hleðslur í garðlaginu, en steinar skjóta upp kollinum hér og þar. Þrír veglegir náttúrusteinar eru í þyrpingu í miðjum stekkknum. Garðurinn er um 40 cm hár og 50 til 100 cm breiður. Meira er af gul- og hvítmöðru innan garðsins en utan hans, en grasflóran er sú sama.

Geirakot 166186 205 - 17

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 399511 Y: 379858

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

Um 50 suður frá meintum stekk nr. 166186-016 og 300 m austan við bæjarhól Stekka er mógrafaþyrping á svæði milli tveggja hóla, sem kallaðir eru Grafhólar. Um 150 m eru á milli hólanna og eru a.m.k. 20 mógrafir á svæðinu.

Lýsing

Mógrafirnar eru misstórar. Flestar eru þær um 2 x 2 m, en sumar þó talsvert lengri en þær eru breiðar. Dýpi þeirra er einnig mjög misjafnt, frá 50 til 100 cm. Allar eru grafirnar frekar grónar og í fáum er bleyta eða votlendisgróður í botninum.

Geirakot 166186 205 - 18

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 399245 Y: 379177

Lengd: 170 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um 300 m suðaustan við bæjarhól Stekka og 800-1000 m suðvestur frá bæjarhól Geirakots liggur um 170 m langur garður að mestu frá norðri til suðurs, en sveigir örlítið í vestur við norðurendann. Norðurendi garðsins er við landamörk Geirakots og Stekka, en suðurendinn er við skurðinn sem nefndur er Stekkarkelda. Hlutverk garðsins var til að verjast því að vatn flæddi yfir engjar.

Lýsing

Engar hleðslur sjást í garðinum, en þrátt fyrir það er hann afar greinilegur, um 1 m á breidd og um 40 cm hár. Hann er gróinn sama gróðri og umhverfið. Það er um 30 cm breið dæld eftir miðjum garðinum, sem gæti verið vísbending um að honum hafi verið ýtt upp frá hvorri hlið.



Mynd 62 Varnargarður/Flóðgarður. Tekið í N

Geirakot 166186 205 - 19

Sérheiti: Jenstöft

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399528 Y: 378024

Hleðsluhæð: 50 cm

Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

Um 50 m fyrir sunnan Lambhúsdæl, næstum á miðjum syðsta geira Geirakotsjarðarinnar er tóft. Hún er 70 norðan við landamerki Litlu-Sandvíkur, Geirakots og Eyði-Sandvíkur og um 800 m SSA frá bæjarstæði Stekka. Um 4 m í austur frá tóftinni er gerði nr. 166186-025.

Lýsing

Tóftin er næstum hringlaga og inngangur virðist hafa snúið í suðvestur, því þar er engin hleðsla á um 2 m kafla. Innanmál hennar er um 3,5 m í þvermál. Ekki sést neitt grjót í hleðslunni og er veggjabreidd allt að 150 cm.

Aðrar upplýsingar

Heimamenn í Geirakoti kalla þessa tóft Jenstöft vegna þess að maður að nafni Jens frá Eyrarbakka tjaldaði í henni þegar hann var við heyskap á syðsta hluta Geirakotsjarðarinnar.

Geirakot 166186 205 - 20

Hlutverk: Sauðahús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399650 Y:

379289

Hleðsluhæð: 70 cm

Lengd: 17 m

Breidd: 5 m


Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir



Teikning 25 Hugsanlegt sauðahús frá Geirakoti

Tóft er staðsett um 300 m vestur frá Stekkum, um 700 m austur frá Byggðarhorni og um 700 m NA frá Geirakoti.

Lýsing

Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni hefur tóftin hugsanlega verið sauðahús. Sauðahúsið er tvískipt. Langveggirnir eru sýnilegastir og glittir í hleðslur sem eru um 70 cm á hæð. Tóftin er um 17 m á lengd og 5 m á breidd að utanmáli. Innanmál hennar er 15 m á lengd og um 1,5-2 m á breidd. Tóftin liggur í AV, engar sjáanlegar dyr eru á henni. Við NV-enda hennar er hugsanlega hlaða og lambakró. Króin er um 1 m á breidd og 3 m á lengd. Við NV og SV enda tóftarinnar eru mýrarflákar. Í fjarlægð er tóftin mun grænni en annar gróður í umhverfinu.

Geirakot 166186 205 - 21

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Hús

Staðsetning: X: 399947 Y: 380823

Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 14,5 m

Breidd: 11,5 m


Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson

(26.2.1949.4799)



Teikning 26 Fjárhúsið í Geirakoti.

Staðhættir

Fjárhús er staðsett um 35 m austur frá Hólkofa [166186-009] og um 50 m ASA frá Réttarhól [166186 -011]. Fjárhúsið er 60 m suður frá horni Eyrarbakkavegar og Votmúlavegar.

Lýsing

Fjárhúsið er með bárujárnsþaki og göflum en veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti.



Mynd 63 Hlaðið fjárhús sem enn er í notkun

Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni byggði faðir hans, Kristján Sveinsson, fjárhúsið um 1938. Fjárhúsið er skráð hér vegna þess að til stendur að rífa bárujárnið sem er ofan á veggjahleðslunum, en leyfa hleðslunum að standa. Fjárhúsið er líklega þrjú rými, tvö þeirra snúa stöfnum í suður með tveimur burstum. Það þriðja snýr í AV með stafn í vestur með stórru

hurð. Jafnframt er lítið steinsteypt rými við vesturgaflinn. Utanmál hleðslanna er um 14,5 m á lengd og 11,5 - 14,5 m á breidd. Innanmál fjárhússins er 13,5 m á lengd og 8,5 - 11,5 m á breidd. Hleðslur eru allt að 6

umför með streng á milli og mesta hæð er um 2 m. Bárujárnið á vesturstafni stendur á veggjarhleðslu. Frá veggnum og upp í mæni á stafninum eru um 3 m. Hæð suðurburstanna er um 3 m, mælt frá jörðu að mæni. Við norðurenda hússins er svolítill hóll frá efri brún veggjarhleðslunnar niður á jafnsléttu. Bárujárnsþakinu er haldið niðri á nokkrum stöðum með því að stétja band í steyptar hellur, sem hanga utan á veggjahleðslunni.

Geirakot 166186 205 - 22

Hlutverk: Reykkofi

Tegund: Hús

Staðsetning: X: 399919 Y: 380728

Hleðsluhæð: 3 m

Lengd: 4 m

Breidd: 4,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson

(26.2.1949.4799)

Staðhættir



Mynd 64 Reykkofi sem enn er í notkun.

Reykkofi er um 2 m frá kálgarði nr. 166186-008. Kofinn er um 50 m norður frá bæjarhól Geirakots.

Lýsing

Reykkofiinn er enn í notkun og er hann úr torfi og grjóti með timburgafli gegnt suðri. Strompur er á þakinu og veggir og þak er samgróið. Samkvæmt heimildamanni var kofinn reistur af föður hans, Kristjáni Sveinssyni, en hann settist að í Geirakoti árið 1929.

Geirakot 166186 205 - 23

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 400020 Y: 380610

Hleðsluhæð: 70 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni var brunnur um 30 m vestur frá bílskúr nýrra íbúðarhússins í Geirakoti, rétt sunnan við bæjarhlaðið. Fyllt hefur verið í brunninn og engin ummerki eru um hann í sléttu túni.

Geirakot 166186 205 - 24

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 399939 Y: 380602

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni var brunnur um 15 m vestan við vestasta hús á bæjarhlaði Geirakots, við vegarslóða sem liggur vestur á túnið. Nefndist svæðið í kringum brunninn Brunnflöt. Fyllt hefur verið í brunninn og engin ummerki eru um hann.

Geirakot 166186 205 - 25

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rétt

Staðsetning: X: 399528 Y: 378024

Hleðsluhæð: 70 cm

Lengd: 8 m

Breidd: 5,5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Ólafur Kristjánsson (26.2.1949.4799)

Staðhættir

Um 50 m fyrir sunnan Lambhúsdæl, næstum á miðjum syðsta geira Geirakotsjarðarinnar er gerði. Það er 70 m norðan við landamerki Litlu-Sandvíkur, Geirakots og Eyði-Sandvíkur og um 800 m SSA frá bæjarstæði Stekka. Um 4 m frá norðausturhorni gerðisins er tóft nr. 166186-019.

Lýsing

Líklega er um einhvers konar aðhald að ræða í tengslum við fyrrnefnda tóft. Aðhaldið er næstum ferkantað og liggur frá norðaustri til suðvesturs. Innanmál þess er 4 x 2,5 m. Vesturendi þess er svolítið ógreinilegri en sá eystri og þar virðist veggjaþykkt vera næstum 3 m. Enginn inngangur er sjáanlegur. Ekki sjást neinar hleðslur í garðinum og eru veggir grónir sama gróðri og umhverfið.

Eyði-Sandvík - 166185-204

Fjöldi minja: 16



Mynd 65 Bæjarhóll Eyði-Sandvíkur

Saga

Fyrstu heimild um Eyði-Sandvík er líklega að finna í máldaga frá því um 1200 þar sem getið er ferju yfir Ölfusá, þar er talað um Sandvík hina ytri. (*Diplomatarium Islandicum*. I. 1857:320) Munnmæli herma að jörðin hafi fyrst borið nafnið Eystri-Sandvík. (Páll Lýðsson. 1961:2) „Er líklegt að þá hafi ekki verið risin byggð í Litlu-Sandvík heldur aðeins í Stóru-Sandvík, Sandvík hinni ytri og Eystri-Sandvík sem löngu síðan hefur hlotið að fara í eyði og þegið af því nafnið Eyði-Sandvík.“ (Páll Lýðsson. 1961:2)

Frá fornu fari var Eyði-Sandvík lögbýli með allar skyldur og réttindi þeirra jarða. Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var Eyði-Sandvík tvíbýlisjörð árið 1709. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:104) „... [Þ]ótti þá

fullmikið setin en *Jarðabókin* taldi „að vegna óskiptrar hagamýrar, sem Sandvíkurnar allar þrjár eiga saman, mætti framfæra þann bústofn sem á jörðinni var.“ Þó var kvartað yfir verri vetrarþætt á Eyði-Sandvík en á hinum Sandvíkurbæjunum. Fyrri part 18. aldar var tvíbýli í Eyði-Sandvík, 1760-1850 var einbýli á jörðinni og oftast góðbú en 1851-1867 var enn tvíbýli. Síðan hefur jafnan verið einbýli á Eyði-Sandvík“ (Páll Lýðsson. 1961:1-2)

Fyrstu upplýsingar um ábúendur í Eyði-Sandvík koma fram í *Ábúendatali Árnassýslu* árið 1681. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnassýslu frá 1703 til ca. 2000*) Í *Manntalinu 1703* kemur fram að þá hafi 8 manns búið á jörðinni. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520) Það á einnig við árið 1801. (*Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978:223) Eyði-Sandvík á kirkjusókn að Kaldaðarnesi. (*Árnassýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:65)

Álög hafa verið á búskap í Eyði-Sandvík því rétt við heimatúnið er dæla [166185-007] sem ekki má slá, nema eiga það á hættu að missa búfénað. (Bjarni Harðarson. 2001:71-72)

Náttúrufar og jarðabætur

Eyði-Sandvík „... er að mestu fyrir sunnan Votmúlaveg; þar er efst þaulræktað móaland en fyrir neðan Stekkakeldu á jörðin gott áveituland í Breiðumýri, allt niður að Hreppamarkaskurði. Lítinn skika á jörðin ofan Votmúlavegar en allmikið land vestan við Eyrarbakkaveg. Þar er engja- og áveituland, leigt nú að hluta undir flugvöll.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:346) Þá á jörðin veiðirétt í Ölfusá í félagi við aðrar jarðir torfunnar. (Páll Lýðsson. 1961:1)

Þegar túnakort Eyði-Sandvíkur er skoðað, sem líklega er teiknað árið 1917, sést að stærð túnsins var 3,3 ha, þar af helmingurinn sléttaður. Á kortinu er bær, tvö útihús og matjurtagarður, sem er 1219 m². (Túnakort [1917]. *Eyði-Sandvík*)

Landskuld á allri jörðinni árið 1709 er 9 álnir og greiðist eftir ábúendum, annars vegar í landaurum og hins vegar í peningum. Leigukúgildi með allri jörðinni eru 4 og leigur í smjöri. Kvaðir voru engar. „En áður mannslán hjá hverjum, sem leystist x álnum, ef ei galdst in natura.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:104)

Samkvæmt *The old Icelandic land registers* frá 1686 er jarðardýrleiki Eyði-Sandvíkur um 20 hundruð. (Björn Lárusson. 1967:104) Í *Jarðabókinni* frá 1709 er dýrleikinn 10 hundruð. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:104) Þegar Johnsen gerir *Jarðatal á Íslandi* árið 1847 er dýrleikinn enn 10 hundruð. (Johnsen, J. 1847:62) Árið 1861 hefur hann hins vegar hækkað í 11,91 hundruð. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31)

Þegar *Fasteignabókin* 1932 var rituð var tún Eyði-Sandvíkur 4 ha og matjurtagarðar 1000 m². (*Fasteignabók*. 1932:13) Árið 1977 var túnið 30 ha. og hefur því verið stækkað mjög mikið. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:346) Á heimasíðu *Fasteignamats ríkisins* eru byggingar í landi Eyði-Sandvíkur skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt henni eru þau hús sem sjást á túnakorti horfin. Elsta hús Eyði-Sandvíkur er hlaða með súgþurrkun sem var byggð árið 1935. Árið 2005 standa 6 hús á jörðinni. (*Fasteignamat ríkisins*. (Engin dags.))

Markalínur voru aldrei lögákvæðnar milli Eyði-Sandvíkur og næstu lögbýla á torfunni, aðeins gömul hefð réði skiptingu slægjulands. „Elstu landamerki jarðanna eru mörkin að norðaustan og austan, standa þau óhönguð enn eins og þeim er lýst í landamerkjaskrá frá 1886: Bein stefna úr Dýflissu í Ölfusá í Strokkhól vestan við Björk; úr Strokkhól í Virkisvörðu sem er hornmark milli Björkur, Jórvíkur, Byggðarhorns og Sandvíkurtorfunnar. Úr Virkisvörðu í Gráhellu fyrir vestan Byggðarhorn, úr Gráhellu í Grástein, sunnan Hreppamarkaskurðar.“ (Páll Lýðsson. 1961:2)

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. I. 1857. Gefið út af hinu íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríksins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Eyði-Sandvík Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 9.2. 2005 af <http://www.fmr.is/>

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. 1961. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Eyði-Sandvík. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Fornleifaskrá

Eyði-Sandvík 166185 204 - 1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 400150 Y: 380404

Þvermál: 60 x 63 m



Mynd 66 Bæjarhóll Eyði-Sandvíkur.

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sigurður Guðmundsson (02.05.1936.4979)

Staðhættir

Samkvæmt *Sýslu- og sóknalýsingum Árnessýslu* frá árinu 1839 er Eyði-Sandvík „[B]æjarleið í austur frá Sandvík, ...“ (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.* 1979:65) „Bæjarhúsin sjálf stóðu þá vestan við heyllöðuna og sneru stöfnum í suður. Þau voru rifin árið 1936 af Guðmundi Sæmundssyni og var þá núverandi íbúðarhús byggt á lambhústóftunum [166185-004].“ (Páll Lýðsson. 1961:2) Á túnakorti frá 1917 sést að matjurtagarður hefur verið við bæinn. (Túnakort [1917]. *Eyði-Sandvík*) Bæjarhóll Eyði-Sandvíkur er um 10 m vestan við núverandi íbúðarhús á jörðinni. Nú stendur fjós, sem byggt var árið 1968, og hlaða, sem byggð var árið 1935, á hólnum. (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.))

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 3 m hár og er þvermál hans frá austri til vesturs um 63 m, en um 60 m frá suðri til norðurs. Vestan í bæjarhólnum, um 15 m frá fjósinu, er garðhleðsla [166185-016].

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979.

Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Eyði-Sandvík Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 9.2. 2005 af

<http://www.fmr.is/>

Páll Lýðsson. 1961. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Túnakort [1917]. *Eyði-Sandvík. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 2

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 400271 Y: 380163

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 22 m

Breidd: 13 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð


Heimildamaður: Sigurður Guðmundsson (02.05.1936.4979)

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 sést að útihús hefur verið um 100 m suðvestur frá íbúðarhúsi Eyði-Sandvíkur. (Túnakort [1917]. *Eyði-Sandvík*) Það er um 300 m vestur frá íbúðarhúsinu Mósógum, sem stendur við Votmúlaveg.

Lýsing

Mest áberandi hluti þessara minja eru hlaðnir veggir sem mynda vinkil, annars vegar veggur sem liggur frá suðvestri til norðausturs og hins vegar veggur sem liggur þvert



á hann og mynda þessir veggir 90° horn. Fyrirnefndi veggurinn er um 10 m langur og um 1,5 m hár. Í honum eru 6 umför grjóts með streng á milli. Veggurinn sem liggur frá norðvestri til suðausturs er um 22 m langur. Syðst í honum er lægsti hluti veggjanna, um 1,2 m. Breidd þessara veggja er um 1 m. Þeir eru vel grónir að utanverðu, en greinilegar hleðslur sjást að innanverðu. Í austur frá þessum vegg, um 10 m frá horninu, er um 4 m ógreinilegur og gróinn veggur, um 30 cm á hæð. Norðan við þessa hleðslu er svolítill hóll um 6 m í þvermál, sem lækkar áður en kemur að horni háu veggjanna. Fyrir framan hornhleðsluna eru nokkrar hleðslur, sem eru miklu lægri og grónari en hún. Mesta hæð þeirra er um 50 cm. Þær liggja eins og styttri hornveggurinn, þ.e. frá suðvestri til norðausturs. Sú nyrsta er um 13 m sunnan við háa vegginn í um 6 m fjarlægð frá langveggnum. Hún er um 3,5 m löng. Um 3,5 m sunnan við hana er önnur hleðsla, 6 m löng. Hún er í um 6 m fjarlægð frá langveggnum. Sú syðsta er um 5 m sunnar. Hún er því um 1,5 m sunnar en syðsti endi langveggjarins og í um 5 m fjarlægð frá honum. Segja má að þessi hleðsla sé í tveimur hlutum, sem báðir eru um 2 m langir, og gæti inngangur í tóftina hafa verið í bilinu milli þeirra. Gróðurinn í og við minjarnar er sá sami og umhverfis þær.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Eyði-Sandvík. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Sigurður Guðmundsson (02.05.1936.4979)

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti sem var af öllum líkindum teiknað árið 1917 var útihús í túninu norðaustur frá bæjarhólum.

Lýsing

Öll ummerki um útihúsið eru horfin því túnið hefur verið sléttað.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Eyði-Sandvík. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 4

Sérheiti: Lambhúsið

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 400199 Y: 380427

Horfin: Já

Staðhættir

„Þar sem íbúðarhúsið í Eyði-Sandvík stendur nú, var fyrr meir, á [tíð] Guðmundar Einarssonar (1882-1916), Lambhúsið. Bæjarhúsin sjálf stóðu þá vestan við heyllöðuna og sneru stöfnum suður.“ (Páll Lýðsson. 1961:2) Engin merki sjást um þetta lambhús, en samkvæmt heimildamanni var síðasta íbúðarhús í Eyði-Sandvík byggt þar sem lambhúsið stóð, en það var rífið um 1990. Nú er malarheimtröð yfir miðjan hólinn sem sá bær stóð á. Hann mælist um 27 m í þvermál.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1961. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 5

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

„Ærhúsin stóðu beint fyrir framan bæinn [166185-001], líklega 100 m frá honum.“ (Páll Lýðsson. 1961:2) Ekki fundust nein óbyggjandi ummerki um þessi ærhús, en hugsanlegt er að þau geti verið tóft nr. 166185-012, en þá er staðsetningin eitthvað málum blandin.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1961. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 400132 Y: 380370

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Sigurmundsson (18.02.1961.5599)

Staðhættir

„Þar sem núverandi fjárhús eru, stóðu Sauðhúsin á tíð Guðmundar Einarssonar [1882-1916].“ (Páll Lýðsson. 1961:2) Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni voru þessi hús þar sem nú er vestasta útihúsið á bæjarstæðinu, stálgrindarhús sem nýtt er sem fjós.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1961. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 7

Sérheiti: Álagadæla

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Frásögn

Staðsetning: X: 400253 Y: 380409

Lengd: 80 m

Breidd: 25 m

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sigurður Guðmundsson (02.05.1936.4979)

Staðhættir

„Álagadæla var þá utan túns [15 m] austan við íbúðarhúsið, hana má ekki slá ella hlýtur bóndinn tjón við gripum.“ (Páll Lýðsson. 1961:2) „Sagan segir að Guðmundur Sæmundsson sem bjó í Eyði Sandvík á fjórða áratug 20. aldar hafi brugðið út af þessu og missti sama sumar sína bestu mjólkurkú.“ (Bjarni Harðarson. 2001:71-2) Dælan er um 30 m NV frá Hjallhólum [166185-008] og 50 m suður frá Votmúlaveg.

Lýsing



Mynd 67 Hundur í Álagadæl.

Álagadæla liggur í sveig á svæði milli Hjallahóla [166185-008] og um 5 m frá heimreið. Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni er Álagadæla aldrei slegin, aðeins beitt. Eins og nafnið gefur til kynna er þarna votlendis - og mýrargróður.

Heimildaskrá

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Páll Lýðsson. 1961. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 8

Sérheiti: Hjallhólar

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Frásögn

Staðsetning: X: 400323 Y: 380363

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sigurður Guðmundsson (02.05.1936.4979)

Staðhættir

„Austan við Álagadæl [166185-007] (svo), utan túngirðingar en skammt austan við heimreiðina eru 3-4 strýtumyndaðir grjóthólar, nefndir Hjallhólar. Þá má heldur ekki hreyfa ef bóndinn vill sitja í friði á jörð sinni. Á dögum Guðmundar Sæmundssonar [1928-1941] átti að rífa grjót úr hólnum en varð að hætta því er belja frá Guðmundi fótbrotnaði þar.“ (Páll Lýðsson. 1961:2) Hjallhólar eru þrír og mynda þeir nokkurs konar þríhyrning á milli sín. Vestasti hóllinn er 30 m austur frá Álagadæl [166185-007]. Sá nyrsti er um 10 m suður frá Votmúlaveg og syðsti hóllinn er um 30 m suður frá Votmúlaveg.

Lýsing

Hjallhólar eru Þjórarárhraun (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:295) sem gægist upp úr jarðveginum og eru því ekki manngerðir. Hæð hólanna eru um 1 - 1,5 m. Milli vestasta og nyrsta hólís eru um 25 m, milli þess vestasta og syðsta eru um 12 m og

milli þess nyrsta og syðsta eru um 18 m. Eitthvað hefur verið sneitt af vestasta hólnum.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1961. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Eyði-Sandvík 166185 204 - 9

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Sigurmundsson (18.02.1961.5599)

Staðhættir

Allt landið fyrir ofan Bjarkarskurð upp að Óskiptunni tilheyrir Eyði-Sandvík. Þar er landið tætingslegt, sitt á hvað lágir lyngmóar, melar, rimar og slægjukompur. ... Þar er Eyði-Sandvíkurkálgarður á valllendisbala“ (Páll Lýðsson. 1961:5)

Samkvæmt heimildamanni var þessi kálgarður rétt fyrir norðan flugvallarsvæðið við Selfoss. Engin ummerki sjást um hann nú.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1961. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 10

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 400132 Y: 380370

Horfin: Já

Heimildamaður: Ólafur Sigurmundsson (18.02.1961.5599)

Staðhættir

Um 5 m suður af suðvesturhorni stálgrindarhússins þar sem sauðahúsið var áður [166185-006] var brunnur. Nú er búið að fylla í hann og engin ummerki sjást um hann. Heimildamaður man eftir því þegar sótt var vatn í þennan brunn til að brynna skepnum.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 11

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 400091 Y: 380315

Þvermál: 1 m

Hleðsluhæð: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Brunnur er 5 m sunnan við tóft nr. 166185-012 og 55 m suðvestan við horn fjóssins á bæjarhól Eyði-Sandvíkur, en það er vestasta húsið á bæjarhólnum.

Lýsing

Hlaðið hefur verið hraungrjóti í kringum bunninn og sjást mest fjögur umför í hleðslunni. Ofan í honum er spýtnarusl, sem gæti hafa verið notað til að styrkja hann.



Mynd 68 Hlaðinn brunnur í Eyði-Sandvík.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 400091 Y: 380315

Hleðsluhæð: 30 - 60 cm

Lengd: 22 m

Breidd: 2,5 - 3,5 m

Ástand: Slæmt



Teikning 28 Tóft við Eyði Sandvík.

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Um 50 m suðvestan við SV-horn stálgrindarhússins, sem hýsir fjós Eyði-Sandvíkur, er tóft. Hún er innan girðingar sem tengist fjósinu. Brunnur [166185-011] er 5 m sunnan við hana. Hún er 250 m norðvestan við tóft nr. 166185-002.

Lýsing

Tóftin liggur frá norðaustri til suðvesturs. Hún er löng og mjó. Hún er breiðust 3,5 m í norðausturendanum. Þar er einnig mesta hleðsluhæðin, um 60 cm, og má eiginlega segja að þar sé frekar steinahrúga en regluleg hleðsla. Tóftin mjókkar í 2,5 m í suðvesturendanum. Erfitt er að átta sig á breidd veggja, því innan tóftarinnar er yfirborðið jafnhátt hleðslunni. Sami gróður er í tóftinni og umhverfis hana. Hugsanlega er hér um ræða leifar fjárhúss, sem heimild er um í Örnefnaskrá [166185-005] (Páll Lýðsson. 1961:2), en **Teikning 29 Fjárhús í Eyði Sandvík.** Þá er staðsetningin eitthvað málum blandin.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1961. *Eyði-Sandvík og Geirakot*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 13

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 399877 Y: 378883

Hleðsluhæð: 80 cm

Lengd: 20 m

Breidd: 4,5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sigurður Guðmundsson (02.05.1936.4979)

Staðhættir



Mynd 69 Fjárhústóft tekið í NA.

Tóft er staðsett um 1 km austur frá Stekkum, um 750 m suður frá Geirakoti og um 800 m vestur frá Byggðarhorni.

Lýsing

Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni var fjárhús á þessum slóðum. Fjárhúsið er langt og mjótt og er um 20 m á lengd og 4,5 m á breidd að utanmáli. Innanmál er um 18,5 m að lengd og 2 til 3 m á breidd. Langveggirnir eru greinilegastir, þar glittir í hleðslur hér og þar. Á um 2 m kafla í miðjum suðurveggnum er rof, þannig hleðslurnar sjást greinilega. Vesturhluti tóftarinnar er hugsanlegt aðhald, því ekki sjást neinar hleðslur og veggirnir eru mun lægri eða um 40 cm. Vesturendinn er næstum alveg útflattur. Í austurendanum er heldur ekki greinileg hleðsla en við endann er um 12 m sléttur grasbali. Mikið af þúfum er í miðri tóftinni, sem af öllum líkindum er hrun en ekki veggur vegna þess hversu óreglulegar þær eru. Tóftin er mjög greinileg í fjarlægð því þær eru mun grænni en umhverfið. Í norður-langveggnum er gulmaðra sem er ekki sjáanleg í kringum tóftina. Út frá suðausturhorni tóftarinnar liggur hlaðinn veggur um 50 m í SSA. Hann er um 40 cm hár og um 70 cm breiður. Einungis sjást steinar í nyrsta hluta garðsins. Í um 11 m norður frá miðri tóftinni er brunnur [166185-014].

Eyði-Sandvík 166185 204 - 14

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 399879 Y: 378891

Lengd: 1 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Brunnur er um 1 km austur frá Stekkum, um 750 m suður frá Geirakoti og um 800 m vestur frá Byggðarhorni.

Lýsing

Í um 11 m norður frá miðri tóft nr. 166185-013 er brunnur. Hann er óreglulegur í lögun en er um 1 m á lengd og 1 m á breidd. Brunnurinn er gróinn en það sjást steinar í honum og hann er um 1 m á dýpt.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 15

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 399901 Y: 378938

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Mógrafir eru staðsettar um 1 km austur frá Stekkum, um 800 m suður frá Geirakoti og um 850 m vestur frá Byggðarhorni þær eru um 65 m frá tóft nr. 166185-013.

Lýsing

Mógrafirnar eru þrjár og eru þær fremur umfangsmiklar. Nyrsta mógröfin er ferköntuð um 5 x 5 m og er hún full að vatni. Hinar tvær eru rétthyrndar, um 5 m á lengd og 2 m á breidd. Áberandi votlendisgróður er í þeim og á milli þeirra er um 2 m grasbali.

Eyði-Sandvík 166185 204 - 16

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 400150 Y: 380404

Þvermál: 60 x 63 m

Hleðsluhæð: 100 cm

Lengd: 43 m

Breidd: 80 cm

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Sigurður Guðmundsson (02.05.1936.4979)

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 sést að 1219 m² matjurtagarður hefur verið vestan við bæinn.

Lýsing

Vestan í bæjarhólnum, um 15 m frá fjósinu, er garðhleðsla, sem væntanlega hefur afmarkað matjurtagarð. Hann liggur um 27 m frá suðri til norður. Nyrst er 90° horn á honum til austur og er sá hluti hans um 16 m. Greinileg grjóthleðsla er í garðinum, sem er um 100 cm hár og um 80 cm breiður.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Eyði-Sandvík. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Jórvík - 166188-207

Fjöldi minja: 14

Saga

Jórvík „... var lögbýli frá upphafi ...“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:342) *Ábúendatal Árnessýslu* er elsta ritaða heimild um búsetu í Jórvík. Þar kemur fram að ábúandi þar árið 1861 var Jón Hafliðason. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*) Árið 1709 er vitað að jörðin var í eigu biskupsstólsins í Skálholti. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109) Í *Örnefnaskrá* sem gerð var upp úr 1960 segir að Jórvík hafi verið samfelld í byggð síðustu 2-300 árin. „Var jörðin að mestu einbýli til 1856, þá var búið tvíbýli þar næstu fjóra áratugina til 1898. Líklega hefur þá verið orðið fullþröngt í Jórvík, og er Guðmundur Einarsson bóndi þar 1891-1919 lést, byrjaði hrakfallasaga jarðarinnar. Hafa ekki færri en 10 bændur búið þar síðan og sumir tvívegis. Fór jörðin loks í eyði eftir þurrkasumarið 1958 en byggðist aftur vorið eftir er Ársæll Jóhannsson kom þangað...“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1) Jörðin hefur verið í byggð síðan en núverandi ábúendur eru hjónin Sigrún Erla Sigurðardóttir og Rúnar Gestsson.

Vangaveltur hafa verið um uppruna nafnsins Jórvík og ein tilgátan er sú að bærinn hafi fengið „... nafn sitt af enska (engilsaxneska) bænum Jórvík (nú York) á Englandi, og er þá líklega byggður af engilsaxneskum manni frá Jórvík eða að minnsta kosti manni tengdum við þann stað.“ (Einar Arnórsson. 1950:253)

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709 er fyrst getið um hjáleiguna Jórvíkurkot, sem er þá „... eyðihjáleiga, byggð innan 12 ára, og varaði byggðin í fáein ár.“ Síðar segir: „Aftur má hjer byggja, en þó ekki nema heimaþörðunni til rýrðar.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110) Þetta kot er talið hafa staðið rétt sunnan við Votmúlaveg og sjást þar ummerki eftir mannvirki [166188-003].

Aftur er getið um Jórvíkurkot um aldamótin 1900, en það þá sagt vera þurrabúð. „[V]ar því ekki um það að ræða að hjáleigur mynduðust frá Jórvík nema stutta stund í einu í bestu góðærum.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:342) Líklegt er að þetta kot hafi verið um í túninu norðan Votmúlavegar, um 300 m frá núverandi íbúðarhúsi Jórvíkur [166188-012].

Samkvæmt manntölum virðist aldrei hafa verið mikið margmenni í Jórvík. Árið 1703 bjuggu þar hjón ásamt þremur börnum og einu vinnuhjúi (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520) Í *Manntalinu* frá 1816 kemur fram að þar hafi búið ein kona, Helga Ólafsdóttir, ásamt þremur börnum. (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:315) Jórvík á kirkjusókn að Laugardælum. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags*. 1979 : 72)

Náttúrufar og jarðabætur

„Jórvík er eitt hinna þriggja lögbýla er liggja miðsveitis í Sandvíkurhreppi. Er jörðin sem þríhyrningur í lögun og endar (endaði) í odda niður við Hreppamarkaskurð. Landsstærðin er alls um 166 hektarar ... Landamerki Jórvíkur voru skjalfest til þinglýsingar í maí 1890 og hljóða svo: „Hornmark Kerhóll á milli Bjarkar og Jórvíkur og Selfoss, úr Kerhól í Álftaflóðsvörðu, úr Álftaflóðsvörðu í Gölt, úr Gölti í Markavörðu, sem stendur á milli Byggðarhorns og Jórvíkur, úr Markavörðu í Lómhól, úr Lómhól í Þrívörður, úr Þrívörðum í Virkisvörðu, úr Virkisvörðu í Markhól, úr Markhól í fyrrnefndan Kerhól.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1)

Í *Jarðabók* frá 1709 er dýrleiki jarðarinnar talinn óviss, „... því jörðin tíundast öngvum.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109) Landskuld jarðarinnar er 11 álnir þetta ár, sem greiðist í landaurum. Þá segir: „Leigukúgildi ii nú og næstliðið ár, áður iii. Leigur í smjöri ut supra á Eyrarbakka. Kvaðir áður sem á öðrum stólsins jörðum; nú mannslán einasta, geldst in natura. ... Torfrista og stúnga næg ... Túninu

grandar grjótsuppgangur og vatn, ut supra á Bygðarhorni. Enginu grandar sumstaðar vatn, sem jetur úr rótina.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110) Jórvík hefur þó „ ... verið talin til skárri jarða í Sandvíkurhreppi áður fyrr. Var jörðin 11 1/3 hndr. að fornu mati (Johnsen, J. 1847:62) en fór ört hækkandi í mati á 19. öld.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1) Að mestu var einbýli á jörðinni til 1856, en þá var þar tvíbýli til 1898. „Jörðin þótti hæg og góð, vel þurrir rimar efra, ofan við Votmúlaveg, en engjalönd góð neðan við veginn og áveituland í Breiðumýri. En bændur voru ekki stöðugir þar er kom fram á 20. öld.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:342) Á túnakorti frá árinu 1917 er stærð túnsins 2 ha., þar af sléttað tún um hálfur hektari. Stærð matjurtagarða er þá 1138 m². Bær og heyhlaða er þá sambyggt og eitt útihús sést á kortinu. (Túnakort [1917]. *Jórvík*) Þar sem það útihús stóð er nú íbúðarhús sem byggt var á árunum 1983 til 1985. Í *Fasteignabók* frá 1932 má sjá að timburhús er á jörðinni og stærð túns nú orðin 2,5 ha. Taða af því er 80 hestar, en úthey 300 hestar. Matjurtagarður er 900 m². Áhöfn jarðarinnar er þá 5 kýr, 60 kindur og annað sauðfé ásamt 7 hrossum. (*Fasteignabók*. 1932:13) Samkvæmt vef *Fasteignamat ríkisins* er á jörðinni tvö hesthús byggð 1940 og 1988, hlaða (1935), íbúð (1984), og alifuglahús (1989). (*Fasteignamat ríkisins*. (Engin dags.))

Einn frægastur drauga í Árnessýslu er nefndur eftir bænum Jórvík, en annað nafn hans er Kampholtsmóri. Jórvíkurmóri hélt til í Jórvík um árabíl eða meðan afkomendur Salgerðar Einarsdóttur í Seli bjuggu í þar. „Oftast varð Móra vart vegna minniháttar spellvirkja hans, hann villti um fyrir ferðamönnum og ærði fénað. En nokkrum sinnum gengu ærsl hans lengra og eru talin allmörg dæmi þess á síðustu öld að hann grandaði fólki.“ (Bjarni Harðarson. 2001:70) Einnig er sagt að Jóra sú sem Jórúkleif og Jórúhlaup í Ölfusá eru nefnd eftir hafi verið skapmikil bóndadóttir frá Jórvík. Sagan segir að hún hafi orðið æf þegar hestur föður hennar tapaði í hestaati og reif lærið undan hestinum. (Bjarni Harðarson. 2001:65)

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Einar Arnórsson. 1950. *Árnesinga saga II. Árnesþing á landnáms- og söguöld*. Ritstjóri Guðni Jónsson. Árnesingafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Jórvík Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 9.2. 2005 af <http://www.fmr.is/>

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Jórvík*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Jórvík*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fornleifaskráning

Jórvík 166188 207 - 1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 401537 Y: 380105

Þvermál: 70 x 75 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Rúnar Gestsson (1305574659)

Staðhættir

Jórvíkurbærinn er sýndur á túnakorti frá 1917. Þar sést að hlaðan hefur verið áföst við hann. (Túnakort [1917]. *Jórvík*) Bæjarhóllinn er um 80 m suður af íbúðarhúsinu í Jórvík, en um 800 m norður af Miðhúsum [166214-016].

Lýsing

Bæjarhóllinn er aflíðandi og frekar flatur. Útihúsin sem þar stóðu áður brunnu árið 1987 og í kjölfar þess var íbúðarhúsið einnig rífið. Það stóð á norðvestanverðum hólnum og útihúsin voru norðan við það. Þar stendur nú nýlegt kjúklingahús og hesthús með áfastri hlöðu. Mesta hæð bæjarhólsins er um 2 m. Hann er um 75 m í þvermál í N-S, en 70 m í A-V. Kálgarður er vestast í hólnum, þar sem ræktaður er rabbabari. Brunnur var í suðaustanverðum hólnum, en fyllt hefur verið í hann [166188-014].

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Jórvík. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Jórvík 166188 207 - 2

Hlutverk: Útihús



Mynd 70. Bæjarhóll Jórvíkur tekið í A.

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401484 Y: 380188

Horfin: Já

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Rúnar Gestsson (1305574659)

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti voru útihúsin staðsett þar sem núverandi bæjarhús standa. (Túnakort [1917]. *Jórvík*)

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni voru lambahús eða hrútahús þar sem nýja íbúðarhúsin er nú. Íbúðarhúsið var byggt á árunum 1983 til 1985.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Jórvík. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Jórvík 166188 207 - 3

Sérheiti: Jórvíkurkot

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401555 Y: 380255

Hleðsluhæð: 50 cm

Lengd: 5.5 m

Breidd: 3.5 m



Mynd 71. Bæjarhóll Jórvíkurkots tekið í NA.

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei


Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Rúnar Gestsson (1305574659)

Staðhættir



Teikning 30 Tóft í bæjarhól Jórvíkurkots.

„Fyrir ofan Votmúlaveg, gegnt Jórvík, stóð Jórvíkurkot ... Var kotið þétt við veginn, örskammt fyrir austan vegamótin.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) „Jórviðkurkot, eyðihjáleiga bygð innan 12 ára, og varaði bygðin í fáein ár... Þessa grasnautn brúkar heimajörðin og er henni áður talin. Aftur má hjer byggja, en þó ekki nema heimajörðinni til rýrðar.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:110) „ ... Jórvíkurkot byggðist um 1697 ...“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:342) Minjarnar eru í austanverðum hól, sem er 90 m norður frá íbúðarhúsi, 5 m norðan við Votmúlaveg og 500 m NNA af bæjarhól [166188-001].

Lýsing

Tóftin liggur frá norðri til suðurs og gæti inngangur hafa verið í suðurenda hennar. Innanmál hennar er um 3,5 m á lengd og um 1,5 m á breidd. Hæð veggja er um 50 cm og veggurinn að austanverðu er sjáanlegur, en að vestanverðu sameinast veggurinn toppnum á hólnum, sem tóftin stendur við. Allur hóllinn er um 11 m í þvermál í AV og 13 m í NS. Hann er um 2 m hár. Rústin er mjög gróin og er gróðurinn í kring sá sami og umhverfi hans. Sunnan í hólnum og vestur af honum er garður sem er gamla girðingarstæðið með fram



Mynd 72. Norðurveggur hlöðu við fjárhúsin.

Votmúlavegi, en fyrir nokkrum árum var girðingin færð nokkuð til. Að öllum líkindum hefur annað kot með sama nafni staðið talsvert norðar á svæðinu [166188-012] og verið í byggð um aldamótin 1900.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Jórvík*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Jórvík 166188 207 - 4

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401334 Y: 380262

Horfin: Já

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Rúnar Gestsson (1305574659)

Staðhættir

„En rétt vestan við vegamótin voru Jórvíkurfjárhús ... Var þar talið þrælreimt enda átti það að vera höfuðvígi Jórvíkur-Móra.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) Fjárhúsin eru sögð hafa verið þar sem nú stendur gamall braggaskúr frá stríðsárunum sem stóð áður í Kaldaðarnesi. Þessi skúr er um 300 m austur frá fjarsímamastri og 200 m norðvestur af íbúðarhúsinu í Jórvík.

Lýsing

Skúrin stendur á sléttu túni en rétt vestan við það eru leifar gamallar hlöðu [166188-013].

Munnmæli

Einn frægastur drauga í Árnessýslu er nefndur eftir bænum Jórvík, en annað nafn hans er Kampholtsmóri. Jórvíkurmóri hélt til í Jórvík um árabil eða meðan afkomendur Salgerðar Einarsdóttur í Seli bjuggu í þar. „Oftast varð Móra vart vegna minniháttar spellvirkja hans, hann villti um fyrir ferðamönnum og ærði fénað. En nokkrum sinnum gengu ærsl hans lengra og eru talin allmörg dæmi þess á síðustu öld að hann grandaði fólki.“ (Bjarni Harðarson. 2001:70) Einnig er sagt að Jóra sú sem Jórurkleif og Jórurhlaup í Ölfusá eru nefnd eftir hafi verið skapmikil bóndadóttir frá Jórvík. Sagan segir að hún hafi orðið æf þegar hestur föður hennar tapaði í hestaati og reif lærið undan hestinum. (Bjarni Harðarson. 2001:65)

Heimildaskrá

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Jórvík*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Jórvík 166188 207 - 5

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401649 Y: 380740

Hleðsluhæð: 50 cm

Lengd: 9 m

Breidd: 6 m

Ástand: Slæmt



Mynd 73. Jórvíkurstekkur. Tekið í N.

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Rúnar Gestsson (1305574659)

Staðhættir

„Jórvíkurstekkur var fyrir neðan Jórvíkurrímana rétt við Bjarkarskurð og út undir Votmúlatúni.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) Minjarnar eru um 500 m vestur frá Lækjarmótum. Stekkurinn er um 300 m NNA af íbúðarhúsi Jórvíkur og um 200 m NV frá bæjarhól Votmúla.

Lýsing

Eins og algengt er með stekki, er Jórvíkurstekkurinn hlaðinn upp við stóra náttúrusteina. Norð-vestur veggur stekksins er við steinanna sem mynda um 2 m háan hól fyrir utan hleðsluna. Steinarnir í hleðslunni sjást greinilega þó hleðslan sé hrunin og flött út og nokkuð sigin. Vesturveggurinn er um 9 m á lengd, en norðurveggurinn

liggur í svolitlum boga og mælist um 6 m. Austurveggurinn er einungis um 2 m á lengd, en suðurveggurinn er um 5 m og mætir vesturveggnum í greinilegu horni. Þar hefur hugsanlega verið inngangur inn í stekkin. Inni í stekkinum er gróður svipaður og umhverfis hann. Þó er þar sléttara og minni þúfur en í umhverfi hans. Á nokkrum stöðum í næsta nágrenni við stekkin eru grasbollar sem eru frekar sléttir og ræktanlegir. Heimildarmaður segir að áður fyrr hafa þeir verið slegnir.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Jórvík*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Jórvík 166188 207 - 6

Sérheiti: Jórvíkurtóft

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401296 Y: 380894

Hleðsluhæð: 1,3 m

Lengd: 14 m

Breidd: 3,5 - 6,0 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Rúnar Gestsson (1305574659)

Staðhættir

„Ofan Bjarkarskurðar eru Jórvíkurrimar, þýfðir og þurrir, og þar er Jórvíkurtóft um 700 metra fyrir neðan Kerhól, hornmark Björkur, Selfoss og Jórvíkur.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) Minjarnar eru 350 m norður frá fjárhúsum [166188-004] sem voru þar sem gamall braggaskúr er nú. Tóftin er jafntframt 400 m vestur frá Lækjamótum.

Lýsing

Tóftin er mjög greinileg og hefur að öllum líkindum verið fjárhús og hlaða. Veggir hlöðunnar eru mun lægri en fjárhússins, sem er einnig mun stærra en hlaðan. Þeir eru



Mynd 74. Fjárhústóftir frá Jórvík.
Tekið í N.



um 50 cm og engar hleðslur eru sjáanlegar. Því er líklega um torfvegg að ræða. Gengt er á milli rýmanna og eru veggir fjárhússins um 1,3 m á hæð. Við vesturvegg fjárhússins eru hleðslurnar greinilegastar, allt að fjögur umför með streng á milli. Hinir veggirnir eru hins vegar meira grónir. Innanmál tóftarinnar er 10,5 m á lengd og 2 til 3,5 m á breidd. Tóftin er grasi gróin að innan. Austan við tóftina eru hringlaga grasbollar. Samkvæmt heimildamanni voru þessir bollar slegnir áður fyrr. Rétt sunnan við tóftina er gróinn og breiður skurður sem liggur í beina stefnu á bæjarhúsin í Votmúla.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Jórvík*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Jórvík 166188 207 - 7

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 401656 Y:
380703

Hleðsluhæð: 50-70 cm

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Rúnar Gestsson (1305574659)

Staðhættir

Um 35 m suður af stekk [166188-005] er suðurendi garðs, sem hlaðinn var til að varna því að vatn flæddi yfir engi. Hann liggur síðan í beina línu um 100 m í norðaustur. GPS-punkturinn er tekinn við suðurenda garðsins.

Lýsing

Garðurinn er tæpur metri að breidd og mesta hæð hans mælist um 70 cm. Ekki sjást neinar hleðslur. Garðurinn er talsvert gróinn með sama gróðri og umhverfis hann.



Mynd 75. Garðlag í grennd við stekk. Tekið í NA.

Jórvík 166188 207 - 8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401593 Y: 381229

Hleðsluhæð: 30 cm

Lengd: 6,5 m

Breidd: 4 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Tóftin er um 200 m suður af íbúðarhúsi sem er nr. 51 við Hraunhóla á Selfossi. Hún er um 800 m norður af bæjarhólnum í Jórvík [166188-001] og um 12 m vestan við mógröf [166188-011].

Lýsing

Minjar þessar eru hlaðnar úr hraungrjóti og er mesta hæð hleðslu um 20 til 30 cm, en víðast sést einungis í koll steinanna upp úr yfirborðinu og eru því hleðslur mjög signar. Grjótið er mosavaxið en innan tóftarinnar er sami gróður og umhverfis hana. Ekki er alveg ljóst hvar inngangur hefur verið, en hugsanlegt er að hann hafi verið í norðvestur enda tólftarinnar.

**Mynd 76.** Tóft 8 Tekið í N.**Jórvík 166188 207 - 9**

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 401569 Y: 381369

Hleðsluhæð: 40 cm

Lengd: 4.2 m

Breidd: 2.5 m

Ástand: Slæmt

**Mynd 77** Tóft við Björkurskurð. Tekið í N.

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Tóftin er um 100 m SV af íbúðarhúsi sem er nr. 51 við Hraunhóla á Selfossi. Hún er um 50 m SV frá Kerhól sem er hornmark á milli Bjarkar, Jórvíkur og Selfoss.

Lýsing


Rústin er sporöskjulaga og liggur hún frá norðri til suðurs.

Inngangur er líklega í suðurendanum. Rústin er staðsett um

1 m frá Bjarkarskurði og er norðurendi hennar hruninn að

hluta ofan í skurðinn. Innanmál rústarinnar er 2,5 m á

lengd og um 1 m á breidd. Rústin er hlaðin úr hraungróti og er hleðsluhæð um 20 til 40 cm. Grjótið er mosavaxið en innan tóftarinnar er sami gróður og umhverfis hana.



Teikning 32 Teikning af tóftinni.

Jórvík 166188 207 - 10

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 401614 Y: 381241

Lengd: 16 m

Breidd: 4 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Mógröfin er um 100 m suður frá Kerhól sem er hornmark á milli Bjarkar, Jórvíkur og Selfoss. Hún er jafnframt í um einn km austur frá Björk.

Lýsing

Mógröfin er rétthyrnd og er NA-endi hennar greinilegastur. Þar er hæð hennar um 80 cm. Í SV-endanum hefur hún nánast jafnast út við landslagið. Mógröfin er fremur þurr



Mynd 78. Mógröf í Jórvík

en leirkennd leðja er í botninum og lítið af gróðri. Nokkuð mikið af grjóti er í SA-enda hennar.

Jórvík 166188 207 - 11

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 401309 Y: 380404

Þvermál: 3.5 x 2.5 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Mógröfin er um 100 m norður frá gömlu fjárhúsunum [166188-004]. Hún er jafnframt um 200 m austur frá farsímamastri sem er inni á landi Jórvíkur.

Lýsing

Mógröfin er kringlótt og um 60 cm djúp. Í kringum hana eru sléttir bakkar eins og við setlaug. Um 30 cm hár votlendisgróður er í botni hennar.



Mynd 79. Mógröf frá Jórvík.

Jórvík 166188 207 - 12

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 401371 Y: 380716

Þvermál: 20 x 18 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei



Mynd 80. Bæjarhóllinn. Tekið í N.

Staðhættir

Minjarnar eru 250 m beint í norður frá gömlu fjárhúsunum [166188-004]. Hóllinn er jafnframt um 100 m SSV frá tóft [166188-006] og 500 m vestur frá Lækjarmótum.

Lýsing

Þessi bæjarhóll gæti hugsanlega verið Jórvíkurkot á síðari tímum því samkvæmt *Sunnlenskum byggðum* var þurrabúð í Jórvík um aldamótin 1900 sem var nefnt Jórvíkurkot. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:342) Jafnframt var Jórvíkurkot [166188-003] rétt fyrir ofan Votmúlaveg sem byggðist um 1697 en það fór í eyði innan fárra ára. Því eru líklega um tvö Jórvíkurkot að ræða og þetta mun yngra. Bæjarhóllinn er nánast alveg kringlóttur og er hærri kollur á honum miðjum. Mælist hann mest um 1,5 m á hæð. Í austurhluta hans mótast líklega fyrir tóft. Neðst í kringum hólinn er hugsanlega garður sem er þó greinilegastur vestan megin. Grasið í kringum hólinn er mun grænna og með minni sinu en sjálfur hóllinn og þar fyrir utan.

Heimildaskrá

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Jórvík 166188 207 - 13

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: X: 401334 Y: 380262

Hleðsluhæð: 60 cm

Lengd: 7 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Rúnar Gestsson (1305574659)

Staðhættir

Um 6 m fyrir vestan gamlan braggaskúr, þar sem áður voru fjárhús [166188-004] sjást merki um gamla hlöðu sem þar stóð. Þessi ummerki eru hlaðinn veggur sem hefur verið norðurveggur hennar ásamt minni hleðslum sunnar á svæðinu.

Lýsing

Norðurveggur hlöðunnar er um 60 cm hár og sjá má 3 umför í honum. Hann liggur frá austri til vesturs og er um 7 m að lengd. Við austurenda hans er horn á veggnum og liggur um 1 m langur veggur í suður. Fyrir sunnan vegginn, í grunni hlöðunnar, hafa verið grafin gömul bílflök og annað járnarusl og sjást ummerki þess á nokkrum stöðum í yfirborðinu. Á svæðinu sést víða í koll nokkurra steina, sem standa í beinum röðum.

Jórvík 166188 207 - 14

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401537 Y: 380105

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Rúnar Gestsson (1305574659)

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var brunnur í austanverðum bæjarhólnum [166188-001].

Lýsing

Fyllt hefur verið í brunninn og ekki sjást nein ummerki um hann.

Lækjarmót 1 - 166196-210

Fjöldi minja: 16

Saga

Upphaflega bar Lækjarmót nafnið Norðurkot og var hjáleiga Votmúla. Jörðin birtist líklega fyrst í *Manntalinu* 1703. Þar eru tvær hjáleigur Votmúla skráðar en ekki nafn þeirra og því ekki unnt að átta sig á því hvaða upplýsingar eiga við um þessa tilteknu hjáleigu. Tvær hjáleigur eru nefndar en þær voru þó þrjár lengi vel, Norðurkot, Austurkot og Ásakot. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520) Sömu sögu má

segja um *Manntalið* 1729. (*Manntal 1729 í þremur sýslum*. 1924-1947:601) Fyrsta óbyggjandi heimildin um Norðurkot er í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Samkvæmt henni hefur Norðurkot verið „bygd fyrir manna minni skamt frá heimatúninu, hefur verið í auðn í næstu 6 ár.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:112) Líklegt er að Stórabóla sé valdurinn að því að kotið lagðist í eyði. (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) Norðurkot komst aftur í byggð um 1740 og hefur verið í byggð síðan. Árin 1860-1862 var þar tvíbýli. Í kringum árið 1950 keypti Sigfús Þ. Öfjörð hluta Smjördala-Norðurkots og lagði til Lækjamóta eins og hann skírði Norðurkotið (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:340) Aftur varð tvíbýli á Lækjamóti árið 1955 þegar Lækjamót II var myndað og var til ársins 1963 þegar aftur varð þar einbýli. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:340) Íbúðarhúsið Lækjargarður var byggt um 1958 en engar landsnytjar eru bundnar því. (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:2) Þurrabúðin Diðriksstaðir stóð í norðaustur frá Norðurkoti, á mörkum Smjördalatorfu og Votmúlalands, hana byggði árið 1861 Diðrik Jónsson sem bjó í Votmúla-Norðurkoti en var þokað þaðan. Þurrabúðin var í byggð í um 40 ár en síðastur bjó þar Brynjólfur Jónsson (Brunna-Brynki). Þurrabúðin var úr „vanefnum byggð“ en fékk Diðrik aðstoð við bygginguna og að launum fengu aðstoðarmennirnir að nefna kotið, Sigurður Gamalielsson í Votmúla nefndi kotið „Ráðleysa“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:3) Sigríður Egilsdóttir kona Diðriks samdi þessa vísu:

Fyrst það nefnist Flagvelta

Ritast líka Ráðleysa

Réttnefnt Diðriksstaðir.

„Um aldamótin reis önnur þurrabúð í Votmúlahverfinu, fremst í Norðurkotstúninu, í beina stefnu milli Votmúla og Norðurkots. Nefndist það Litlakot.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:3) Litlakot lagðist í eyði árið 1909 og „rústir þess eru gjörsamlega jafnaðar við jörðu.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:3) Votmúli ásamt hjáleigum sínum var minnsta torfan í Sandvíkurhreppi. (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:1)

Eins og áður hefur komið fram hét hjáleigan Norðurkot eins langt aftur og heimildir ná, oft einnig kölluð Votmúlakot eða Votmúla-Norðurkot til aðgreiningar við Smjördala-Norðurkot. Árið 1950 breytti Sigfús Þ. Öfjörð nafninu í Lækjamót og heitir jörðin því nafni enn í dag. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:340) Núverandi nafn

jarðarinnar er dregið af áveituskurðunum í túninu en þar renna skurðirnir saman í einn og skiptast svo í Byggðarhorns- og Bjarkarskurði. (Páll Lýðsson. [Ártal vantar]:2)

Norðurkot var hjáleiga Votmúla og skráð sem slík árið 1841 í *Sýslu- og sóknalýsingum*. (Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72) Í *Jarðatali á Íslandi* frá árinu 1847 (Johnsen, J. 1847:62), 1848 í *Nýrri jarðabók* (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31), á túnakorti skráð árið 1917 (Túnakort [1917]. *Votmúla Norðurkot*) og 1932 í *Fasteignabók*. (Fasteignabók. 1932:13) Norðurkot var því hjáleiga Votmúla allt fram á 20. öldina. Norðurkot virðist aldrei hafa verið stór jörð né mannmörg en árið 1801 bjuggu þar hjón ásamt þremur börnum sínum en 15 árum síðar bjuggu þar hjón ásamt einu barni sínu. (*Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978:232, *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:315) Þegar Norðurkot var skráð í *Jarðabókina* var kotið eyðibýli en um landskuld þess segir *Jarðabókin*: „Þessarar hjáleigu grasnyt brúkar heimabóndinn, sem allra áðurskrifaðra, og geldur þó ekkert framar fyrir en áður segir um landskuld heimajarðarinnar. Hjer má og ekki aftur byggja, heldur en hinar, fyrir utan skaða og rýrð við heimajörðina“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:112) Kvaðir voru „mannslán til skipsáróðurs um vertíð, galdst in natura, hestlán og dagsláttur, ogso in natura“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:111) Landskuld var 1 x álnir í landaurum ut supra og kúgildin þrjú. Leigur guldust í smjöri til heimabóndans. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:112)

Náttúrufar og jarðabætur

Norðurkot var lengi sjöundi partur Votmúlatorfunnar allt þar til Sigfús Þ. Öfjörð um miðja 20. öldina keypt hluta Smjördala-Norðurkots og lagði til jarðarinnar (*Sunnlenskar byggðir II*. *Flóinn*. 1981:340) Samkæmt túnakorti sem teiknað var líklega árið 1917 var stærð túns Norðurkots 1.5 ha og þar af slétt 9/10. Stærð matjurtagarða var 1603 m². Á túnakorti má sjá bæ, heygarð, matjurtagarð og tvö smá hús. (Túnakort [1917]. *Votmúla Norðurkot*) Engin þessara húsa standa í dag á landi Norðurkots en elsta nústandandi húsið eru fjárhús byggð árið 1938. Alls eru á jörðinni í dag átta hús (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.)) Í *Fasteignabókinni* 1932 er tún Norðurkots skráð 1.5 ha og matjurtagarðar 1200m². (*Fasteignabók* 1932:13) Samkæmt fasteignamati 1977 voru tún Norðurkots orðin 38 ha (*Sunnlenskar byggðir*

II. Flóinn. 1981:340) Forn hundraðatala Norðurkots var skráð árið 1848 og var $1 \frac{2}{3}$ og ný hundraðatala var þá 6.35. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31) Árið 1847 þegar *Jarðatal á Íslandi* var skráð var landskuld Norðurkots 0,60 og kúgildin 3. (Johnsen, J. 1847:62) „Land Lækjamóta er bæði ofan og neðan Votmúlavegar. Býlið stendur norðan Votmúlavegar við Lækjamótaveg sem liggur að Selfossi. Þeim megin Votmúlavegar eru öll túnin. Landið ofan við túnið og bæinn er ýmist mýrlendi eða heiðarmói. Neðan við Votmúlaveg eru engjalönd í Breiðumýri.“ (*Sunnlenskar byggðir* II. Flóinn. 1981:340) Lækjamót átti kirkjusókn að Laugardælum árið 1841. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72)

Býlið er enn í byggð.

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríksins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Lækjamót Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 24.2. 2005 af <http://www.fmr.is/>

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal 1729 í þremur sýslum. 1924-1947. Tekið saman af Hans Oluf Hansen. Viðauki við Manntal á Íslandi 1703. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót.* Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Votmúla Norðurkot.* Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lækjarmót 1 166196 210 - 1

Sérheiti: Norðurkot

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 402508 Y: 380712

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson (1204607819)

Staðhættir

„Skammt frá heimatúninu ...” (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:112) Bærinn hefur alltaf staðið þar sem bær Norðurkots (Lækjamóta) stendur í dag. Brunnur [11] og fjárbað [10] eru bæði á bæjarhólnum.

Lýsing

Bæjarhóll Norðurkots er í raun enginn hóll, fremur smá upphækkun og ekki hægt að segja til um stærð hans.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Lækjarmót 1 166196 210 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402475 Y: 380732

Horfin: Já

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson (1204607819)

Staðhættir

Á túnakorti Lækjamóta má sjá útihús norðvestur af bænum en minjar fundust ekki, sennilega vegna túnasléttunar.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúla Norðurkot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lækjarmót 1 166196 210 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402480 Y: 380636

Þvermál: 10,5 x 12,5 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson (1204607819)

Staðhættir

Leifar útihússins eru í miðju túni um 40 m suður af Lækjamóti og um 40 m austur af Lækjamóti II.

Lýsing

Hóllinn er vel greinilegur og um 1 m á hæð í hæsta punkti. Hann er í þvermáli 12,5 x 10,5 m. Ekki sér móta fyrir neinum hleðslum í hólnum og á honum er sami gróður og í kring.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Votmúla Norðurkot. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Lækjarmót 1 166196 210 - 4

Sérheiti: Diðriksstaðir

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 402580 Y: 381267

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 20 m

Breidd: 9,5 m



Mynd 81. Tóftir Diðriksstaða.

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson (1204607819)

Staðhættir

Þurrabúðin Diðriksstaðir stóð í norðaustur frá Norðurkoti, á mörkum Smjördalatorfu og Votmúlalands, hana byggði árið 1861 Diðrik Jónsson sem bjó í Votmúla-Norðurkoti en var þokað þaðan. Þurrabúðin var í byggð í um 40 ár en síðastur bjó þar Brynjólfur Jónsson (Brunna-Brynki). Þurrabúðin var úr „vanefnum byggð” en fékk

Diðrik aðstoð við bygginguna og að launum fengu aðstoðarmennirnir að nefna kotið, Sigurður Gamalielsson í Votmúla nefndi kotið „Ráðleysa” og festist það nafn við Diðriksstaði. Sigríður Egilsdóttir kona Diðriks samdi þessa vísu: Fyrst það nefdist FlagveltaRitast líka RáðleysaRéttnefnt Diðriksstaðir. (Páll Lýðsson. 1961 3).

Diðriksstaðir eru í miðju túni, um 100-150 m norður af tippnum á Lækjamóti. Tóftin er u.þ.b. 200 m austur af Lækjamótavegi og ASA af Sóleyju, húsi sem stendur í sama túni.

Lýsing

Tóftin er hæst um 1,5 m. Lengd hennar að innanmáli er u.þ.b. 16 m samanlagt en að utan 20 m. Breiddin að innanmáli er mest 4,5 m og að utanmáli 9,5 m. Hleðslur tóftarinnar eru grónar að hluta, steinarnir mosavaxið hraungrýti, ekki sér móta fyrir dyraopi. Tóftin samanstendur af um 6 rýmum sem þó eru misáberandi. Þrjú þeirra liggja samsíða nokkurnvegin N/S en þrjú eru austan við þau. Nyrsta og stærsta rýmið gæti hafa verið túngarður utan við húsið sjálft, en hleðslugrjót þar er ekki eins sjáanlegt og í tóftinni sjálfri.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1961. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Lækjarmót 1 166196 210 - 5

Sérheiti: Litlakot

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 402411 Y: 380607

Þvermál: 40 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Ari G. Öfjörð (1812554209)

Staðhættir

„Um aldamótin [1900] reis önnur þurrabúð í Votmúlahverfinu, fremst í Norðurkotstúninu, í beina stefnu milli Votmúla og Norðurkots. Nefndist það Litlakot”. Litlakot lagðist í eyði árið 1909 og „rústir þess eru gjörsamlega jafnaðar við jörðu.“ (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:3) Hóllinn er 20 m suður af Lækjamóti II og um 25 m suðvestur frá tóft nr. 12. Hóllinn er í túni Norðurkots og beina stefnu milli Bæjarhólsins í Votmúla og bæjarins í Lækjamóti.

Lýsing

Hóllinn er mjög stór að flatarmáli en ekki hár. Hæð hans í hæsta punkti er uþb 2 m. Erfitt er að átta sig á stærð hólsins en hann er 40 m að þvermáli frá vestri í austur nokkurnvegin en frá norðri í suður er ekki hægt að mæla þvermál. Gróður hólsins er sá sami og á túninu í kring og ekki sér móta fyrir neinum hleðslum í hólnum en dæld er í honum miðjum.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Lækjarmót 1 166196 210 - 6

Sérheiti: Norðurkotsmótgrafir

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 402465 Y: 381309

Lengd: 1,90 m

Breidd: 2,10 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson (1204607819)

Staðhættir

„Fyrir ofan Lækjarmót, eða í útnorður frá þaðan, voru Norðurkotsmógrafir. Þar er nú orðið tún vestan við veginn að Selfossi.” (Páll Lýðsson. [ártal vantar]:7) Mógrafirnar

eru víðsvegar um túnið, m.a. 50 m austan við stekk nr. 007 og um 150 m norðan við moldarhauginn. Teknir voru þrír GPS-punktar, en mógrafirnar eru víðar.

E402465, N381309, E402580, N381230, E402538, N381301

Lýsing

Mógrafirnar eru mismunandi að lögun og dýpt, en flestar þeirra eru næstum ferkantaðar. Auðséð virðist vera að þær eru misgamlar, því þær eru misgrónar. Botn sumra þeirra er blautur með öðrum og grænni gróðri en umhverfis þær. Þær sem elstar eru eru þurrari og grónar líkt og umhverfið í kring. Ein yngri grafanna var mæld og var hún dýpst 0,60 m og lengd 1,90 m og breidd 2,10 m.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. [ártal vantar]. *Votmúli, Austurkot og Lækjamót*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Lækjarmót 1 166196 210 - 7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402665 Y: 381349

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Tóftin er upb í beinni stefnu vestur af Smjördölum og 50 m norður af tóft nr 15.

Lýsing

Minjar þessar samanstanda af tóft og sennilega rétt í kring, tóftin er í norðvestur horni réttarinnar. Lítil tóft er um 6 m frá og tilheyrir líklega þessari rétt. Hleðsluhæðin á tóftunum er mest um 1- 1,5 m á hæð og ekki sér móta fyrir hliði á réttinni né inngangi í tóftirnar. Tóftirnar eru hlaðnar úr mosavöxnu hraungrýti og eru í grasivöxnum lyngmóa. Tóftin sem er í réttinni er um 1 x 1,5 m að innanmáli og u.þ.b. 3 x 4 m að utanmáli. Hin tóftin er um 1 x 1 m að innanmáli og 4 x 5 m að utanmáli. Báðar tóftirnar eru líklega frá sama tíma en þær eru jafn grónar sama gróðri. Réttin er mjög

sokkin og er hleðsluhæð hennar undir hálfum metra. Innanmál réttarinnar er u.þ.b. 5 x 6 m og að utanmáli 8 x 7.

Lækjarmót 1 166196 210 - 8

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 402593 Y: 381251

Þvermál: 2 x 1,6 m

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson (1204607819)

Staðhættir

Brunnurinn er í 10 m suður af Diðriksstöðum, og ekki áberandi. Brunnurinn er í þýfðum, grasivöxnum lyngmóa.

Lýsing

Brunnurinn er samfallinn en hefur verið hlaðinn úr hraungrýti og er brunnurinn ekki mikið gróinn að innanverðu. Brunnurinn hefur að hluta verið ofanjarðar því það sér móta fyrir ummáli brunnsins. Utanmál brunnsins er 2 x 1,6 m í þvermál.

Lækjarmót 1 166196 210 - 9

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 402508 Y: 380712

Ástand: Slæmt

Horfin: Að hluta

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Ari G. Öfjörð (1812554209)

Staðhættir

Brunnurinn er í hlaði Lækjamóta um 5 m austur af húsinu og um 15 m SSV frá Fjárbaðinu.

Lýsing

Brunnurinn er neðanjarðar og hulinn jarðvegi. Ekki sér móta fyrir honum á yfirborði en sé trampað á hlaðið þar sem hann er, heyrst tómahljóð. Brunnurinn er sennilega hlaðinn en þó hélt Ari að mögulega hefði hann hrunið í jarðskjálftanum.

Lækjarmót 1 166196 210 - 10

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402518 Y: 380728

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Ari G. Öfjörð (1812554209)

Staðhættir

Fjárbaðið er 20 m austur af Lækjamóti á bæjarhólnum. Það á líklega að hverfa fljótlega. Fjárbaðið gæti verið frá því um 1930 og eldra að sögn Ara. Fjárbaðið er í dag hulið mold svo ekkert er hægt að segja til um útlit eða stærð þess.

Lækjarmót 1 166196 210 - 11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402574 Y: 381297

Þvermál: 6,7 x 6,3 m

Hleðsluhæð: 90 cm

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta



Mynd 82. Rúst. Tekið í S.

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson (1204607819)

Staðhættir

Tóft er um 7 m austur af túngarði [16], 15 m vestan við Diðriksstaði og um 100 m norður af tippnum. Hún er í grýttu, þýfðu túni.

Lýsing

Tóftin er nánast hringlaga. Þvermálið er 6,7 x 6,3 m. Mesta hæð hleðslu er mest 90 cm, en það er einungis á smá parti. Að stórum hluta er tóftin illsjáanleg. Gróður í tóftinni er svipaður og umhverfis hana. Innan í henni er hraungrýti, sem gætu verið leifar hleðslunnar.

Lækjarmót 1 166196 210 - 12

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402450 Y: 380655

Þvermál: 12 x 11 m

Ástand: Sæmilegt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Ari G. Öfjörð (1812554209)

Staðhættir

Hóll þessi er 25 m norðaustur frá Litlakoti, 20 m austur frá Lækjamóti II og 40 m suðvestur frá Lækjamóti.

Lýsing

Hóllinn er mjög áberandi. Hleðslur eru í hól þessum samkvæmt Ara G. Öfjörð en þær sjást ekki. Hóllinn er upb 3 m á hæð í hæsta punkti. Á hólnum er sami gróður og í kring en hann er þýftari. Þvermál hólans er 12 x 11 m.



Mynd 83 Tóft no:12 og Lækjarmót II í baksýn.

Lækjarmót 1 166196 210 - 13

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Staðsetning: X: 402539 Y: 380697

Horfin: Já

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Ari G. Öfjörð (1812554209)

Staðhættir

Brunnur þessi er um 35 m austur af Lækjamóti, 2 m vestur af Lækjargarði.

Brunnurinn er á hlaði Lækjargarðs rétt við útidyrnar á húsinu.

Lýsing

Ekkert sér móta fyrir brunninum en Ari gat bent okkur á hvar hann var.

Lækjarmót 1 166196 210 - 14

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402616 Y: 381272 Hleðsluhæð: 1 m

Lengd: 10 m

Breidd: 6,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Tóft þessa útihúss er um 18 m austur frá Diðriksstöðum og um 100-150 m norður af tippnum. Hraunnáma er um 10 m austur af tóftinni. Tóftin er í miðju óslegnu túni í órækt.

Lýsing

Hleðslur tóftarinnar sjást að hluta, þær eru úr mosavöxnu hraungrýti. Tóftin er að öðru leyti gróin sama gróðri og umhverfið í kring. Tóftin er að utanmáli 10 m að lengd en að innanmáli 6,5 m. Breidd tóftarinnar að utanmáli er mest 6 m og að innanmáli mest

3 m. Hleðsluhæðin er mest 1 m. Tóftin samanstendur af tveimur rýmum sem hafa haft inngang á vesturhlið.

Lækjarmót 1 166196 210 - 15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 402649 Y:
381291

Lengd: 12 m

Breidd: 6 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Staðhættir

Tóftin er alveg við grjótnámuna norðanmegin. Tóft þessi er 30 m norðaustur af útihúsatóft Diðriksstaða [14]. Tóftin er í miðju túni í órækt.

Lýsing

Tóftin er mögulega hús af einhverju tagi. Hleðslur ekki sjáanlegar en mikið af grjóti er þarna sem og annarsstaðar í umhverfinu en þarna myndar það ferkantaða laut. Stærð hennar er 12x6 m að utanmáli. Gróðurinn á tóftinni er sá sami og á umhverfinu í kring.



Mynd 84. Rúst í landi Lækjarmóta

Lækjarmót 1 166196 210 - 16

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 402550 Y: 381264

Lengd: 40 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Eiríkur Rúnar Guðmundsson (1204607819)

Staðhættir

Þessi túngarður er um 25 m NV af Diðriksstöðum og 7 m vestur af tóft nr. 11. Hann er í miðju grýttu, þýfðu túni.

Lýsing

Garður er mjög lágur, fallinn og sokkinn, þó nokkuð vel sjáist móta fyrir honum. Hann er alveg gróinn, þannig að ekki sést í hleðslur. Sjáanlega er hann u.þ.b. 40 m að lengd og liggur næstum alveg í N-S, með örlitlum sveig til austurs um hann miðjan. Breidd hans mælist tæpur metri

Byggðarhorn - 166177-206

Fjöldi minja: 25

Saga

Heimild um Byggðarhorn birtist líklega fyrst í *Ábúendatali Árnessýslu*. Þar kemur fram að fyrsti ábúandinn hafi komið í Byggðarhorn 1681 eða fyrr. (Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*:27) „Þess verður snemma vart að góðir bændur hafa búið í Byggðarhorni og sumir haft stórbú. Þar er einbýli oftast, fyrst 1681 eða fyrr til um 1745, þá kemur stopult tvíbýlistímabil til 1840 ...“ (Páll Lýðsson. 1962:1) Árið 1837 flutti Gissur Gunnarsson að Byggðarhorni og hefur ætt hans búið þar síðan. „Aftur varð tvíbýli í Byggðarhorni árið 1969 er Gísli Geirsson tók þar upp sameignarbúskap með föður sínum [Geir Gissurarsyni].“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:344) Gísli er enn ábúandi í Byggðarhorni (2005).

Byggðarhornshjáleiga var byggð um 1697 í fornu stekkjalandi frá heimaörðinni segir *Jarðabókin* 1709. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109) Hjáleigan er komin í eyði árið 1729 og hefur ekki byggst aftur. Hins vegar er talið að menn hafi dvalist síðan í einhvers konar húsmennsku eða þurrabúð í Byggðarhornskoti [166177-006]. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:343)

„ ... [L]jóst er af búendatölum að jafnan hefur einn aðalbóndi setið jörðina, jafnvel áratugum saman en leigt út part hennar til mótbýlismanna sem staðið hafa stutt við.“ (Páll Lýðsson. 1962:1) Samkvæmt *Manntalinu 1703* bjuggu í Byggðarhorni hjón með 4 börn. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:520) Árið 1816 bjuggu á Byggðarhorni hjón, tökubarn, vinnupiltur og niðursetningur. (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:313)

Byggðarhorn á kirkjusókn að Laugardælum. (*Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979:72)

Býlið er enn í byggð.

Náttúrufar og jarðabætur

„Byggðarhorn er eftir fornu mati tæplega 18 hundraða jörð og ein stærsta óskipta jörðin í Sandvíkurhreppi, nálægt 400 ha. Jörðin er sem þríhyrningur að lögun samliggjandi Jórvík, en nær öll fyrir neðan Votmúlaveg.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:343) Byggðarhorn er öll láglend og mýrlend fyrir utan bæjarstæðið og Vöðlahól sem er í Breiðumýri í landi Byggðarhorns. Vöðlahóll er 17 metra yfir sjávarmáli. „Byggðarhorn þótti kostajörð mikil áður fyrir vegna hinna miklu slæгна er jörðinni fylgdu í Breiðumýri. Því var oft leitað þar heyskapar frá þeim jörðum er lélegar engjar áttu.“ (Páll Lýðsson. 1962:1)

Á túnakorti sem líklega er teiknað árið 1917 var túnið á Byggðarhorni 3,6 ha og þar af 3/5 sléttað. Matjurtagarðar voru 1468 m². Á túnakortinu má jafnframt sjá bæjarhús og tvö útihús. (Túnakort [1917]. *Byggðarhorn*)

Samkvæmt *The old Icelandic land registers* frá 1686 er jarðardýrleiki Byggðarhorns um 10 hundruð. Björn Lárusson. 1967: 104 Árið 1847 er hundraðstala Byggðarhorns 17 2/3 (Johnsen, J. 1847:62) og árið er 1861 er hundraðstalan 14,2. (*Ný jarðabók fyrir Ísland*. [Ártal vantar]:31)

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 er jarðardýrleiki óviss, landskuld er 9 álnir og greiðist í landaurum. Leigukúgildi 3 og leigur í smjöri á

Eyrabakka. Biskupsstóllinn í Skálholti er eigandi jarðarinnar. Kvaðir þær sömu og á öðrum jörðum biskupsstólsins, mannslán í Þorlákshöfn á veturna, hestlán og dagsláttur. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109) *Jarðabók* lýsir kostum og göllum jarðarinnar á eftirfarandi hátt: „Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar meinast verið hafa til forna, brúkast ei. Skóg til kolgjörðar í almenníngi ut supra. Túninu grandar vatn, sem jetur úr rótina, og so grjóts uppgángur. Engjunum grandar vatn ogso, sem jetur úr rótina, og er stór hindrun fyrir þessu vatni á heyskapnum í votviðrum, sem kemur úr einni uppsprettukeldu, og verður ekki við því varðað.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109)

Þegar *Fasteignabókin* 1932 var rituð var tún Byggðarhorns 2,5 ha og matjurtagarðar 100 m². (*Fasteignabók*. 1932:13) Árið 1977 var tún Byggðarhorns 32 ha. og hefur því verið stækkað um 28,4 ha. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:343)

Á heimasíðu *Fasteignamats ríkisins* eru byggingar í landi Byggðarhorns skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt því eru þau hús sem sjást á túnakorti horfin. Elsta hús Byggðarhorns er íbúðarhús byggt árið 1939. Árið 2005 standa á jörðinni 7 hús. (Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.))

„Landamerki Byggðarhorns voru lögákveðin og skjalfest í maímánuði árið 1885 og eru þau á þessa leið: 1) Milli Byggðarhorns og Sandvíkanna ræður bein lína úr Virkisvörðu í Gráhellu, þaðan bein lína um Kakkarvörðu í Grástein. 2) Milli Byggðarhorns og Stokkseyrar ræður bein stefna úr Grásteini í Gölt. 3) Milli Byggðarhorns og Jórvíkur ræður bein stefna úr Gölt í vörðu milli Byggðarhorns og Jórvíkur. Þaðan bein stefna í „Lambhól“. Þaðan bein stefna í „Þrívörður“. Þaðan bein stefna í ofanefnda Virkisvörðu. Síðan þetta var ritað hafa farið fram óþinglýst landamerki milli Jórvíkur og Byggðar-horns.“ (Páll Lýðsson. 1962:1)

Á Breiðumýri í Byggðarhorni fannst árið 1865 „[k]rossmark úr bronzi. Það hefur verið málað. Um miðjuna er breiddur breiður dúkur, og fætunir eru samsíða, en eigi krosslagðir, og bendir það meðal annars á, að það sé gamalt, líklega frá þrettándu öld...“ (*Upplýsingakerfið Sarpur*. Munaskrá) Þetta krossmark er nú í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Byggðarhorn Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 30.8. 2004 af <http://www.fmr.is/>

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000*. Handrit í eigu höfunda.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1917]. *Byggðarhorn. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Upplýsingakerfið Sarpur. Munaskrá. Krossmark, nr.1865: 47. Þjóðminjasafn Ísland.

Túnakort [1917]. *Byggðarhorn. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla.* Þjóðskjalasafn Íslands.

Upplýsingakerfið Sarpur. Munaskrá. Krossmark, nr.1865: 47. Þjóðminjasafn Ísland.

Byggðarhorn 166177 206 - 1

Sérheiti: Byggðarhorn

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 401217 Y: 379503

Þvermál: 52 x 43 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Baldvin Ingi

Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Bærinn stendur í nær miðju túni og eru peningshúsin flest framan við íbúðarhúsið.“ (Páll Lýðsson. 1962:2) Bæjarhóllinn er um 70 m vestur frá Byggðarhornskoti [166177-006]. Hann er einnig um 100 m frá nyrsta íbúðarhúsinu í Byggðarhorni og um 200 m vestur frá Austurkoti.

Lýsing

Á bæjarhólnum er nú eldra íbúðarhúsið í Byggðarhorni, fjárhús og hlaða. Hæð bæjarhólsins er um 3 m. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var matjurtgarður vestanmegin

við bæjarhólinn. (Túnakort [1917]. *Byggðarhorn*) Engar hleðslur eru sjáanlegar en þar er áberandi annar gróður en í nágrenninu. Samkvæmt heimildamanni var brunnur við NA-horn hólins. Hefur verið fyllt upp í hann og öll ummerki um hann horfin [166177-023].

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Túnakort [1917]. *Byggðarhorn*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Byggðarhorn 166177 206 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401211 Y: 379532

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var útihús norðanmegin við bæjarhól. (Túnakort [1917]. *Byggðarhorn*) Engin ummerki fundust.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Byggðarhorn*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Byggðarhorn 166177 206 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401211 Y: 379532

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var útihús norðanmegin við bæjarhól (Túnakort [1917]. *Byggðarhorn*) Engin ummerki fundust.

Heimildaskrá

Túnakort [1917]. *Byggðarhorn. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Byggðarhorn 166177 206 - 4

Hlutverk: Rista

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* var torfrista og stunga bjargleg í Byggðarhorni (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109), en torftökusvæðið er nú óþekkt.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.



Byggðarhorn 166177 206 - 5

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 401651 Y: 378212 **Mynd 85.** Mógrafir tekið í S. Ljós.GV

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Árið 1709 er „[t]orfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar meinast verið hafa til forna, brúkast ei.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109)

Mógrafaþyrping er um 220 m suðaustur frá Vöðlahól og um 20 m suður frá tóft nr. 166177-019. Um 15-20 mógrafir eru á svæðinu, sem er um 40 m að lengd frá norðri til suðurs og um 60 m frá austri til vesturs.

Lýsing

Mógrafirnar eru misstórar, sumar eru allt að 6 x 5 m. Jafnframt eru þær misdjúpar og -grónar sem gæti sagt til um aldur þeirra eða gæði efnisins. Þær mógrafir sem eru dýpstar eru allt að 1 m. Þær sem eru dýpstar eru minnst grónar og er áberandi mikill votlendisgróður í þeim. Þær grynri hafa svipaðan gróður og umhverfið og eru því líklega eldri, eða að efnið hefur verið ónýtanlegt og því hætt við mótöku þar. Samkvæmt heimildamanni tók afi hans, Geir Gissurarson, mó í þessum gröfum. Geir var með búskap í Byggðarhorni frá árinu 1936 til 1989.

Heimildaskrá

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.*

Byggðarhorn 166177 206 - 6

Sérheiti: Byggðarhornshjáleiga

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Tóft + Gerði

Staðsetning: X: 400951 Y: 379506


Hleðsluhæð: 2 - 2,5 m

Lengd: 15,5 m

Breidd: 16 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta



Teikning 33. Rúst á bæjarhól í Byggðarhorni

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Þetta vestasta svæði milli skurðanna hét áður Kotmýri og dró nafn sitt af Byggðarhornskoti sem var vestan við túnið í Byggðarhorni.“ (Páll Lýðsson. 1962:2) „Bygðarhornshiáleiga, bygð fyrir 12 árum [1697] á fornu stekkjarstæði frá heimajörðunni, þar sem ekki hafði áður bygð verið.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:109) „Hjáleigan er komin í eyði árið 1729 og hefur ekki byggst aftur. Hins vegar er talið að menn hafi dvalist síðan í einhvers konar húsmennsku eða þurrabúð í Byggðarhornskoti.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:343). „Þar eru nú rústir einar sem þó geta minnt á mannavöl í kotinu endur fyrir löngu og tunkragi umhverfis sannar einnig að þar hefur verið meira en þurrabúð ein.“ (Páll Lýðsson. 1962:2) Tóft er á þessu svæði milli skurðanna. Hún myndar hól, sem nefndur er Kothóll. Túnið sem hann stendur í kallast Kotatún. Kothóll er um 200 m vestur af nýja íbúðarhúsinu í Byggðarhorni og skemmu sem við það stendur. Hann er um 600 m suður af skógræktarreit sem er við Votmúlaveg, rétt austan við Móskóga.

Lýsing

Tóftin er innan í skeifulaga hól sem er lokaður að norðanverðu. Líklegt er að hóllinn sé allur leifar hleðslna í veggjum og utan á húsinu sem þar var. Tóftin liggur frá norðri til suðurs og hefur inngangurinn verið að sunnanverðu. Í miðjum hólnum er nokkuð sléttur flötur, sem er um 3 m á breidd og 8 m að lengd. Þó eru einstaka steinar þar á víð og dreif. Þessi lægsti flötur tóftarinnar er nokkuð gróinn sama gróðri og umhverfis hana. Á hvorri langhlið eru um 50 cm háir kantar, sem í sjást merki um grjóthleðslu. Ofan þeirra er um 1 m breiður stallur að jafnaði, en svolítið breiðari á köflum. Þessi stallur er næstum algjörlega gróðurlaus og eitt moldarflag, væntanlega vegna ágangs búfjár sem leitar skjóls inni í hólnum. Á hólnum er talsvert grjót, eins og innan tóftarinnar sem er þar á víð og dreif. Fyrir ofan þennan stall er annar kantur, um 1,5 m hár. Hann er allgróinn með nokkuð af grjóti í. Hliðarveggir þessir eru um 2 til 2,5 m, en í norðurendanum er veggurinn um hálfum metra lægri. Veggirnir eru því breiðast neðst, þar sem þeir eru 6 til 7 m, en efst er þykktin um 1,5 m. Að utanverðu er hóllinn talsvert brattur og eru hliðarnar grasi grónar með stöku steinum í. Austan við innganginn liggur svolítið veggjarbrot um 5 m í suður. Breidd veggjarins er óregluleg, frá 50 cm til 1 m og hæð hans sömuleiðis. Í norður frá norðaustur hluta tóftarinnar liggur annar garður, um 8 m langur, í beina stefnu norður. Hann tekur síðan sveig í

vestur á 13 m kafla þar til hann sveigir aftur í suðvestur og mælist sá hluti um 4 m. Garður þessi er mjög gróinn og ekki sést í neitt grjót í honum, en hann er þó víða greinilegur. Milli hans og tóftarinnar/hólsins er yfirborðið næstum jafnhátt garðinum. Þarna er sami gróður og í túninu umhverfis.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Byggðarhorn 166177 206 - 7

Sérheiti: Þrívörður

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Milli Byggðarhorns og Jórvíkur ræður bein stefna úr Grásteini í Gölt í vörðu milli Byggðarhorns og Jórvíkur. Þaðan bein stefna í „Þrívörður.“ Þaðan bein stefna í ofannefnda Virkisvörðu ... Þrívörður eru nú horfnar en riminn er eftir og er hann beint á móti norðausturhorni skógræktargirðingarinnar, sunnan vegarins.“ (Páll Lýðsson. 1962:2)

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Byggðarhorn 166177 206 - 8

Sérheiti: Kúagata

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Vestur frá bænum lá upphleypt braut sem áður var heimreiðin að bænum en er nú Kúagata.“ (Páll Lýðsson. 1962:2) Ekki sjást nein ummerki um Kúagötu.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Byggðarhorn 166177 206 - 9

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Fyrir framan Kúagötuna [166177-008] er Fjárhúsatún ... Dregur það nafn sitt af fjárhúsunum gömlu sem stóðu um 50 metra frá bænum í útsuður.“ (Páll Lýðsson. 1962:2) Fjárhúsin eru nú horfin.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn*, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Byggðarhorn 166177 206 - 10

Sérheiti: Stöðullinn

Hlutverk: Stöðull

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Aðaltúnið í Byggðarhorni er austan við Fjárhúsatún og Byggarhornsveg. Kallast það oftast Túnið og austarlega í því, norðan til var Stöðullinn. Stöðullinn var ekki alls fjarri Markavörðu [166177-011] ...“ (Páll Lýðsson. 1962:2) Við Stöðulinn eru ekki önnur kennileiti en örnefnið.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Byggðarhorn 166177 206 - 11

Sérheiti: Markvarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Aðaltúnið í Byggðarhorni er austan við Fjárhúsatún og Byggarhornsveg. Kallast það oftast Túnið og austarlega í því, norðan til var Stöðullinn [166177-010]. Stöðullinn var ekki alls fjarri Markavörðu sem var hornmark gömlu markanna milli Jórvíkur og Byggðarhorns.“ (Páll Lýðsson. 1962:2) Ekki fundust nein ummerki um Markvörðu.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Byggðarhorn 166177 206 - 12

Sérheiti: Kakkarvarða

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Fyrir vestan og sunnan þriðja flóðgarðinn [166177-013] í Framengjum kemur Vesturmýrin og tekur hún einnig yfir 3 teiga en endar í odda við hornmarkið Grástein,

sunnan Hreppamannaskurðar ... Kakkarvarða var vestast við sama teig í beina stefnu milli Gráhellu og Grásteins. Hún er löngu gleymd og fallin, þar sem girt er á mörkum.“ (Páll Lýðsson. 1962:3)

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Byggðarhorn 166177 206 - 13

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Fyrir vestan og sunnan þriðja flóðgarðinn í Framengjum kemur Vesturmýrin og tekur hún einnig yfir 3 teiga en endar í odda við hornmarkið Grástein, sunnan Hreppamarkaskurðar.“ (Páll Lýðsson. 1962:3) Hér er væntanlega um að ræða sama flóðgarð og lýst er nr. 166177-014.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Byggðarhorn 166177 206 - 14

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401732 Y: 378465

Lengd: 1800 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Austurmýrin nefnist allt svæðið austan Grásteinsskurðar upp að Stekkakeldu. ... Helmingur Austurmýrar er austan austasta flóðgarðsins ...“ (Páll Lýðsson. 1962:3)

Lýsing

Varnargarðurinn er handgrafinn. GPS-punkturinn var tekinn beint suður af Byggðarhorni í Austurmýri. Garðurinn sést á loftmynd og liggur hann þvert yfir jörðina frá vestri til austurs. Síðan tekur hann stefnu í NV að Geirakoti. Garðurinn er horfinn á túninu við Vöðlahól þar sem nú er nýrækt. Garðurinn er um 50-80 cm hár.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla.* Örnefnastofnun, Reykjavík.



Mynd 86. Skráningarmaður situr þar sem húsin stóðu. Tekið í N.Ljósm.KEÞ

Byggðarhorn 166177 206 - 15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst/heimild

Staðsetning: X: 401291 Y: 378624

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Heimildamaður sagði frá því að sauðahús, hrútakofi eða lambhús hefði verið í túninu vestan við veg sem liggur í suður að fjárhúsum sem voru við enda hans [166177-017]. Ekki sjást nein ummerki um mannvirki á þessum stað, einungis nokkrir lágir hólur og þúfur á nokkuð stóru svæði (u.þ.b. 100 x 50 m). Þessir hólur eru um 80 m NV frá fjárhúshrauk [166177-017] og um 200 SSV af bæjarhól Byggðarhorns [166177-001]. Vöðlahóll er um 100 m SSV frá hólunum.

Lýsing

Hólarnir eru í þýfðu túni með sama gróðri og umhverfis þá.

Byggðarhorn 166177 206 - 16

Sérheiti: Haukshóll

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Garðlag,; Frásögn

Staðsetning: X: 401496 Y: 378786

Þvermál: 13 m

Hleðsluhæð: 0,50 m

Ástand: Slæmt



Mvnd 87. Haukshóll Tekið í N. Liósm KEÞ

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

„Stærstur rimanna er Langirimi í útnorður frá fjárhúsunum en beint upp af fjárhúsunum, að sjá í Jórvík, er Haukshóll.“ (Páll Lýðsson. 1962:3) Hóll þessi er austan við veg sem liggur suður í mýrina frá bæjarhólnum. Hann er um 60 m NNA frá fjárhúshrauknum [166177-017] sem er við enda þessa slóða. Hann er um 200 m suður af bæjarhól Byggðarhorns [166177-001].

Lýsing

Samkvæmt heimildamanna er hóll þessi oft kallaður Hulduhóll eða Álfahóll af heimamönnum, sjá munnmæli. Hóllinn er um 130 cm hár í tveimur stöllum. Þvermál hólsins alls er um 6 m. Efri kollurinn er um 50 cm hár og um 1 m í þvermál. Í honum eru nokkrir steinar og það má hugsa sér að þarna hafi verið lítill smalakofi. Í kringum hólinn, í um 3 m fjarlægð frá rótum hans, liggur garður. Hann er greinilegastur norðan við hólinn. Mesta hæð hans er um 50 cm en sjáanleg breidd er svolítið mismunandi, frá 20 cm til 1 m. Ekki sést hleðsla í garðinum, en það sést glitta í nokkra steina í honum. Hóllinn er í þýfðu túni með sama gróðri og umhverfis hann.

Munnmæli

Heimildamaður sagði frá því að engin skepna fari inn fyrir garðinn kringum Haukshól, en engu að síður er gras á honum alltaf mjög snögg eins og það sé nýbitið.

Heimildaskrá

Páll Lýðsson. 1962. *Byggðarhorn, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Byggðarhorn 166177 206 - 17

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hleðsla; Heimild

Staðsetning: X: 401555 Y: 378615

Lengd: 37 m

Breidd: 7 m



Mynd 88. *Leifar af fjárhúsi. Tekið í A. Ljósm.KEP*

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Við suðurenda vegarslóða sem liggur suður í mýri frá bæjarhól Byggðarhorns [166177-001] er afgangur hraukur, sem ruddur hefur saman með jarðýtu. Hann liggur frá norðri til suðurs. Hraukur þessi er um 50 m norður af bæjarhólnum og um 100 m suður af Haukshól [166177-017].

Lýsing

Um er að ræða leifar fjárhúss sem þarna stóð, með hlöðnum, háum veggjum og bárujárnsþaki. Inngangur var í suðurenda hússins og rétt suð-austan við innganginn var brunnur, sem nú hefur verið fyllt upp í [166177-024]. Í vesturhlið hrauksins er vegghleðslan næstum óhöggð á nokkurra metra kafla. Mesta hæð hennar er um 130 cm. Steinarnir í hleðslunni eru töluvert stórir og er hún einungis mest fjögur umför. Gras vex alls staðar út á milli steinanna. Þarna sjást enn fremur leifar bárujárnsþaksins sem var á húsinu. Annars staðar í hólnum sjást víða steinar sem eflaust hafa verið notaðir í hleðsluna og auk þess ýmis konar járnarúsl. Auðséð er að fjárhústóftinni var ýtt saman frá austri til vesturs, en það var gert fyrir 10 til 12 árum.

Byggðarhorn 166177 206 - 18

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 401511 Y: 378598

Lengd: 7 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Um 20 m austur af fjárhúshrauk [166177-017] og um 30 m NNV frá Vöðlahól [166177-019] má sjá nokkuð stóra og djúpa holu í annars sléttu, vel ræktuðu túni. Heimildamaður segir að hér hafi verið uppspretta sem notuð hafi verið til að brynna skepnum, en allt útlit holunnar ber með sér að um sé að ræða gamla mógröf, sem hefur þá verið hætt að nota fyrir minni heimildamanns og safnast hafi vatn í hana.

Lýsing

Hola þessi er dýpst austast, um 1 m, en hún jafnast síðan út að yfirborði að vestanverðu. Í holunni er nú talsvert spýtnarusl og þar er einnig mikil grjóthrúga, sem eflaust er úr túninu í kring.

Byggðarhorn 166177 206 - 19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft + Gerði

Staðsetning: X: 401646 Y: 378253

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 7 m

Breidd: 1 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Uppblástur

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Rúst er staðsett í Vöðlum sem er í Austurmýri Byggðarhorns. Rústin er um 100 m SSA frá Vöðlahól og um 1,3 km suður frá Bæjarhól Byggðarhorns [166177-001].

Lýsing

Rústin er staðsett uppi á hól. Hún er um 7 m löng. Einföld hleðsla sést vestan í hólnum. Austanmegin sést víða grjót, en engin greinileg hleðsla. Allt í kringum hólinn er mjög mikill uppblástur, en örlítill gróður er á honum miðjum. Heimildamaður benti á hringlaga garð suðvestanmegin við hólinn [166177-025].

Byggðarhorn 166177 206 - 20

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 401084 Y: 379138

Þvermál: 8 m

Breidd: 70 cm

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Friðlýst: Nei

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Garðurinn er um 100 m suður frá bæjarhól Byggðarhorns [166177-001].

Lýsing

Hringlaga garður liggur í um 2 m NA af mógröf [166177-022]. Ekki sjást neinar hleðslur í garðinum. Hann gæti hafa verið notaður til að geyma mó sem tekinn var úr mógröfinni. Garðurinn er um 50 cm hár. Breidd hans er um 70 cm og þvermál hans er um 8 m.. Gróður er sá sami og umhverfis, en það er töluvert mikið af



Mynd 89. Skráningarmaður situr á tóft

steinum í kringum garðinn.

Byggðarhorn 166177 206 - 21

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 401404 Y: 379216

Þvermál: 2 x 2 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Mógröfin eru um 340 m SSA frá bæjarhól Byggðarhorns [166177-001].

Lýsing

Mógröfin er næstum alveg ferhyrnd og um 80 cm djúp.

Gróður er sá sami og í kring.

Byggðarhorn 166177 206 - 22

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning: X: 401084 Y: 379138

Þvermál: 4 x 3 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Mógrafirnar eru um 100 m beint suður frá bæjarhól Byggðarhorns [166177-001].

Lýsing

Á svæðinu er ein stór mógröf og nokkrar minni í kring. Stóra gröfin er um 55 cm djúp. Vestan í henni er minni hola sem er um 1 x 1 í þvermál og 1 m á dýpt. Gróður er sá sami og í kring.

Byggðarhorn 166177 206 - 23

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401217 Y: 379503

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni var brunnur við NA-horn bæjarhólsins [166177-001].

Lýsing

Fyllt hefur verið upp í brunninn og eru því öll ummerki um hann horfin.

Byggðarhorn 166177 206 - 24

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 401555 Y: 378615

Horfin: Já

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var brunnur rétt suð-austan við inngang fjárhússins [166177-024].

Lýsing

Fyllt hefur verið upp í brunninn og eru því öll ummerki um hann horfin.

Byggðarhorn 166177 206 - 25

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 401646 Y: 378253

Þvermál: 10 m

Hleðsluhæð: 50 cm

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hættu

Hættuorsök: Uppblástur

Heimildamaður: Baldvin Ingi Gíslason (0705695589)

Staðhættir

Garðurinn er suðaustan við rúst nr. 166177-019.

Lýsing

Garðurinn er hringlaga, um 50 cm hár og um 10 m í þvermál. Engar hleðslur eru sjáanlegar en hraunhella er í honum miðjum.

Björk -166181-203



Mynd 90. Björk í fjarlægð sérst gamla íbúðarhúsið sem stendur á gamla bæjarstæðinu.

Saga

Hvenær Björk byggðist fyrst er ekki vitað en fyrst birtist býlið í heimildum árið 1566 í fornbréfasafninu, og var þá Björk eyðibýli. Gísli Jónsson Skálholtsbiskup gaf Bjarna Ketilssyni jörðina þann 4. október 1566 í skiftum fyrir part í jörðinni Langholt í sömu sókn (Laugardælasókn) (DI XIV:534-5). „Jörðin var bændaeign til miðrar 17. aldar er Brynjólfur biskup Sveinsson náði henni undir Skálholtsstól. Árið 1790 komst Björk aftur í bændaeign og sátu hana ýmsir leiguliðar út 19. öld. Frá 1834-1899 var þar tvíbýli uns Gísli Lafransson frá Votmúla keypi jörðina af Magnúsi Arnbjarnarsyni lögfræðingi. Hélt Magnús eftir fjórðapartinum. Björk II, sem síðan var lagður undir Selfoss, vesturbæ, og nýbýlið Haga, stofnað 1910“ (SB II:345). Árið 1847 var jörðin í kirkjueign (JJ:62).

Björk virðist alltaf hafa haldið nafninu óbreyttu.

Björk var ekki stór jörð og hafði ekki hjáleigur. Þar hafa þó búið sæmilega stórar fjölskyldur á 18. og 19. öld samkvæmt manntölunum. Árið 1703 bjuggu þar hjón ásamt tveimur hjúum, 26 árum síðar bjó þar ein kona ásamt sjö börnum sínum (Manntal 1703:520, Manntal 1729:601). Árið 1801 bjuggu í Björk hjón ásamt þremur börnum sínum og einni þjónustustúlku og 15 árum síðar bjuggu þar önnur hjón ásamt vinnumanni, vinnukonu og tókubarni (Manntal 1801:230, Manntal 1816:315).

„Lanskuld 1x álnir í landaurum ut supra á stólsjörðunum. Leigukúgildi iii. Leigur í smjöri ut supra. Kvaðir mannslán, hestlán og dagsláttur ut supra á stólsjörðunum“ (JÁM II:108). Árið 1709 var „Jarðardýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af síðan í tíð meistara Brynjúlfs, þar til hún var bóndaegin, og tíundaðist þá (eftir því sem menn hafa heyrt) fyrir tíu hundruð“ (JÁM II:108). Þegar Jarðatal á Íslandi var skrifað árið 1847 var dýrleiki jarðarinnar 15 1/3, landskuldin 0,60 og kúgildin 3 (JJ:62). „1861 er dýrleiki jarðarinnar fallinn niður í 9,1 hundr. samtímis því sem Sandvíkurjarðirnar hækka. Þessi mismunur eykst enn er veiði hefst fyrir alvöru í Sandvíkum. Að vísu á Björk veiðirétt í Ölfusá, þar sem Björkurland nær í odda niður að ánni við svokallaða Dýflissu en sú veiði hefur ekki verið nytjuð og ber jörðin aðeins 3 veiðieiningar“ (Ö-Björk, 1-2).

Náttúrufar og jarðabætur

Björk í Sandvíkurhreppi hefur alltaf verið lögbýli þótt ekki sé jörðin stór, einungis 125 ha. óskipt. „Jörðin liggur ofarlega í Sandvíkurhreppi, öll ofan Votmúlavegar, og snertir Selfossland á góðum kafla. Björk á horn vestan Eyrarbakkavegar og jörðin teygir sig í odda niður að Ölfusá þar sem Dýflissa heitir“ (SB II:345).

Samkvæmt túnakorti Björkur sem teiknað var af Þorsteini Sigurðssyni árið 1920, var túnið í Björk 7.2 ha, þar af 2/3 slétt. Matjurtagarðar voru 960 m². Á túnakorti má sjá bæjarstæðið, matjurtagarðinn og þrjú útihús (Túnakort). Á heimasíðu Fasteignamats ríkisins eru byggingar á landi Björkur skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt því standa þau hús sem á túnakorti eru, ekki enn í dag. Elsta hús Björkur er geymsla sem var byggð árið 1930, en í dag standa á jörðinni 13 byggingar (fmr.is). Þegar Fasteignabókin 1932 var skráð voru tún Björkur 3,5 ha (Fasteignabók 1932:13). Árið 1977 var framkæmt fasteignamat á jörðinni og voru þá tún Björkur 21 ha (SB II:345). Forn hundraðatala Björkur var 15 1/3 en ný hundraðatala, árið 1848, var 9,1 (Ný jarðabók:31). „Ræktunarskilyrði eru góð í Björk. Landið er samfelldt og vel ræsanlegt og víðast grjótlaust. Best er ræktarlandið vestur með veginum og sunnan við túnið en austur á landareigninni er mýralendara, enda er þar aðaláveitulandið“ (SB II:345). „Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Skóg í almenníngi ut supra. Hætt er kvikfje fyrir holugryfjupyttum. Vatnsból bregst sumar og vetur, og er þá vatn tilflutt frá öðrum bæjum eða lánga vegu mönnum og fje til bjargar“ (JÁM II:108). „Á síðustu árum hefur framþróun orðið á jörðinni ekki síður en á öðrum jörðum á Flóaáveitusvæðinu, ræktunarskilyrði síst verri en annars staðar, þegar ræst hefur verið fram og grjótlaust land víða. Best er ræktunarlandið vestur með veginum og niður að Litlahól en austur á landareigninni er mýrlendara enda er þar aðaláveitulandið“ (Ö-Björk, 1-2).

Landamerki jarðarinnar árið 1566 voru þessi: „fyrst sionhending vr Dyshol og j Slauguhol. þadan sionhending og ofan j eitt litid kringlott gerdi. þadan sionhending j Kierhola og hia þeim steine sem þar ä mille stendr. sijdan j burt vr Kerholi og vti Grænutopt og þadan j ädurnefndan Dyshol. Jtem þad þetta Biarckar land matti vijdara vera helldr enn fimm hundrada landi giegndi“ (DI 14. bindi:534-5).

Árið 1962 voru landamerki Björkur þessi og eru enn í dag: „Björkurland óskipt er um 126 hektarar, það er að lögun sem þríhyrningur og er markalína jarðarinnar þessi: Úr Dýflissu, sem er vik í Ölfusá og hornmark jarðanna Sandvík, Selfoss og Björk í

Strokkhól vestan við túnið í Björk; úr Strokkhól gegnum Litlahól í Virkisvörðu austan við Eyði-Sandvík; úr Virkisvörðu dregin lína í norður gegnum Markhól, austan við bæinn í Björk í Kerhól norðaustan við bæinn; úr Kerhól bein lína í Dýflissu við Ölfusá.

Sem fyrr segir er úrskipt úr landi Björkur tveim spildum, önnur kom í hlut Selfoss, 350 metra breið spilda vestan frá þjóðvegi austur að Strýtuhóli. Hin er vestan vegar, jafnbreið Selfossspildu og nær út í Dýflissu eða því nær. Þó eru veiðiréttindin ekki fylgjandi spildu þessari heldur tilheyra Björk. Á þessari síðari spildu var nýbýlið Hagi reist árið 1910.

Björkurvegur hefst þar sem landamerkjalinan sker Eyrarbyggveg. Áður en vegur komst heim í hlað voru notaðir hestatroðningar á öðrum stöðum. Leiðin suður eftir lá fyrst suður að Bjarkarskurði, þar var brú á skurðinum. Var síðan farið vestur með skurðinum og stefnt á Strokkhól, þar var hlið í grjótgarði nálægt mörkum. Síðan var farið yfir Geirakotsrima beint upp á þjóðveg. Leiðin upp frá Björk lá beint þaðan um Haga að Selfossi, er farið var gangandi, en ríðandi fóru menn beint vestur á þjóðveginn“ (Ö-Björk, 1-2).

Björk átti kirkjusókn að Laugardælum árið 1841 (SSÁ:72)

Býlið er enn í byggð.

Hagi

„Nýbýlið Hagi var reist árið 1910 úr spildu úr jörðinni Björk í Sandvíkurhreppi [á Grænutóftarheiði. Sigurmagnús söðlasmiður Eyjólfsson byggði húsið (Saga Selfoss I: 200)]. Það [nýbýlið Hagi] er um 20 ha. að stærð og takmarkast að norðan af landamerkjum Selfoss, að autan af Eyrarbyggvegi 392 m fram að landamerkjum Sandvíkur og þaðan út í Ölfusá. Yfirleitt er landið grýtt og erfitt til ræktunar og votlent hið efra“ (SB II:406).

Á jörðinni standa í dag tvö hús það eldra byggt árið 1910 og það yngra er geymsla byggð árið 1971 (fmr.is).

Húsinu hefur verið breytt en „Húsið var úr timbri, járnvarið með steypum kjallara, 10 x 16 álnir að stærð. Í því voru 5 herbergi og 2 dyragangar og 6 herbergi í kjallara, og í risi lítil súðarherbergi“ (Saga Selfoss I:201-2).

Húsið stendur enn en býlið er ekki í byggð, miklar framkvæmdir standa yfir á jörðinni.

Heimildaskrá:

Árnessýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II. bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss 1. Frá landnámi til 1930*. Selfosskaupstaður.

Heimasíða Fasteingamats ríkisins. Slóðin er: fmr.is

[Höfund vantar]. *Fasteignabók*. 1932. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 1944-1949. Fjórtaða bindi. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi 1703. 1924-1947. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið gaf út, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. I. hefti. 1947-1974. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr Ríkissjóði, Akureyri.

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir. Flóinn. II. bindi. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. [án útgáfust.]

Þorsteinn Sigurðsson. 1920. *Björk*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Björk -166181-203-1

Sérheiti: Björk

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: E400624, N381285.

Staðhættir: Bæjarhóllinn er um 40 m austur af núverandi íbúðarhúsi. Yfir bæjarhóllinn liggur vegur.

Lýsing: Á bæjarhólnum stendur enn gamla íbúðarhúsið sem byggt var um 1930. Útihús eru norðan við gamla húsið. Gamall vegur liggur framhjá og austur við núverandi íbúðarhúsið og suður fyrir það gamla. Hugmyndir eru uppi um að rífa gamla húsið.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir:

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Björk -166181-203-2

Sérheiti: Virkisvarða

Hlutverk: Landamerki.

Tegund: Varða.

Staðhættir: Virkisvarða er landamerkjavarða: „...úr Strokkhól [166192-202-40] gegnum Litlahól í Virkisvörðu austan við Eyði-Sandvík [...] eitt af aðalhornmörkum Björkur“ (Ö-Björk: 1, 2, 3).

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-3

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðsetning: E400653, N381259.

Staðhættir: „Áður en vegur komst heim í hlað voru notaðir hestatroðningar á öðrum stöðum. Leiðin suður eftir lá fyrst suður að Bjarkarskurði [rennur í vestur þvert í gegnum landið], þar var brú [166181-203-4] á skurðinum. Síðan var farið vestur með skurðinum og stefnt á Strokkhól [166192-202-40], þar var hlið í grjótgarði [166181-203-16] nálægt mörkum. Síðan var farið yfir Geirakotsrima beint upp á þjóðveg. Leiðin upp frá Björk lá beint þaðan um Haga að Selfossi, er farið var gangandi, en ríðandi fóru menn beint vestur á þjóðveginn.“, segir í örnefnaskrá (Ö-Björk, 2).

Gps hnitið var tekið þar sem vegurinn byrjar um 15 m framan við braggann.

Lýsing: Unnt er að ganga leiðina í dag eftir lýsingum örnefnaskrárinnar en nær engin slóð er sjáanleg utan við þar sem leiðin byrjar um 15 m suðvestan við braggann [166181-203-23]. Slóðin þar hefur verið notuð sem vegur en er nú alveg grasi vaxin. Vegurinn liggur meðfram austurhlið heimatúnsins og endar í suðausturhorni túnsins. Þar var gengið meðfram Bjarkarskurðinum í 315 metra og endar leiðin í garði [166181-203-16].

Hættumat: Hætta vegna byggðar.

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-4

Hlutverk: Brú

Tegund:

Staðsetning: E400628, N381136

Hættumat: Hætta vegna byggðar.

.

Heimildir:

Staðhættir: Brú var á Bjarkarskurði sem rennur í vestur þvert í gegnum landið: „Áður en vegur komst heim í hlað voru notaðir hestatroðningar á öðrum stöðum. Leiðin suður eftir lá fyrst suður að Bjarkaskurði, þar var brú á skurðinum. Síðan var farið vestur með skurðinum og stefnt á Strokkhól [166192-202-40], þar var hlið í grjótgardi [166181-203-16] nálægt mörkum. Síðan var farið yfir Geirakotsrima beint upp á þjóðveg.“, segir í örnefnaskrá (Ö-Björk, 2).

164 m í suður frá gamla íbúðarhúsinu á bæjarhólnum [166181-203-1] liggur gamla heimreiðin frá bænum í suðri að Bjarkarskurði. Brúin er/var við enda heimatúnsins í suðri en leiðin heim að bænum liggur í austurhluta heimatúnsins. Brúin er í suðaustur horni heimatúnsins.

Lýsing: Þar sem brúin hefur verið er nú grjóthrúga, sem líklega er efni úr brúnni gömlu.

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-5

Sérheiti: Nátthagi

Hlutverk: Nátthagi

Tegund: Heimild

Staðsetning: E400752, N381350.

Staðhættir: „Gamla Björkurtúnið var ekki nema 150 metra breitt en allmikið á lengdina og náði austur að Nátthaga; hann er nú löngu innan túns“ (Ö-Björk, 2).

Nátthagi er við austurhlið gömlu hlöðunnar og er fremur lítið afgirt svæði. Vesturhluti þess er fastur við austurhluta Björkurtúnsins. Úr réttinni [166181-203-9] eru um 20 m í Nátthagann. Hnit er tekið í vesturhlið Nátthagans.

Lýsing: Nátthagi er í dag afgirt svæði þar sem hestar eru hafðir á beit. Þar sér ekki móta fyrir neinum hleðslum eða öðru mannvirki.

Hættumat: Lítil hættu.

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-6**Sérheiti:** Gerði**Hlutverk** Aðhald**Tegund:**Gerði**Staðsetning:** E400468, N381241.

Staðhættir: „Aðaltúnið fyrir vestan bæinn og sunnan Björkurveg nefndist Gerði og var smáhóll í miðju túni“ (Ö-Björk, 2).

Um 90 m vestur af garði íbúðarhússins í u.þ.b. miðju slegnu túni stendur hóll ekki ýkja hár. Túnið í kring er ekki alveg slétt en dældir eru í því víða.

Lýsing: Ekki sér móta fyrir neinum hleðslum eða tóftum hvorki á hólnum eða í túninu í kring þó svo dældir séu í því víða þá benda þær ekki til mannvirkja. Hóllinn er 18,5 m x 14,5 m í þvermál.

Hættumat: Lítil hættu.**Heimildir:**

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-7**Sérheiti:** Músarhús**Hlutverk:**Óþekkt**Tegund:**Álagablettur**Staðsetning:** E400568, N381437.

Staðhættir: „Utan við gamla túnið voru nokkur örnefni sem nú eru komin inn fyrir túngirðinguna... Músarhús eru í túngirðingunni fyrir norðan bæ, smágrjóthóll ennþá óhreyfður [1962]“ (Ö-Björk,2).

Músarhús eru 150 m norðan við íbúðarhúsið í miðju túni. Í nánast beinni línu milli Bjarkar og Haga. Réttin [166181-203-9] er í sama túni en um 170 m austar.

Lýsing: Músarhús eru álagablettir í túni og er nafnið heiti yfir nokkra stóra hraunsteina er standa upp úr túninu. Mosi vex eingöngu á þeim er sjást en aðrir eru á

kafi í grasi. Ekki er fyllilega unnt að gera sér grein fyrir umfangi svæðisins sem steinarnir þekja en það er þó stærra en 10 m í þvermál.

Hættumat: Lítil hættu.

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-8

Sérheiti: Gyrðiskofi

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Austan af gamla túninu er Nátthagatún. Á því eða milli gamla túnsins og Nátthaga [166181-203-5] var Gyrðiskofi, nefndur eftir hesti sem þar var eitt sinn hýstur“ (Ö-Björk, 2).

Lýsing: Fannst ekki við vettvangsrannsókn

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-9

Sérheiti: Réttin

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðsetning: E400729, N381366.

Staðhættir: „Austan af gamla túninu er Nátthagatún. Á því eða milli gamla



túnsins og Nátthaga [166181-203-5] var **Mynd 91.** Réttin, mikið af drasli er í tóftinni . Tekið í V.

Gyrðiskofi [166181-203-8] ... Skammt frá Gyrðiskofa var fjárrétt, daglega nefnd Réttin“ (Ö-Björk, 2).

Réttin er í slegnu túni og er full af rusli frá bænum. Tóftarhleðslurnar eru um 100 m norður frá gömlu hlöðunni og um 25 m suður af suðurhlið Bjarkarstykkisins.

Lýsing: Lítið sést í hleðslur vegna rusls en þar sem sést, eru hleðslurnar nokkuð háar eða tæpur 1 m á hæð og eingöngu grónar mosa að innaverðu en heilmikið af grasi vex að utan. ekki er unnt að gera sér vel grein fyrir umfangi tóftanna.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-10

Sérheiti: Litlavarða

Hlutverk: Landamerki.

Tegund: Varða.

Staðhættir: „Rétt fyrir austan fjárhúsin, sem eru á horninu á Náthaganum [166181-203-5], er Litlavarða utan túns. Hún er af sumum nefnd Þorsteinsvarða“ (Ö-Björk,3).

Lýsing: Ekki er vitað um hvar þessi varða var en hún er horfin

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-11

Sérheiti: Kerhóll

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Náma

Staðsetning:E401599, N381401 : E401523, N381418.

Staðhættir: „Austast í Björkurteignum,

beint austur af bænum, er Markhóll. Hann liggur alveg í mörkum og er nánast mitt á milli Virkisvörðu og næsta hornmarks, Kerhóls.“

„Kerhóll er hornmark fjögurra jarða: Selfoss, Votmúla, Jórvíkur og Björkur. Þar þótti mótekja best í Björk“. Talað er um Kerhól í landamerkjalyýsingu frá 1566 [166181-203-14 og 166181-203-15] (Ö-Björk, 3).



Mynd 92. Mógrafir við Björk, mjög greinilegar í landslagi. Tekið í S.

Í Austurenda lands Björkur er Kerhóll. Á hólnum mætast fjórir bæir (Björk, Selfoss, Jórvík og Lækjarmót). Austan við girðinguna er Selfoss og um 12 m frá girðingunni liggur reiðstígur. Mógrafirnar eru um 45 m vestan við Kerhól.

Lýsing: Kerhóll er lár hól sem er aflíðandi í landi Björkur, en brattari þar sem hann er á hinum jörðunum. Á hólnum er gamall sver staur úr timbri og mætast þar girðingar jarðanna. Hólinn er einungis fáir metrar í þvermáli en mörk hólins eru nokkuð óljós. Mógrafirnar eru mjög margar og mjög djúpar en þær dýpstu eru tæpur 1 m á dýpt. Sumar mógrafirnar hafa verið fylltar. Grafirnar eru misstórar en flestar eru ferkantaðar og liggja þær svo þétt að um 1 m breið snið eru á milli þeirra til göngu. Gras og fífur eru í botni mógrafanna og er mismikið því í sumum er nær eingöngu moldarsvað.

Hættumat: Hætta vegna byggðar.

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Guðmundur Jónsson. Ágúst 2004.

Björk -166181-203-12

Sérheiti: Frikkatóft

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: E401199, N381420.

Staðhættir: „Í nánd við Kerhól [166181-203-11], beina stefnu þaðan að Björk, var Frikkatóft. Hún er kennd við Friðrik Eyjólfsson bónda í Björk (1881-1899). Hugði hann þar á fjárhúsbyggingu en dó áður en þakið komst á tóftarveggina“ (Ö-Björk, 3). Tóftin er í beinni línu milli Kerhóls og Björkurbæjarins, eða vestur af Kerhól og austur af Björk. Um 370 m eru á milli Kerhóls og Frikkatóftar. Tóftin er ekki alveg í miðju túni heldur er hún fremur í norðurenda túnsins nálægt Björkurstykkinu. Lítil gróður er á tóftinni því hestabeit er þar mikil.

Lýsing: Frikkatóft er lítil og fremur ógreinileg. Mikið er af þúfum í kring og í sjálfri tóftinni. Sami gróður er í tóftinni og umhverfinu í kring. Tóftin er u.þ.b. ferkönnuð. 7,5 m er hún lengst að utanmáli og 4,5 m lengst að innanmáli. Breidd tóftarinnar er mest 5,5 m að utanmáli og 2,5 m að innanmáli. Tóftin virðist eingöngu vera eitt hól

þó gæti verið eitt samsíða hinu vestan við og mögulega er örlítið hólf (hlaða) norðan við. Inngangur tóftarinnar er í suðurátt.

Hættumat: Lítil hættu.

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-13

Sérheiti: Björkurstekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Björkurstykki nefnist land það er Símon Jónsson bóndi á Selfossi hreppti við söluna á Björk. Það er um 25 ha. að stærð og er ræktað allgrasgefið tún næst vegi. Á miðju túninu stendur Grænhóll... Þá er þess loks að geta að Björkustekkur er inni í Björkurstykki í suðausturhorni þess“ (Ö-Björk, 3).

Lýsing: Fannst ekki við vettvagsathugun

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Björk -166181-203-14

Sérheiti: Dyshóll

Hlutverk: Landamerki.

Tegund: Varða.

Staðsetning: E400495, N382578.

Staðhættir: Til er jarðaskiptabréf og landamerkjalyking Bjarkar frá 4. október 1566. Þá er jörðin í eyði „þetta domkirkjunnar Eijdikot. heitandis Biorck.“ og skiptir Skálholtsstóll á Björk og jarðarparti í Langholti. Jörðina fær Bjarni nokkur Ketilsson „til æfennligrar eignar og frials forrædis. var þetta kot afhent með þuilikum landamerckium. fyrst sionhending ur Dyshol og j Slauguhol. þadan soinhending j Kerhola og hia þeim steine sem þar á mille stendr. sijdan j burt vr Kerholi og vti Grænutópt og þadan j ádurnefndan Dyshol“ (DI XIV:534).

Mjög erfitt er að greina hvaða hól er átt við því við árbakkann en þar er mikið um hóla og hæðir. Hóllinn sem líklegast er átt við er 30 m suður af ánni og 40 m austan við þar sem Dýflissulækirnir renna saman í einn og út í á. Hóllinn er 210 m austur af

flugvallarendanum. Hóllinn er beint norður af húsinu í Haga. Malarvegur hefur verið laggður alveg að hólnum sem fer framhjá og sveigir að og fyrir flugvallarendann.

Lýsing: Hóllinn er ekki ýkja hár en u.þ.b. 25 x 13 m í þvermáli. Sami gróður er á hólnum og umhverfinu í kring. Rof er í gegnum hólinn.

Hættumat: Mikil hættu vegna framkvæmda.

Heimildir:

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. Fjórtaða bindi. 1944-1949. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenzka bókmentafélagi, Reykjavík.

Björk -166181-203-15

Sérheiti: Grænatópt

Hlutverk: Landamerki.

Tegund: Varða.

Staðsetning: E400807, N381901

Staðhættir: Til er jarðaskiptabréf og landamerkjalyking Bjarkar frá 4. október 1566. Þá er jörðin í eyði „þetta domkirkjunnar Eijdikot. heitandis Biorck.“ og skiptir Skálholtsstóll á Björk og jarðarparti í Langholti. Jörðina fær Bjarni nokkur Ketilsson „til æfinnigrar eignar og frials forrædis. var þetta kot afhent med þuilikum landamerckium. fyrst sionhending ur Dyshol og j Slauguhol. þadan soinhending j Kerhola og hia þeim steine sem þar á mille stendr. sijdan j burt vr Kerholi og vt Grænutópt og þadan j áðurnefndan Dyshol“ (DI XIV:534).

Grænatópt er í Björkurstykkinu en það stykki er sunnan og austan við ysta hús Selfoss sem í dag [2005] hýsir Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Suðurlandi. Björkurstykkið er sömuleiðis þétt við Eyrarbakkaveg þar sem hann fer framhjá Haga. Grænatópt er á þessu stykki á svæði sem kallast Grænutóptarheiði og er Grænihóll um 100 m austur af Haga. Hóll þessi er áberandi í landslaginu þar sem hann er áberandi grænni en umhverfið í kring. Grænihóll er sennilega Grænatópt.

Lýsing: Hóllinn er 22 x 22 m í þvermál og á honum eru grasivaxnar „upphækkanir“ sem gætu verið merki um hleðslur. Sennilega er tóft í hólnum þar sem hann er kallaður Grænatópt í skjölum frá 16. öld en það gæti vel staðist, vegna þess að hóllinn virðist vera eini vænlegi byggingarstaðurinn á þessari spildu. Hóllinn er um 2 m á hæð.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir:

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn. Fjórtaða bindi. 1944-1949. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.

Björk -166181-203-16

Sérheiti: Bjarkargarðar

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: E400319, N381216.

Staðhættir: Grjótgarður nálægt mörkum: „Áður en



vegur komst heim í hlað voru notaðir hestatroðningar á öðrum stöðum. Leiðin suður eftir lá fyrst suður að Bjarkarskurði, þar var brú [166181-203-4] á skurðinum. Var síðan farið vestur með skurðinum og stefnt á Strokkhól, þar var hlið í grjótgarði [166181-203-16] nálægt mörkum. Síðan var farið yfir geirakotsrima beint upp á þjóðveg“ (Ö-Björk, 2).

Vestur af bænum í Björk og um 315 m frá brúnni [166181-203-4] á túnamörkum Björkur og Geirakotsrima er hlaðinn garður sem á Örnefnakorti kallast Bjarkargarðar.

Lýsing: Garðurinn er hlaðinn og ná hleðslur hæst um hálfan metra, garðurinn er úr hraungrýti og er mosavaxinn. Garðurinn er skakkur að hluta og víða hruninn. Garðurinn nær frá N í S og er norðurendinn í Bjarkarskurðinum. Garðurinn fer yfir Strokkhól í 73 m frá Bjarkarskurði og deyr smám saman út. Garðurinn er um 135 m langur.

Hættumat: Hætta vegna byggðar.

Heimildir:

Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.



313
Mynd 94. Ábúandi á Björk stendur við hleðslu. Tekið í S.

Björk -166181-203-17

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Skjól

Staðsetning: E401512, N381356.

Staðhættir: Við austurenda engjanna í Björk um 20 m frá girðingu sem skilur að Geirakot og Björk til suðurs og um 50 m frá girðingu sem skilur að Björk og Selfoss er hlaðið skól.

Lýsing: Skólið er hlaðið og myndar L (utanmál þess er 6 x 9 m) Hleðslugrjótið er mosavaxið en stendur upp úr vallgrónum engjunum í kring. Hleðsla er um $\frac{1}{2}$ m á hæð og breidd garðsins er um 1 m. Skjólið er líklega nokkuð gamalt og hefur verið óbreytt frá því að ábúandi man eftir sér.

Hættumat: Lítil hætta.

Heimildir:

Guðmundur Jónsson. Ágúst 2004.

Björk -166181-203-18

Hlutverk: Mópurksvæði

Tegund: Náma

Staðhættir og staðsetning: 40 m vestur af Kerhól [166181-203-11] rétt austan við mógrafirnar er hleðsla sem ábúandi sagði að væri eftir byrgi einhverskonar, en þar var mór geymdur og þurrkaður.

Lýsing: Hleðslan er lengst 6,5 m að utanmáli og 3 m að innanmáli og breiðust er hún að utan 3,5 m og

að innan um 1,5 m. Hleðslan er ekki ýkja há en hæst um 0,5 m. Á hleðslunni sjálfri vex eingöngu mosi en gras er bæði inn í henni og fyrir utan.

Hættumat: Hætta vegna byggðar.

GPS: E401554, N381415.

Heimildir:

Guðmundur Jónsson. Ágúst 2004.



Mynd 95. Mópurkunartóft við Björk. Tekið í N.

Björk -166181-203-19

Hlutverk: Vatnsból.

Tegund: Brunnur.

Staðhættir: Brunnur var framan við gamla íbúðarhúsið í Björk sem er um 42 m austan við núverandi íbúðarhúsnæði. Brunnurinn var í veginum framan við útidyrarhurðina en fyllt hefur verið upp í hann og sér nú ekki móta fyrir neinu. Vegur liggur yfir brunnstæðinu.

Lýsing: Ekkert sést.

Hættumat: Lítil hætta, nema verið gamla íbúðarhúsið rífið.

GPS: E400624, N381285.

Heimildir:

Guðmundur Jónsson. Ágúst 2004.

Björk -166181-203-20

Hlutverk: Vatnsból.

Tegund: Brunnur.

Staðhættir: Brunnur er í landi Björkur í afgirtu túni sem er 45 m SA frá gamla bænum. Hornstaur girðingar er við brunninn og er byrgt yfir hann með stóru járnloki. Vegur frá gamla bænum liggur um 3 m norðan við brunninn, og inn á túnið þar sem brunnurinn er. Gamla hlaðan er 20 m austan við brunninn.

Lýsing: Brunnurinn er hlaðinn úr grjóti og er 1,9 m á dýpt. Efst utan um brunnopið eru leifar af torfi og timbri sem mótaði brunnopið. Stórt járnlok er yfir brunninum. Hleðslan í brunnopinu er að utanmáli 1,8 m og að innamáli 0,70 m en brunnurinn breiðkar þegar neðar dregur. Spýtur eru í botninum og járnör stingst úr veggnum í u.þ.b. miðjum brunninum.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

GPS: E400677, N381257.

Heimildir:

Guðmundur Jónsson. Ágúst 2004.

Björk -166181-203-21

Hlutverk: Vatnsból.



Mynd 96. Brunnur á Björk

Tegund: Brunnur.

Staðsetning: E400682, N381219.

Staðhættir: 40 m suður af Brunni [20], innan sömu girðingar, er annar brunnur sem byrgt er yfir með sambærulegu járnloki. Brunnur þessi er í u.þ.b. miðju túni.

Lýsing: Dýptin á brunninum er 1,5 m og er innanmál hans 1,3 m þannig að hann er mjög breiður. Smíðað hefur verið yfir brunnopið úr timbri, til þess að þrengja það. Þrengra brunnopið er 0,40 x 0,55m að stærð. Lok er yfir þessu brunnopi og er það járnklætt trélök. Stórt og þung járnlok er svo yfir öllum brunninum.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir:

Guðmundur Jónsson. Ágúst 2004.

Björk -166181-203-22

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Garður

Staðsetning: E400637, N381272

Staðhættir: Um 6 m frá gamla bæjarhólnum á Björk í S er bútur af hlöðnum garði. Garður þessi lá áður fyrir framan gamla bæinn en hefur verið rifinn þar sem hann lá fyrir framan húsið og nú stendur einungis hluti hans eftir.



Lýsing: Hlaðinn garður um 1 m á hæð liggur N/S og smá partur af honum liggur A/V. Garðurinn er 9 m + 5 m. Hann er mosavaxinn en nokkrum nýjum steinum hefur verið bætt í síðar.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir:

Guðmundur Jónsson. Ágúst 2004.

Björk -166181-203-23

Hlutverk: Stríðsminjar

Tegund: Hús

GPS: E400653, N381277.

Staðhættir: 15 m frá gamla húsinu í austurátt er braggi. Hann er við sama veginn og fer suður fyrir gamla íbúðarhúsið og áfram suður fyrir braggann. Bragginn snýr mót suðri.

Lýsing: Bragginn er u.þ.b. 5 x 10 m að grunnfleti og tæplega 3 m hár. Hann er klæddur bárujárn. Bragginn er mikið ryðgaður utan við framhliðina þar sem bæði er bárujárn og stór timburhurð. Hurðin hefur einhverntíman verið rauð og framhliðin græn. Lárétt timburklæðning er á afturhlið braggans og er engin hurð á þeirri hlið en hún er mikið opin. Bragginn er aðfluttur og vissi ábúandi ekki hvaðan hann kom, en datt þó helst í hug að hann væri úr Kaldaðarnesi.

Hættumat: Hætta vegna ábúðar.

Heimildir:

Guðmundur Jónsson. Ágúst 2004.

Niðurlag

Fjölbreytt minjaflóra einkennir svæðið sem skráð var. Flestar eru, eins og við er að búast, hefðbundnar búsetuminjar allt frá elstu Íslandsbyggð til leifa bygginga og landnýtingar á 20. öld.

Það sem helst kann að hafa áhrif á varðveislu þeirra minja sem skráðar voru eru framkvæmdir. *Skráning fornleifa er því mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða bygginga framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar eða annarrar nýtingar.*

Margar minjar hafa horfið við túnrækt og aðrar verklegar framkvæmdir á síðastliðnum áratugum. Sérstaklega á það við um minjar í heimatúni. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Skrár og fylgigögn

Ljósmyndaskrá

- Mynd 98. Bæjarhúsin á Selfossi. Byggða eftir skjálftana 1896. Tekið í V.
- Mynd 99. Túnið þar sem fjárhúsin stóðu. Tekið í N.
- Mynd 100. Traðir heim að Selfossibænum. Tekið í N
- Mynd 101. Svæðið þar sem Móhesthús stóði. Tekið í SA
- Mynd 102. Túngarðurinn frá Selfossbæjunum.
- Mynd 103. Þústin þar sem Fjarhúsið stóð. Tekið í SA
- Mynd 104. Þvottalaugin.
- Mynd 105. Básinn, Ölfusárbrú í basýn. Tekið í A.
- Mynd 106. Hleðslur í Básnum. Tekið í V.
- Mynd 107. Jórulau í Ölfusá . Tekið í NA
- Mynd 108. Rústahóll Austurbæjarfjárhúsa í miðjum Selfossskaupstað
- Mynd 109. Virkisvarða var mikilvægt landamerki. Tekið í A.
- Mynd 110. Nýuppgerður Tryggvaskáli.
- Mynd 111. Svæðið þar sem kumlið var grafið upp í bakgarði við Birkivelli
- Mynd 112. Efsti hluti hestasteinsins við Fagurgerði.
- Mynd 113. Norðurbær stóð þar sem núverandi íbúðarhús stendur í dag. Tekið í SA.
- Mynd 114. Bæjarhúsin á Helli, búið var í bænum fram á miðja síðustu öld. Tekið í N.
- Mynd 115. Vegurinn sem notaður er sem göngustígur í dag.
- Mynd 116. Blákollur.
- Mynd 117. Stag frá síðari heimsstyrjöld
- Mynd 118. Skotgrafir úr síðari heimsstyrjöld .
- Mynd 119. Berghald frá Sveifluferju hersins. Tekið í NV.
- Mynd 120. Leifar gömlu Ölfusárbrúar. Tekið í S.
- Mynd 121. Berghald frá hernum. Tekið í S
- Mynd 122. Stag frá stríðsárunum. tekið í S.
- Mynd 123. Rústir bæjahúsana á Fjalli eru mjög nærri þjóðvegi og hefur líklega mikið skemmst við lagningu vegarins. Tóftirnar eru mjög grónar og ógreinilegar. Tekið í S.
- Mynd 124. Líklega er þetta Fjóslág. Tekið í S.
- Mynd 125. Á þessu svæði finnst fyrir hleðslum undir sverði. Tekið í N
- Mynd 126. Árni Erlingsson stendur fyrir framan Saumakonuhelli.
- Mynd 127. Reiðingsklettur.
- Mynd 128. Fjósið frá Fjalli.

Mynd 129. Bæjarhóll á Fossnesi. Tekið í N.

Mynd 130. Óljós tóftarbrot í Fossnesi. Tekið í S.

Mynd 131. Óljósar tóftir í háu grasi. Tekið í N

Mynd 132. Smjördalir , bæjarhús standa á gamla bæjahólum. Tekið í Suður.

Mynd 133. Svæðið sem bærinn Hóll stóð á. Nýbær sést í fjaska. Tekið í SV.

Mynd 134. Reykhúsið sem enn er notað sem slíkt.

Mynd 135. Hlaðin útihús frá Smjördölum sem enn eru í notkun.

Mynd 136. Brunnurinn er nokkuð djúpur

Mynd 137. Svæðið þar sem Norðurkot, hjáleiga frá Smjördölum stóð

Mynd 138. Túngarður milli Norðurstöðva og Smjördala. Tekið í A.

Mynd 139. Dísarstaðir. Gamli bæjarhóllinn

Mynd 140. Bæjarhóll Ljónstaða áður Haugakots

Mynd 141 Túngarður Ljónsstöðum/Haugakoti. Tekið í N-A

Mynd 142. Kvíar við Haugakot. tekið í A.

Mynd 143. Leifar af kálgarðsvegg á Ljónsstöðum

Mynd 144. Garðlag á Ljónsstöðum

Mynd 145. Nýbær, bæjarhóllinn gamli er undir fjósinu.

Mynd 146. Mynd af hluta garðsins. Tekið í SA.

Mynd 147 Bæjarhóll Votmúla. Tekið í A.

Mynd 148. Bæjarhóll Votmúla - vesturbærinn. Tekið í NA.

Mynd 149. Bæjarhóll

Mynd 150. Hóllinn þar sem Ísólfskot stóð. Tekið í V.

Mynd 151. Miðhús, beitarhús frá Votmúla.

Mynd 152. Faguróll -kuml ? Tekið í NV.

Mynd 153 Óþekkt þúst. Í túninu í Votmúla, reiðskemman á búenda og Ingólfsfjall í baksýn

Mynd 154. Bæjarhóll Ásakots

Mynd 155. Beitarhús frá Ásakoti. Tekið í N.

Mynd 156. Bæjarhóll Geirakots. Skráningarmaður í forgrunni. Myndin tekin í austur.

Mynd 157. Túngarður frá Geirakoti. Tekið í N.

Mynd 158. Stekkur. Tekið í V.

Mynd 159. Varnargarður/Flóðgarður. Tekið í N

Mynd 160. Hlaðið fjárhús sem enn er í notkun

Mynd 161. Reykkofi sem enn er í notkun.

Mynd 162. Bæjarhóll Eyði-Sandvíkur

Mynd 163. Bæjarhóll Eyði-Sandvíkur.

Mynd 164. Hundur í Álagadæl.

Mynd 165. Hlaðinn brunnur í Eyði- Sandvík.

Mynd 166. Fjárhústóft tekið í NA.

Mynd 167. Bæjarhóll Jórvíkur tekið í A.

Mynd 168. Bæjarhóll Jórvíkurkots tekið í NA.

Mynd 169. Norðurveggur hlöðu við fjárhúsin.

Mynd 170. Jórvíkurstekkur. Tekið í N.

Mynd 171. Fjárhústóftir frá Jórvík. Tekið í N.

Mynd 172. Garðlag í grennd við stekk. Tekið í NA.

Mynd 173. Tóft 8 Tekið í N.

Mynd 174. Tóft við Björkurskurð. Tekið í N.

Mynd 175. Mógröf í Jórvík

Mynd 176. Mógröf frá Jórvík.

Mynd 177. Bæjarhóllinn. Tekið í N.

Mynd 178. Tóftir Diðriksstaða.

Mynd 179. Rúst. Tekið í S.

Mynd 180. Tóft no:12 og Lækjarmót II í baksýn.

Mynd 181. Rúst í landi Lækjarmóta

Mynd 182. Mógrafir tekið í S. Ljós.GV

Mynd 183. Skráningarmaður situr þar sem húsin stóðu. Tekið í N.Ljósm.KEÞ

Mynd 184. Haukshóll Tekið í N. Ljósm KEÞ

Mynd 185. Leifar af fjárhúsi. Tekið í A. Ljósm.KEÞ

Mynd 186.Skráningarmaður situr á tóft

Mynd 187. Björk í fjarlægð sérst gamla íbúðarhúsið sem stendur á gamla bæjarstæðinu.

Mynd 188. Réttin, mikið af drasli er í tóftinni . Tekið í V.

Mynd 189. Mógrafir við Björk, mjög greinilegar í landslagi. Tekið í S.

Mynd 190..Garður á Björk. Tekið í S.

Mynd 191. Ábúandi á Björk stendur við hleðslu. Tekið í S.

Mynd 192. Mópurkunartóft við Björk.Tekið í N.

Mynd 193. Brunnur á Björk

Mynd 194. Garðlag nærri bæjarstæðinu á Björk

Hnitaskrá

Austur	Nordur	Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund
401327	383157	Selfoss 1 161794 217 - 1	Selfoss	Bæjarhóll - Bústaður	Bæjarhóll
401430	383079	Selfoss 1 161794 217 - 2	Badhesthúsið	Hesthús	Heimild
401432	383126	Selfoss 1 161794 217 - 3	Fjánhús	Tóft	
401446	383132	Selfoss 1 161794 217 - 4	Fjánhús	Tóft	
401257	383152	Selfoss 1 161794 217 - 5	Lambhúshóll	Lambhús	Heimild
401133	383123	Selfoss 1 161794 217 - 6		Fjánhús	Heimild
401035	383103	Selfoss 1 161794 217 - 7	Fosskot	Býli	Heimild
402275	382370	Selfoss 1 161794 217 - 8	Rauðholtsbær	Býli	Heimild
402153	383216	Selfoss 1 161794 217 - 9	Fagurgerði	Býli	Heimild
402661	383344	Selfoss 1 161794 217 - 10	Þórisshólar	Víg	Sögustaður
401278	383084	Selfoss 1 161794 217 - 11		Traðir	Heimild
401287	383051	Selfoss 1 161794 217 - 12	Móhesthús	Hesthús	Heimild
401219	383187	Selfoss 1 161794 217 - 13	Álagapúfa.	Huldufólksbústaður	Álagablettur
401183	383206	Selfoss 1 161794 217 - 15	Þvottaklettur.	Huldufólksbústaður	Þjóðsaga
401311	383174	Selfoss 1 161794 217 - 16	Brunnurinn.	Vatnsból	Heimild
401349	383241	Selfoss 1 161794 217 - 17	Austurbæjarfjosið.	Fjós	Heimild
401349	383241	Selfoss 1 161794 217 - 18	Austurbæjarbrunnur.	Vatnsból	Heimild
401343	383310	Selfoss 1 161794 217 - 19	Hnausar	Huldufólksbústaður	Þjóðsaga
401500	383342	Selfoss 1 161794 217 - 20	Gerði	Gerði - Fjánhús	Þúst
401382	383389	Selfoss 1 161794 217 - 20	Gerði	Gerði - Fjánhús	Þúst
401522	383171	Selfoss 1 161794 217 - 22	Básinn	Ferja - Uppsátur	Örnefni
401522	383171	Selfoss 1 161794 217 - 23	Básinn		Hleðsla
401900	383217	Selfoss 1 161794 217 - 24	Jóruhlaup	Tröll	Þjóðsaga
402282	383279	Selfoss 1 161794 217 - 25	Fjóslækur	Fjós	Örnefni
402260	382914	Selfoss 1 161794 217 - 26	Áveitugarðurinn	Áveita	Heimild
402612	382629	Selfoss 1 161794 217 - 27	Austurbæjarfjánhús	Beitarhús	Þúst
403498	382823	Selfoss 1 161794 217 - 28	Virkisvarða	Landamerki	Varða
402297	382119	Selfoss 1 161794 217 - 29	Dvergur	Huldufólksbústaður	Þjóðsaga
400315	382578	Selfoss 1 161794 217 - 30	Fossrétt		Heimild
401756	383126	Selfoss 1 161794 217 - 31	Tryggvaskáli	Hús	Hús
402294	382737	Selfoss 1 161794 217 - 32		Kuml - Legstaður	Kuml
402345	382721	Selfoss 1 161794 217 - 33		Legstaður	Kuml
401192	383147	Selfoss 1 161794 217 - 34		Vatnsból	Brunnur
401339	383181	Selfoss 1 161794 217 - 35		Heygarður	Garðlag
402153	383216	Selfoss 1 161794 217 - 36		Hestasteinn	Náttúruminjar
402216	382225	Selfoss 1 161794 217 - 37		Útihús	Tóft
401641	383179	Selfoss 1 161794 217 - 38		Berghald	Stríðsminjar
401378	383251	Selfoss 1 161794 217 - 39	Norðurbær	Býli	Heimild
400822	382964	Selfoss 1 161794 217 - 40		Óþekkt	Tóft
401664	383684	Hellir 182356 489 - 15		Leið	Vegur
400834	385745	Hellir 182356 489 - 16	Eyðihvammur	Býli	Heimild
401334	385702	Hellir 182356 489 - 17	Blákollur	Áletrun	Heimild
401880	383404	Hellir 182356 489 - 18		Stag	Stríðsminjar
401880	383404	Hellir 182356 489 - 19		Óþekkt	Stríðsminjar
409018	383734	Hellir 182356 489 - 20		Skotgröf	Stríðsminjar
401641	383293	Hellir 182356 489 - 21		Berghald	Stríðsminjar
401655	383285	Hellir 182356 489 - 22	Ölfusárbrú	Brú	Brú
401670	383270	Hellir 182356 489 - 23		Berghald	Stríðsminjar
401709	383312	Hellir 182356 489 - 24		Stag	Stríðsminjar
401866	385864	Hellir 182356 489 - 1	Fjall/Fjallstóftir.	Bústaður	Tóft
402014	386021	Hellir 182356 489 - 3	Fjall/Fjóslág.	Fjós	Örnefni
401786	385860	Hellir 182356 489 - 5	Fjall/Blómsturgerði	Hleðsla	Tóft
401961	386075	Hellir 182356 489 - 6	Fjall/Saumakonuhellir	Þjóðsaga	Hellir
401969	386127	Hellir 182356 489 - 7	Fjall/Reiðingsklettur	Örnefni	Náttúruminjar
401890	385944	Hellir 182356 489 - 8	Fjall	Útihús	Tóft
401292	383783	Hellir 182356 489 - 9	Fossnes	Útihús	Tóft
401299	383783	Hellir 182356 489 - 10	Fossnes	Útihús	Tóft
401241	383809	Hellir 182356 489 - 11	Fossnes	Óþekkt	Tóft
401276	383842	Hellir 182356 489 - 12	Fossnes	Óþekkt	Tóft
401292	383783	Hellir 182356 489 - 13	Fossnes		Tóft
404131	380895	Smjördalir 166203 212 - 1	Smjördalir	Bústaður	Bæjarhóll
403865	380905	Smjördalir 166203 212 - 2		Útihús	Tóft
403909	380751	Smjördalir 166203 212 - 3	Hóll	Bústaður	Bæjarhóll
404978	379261	Smjördalir 166203 212 - 5	Smjördalasel	Sel	Tóft + Gerði

403802	379880	Smjörðalir 166203 212 - 6	Agnesarhóll	Álagablettur	Álagablettur
403443	379812	Smjörðalir 166203 212 - 7	Dysvarða	Landamerki	Varða
404020	380794	Smjörðalir 166203 212 - 10	Kúatraðir	Leið	Vegur
404217	381374	Smjörðalir 166203 212 - 11			Tóft
404839	380431	Smjörðalir 166203 212 - 12		Útihús	Tóft
404763	380384	Smjörðalir 166203 212 - 14		Fjárborg	Tóft
404005	380860	Smjörðalir 166203 212 - 15		Brunnur	Brunnur
403983	381008	Smjörðalir 166203 212 - 16			Tóft
403921	381000	Smjörðalir 166203 212 - 17		Reykhús	Tóft
403989	380840	Smjörðalir 166203 212 - 18		Útihús	Tóft
404015	380800	Smjörðalir 166203 212 - 19		Brunnur	Brunnur
404096	380899	Smjörðalir 166203 212 - 20		Brunnur	Brunnur
403867	380991	Smjörðalir 166203 212 - 21		Túngarður	Garðlag
403805	380560	Smjörðalir 166203 212 - 22		Túngarður	Garðlag
403661	380559	Smjörðalir 166203 212 - 23		Óþekkt	Garðlag
404053	380924	Norðurkot 182369 215 - 1	Norðurkot	Bæjarhóll - Bústaður	Bæjarhóll
404167	380916	Norðurkot 182369 215 - 2		Útihús	Tóft
403867	380991	Norðurkot 182369 215 - 3		Túngarður	Garðlag
404097	380900	Norðurkot 182369 215 - 4		Brunnur	Brunnur
403795	381434	Dísarstaðir 166183 216 - 1		Bústaður	Bæjarhóll
403711	381531	Dísarstaðir 166183 216 - 2		Útihús	Heimild
404255	381589	Dísarstaðir 166183 216 - 6	Hraunslækur	Jarðabætur	Renna
403341	381493	Dísarstaðir 166183 216 - 8	Torfhóll	Torfrista	Heimild
402930	381601	Dísarstaðir 166183 216 - 9	Dísarstaðarétt		Tóft
403420	382347	Dísarstaðir 166183 216 - 10		Beitarhús	Tóft
403498	382823	Dísarstaðir 166183 216 - 11	Virkisþúfa	Landamerki	Varða
403806	381423	Dísarstaðir 166183 216 - 12		Vatnsból	Brunnur
404065	381758	Dísarstaðir 166183 216 - 13		Mógröf	Náma
403988	380146	Ljónsstaðir 166195 213 - 1	Haugakot	Bústaður	Bæjarhóll
403988	380146	Ljónsstaðir 166195 213 - 2		Heygarður	Heimild
404990	379283	Ljónsstaðir 166195 213 - 4		Kvíar	Tóft
404326	379976	Ljónsstaðir 166195 213 - 5		Varnargarður	Garðlag
404326	379976	Ljónsstaðir 166195 213 - 6		Túngarður	Garðlag
404990	379283	Ljónsstaðir 166195 213 - 7		Vatnsból	Brunnur
404990	379283	Ljónsstaðir 166195 213 - 8		Vatnsból	Brunnur
403972	380143	Ljónsstaðir 166195 213 - 9		Kálgarður	Garðlag
403833	379921	Ljónsstaðir 166195 213 - 10		Fjárhús	Tóft
403934	380547	Ljónsstaðir 166195 213 - 11		Óþekkt	Garðlag
403860	380731	Nýibær 166202 214 - 1		Bústaður	Heimild
403860	380731	Nýibær 166202 214 - 2		Hlaða	Heimild
404651	380287	Nýibær 166202 214 - 5		Útihús	Tóft
404663	380330	Nýibær 166202 214 - 6			Tóft
403792	380966	Nýibær 166202 214 - 7			Tóft
403578	380720	Nýibær 166202 214 - 8		Útihús	Tóftaþyrping
403585	380729	Nýibær 166202 214 - 9		Mógröf	Náma
403686	380990	Nýibær 166202 214 - 10		Túngarður	Garðlag
402178	380309	Votmúli 1 166214 208 - 1	Vesturbær	Bústaður	Bæjarhóll
402170	380233	Votmúli 1 166214 208 - 4	Votmúli (Austurbær)	Bústaður	Bæjarhóll
402126	380012	Votmúli 1 166214 208 - 5		Óþekkt	Púst
402152	380263	Votmúli 1 166214 208 - 6		Útihús	Heimild
402496	380473	Votmúli 1 166214 208 - 10	Ísólfskot	Bústaður	Bæjarhóll
403170	379569	Votmúli 1 166214 208 - 12	Sturla	Landamerki	Heimild
402842	379298	Votmúli 1 166214 208 - 14		Varnargarður	Stífla
402004	379061	Votmúli 1 166214 208 - 15	Vestastahús	Beitarhús	Tóft
402302	379307	Votmúli 1 166214 208 - 16	Miðhús	Beitarhús	Tóft
402170	380233	Votmúli 1 166214 208 - 17		Kálgarður	Garðlag
401841	380011	Votmúli 1 166214 208 - 18	Engjavegur	Leið	Heimild
401841	380011	Votmúli 1 166214 208 - 19	Álftaflóðsvarða	Landamerki	Heimild
402178	380309	Votmúli 1 166214 208 - 20		Bústaður	Heimild
402277	380375	Votmúli 1 166214 208 - 21	Fagurhóll	Legstaður	Þjóðsaga
402414	381320	Votmúli 1 166214 208 - 22	Votmúlastekkur	Stekkur	Tóft
402544	379334	Votmúli 1 166214 208 - 23		Fjárhús	Tóft
401599	381401	Votmúli 1 166214 208 - 24	Kerhóll	Landamerki	Varða
402367	381492	Votmúli 1 166214 208 - 25	Gráhella/Grásteinn	Landamerki	Varða
402175	379160	Votmúli 1 166214 208 - 26			Tóft
401972	379122	Votmúli 1 166214 208 - 27		Fjárhús	Tóft
402218	379325	Votmúli 1 166214 208 - 28			Tóft
402516	379404	Votmúli 1 166214 208 - 29		Útihús	Tóft

402179	380049	Votmúli 1 166214 208 - 30		Óþekkt	Þúst
402158	380200	Votmúli 1 166214 208 - 31		Brunnur	Brunnur
402414	381320	Votmúli 1 166214 208 - 32		Varða	Varða
402265	380307	Austurkot m/Ásakoti 166176 - 1	Austurkot	Bústaður	Bæjarstæði
402477	380070	Austurkot m/Ásakoti 166176 - 5	Ásakot	Bústaður	Bæjarhóll
402537	379970	Austurkot m/Ásakoti 166176 - 6	Ásakot	Útihús	Tóft
400007	380648	Geirakot 166186 205 - 1		Bæjarhóll - Bústaður	Bæjarhóll
400007	380648	Geirakot 166186 205 - 4		Kálgarður	Heimild
400020	380610	Geirakot 166186 205 - 5		Lambhús	Heimild
399919	380728	Geirakot 166186 205 - 8		Túngarður	Garðlag
399928	380721	Geirakot 166186 205 - 9	Hólkofi	Fjárhús	Heimild
399808	380822	Geirakot 166186 205 - 11	Réttarhóll		Tóft
399749	380734	Geirakot 166186 205 - 12	Mangastekkur (Strýtuhóll)	Stekkur	Tóft
399593	380945	Geirakot 166186 205 - 13	Lambastekkur (Stekkjarhóll)	Stekkur	Tóft
399634	381015	Geirakot 166186 205 - 14	Hlaupastekkur	Stekkur	Tóft
399947	380823	Geirakot 166186 205 - 21		Hleðsla	Hús
399919	380728	Geirakot 166186 205 - 22		Reykkofi	Hús
400020	380610	Geirakot 166186 205 - 23		Brunnur	Heimild
399939	380602	Geirakot 166186 205 - 24		Brunnur	Heimild
399760	380990	Geirakot 166186 205 - 15		Mógröf	Náma
399551	379924	Geirakot 166186 205 - 16		Stekkur	Tóft
399511	379858	Geirakot 166186 205 - 17		Mógröf	Náma
399245	379177	Geirakot 166186 205 - 18		Varnargarður	Garðlag
399528	378024	Geirakot 166186 205 - 19	Jenstóft	Óþekkt	Tóft
399650	379289	Geirakot 166186 205 - 20		Sauðahús	Tóft
399528	378024	Geirakot 166186 205 - 25		Óþekkt	
400150	380404	Eyði-Sandvík 166185 204 - 1		Bústaður	Bæjarhóll
400271	380163	Eyði-Sandvík 166185 204 - 2		Fjárhús	Tóft
400199	380427	Eyði-Sandvík 166185 204 - 4	Lambhúsið	Lambhús	Heimild
400132	380370	Eyði-Sandvík 166185 204 - 6		Fjárhús	Heimild
400253	380409	Eyði-Sandvík 166185 204 - 7	Álagadæla	Álagablettur	Frásögn
400323	380363	Eyði-Sandvík 166185 204 - 8	Hjallhólar	Álagablettur	Frásögn
400132	380370	Eyði-Sandvík 166185 204 - 10		Brunnur	Heimild
400091	380315	Eyði-Sandvík 166185 204 - 11		Brunnur	Brunnur
400091	380315	Eyði-Sandvík 166185 204 - 12		Óþekkt	Tóft
399877	378883	Eyði-Sandvík 166185 204 - 13		Fjárhús	Tóft
399879	378891	Eyði-Sandvík 166185 204 - 14		Brunnur	Brunnur
399901	378938	Eyði-Sandvík 166185 204 - 15		Mógröf	Náma
400150	380404	Eyði-Sandvík 166185 204 - 16		Kálgarður	Garðlag
401537	380105	Jórvík 166188 207 - 1		Bústaður	Bæjarhóll
401484	380188	Jórvík 166188 207 - 2		Útihús	Heimild
401555	380255	Jórvík 166188 207 - 3	Jórvíkurkot	Bústaður	Tóft
401334	380262	Jórvík 166188 207 - 4		Fjárhús	Heimild
401649	380740	Jórvík 166188 207 - 5		Stekkur	Tóft
401296	380894	Jórvík 166188 207 - 6	Jórvíkurtóft	Fjárhús	Tóft
401656	380703	Jórvík 166188 207 - 7		Varnargarður	Garðlag
401593	381229	Jórvík 166188 207 - 8		Óþekkt	Tóft
401569	381369	Jórvík 166188 207 - 9		Óþekkt	Tóft
401614	381241	Jórvík 166188 207 - 10		Mógröf	Náma
401309	380404	Jórvík 166188 207 - 11		Mógröf	Náma
401371	380716	Jórvík 166188 207 - 12		Bústaður	Bæjarhóll
401334	380262	Jórvík 166188 207 - 13		Hlaða	Hleðsla
401537	380105	Jórvík 166188 207 - 14		Vatnsból	Heimild
402508	380712	Lækjarmót 1 166196 210 - 1	Norðurkot	Bústaður	Bæjarhóll
402480	380636	Lækjarmót 1 166196 210 - 3		Útihús	Tóft
402580	381267	Lækjarmót 1 166196 210 - 4	Diðriksstaðir	Bæjarhóll	Bæjarhóll
402411	380607	Lækjarmót 1 166196 210 - 5	Litlakot	Bæjarhóll	Bæjarhóll
402465	381309	Lækjarmót 1 166196 210 - 6	Norðurkotsmótgrafir	Mógröf	Náma
402665	381349	Lækjarmót 1 166196 210 - 7		Óþekkt	Tóft
402593	381251	Lækjarmót 1 166196 210 - 8		Vatnsból	Brunnur
402508	380712	Lækjarmót 1 166196 210 - 9		Vatnsból	Brunnur
402518	380728	Lækjarmót 1 166196 210 - 10		Fjárhús	Tóft
402574	381297	Lækjarmót 1 166196 210 - 11		Óþekkt	Tóft
402450	380655	Lækjarmót 1 166196 210 - 12		Útihús	Tóft
402539	380697	Lækjarmót 1 166196 210 - 13		Vatnsból	Brunnur
402616	381272	Lækjarmót 1 166196 210 - 14		Útihús	Tóft

402649	381291	Lækjarmót 1 166196 210 - 15		Óþekkt	Tóft
402550	381264	Lækjarmót 1 166196 210 - 16		Túngarður	Garðlag
401217	379503	Byggðarhorn 166177 206 - 1	Byggðarhorn	Bústaður	Bæjarhóll
401651	378212	Byggðarhorn 166177 206 - 5		Mógröf	Náma
400951	379506	Byggðarhorn 166177 206 - 6	Byggðarhornshjáleiga	Býli	Tóft + Gerði
		Byggðarhorn 166177 206 - 13		Varnargarður	Heimild
401732	378465	Byggðarhorn 166177 206 - 14		Varnargarður	Heimild
401291	378624	Byggðarhorn 166177 206 - 15		Óþekkt	Heimild
401496	378786	Byggðarhorn 166177 206 - 16	Haukshóll	Álagablettur	Garðlag -; Frásögn
401555	378615	Byggðarhorn 166177 206 - 17		Fjárhús	Hleðsla; Heimild
401511	378598	Byggðarhorn 166177 206 - 18		Mógröf	Náma
401646	378253	Byggðarhorn 166177 206 - 19		Óþekkt	Tóft + Gerði
401084	379138	Byggðarhorn 166177 206 - 20		Garður	Garðlag
401404	379216	Byggðarhorn 166177 206 - 21		Mógröf	Náma
401084	379138	Byggðarhorn 166177 206 - 22		Mógröf	Náma
401217	379503	Byggðarhorn 166177 206 - 23		Vatnsból	Heimild
401555	378615	Byggðarhorn 166177 206 - 24		Vatnsból	Heimild
401646	378253	Byggðarhorn 166177 206 - 25		Túngarður	Garðlag
400624	381285	166181-203-1	Björk	Bæjarhóll - Bústaður	Bæjarhóll -
400653	381259	166181-203-3		Leið	vegur
400628	381136	166181-203-4		Brú	vegur
400752	381350	166181-203-5	Nátthagi	Nátthagi	
400468	381241	166181-203-6	Gerði	gerði	heimild
400568	381437	166181-203-7	Músarhús		Náttúruminjar
400729	381366	166181-203-9	Réttin		Tóft
401599	381401	166181-203-11	Kerhóll	Mógröf	Náma
401199	381420	166181-203-12	Frikkatóft	Fjárhús	Tóft
400495	382578	166181-203-14	Dyshóll	Landamerki.	Varða
400807	381901	166181-203-15	Grænatóft	Landamerki.	Varða.
400319	381216	166181-203-16	Bjarkargarðar	Garður	Garðlag
401512	381356	166181-203-17		Skjól	hleðsla
401554	381415	166181-203-18		Móþurrksvæði	
400624	381285	166181-203-19		Vatnsból.	Brunnur.
400677	381257	166181-203-20		Vatnsból	Brunnur
400682	381219	166181-203-21		Vatnsból.	Brunnur.
400637	381272	166181-203-22		Garður	Garðlag
400653	381277	166181-203-23		Hús	Stríðsminjar

Kort